ÞORGILS ÞORGILSSON

*Lærir eitthvað nýtt á hverjum degi*

ATVINNA

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




ÞÓRIR SNÆR

*Eins og Öskubuska á rauða dreglinum*

Djammað með stjörnunum í Hollywood

FÓLK 42



BJÖRN BRYNJÓLFUR

*Köld slóð í góðum gír*

Þröstur Leó tábrotnaði í tökum

FÓLK 42




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. mars 2006 — 70. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## Stjórnvöld kynda efnahagsbál



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir flokkinn vera mótvægi við Sjálfstæðisflokkinn í varanlega breyttu flokkakerfi. VIÐTAL 20

## Draumur um Evru

Breytingar á gengi krónunnar virðast ekki einungis hafa haft áhrif á framandi staði og myntir með skrýtin nöfn, segir Illugi Gunnarsson. Í DAG 12



## 90 ára afmæli

Alþýðusamband Íslands og Alþýðuflokkurinn fagna 90 ára afmæli í dag. UMFJÖLLUN 22

## Frábært hjá Valsstúlkum



Kvennaliðs Vals er komið í undanúrslit í Áskorendakeppni kvenna í handbolta eftir öruggan sigur á LC Brühl í gær. Aðeins einu sinni áður hefur íslenskt kvennalið náð jafn langt í Evrópukeppni. ÍÞRÓTTIR 78

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGLÆTISVEÐUR -** Í dag verður hæg suðlæg átt. Skúrir eða slydduél suðvestan og vestan til. Rigning eða slydda suðaustan og austan til síðdegis eða í kvöld. Hiti 0-5 stig að deginum. VEÐUR 6






# Íslendingur þróar fuglaflensubóluefni

**Örn Aðalsteinsson, doktor í efnaverkfræði, fer fyrir hópi vísindamanna sem vinnur að þróun nýstárlegrar tækni til framleiðslu bóluefnis gegn fuglaflensu. Efnið verður unnið úr plöntum en heimsskortur er á fuglaflensulyfjum.**

**FUGLAFLENSA** Vísindamenn víða um heim vinna nú hörðum höndum að því að finna bóluefni sem virkar gegn fuglaflensuveirunni mannskæðu, H5N1. Önnur hætta sem fylgir fuglaflensunni er að jafnvel þótt bóluefni finnist er bóluefni framleitt í eggjum.



ÖRN AÐALSTEINSSON Doktor í efnaverkfræði.

„Ég held að fólk geri sér almennt ekki grein fyrir hættunni sem fylgir fuglaflensunni. Bóluefni er oftast búið til í eggjum, og ef fuglaflensuveiran stökkbreytist og verður að heimsfaraldri gætum við þurft að glíma við skort á eggjum til framleiðslu á bóluefni,“ segir efnaverkfræðingurinn Örn Aðalsteinsson, forstjóri og framkvæmdastjóri bandaríska fyrirtækisins InB:Biotechnologies sem sérhæfir sig í vörum sem unnar eru úr plöntum.

Örn og samstarfsmenn hans vinna nú að nýrri tækni sem myndi gera vísindamönnum kleift að nota RNA-hluta jurta til að framleiða bóluefni. Þessi tækni gæti reynst mun fljótvirkari en hin hefðbundna, auk þess sem hún reiðir sig ekki á egg og fugla, heldur plöntur.

Takist vísindamönnum InB: Biotechnologies að þróa þessa tækni hafa þeir „aðstöðu til að búa til lyf í gríðarlega stórum skömmtum,“ segir Örn. Hann er þó mjög varkár og segist ekki vilja lofa of miklu, því enn sé þessi tækni á rannsóknarstigi. Þó lofi niðurstöðurnar enn sem komið er mjög góðu.

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég heyri um málið,“ segir Þórólfur Guðnason, yfirlæknir á sóttvarnarsviði Landlæknisembættisins. „Ég veit að margir hafa áhuga á að rannsaka bóluefni gegn fuglaflensuveirunni hérlendis en það er á algjöru byrjunarstigi.“

Mikill skortur er á fuglaflensulyfjum í heiminum. Hér á landi eru nú til um níutíu þúsund skammtar af flensulyfjum og hafa yfirvöld lagt drög að frekari kaupum á lyfjum. - smk / sjá síðu 20



NORDICPHOTOS/AFP

**SLOBODAN MILOSEVIC LÁTINN** Ólík viðbrögð eru við láti Slobodans Milosevic, fyrrverandi forseta Júgóslavíu. Félagi í serbneska sósíalistaflokknum sést hér á fréttamannafundi sleginn yfir andlátinu. Forsetinn fyrrverandi hefur átt við veikindi að stríða undanfarin ár sem hafa ítrekað tafið réttarhöldin yfir honum fyrir stríðsglæpadómstólnum í Haag. Sjá síðu 6.

Samstaða virðist ekki nást um breytingar á hátíðarhöldunum 1. maí:

# Standa loppnir með fánana

**VERKALÝÐSBARÁTTA** Allt bendir til þess að ekki náist samstaða meðal verkalýðshreyfingarinnar um breytingar á hátíðarhöldunum 1. maí. Hátíðarhöldin verða því líkast til óbreytt og með hefðbundnu sniði í ár en rafiðnaðarmenn höfðu lagt til að verkalýðsfélög á höfuðborgarsvæðinu sameinuðust um að færa hátíðarhöldin nær nútímanum.

Hugmyndir rafiðnaðarmanna gengu út á það að hafa fánaborgina á íþróttasvæði og hafa veitingar og dagskrá í Laugardalshöllinni. Á fréttavef rafiðnaðarmanna kemur fram að kröfugangan „hafi sífellt orðið fámennari og nánast skylduverk fárra að bera fána niður Laugaveginn eða Skólavörðustíginn. Með því að halda áfram á óbreyttri braut væri hætta á að einhver félög tækju höndum saman um að sniðganga kröfugönguna og útifundinn og sameinast um einhverja svona útfærslu. Það væri miður á þessum degi og vatn á myllu þeirra sem vilja hlut launamanna sem minnstan,“ segir á fréttavef Rafiðnaðarsambandsins.



**ÓBREYTT HÁTÍÐARHÖLD** Samstaða virðist ekki nást um breytt form á hátíðarhöldum 1. maí eins og rafiðnaðarmenn höfðu vonast til.

Laugardalshöllin var lokuð í fyrravor vegna breytinga og því ákveðið að stefna á hátíðarhöld með nýju sniði vorið 2006. Það virðist þó ekki ætla að ganga eftir þó að allmörg félög hafi verið búin að tilkynna breytingar. Nú er því spurning hvort einhverjir nenni að „standa loppnir og vindbarðir með fánana á meðan forystumenn hrópa hverja „fyrr skal ég nú dauður liggja“ ræðuna á fætur annarri eða skelli sér með fjölskylduna í huggulegheitin og stemminguna með hinum félagsmönnunum,“ segir á vefnum. - ghs



**KVEIKT Á KERTUM** Madrídarbúar minntust þeirra sem létust í hryðjuverkunum.

Fórnarlamba í Madríd minnst:

## Tvö ár liðin frá hryðjuverkum

**SPÁNN, AP** Spánverjar minntust þess í gær að tvö ár voru liðin síðan 191 fórst og 1.500 særðust í hryðjuverkaárás á El Pozo-lestarstöðinni í Madríd.

Leiðtogar múslima, gyðinga og kristinna manna sameinuðust í bænastund ásamt fjölda fólks til að minnast fórnarlambanna. Í fyrra var mínútulöng þögn til minningar um fórnarlömbin en sá háttur var ekki hafður á í þetta sinn.

Hryðjuverkasamtökin al Kaída lýstu árásinni á hendur sér á sínum tíma en enginn hefur enn verið ákærður fyrir verknaðinn. - fb

Tvær skotárásir í Malmö:

## Maður skotinn á miðri götu

**SVÍÞJÓÐ** Maður var skotinn úti á götu í miðbæ Malmö um hádegisbilið í gær. Samkvæmt frétt á vefsíðu Aftonbladet er maðurinn á lífi en ekki er vitað hversu alvarlega særður hann er.

Fyrr um morguninn var skotið úr vélbyssu að pitsustað rétt fyrir utan borgina. Segir lögreglan það mikla mildi að enginn skyldi særast í þeirri árás. Ekki er vitað hvort árásirnar tvær tengist á nokkurn hátt. - ks

Frumvarp um vatnalög:

## Þingmönnum heitt í hamsi

**ALÞINGI** Sátt náðist um það á Alþingi í gær að slá umræðum um umdeilt frumvarp til vatnalaga á frest að ósk Birkis Jóns Jónssonar, formanns iðnaðarnefndar. Fundur í nefndinni um málið hefur verið boðaður á morgun.

Mikil ólga hafði verið meðal þingmanna stjórnarandstöðunnar vegna málsins og meðal annars skarst í odda milli Guðjóns A. Kristjánssonar, formanns Frjálslynda flokksins, og Sigurðar Kára Kristjánssonar, Sjálfstæðisflokki. Guðjón stjakaði við Sigurði á leið sinni í pontu eftir að Sigurður hafði sakað þingmenn stjórnarandstöðunnar um leti.

Þá flutti Hlynur Hallsson, þingmaður Vinstri grænna, langa ræðu fyrir tómum sal, ef frá er talinn Jón Bjarnason flokksbróðir hans. - sh

ÍSLANDSBANKI

KredittBanken

FactoNor

NORSE SECURITIES ASA

Glitnir

ISB
LONDON

ISB
COPENHAGEN

ISB
LUXEMBOURG



# 1+7=1

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# ÍSLANDSBANKI OG 7 DÓTTURFYRIRTÆKI OG STARFSSTÖÐVAR SAMEINAST UNDIR EINU NAFNI

Bankinn hefur undanfarið stóraukið umsvif sín á erlendri grund með kaupum á norskum fjármálafyrirtækjum og opnun starfsstöðva víðar í Evrópu. Til þess að nýta betur þá möguleika sem sameinaðir kraftar fyrirtækjanna gefa hefur verið ákveðið að sameina þau undir einu nafni.

Íslandsbanki, Kredittbanken, FactoNor, Norse Securities, fjármögnunarfyrirtækið Glitnir og starfsstöðvar Íslandsbanka í London, Lúxemborg og Kaupmannahöfn bera því framvegis nafnið Glitnir – átta vörumerki verða eitt.

Glitnir er fornt, norrænt heiti sem ber með sér traust og kraft. Það er stutt og laggott og auðvelt í meðförum um allan heim. Þá er nafnið þekkt á Íslandi sem heiti á traustu og öflugu fjármálafyrirtæki.

Samræmd ásýnd mun skapa okkur ótal sóknarfæri, bæði heima og erlendis. Undir nýju nafni mun Glitnir vera betur í stakk búinn en nokkru sinni til að vinna að fjárhagslegri velgengni viðskiptavina sinna.

GLITNIR



## SPURNING DAGSINS

*Jóhann, halda þessi lög vatni?*

„Frumvarpinu er ætlað að halda vatni í einkaeigu en nei, það heldur ekki vatni og verður aldrei að lögum.“

Mikill styr hefur staðið um fyrirhuguð vatnalög á Alþingi. Jóhann Ársælsson, þingmaður Samfylkingarinnar, hélt fimm klukkustunda ræðu á Alþingi í síðustu viku í mótmælaskyni við frumvarpið.

Geimfar frá NASA hefur farið 500 milljón kílómetra út í geim:

# Nálgast Mars eftir sjö mánaða ferð

**KALIFORNÍA, AP** Geimfar frá Geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA, nálgast nú óðfluga reikistjörnuna Mars eftir sjö mánaða ferðalag frá jörðu.

Tilgangur ferðarinnar er að skoða rauðu plánetuna úr lofti mun ítarlegar en áður hefur tekist. Geimfarið, sem kallast The Mars Reconnaissance Orbiter, hafði með sér um borð fáguðustu vísindatæki sem völ er á fyrir þessa ferð. Hefur það þegar ferðast tæpa 500 milljón kílómetra á leið sinni á áfangastað.

Takist ferðin sem skyldi verður geimfarið það fjórða til að taka myndir af Mars. Fyrir eru Mars Global Surveyor og Mars Odyssey frá Nasa og Mars Express frá Evrópsku geimferðastofnuninni. Að auki hafa tvö ökutæki, Spirit og Opportunity, ekið vítt og breitt um Mars undanfarin tvö ár í leit að vísbendingum um að vatn hafi eitt sinn verið á plánetunni.

Reiknað er með því að nýja geimfarið byrji að viða að sér upplýsingum um Mars í nóvember og mun verkefninu ljúka árið 2010. **- fb**



**Á SVEIMI YFIR MARS** Á þessari tölvuteiknuðu mynd frá árinu 2004 sést geimfarið svífa yfir plánetunni Mars. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Unglingapartí fór úr böndum:

# Lögreglumenn beittu táragasi

**LÖGREGLUMÁL** Til átaka kom milli unglingspilta og lögreglumanna þegar þeir síðarnefndu voru í útkalli við hús í Ásahverfi í fyrrinótt. Lögregla hafði verið kvödd á staðinn vegna kvartana nágranna um hávaða. Þegar lögreglumenn komu á staðinn huguðu þeir að stúlku sem stóð ofurölvi hjá húsinu. Aðgerðir lögreglu fóru eitthvað illa í piltana og kom til ryskinga í kjölfarið.

Fór svo að lögreglumenn þurftu að beita táragasi á piltana. Einn lögreglumannanna var síðan sleginn í andlit og hlupu piltarnir svo á brott. Lögreglan í Garðabæ lítur atvikið alvarlegum augum. **- bg**



**FANGI FLUTTUR** Frá fangaflutningum í Guantanamo-fangabúðunum á Kúbu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fangabúðir við Guantanamo:

# Læknar áfellast Bandaríkjaher

**LONDON, AP** Yfir 250 læknar frá sjö löndum hafa skrifað undir bréf þar sem þeir fara fram á það við Bandaríkjaher að hann hætti að neyða fæðu ofan í fanga í hungurverkfalli í fangabúðunum við Guantanamo-flóa á Kúbu. Alþjóðasamtök lækna banna slíka meðferð á sjúklingum.

Síðan Bandaríkjaher opnaði fangabúðirnar árið 2002 hafa tugir fanga svelt sig í mótmælaskyni við meðferðina á sér þar. Fimm eru í hungurverkfalli þar nú, en af 490 föngum í búðunum hafa eingöngu um tíu verið formlega ákærðir.

Bréfið birtist í læknatímaritinu The Lancet. **- smk**

# Hinir efnuðu fái að greiða fyrir forgang

**Skýrsla nefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, þar sem leitað er leiða til að betrumbæta heilbrigðiskerfið, var kynnt á föstudag. Þar er hvatt til umræðu um þann möguleika að efnaðir fái að greiða fyrir forgang að þjónustu.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Möguleiki er fyrir hendi á því að efnuðum verði gert kleift að greiða aukalega fyrir forgang að heilbrigðisþjónustu. Hvatt er til umræðu um þessa hugmynd í nýrri skýrslu nefndar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um endurskilgreiningu verksviða innan heilbrigðisþjónustunnar.

Skýrslan, sem ber heitið Hver gerir hvað í heilbrigðisþjónustunni?, var kynnt á föstudag en þar er meðal annars varpað fram hugmyndum um hvernig mæta skuli vaxandi fjárþörf heilbrigðiskerfisins, lagt til að fjármögnun sjúkrahúsþjónustunnar verði breytt í áföngum og að þverfaglegri nefnd eða stofnun verði komið á legg til ráðgjafar kaupanda heilbrigðisþjónustu. Einnig segir í skýrslunni að nauðsynlega þurfi að samræma greiðsluþátttöku sjúklinga eftir því hvar þjónustan er veitt og hvers kyns hún er.

Ásamt skýrslunni voru kynnt drög að frumvarpi til nýrra laga um heilbrigðisþjónustu þar sem meðal annars er lagt er til að landinu verði skipt upp í sjö heilbrigðisumdæmi, mun stærri en þau sem nú eru.

Jónína Bjartmarz, þingmaður Framsóknarflokksins, var formaður nefndarinnar og segir hún að þó að í skýrslunni sé að finna fjölda tillagna um betrumbætur sé hvergi lagt til að taka upp aukagreiðslu fyrir forgang. „Við hvetjum til umræðu en leggjum ekkert til. Megináherslan var á að skoða hvernig við gætum breytt og bætt þetta kerfi án þess að fórna jafnræðinu og öllum kostunum sem því fylgja,“ segir Jónína og bætir við að Framsóknarflokkurinn hafi alltaf verið á móti tvöföldu kerfi, einu fyrir þá efnaðri og öðru fyrir hina, enda sé slíkt hvergi lagt til.

Margrét Frímannsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, átti sæti í nefndinni og segir hugmyndina um greiðslu fyrir forgang einungis ábendingu. „Við í Samfylkingunni höfum tekið afstöðu og ákveðið að þetta komi ekki til greina. Hins vegar sjáum við fram á aukna fjárþörf og það verður að leita leiða til að fjármagna heilbrigðisgeirann. Umræðan um þetta mál er nauðsynleg og við viljum að tekin verði afstaða til þess á þingi.“

stigur@frettabladid.is



**DÝRIR LÆKNAR** Að mati nefndarinnar þarf að finna leiðir til að mæta sívaxandi fjárþörf heilbrigðiskerfisins. Myndin er úr safni.



**JÓNÍNA BJARTMARZ**



**MARGRÉT FRÍMANNSDÓTTIR**

Borgarstjóri Kaupmannahafnar:

# Keypti mottur fyrir milljónir

**DANMÖRK** Nýjar mottur hafa verið settar fyrir framan öll barnaheimili og bókasöfn í Kaupmannahöfn. Á þeim stendur stórum stöfum „Velkomin“ og svo netfang heimasíðu borgarinnar.

Þessi mottuherferð er á ábyrgð nýs borgarstjóra Kaupmannahafnar, Ritt Bjerregaard. Motturnar kostuðu rétt tæpar fjórar milljónir íslenskra króna.

Töluverðrar óánægju gætir meðal annarra borgarfulltrúa en samkvæmt frétt Politiken höfðu þeir enga vitneskju um mottukaupin. **- ks**



**RITT BJERREGAARD**

Óhapp í Grímsnesi:

# Fjögurra bíla árekstur

**LÖGREGLA** Fjögurra bíla árekstur varð á Biskupstungnabraut við Minniborg í Grímsnesi klukkan rúmlega átta í fyrrakvöld. Fimmtán manns voru í bílunum fjórum og voru tveir fluttir á heilsugæslustöðina á Selfossi með minniháttar meiðsli. Þrír af bílunum fjórum voru fluttir burtu með dráttarbíl.

Að sögn lögreglunnar á Selfossi er aðdragandi slyssins óljós en talið er að hraðakstur hafi eitthvað komið við sögu. Enginn ökumannanna var ölvaður. **- fb**



**HANIYEH** Forsætisráðherrann Ismail Haniyeh þarf að mynda nýja ríkisstjórn á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ríkisstjórn Palestínu:

# Þingmenn í minnihluta

**GAZA-SVÆÐIÐ, AP** Forsætisráðherra Palestínu, Ismail Haniyeh, ætlar að mynda nýja ríkisstjórn þar sem nýkjörnir þingmenn verða í minnihluta.

Haniyeh, sem er leiðtogi Hamas-hreyfingarinnar, hefur átt í viðræðum við ýmsa menn úr öðrum stéttum um að hjálpa til við myndun ríkisstjórnarinnar eftir yfirgnæfandi sigur hreyfingarinnar í þingkosningunum þann 25. janúar. Frestur Haniyeh til að mynda ríkisstjórnina rennur út í lok þessa mánaðar. **- fb**

## SVEITARFÉLÖG

**Framkvæmdum frestað** Gerð snjóflóðavarna fyrir Holtahverfi í Skutulsfirði hefur verið frestað til næsta árs. Að sögn Ofanflóðasjóðs er ástæðan þenslan sem er í þjóðfélaginu.

Kona kjörin forseti Chile:

# Hyggst taka á málum kvenna

**CHILE** Michelle Bachelet verður vígð forseti Chile á morgun og hún er fyrsta konan til að gegna þeirri stöðu og þriðja konan til að gegna forsetastöðu í Suður-Ameríku. Bachelet þótti óvenjulegur kandídat þar sem hún er læknir og einhleyp kona en Chilebúar þykja íhaldssamir.

Meðal mála á stefnuskrá Bachelet er að minnka muninn á ríkum og fátækum og taka á málum kvenna. Hún segist þó ekki ætla sér róttækar breytingar á landinu því Chile er talið búa yfir sterkasta hagkerfi álfunnar. **- bg**



**MICHELLE BACHELET**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Stútur tekinn** Lögreglan í Borgarnesi handtók ungan mann í gærmorgun vegna gruns um ölvunarakstur en maðurinn keyrði á ljósastaur innan bæjarins. Maðurinn slasaðist ekki en bifreiðin skemmdist töluvert.

**Bíll valt** Bílvelta varð á Reykanesbraut skammt frá Vogum klukkan 9 í gærmorgun. Bíllinn fór að rása í bleytu á veginum, fór út af og velti tvisvar. Ökumaðurinn, sem var á þrítugsaldri, var einn í bílnum. Hlaut hann minniháttar meiðsli. Bíllinn er gjörónýtur.

**Ók á ljósastaur** Bíl var ekið á ljósastaur við Strandarheiði á Reykjanesbraut um tvöleytið í gær. Engin meiðsl urðu á ökumanninum og bíllinn skemmdist ekki mikið. Ökumaðurinn var á miðjum aldri.

Par ákært fyrir hættulega líkamsárás og kannabisræktun:

# Sambýlisfólk ákært fyrir að ráðast hvort á annað

**DÓMSMÁL** Sambýlisfólk er ákært fyrir líkamsárás gegn hvort öðru, fyrir að rækta 185 kannabisplöntur og fyrir að hafa í fórum sínum tæplega 400 grömm af maríjúana og fimm lítra af kannabisblönduðum vökva. Málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjaness á föstudag. Maðurinn mætti fyrir dóminn en konan ekki.

Maðurinn er ákærður fyrir að hafa sparkað í sambýliskonu sína og tekið um háls hennar og þrengt að. Hún hafi hlotið marbletti á öðru læri og á hálsi og rispu sem blæddi úr. Hann neitaði fyrir dómi að hafa sparkað í hana. Þau hefðu slegist og hann reynt að verja sig. Hún fengi auðveldlega marbletti þar sem hún væri átröskunarsjúklingur. Rétt væri að hann hefði þrengt að hálsi hennar. Hann játaði fíkniefnabrotin. Dómari óskaði eftir að konan yrði handtekin og færð fyrir dóminn. Auk fíkniefnaákærunnar er hún ákærð fyrir sérlega hættulega líkamsárás. Hún hafi eftir fyrri atburði kvöldsins stungið mann sinn í bakið með hnífi og það hafi skaddað annað lunga hans.

Aðalmeðferð í málinu fer fram í Héraðsdómi Reykjaness síðar í mánuðinum. **- gag**



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS** Sambýliskona manns sem þrengdi að hálsi hennar mætti ekki við fyrirtöku málsins í gær. Hún stakk hann með hnífi í átökunum.


„Þessir
fjandar
voguðu sér inn
í svefnherbergi
dóttur okkar.“
Þú getur búið við betra öryggi heima hjá þér með Heimavörn.
Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma
580 7000. Við metum þörfina í samráði við þig og gerum
þér tilboð í Heimavörn frá 4.900 krónum á mánuði sem er
beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112.
SECURITAS
HEIMAVÖRN
GOTT FÓLK McCANN

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 10.3.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,24 | 70,58 |
| Sterlingspund | 121,98 | 122,58 |
| Evra | 83,7 | 84,16 |
| Dönsk króna | 11,219 | 11,285 |
| Norsk króna | 10,51 | 10,572 |
| Sænsk króna | 8,916 | 8,968 |
| Japanskt jen | 0,5935 | 0,5969 |
| SDR | 100,82 | 101,42 |

*Gengisvísitala krónunnar*

117,6202

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íslandsbanki kynnir nýtt nafn og merki að viðstöddum þúsund starfsmönnum:

# Íslandsbanki verður Glitnir

**VIÐSKIPTI** Íslandsbanki skipti um nafn í gær og var nýtt nafn, Glitnir, kynnt að viðstöddum um þúsund starfsmönnum bankans í Háskólabíói í gær.

Bjarni Ármannsson forstjóri segir að breyttur banki kalli á breytingar á nafni. „Við störfum nú á alþjóðlegum fjármálamarkaði og það kallar á ákveðnar breytingar. Nöfn fyrirtækja verða að taka mið af því svæði sem þau starfa á, sem í okkar tilviki þýðir að nafnið þarf að henta til notkunar um allan heim. Við vorum í þeirri einstöku stöðu að eiga gott íslenskt nafn sem er jafnframt þekkt vörumerki, Glitnir, sem uppfyllir öll þau skilyrði sem prýða gott nafn; það hefur jákvæða merkingu í hugum Íslendinga, á sér sögulega skírskotun, er bæði íslenskt og norrænt í senn, er auðvelt í framburði á helstu tungumálum og inniheldur eingöngu alþjóðlega stafi.“

Nafnið Glitnir er sótt til Gylfaginninga þar sem segir af samskiptum goða og jötna. Í Gylfaginningu segir frá Glitni sem var heimili Forseta, sonar Baldurs og Nönnu. Sagan segir að þaðan hafi allir gengið sáttir.

Glitnir skilgreinir heimamarkað sinn á Íslandi og í Noregi, þar sem stunduð er almenn bankaþjónusta. Bankinn hefur sérhæft sig í þjónustu við sjávarútveg og matvælageira á alþjóðamörkuðum, auk þess að byggja upp þjónustu við fyrirtæki sem vinna að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. **- hh**



**NÝTT MERKI** Bjarni Ármannsson forstjóri kynnti nýtt nafn Íslandsbanka fyrir fullu húsi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Öryrkjabandalag Íslands:

## Gagnrýnir seinagang í TR

**KJARAMÁL** Öryrkjabandalagið skorar á stjórnvöld að hefja samstarf við heildarhagsmunasamtök um endurskoðun laga og reglna um almannatryggingar með það markmið að einfalda þau og gera þau réttlátari. Framkvæmdastjórn ÖBÍ mótmælir þeim töfum sem eru fyrirsjáanlegar á svörum Tryggingastofnunar ríkisins við andmælum bótaþega vegna endurreikninga bóta ársins 2004.

TR segir í bréfi til ÖBÍ að dráttur verði á afgreiðslunni vegna manneklu og nauðsynlegrar forgangsröðunar verkefna. ÖBÍ telur þetta óviðunandi og ganga í berhögg við anda stjórnsýslulaga. **- sdg**


**LÁTINN GÍSL** Bandaríkjamaðurinn Tom Fox, sem var tekinn sem gísl í Írak í fyrra, er látinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gíslataka í Írak:

## Bandarískur gísl skotinn

**ÍRAK, AP** Lík Bandaríkjamanns, sem var einn fjögurra gísla sem var rænt í Írak á síðasta ári, fannst í vesturhluta Bagdad í gær. Skotsár voru á höfði og brjósti líksins.

Maðurinn, sem hét Tom Fox, var 54 ára. Hann er fimmti bandaríski gíslinn sem er myrtur í Írak. Ekkert er vitað um afdrif hinna gíslanna; eins Breta og tveggja Kanadamanna. Síðast sást til þeirra í myndbandi frá 28. febrúar sem var sýnt á sjónvarpsstöðinni Al-Jazeera. **- fb**

# Balkanski slátrarinn lést í klefa sínum

**Slobodan Milosevic, fyrrverandi forseti Júgóslavíu, er látinn, 64 ára að aldri. Veikindi hrjáðu hann síðustu æviárin og er talið að hann hafi látist af eðlilegum orsökum. Aldrei fæst því niðurstaða í réttarhöldunum yfir Milosevic.**

**HAAG, AP** Slobodan Milosevic, fyrrverandi forseti Júgóslavíu, fannst látinn í klefa sínum í Scheveningen-fangelsi Sameinuðu þjóðanna í Hollandi. Þar sat hann í haldi vegna ásakana um þjóðarmorð, stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyninu en réttarhöld stóðu yfir fyrir stríðsglæpadómstólnum í Haag. Allt útlit er fyrir að hann hafi látist af eðlilegum orsökum, samkvæmt yfirlýsingu frá Stríðsglæpadómstól Sameinuðu þjóðanna í Haag, en Milosevic var 64 ára gamall.

Heilsan plagaði forsetann fyrrverandi síðustu æviárin og fór hann meðal annars fram á leyfi í febrúar síðastliðnum til læknismeðferðar í Rússlandi. Stríðsglæpadómstóllinn hafnaði beiðninni á þeim grundvelli að ekki væri hægt að treysta því að sakborningurinn myndi snúa aftur frá Rússlandi þar sem eftirlifandi eiginkona hans og sonur búa nú í sjálfskipaðri útlegð. Síðan réttarhöldin hófust árið 2002 hefur ítrekað þurft að fresta þeim vegna heilsu Milosevic, en hann hefur þjáðst af háum blóðþrýstingi og hjartatruflunum. Þrátt fyrir heilsuleysið sló Milosevic aldrei af og stóð staðfastur á vilja sínum að skipuleggja vörnina fyrir dómstólnum upp á eigin spýtur.

Frá upphafi réttarhaldanna hafnaði Milosevic öllum sakargiftunum 66 sem dómstóllinn setti fram. Á Vesturlöndum var hann uppnefndur „balkanski slátrarinn“ og leiddi Serbíu í fjögur stríð á Balkanskaga á þeim ellefu árum sem hann var forseti. Þjóðarmorðin sem hann er sakaður um áttu sér stað í Bosníu, Króatíu og Kósóvó á valdatíma hans.


**SLOBODAN MILOSEVIC UMVAFINN STUÐNINGSMÖNNUM** Fyrrum forseti Júgóslavíu veifar til stuðningsmanna sinna fyrir framan hús sitt í Belgrad árið 2001. NORDICPHOTOS/AFP

Margir spekingar syrgja mjög fráfall Milosevic, ekki vegna þess að mikill maður hafi þar fallið frá, heldur að réttlætinu yfir honum verði aldrei fullnægt. Við lát sakborningsins verður ekki hægt að halda réttarhöldunum áfram og þar með ómögulegt að fá harmleikina á Balkanskaga skráða í sögubækurnar með undirskrift Milosevic. Sumir bandamenn Milosevic halda því þó fram að lát hans hafi verið einum of hentugt fyrir dómstólinn og gefa í skyn að hann hafi ef til vill ekki látist af eðlilegum orsökum. Bróðir hans gaf meðal annars út yfirlýsingu þess efnis að fjölskyldan treysti ekki dómstólnum til að sjá um krufningu líksins.

Lát Milosevic hefur kallað á misjöfn viðbrögð í heiminum. Stuðningsmenn hans í Serbíu segja mikla eftirsjá að leiðtoganum fyrrverandi. Allt annað hljóð er þó í strokknum hjá andstæðingum hans. „Loksins höfum við ástæðu til að brosa. Guð er sanngjarn,“ var haft eftir Hajra Catic, sem leiðir hreyfingu kvenna sem misstu ástvini í fjöldamorðunum í Srebrenica árið 1995 þar sem átta þúsund múslimar voru myrtir af serbneskum hermönnum.

annat@frettabladid.is

### ÆVIÁR SLOBODANS MILOSEVIC

**1941** Fæðist í bænum Pozarevac í Serbíu.
**1986** Skipaður leiðtogi serbneska kommúnistaflokksins.
**1989** Kjörinn forseti Serbíu.
**1992-1995** Meint fjöldamorð eiga sér stað á Balkanskaga.
**1997** Tekur sér embætti forseta Júgóslavíu.
**1998-1999** Meint fjöldamorð í Kósóvó.
**2000** Hrakinn frá völdum í Júgóslavíu.
**2001** Handtekinn af júgóslavnesku lögreglunni og framseldur til Haag.
**2002** Réttarhöld hefjast yfir Milosevic í stríðsglæpadómstólnum í Haag.


**EFSTU ÞRJÚ SÆTIN** Sunna Stefánsdóttir var kjörin Ungfrú Suðurland. Í öðru sæti varð Sigrún Bjarnadóttir og í því þriðja varð Halldóra Markúsdóttir.

Sunna Stefánsdóttir:

## Kjörin Ungfrú Suðurland

**FEGURÐ** Sunna Stefánsdóttir, átján ára stúlka frá Öxnalæk í Ölfusi, var krýnd Ungfrú Suðurland á Hótel Selfossi.

Í öðru sæti varð Sigrún Bjarnadóttir frá Vestmannaeyjum og í því þriðja varð Halldóra Markúsdóttir frá Gaulverjabæ. Berglind Þöll Heimisdóttir frá Útey við Laugarvatn var kjörin ljósmyndafyrirsæta keppninnar auk þess sem hún var valin netstúlkan af lesendum www.sudurland.net. Sara Sigurðardóttir frá Vestmannaeyjum var jafnframt valin vinsælasta stúlkan. **- fb**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Eldur í Æsufelli** Pottur gleymdist á eldavél í Æsufelli í Reykjavík um hálf eitt leytið í gær. Íbúinn, sem var ekki heima, hafði gleymt pottinum á eldavélinni. Að sögn varðstjóra hjá slökkviliðinu var íbúðin reykræst.

**Olíuleki hjá Esso** Litlu munaði að eldur kæmi upp í bíl við bensínstöð Esso á Bíldshöfða um hádegisbil í gær í gær. Hafði olía lekið á pústgreinina á bílnum.

**Skemmdur bíll** Umferðaróhapp varð í sunnanverðum Fáskrúðsfirði í gær þegar karlmaður á þrítugsaldri skemmdi bíl sinn lítillega. Töluverður snjór var á veginum þegar óhappið átti sér stað. Maðurinn afþakkaði aðstoð lögreglu.

Verk og vit 2006

Stórsýningin Verk og vit
– íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál og mannvirkjagerð í Laugardalshöllinni.

16.–19. mars 2006

Misstu ekki af glæsilegri sýningu

verkogvit.is

AP almannatengsl / H2 hönnun

## VEÐURSPÁ


Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**BJART MEÐ KÖFLUM**

Landið norðanvert, frá Vestfjörðum og yfir á Norðausturland, verður að líkindum nokkuð bjart í dag, í það minnsta á köflum. Nokkuð myndarlegt úrkomusvæði nálgast suðaustanvert landið síðdegis í dag og gæti úrkoman orðið allnokkur en úr þessu kerfi fer vart að rigna fyrr en seint í dag eða í kvöld. Við erum svo að sigla inn í nokkuð kalda vinnuviku.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Fremur hæg suðaustlæg átt. Skúrir af og til. Hiti 2-4 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*


Norðan 5-10 m/s.

*» þriðjudagur*


Hæg norðlæg átt.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | -2°C hálfskýjað | París | 3°C heiðskírt | Alicante | 21°C hálfskýjað |
| Osló | -1°C hálfskýjap | Berlín | -2°C alskýjað | Mílano | 8°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | - 3°C alskýjað | Frankfurt | 0°C alskýjað | New York | 14°C skúrir |
| Helsinki | - 6°C hálfskýjað | Madríd | 17°C hálfskýjað | San Francisco | 11°C skúrir |
| London | 4°C hálfskýjað | Barcelona | 15°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 29°C hálfskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# RISAÚTSALA Á KLETTHÁLSI

Enn meiri afsláttur

30.000 kr. bensínkort fylgir öllum seldum bílum um helgina

Innkort prepaid card

komdu strax og gerðu frábær kaup!

## Örfá sýnishorn:

**Range Rover HSE**
ek. 123.000 árg. 99
**Verð 1.950.000 kr.**
Verð áður 2.590.000 kr.

**Toyota Yaris**
ek. 70.000 árg. 01
**Verð 530.000 kr.**
Verð áður 420.000 kr.

**MMC Pajero Sport**
ek. 54.000 árg. 04
**Verð 2.330.000 kr.**
Verð áður 2.600.000 kr.

**Skoda Superb 1.8T**
ek. 18.000 árg. 05
**Verð 1.890.000 kr.**
Verð áður 2.190.000 kr.

**VW Golf Highline stw**
ek. 48.000 árg. 03
**Verð 1.190.000 kr.**
Verð áður 1.530.000 kr.

**BMW 316i**
ek. 49.000 árg. 03
**Verð 1.790.000 kr.**
Verð áður 2.090.000 kr.

**Dodge Grand Caravan**
ek. 39.000 árg. 04
**Verð 2.250.000 kr.**
Verð áður 2.690.000 kr.

**Citroen C3**
ek. 48.000 árg. 02
**Verð 650.000 kr.**
Verð áður 810.000 kr.

**Opið frá kl. 10 til 16 í dag**

Einnig risaútsala hjá:
Söluumboði HEKLU Reykjanesbæ, sími 420 5000,
Söluumboði HEKLU Selfossi, sími 482 1416 og
Höldi Akureyri, sími 461 6020

ÓTRÚLEGT ÚRVAL BÍLA

100% FJÁRMÖGNUN á völdum bílum

ALLT AÐ 550 ÞÚS. kr. AFSLÁTTUR

HEKLA
Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum
Klettháls 11
sími 590 5760
www.bilathing.is



## KJÖRKASSINN

*Ætlarðu að fjárfesta í hlutabréfum á næstu vikum?*

| | |
|---|---|
| Já | 29,7% |
| Nei | 70,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eiga Íslendingar að taka upp evruna?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Lionsmenn í Fjörgyn hafa safnað tæpum fjórum milljónum króna til handa BUGL:

# Lionsmenn safna fé fyrir geðsjúk börn

**HEILBRIGÐISMÁL** Lionsklúbburinn Fjörgyn hefur afhent Barna- og unglingageðdeild Landspítala - háskólasjúkrahúss tæplega 1,5 milljónir króna til styrktar uppbyggingu deildarinnar. Þetta er hluti afraksturs tónleikahalds sem Lionsmenn hafa gengist fyrir, en alls hafa þeir haldið þrenna tónleika í þessum tilgangi. Samtals hafa safnast rúmar 3,7 milljónir til styrktar deildinni.

Fjöldi tónlistarmanna kom fram á þessum tónleikum og gaf vinnu sína. Auk þess hafa mörg fyrirtæki veitt verkefninu lið með beinum fjárstuðningi, ókeypis þjónustu eða verulegum afslætti af þjónustu.

Framlag Lionsmanna til uppbyggingar BUGL er deildinni afar mikilvægt og eru þeim færðar sérstakar þakkir fyrir ötulan stuðning, að því er fram kemur í tilkynningu frá Barna- og unglingageðdeildinni. Þar hafa, svo sem fram hefur komið, skapast langir biðlistar barna og unglinga sem þurfa á þjónustu að halda en ekki verið hægt að anna vegna of lítils húsnæðis.

Þá er talin brýn þörf á að stækka það og koma þannig til móts við fyrirliggjandi þjónustuþörf. **- jss**



**MIKILVÆGT FRAMLAG** Guðmundur Helgi Gunnarsson, formaður Lionsklúbbsins Fjörgynjar, afhendir Ólafi Ó. Guðmundssyni yfirlækni afrakstur styrktartónleikanna. Auk þeirra eru á myndinni félagar úr Lionsklúbbnum Fjörgyn og Linda Kristmundsdóttir, deildarstjóri hjá BUGL.



**RAFALL Á LEIÐ Á HELLISHEIÐI** Minnstu mátti muna að ferlíkið kæmist ekki undir brúna yfir Suðurlandsbraut.

Orkuveita Reykjavíkur:

## Rafall dreginn á Hellisheiði

**ORKUMÁL** Rafall sem notaður verður við Hellisheiðarvirkjun var fluttur á áfangastað fyrir helgina og því gat þá að líta 145 tonna ferlíki sem dregið var eftir Suðurlandsvegi.

Túrbínan í vélasamstæðunni var svo flutt í fyrrinótt og munu aðrir hlutar hennar fara á næstu dögum. Von er á annarri vélasamstæðu í vor og allt útlit fyrir að vélarnar verði gangsettar í haust. **- jse**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Tvö innbrot** Brotist var inn í tvö félagsheimili á Akureyri aðfaranótt laugardags. Litlu var stolið en innbrotsþjófarnir brutu rúður til þess að komast inn. Málið er óupplýst.

## AKUREYRI

**Íslandsbanki bauð lægst** Bæjarráð Akureyrar hefur að undangengnu útboði ákveðið að semja við Íslandsbanka um bankaþjónustu fyrir Akureyrarbæ og Norðurorku til næstu fimm ára.

## VÍSINDAFRÉTTIR

**Genin ráða ýmsu** Rannsóknir benda nú til að gen hvers og eins ráði því hvort kaffidrykkja hefur jákvæð eða neikvæð áhrif á hjartað. Sé upptaka þess í líkamanum róleg aukast líkurnar á hjartaáfalli um tæplega fjörutíu prósent.

**Æfing eykur fleira en hreysti** Tilraunir hafa sýnt að ungar músa sem hreyfa sig meðan á meðgöngu stendur þróa með sér fjörutíu prósentum fleiri heilafrumur í þeim hluta heilans þar sem öll hugsun fer fram en þær sem ekki hreyfa sig meira en eðlilegt er.

# Tilraunin góð en markmiðið fjarlægt

**Forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar telur rektor Háskóla Íslands miða heldur hátt þegar stefnan er sett á að komast í hóp bestu háskóla í heimi.**

**MENNTAMÁL** „Að mínu viti er þetta tilraun góðs og hæfs rektors til að koma nýjum og góðum hlutum og breytingum af stað innan skólans fremur en nokkuð annað,“ segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar. Að hans mati er markmið Kristínar Ingólfsdóttur, rektors Háskóla Íslands, að koma skólanum í fremstu röð háskóla í heiminum óraunhæft og jafnvel órökrétt.

Kári segir þó að slíkar stórhuga ákvarðanir séu góðs viti og til marks um að nýr rektor ætli sér ekki að sitja aðgerðalaus á hásæti heldur vilji koma skólanum úr þeim farvegi sem hann hefur verið í um langt skeið. „Hún er ný í starfi og vill láta að sér kveða og hvað er betra til að hrista vel upp í kerfinu og hvetja menn til dáða en að koma með slíka stórhuga yfirlýsingu? En ég er ekkert viss um að það þjóni endilega hagsmunum samfélagsins að byggja upp öflugt framhaldsnám í öllum greinum. Við megum ekki gleyma því að í nútímanum er allt breytilegt og menntun og skólar þá um leið og í dag er tiltölulega auðvelt fyrir hvern sem er að verða sér úti um nám í hverju sem er hvar sem er. Íslendingar hafa sótt sér þekkingu víða um heim um árabil og öðlast með því aukinn skilning og víðsýni og búið okkur vel undir þá alþjóðavæðingu sem nú tröllríður öllu.“



**HÁSKÓLANEMAR** Kári Stefánsson segir það góðs vita að rektor Háskólans ætli sér ekki að sitja aðgerðalaus á hásæti heldur vilji koma skólanum úr þeim farvegi sem hann hefur verið í um langt skeið.

Kári segir Íslendinga verða að gera sér ljósa smæð sína í alþjóðlegu samhengi. „Við erum aðeins 300 þúsund talsins og við erum að keppa við 6,5 milljarða manna og það sama gildir um háskóla eins og fótbolta eða kvikmyndagerð eða hvað annað sem er að ávallt verður á brattann að sækja vegna smæðarinnar. Ég tek hins vegar ofan fyrir Kristínu því hún er að reyna að hvetja menn áfram og fá samfélagið til að leggja meira til skólans en þarf. Hann getur lengi batnað en við verðum að setja okkur markmið sem hæfa en ekki miða of hátt. Sérhæfing er nauðsynleg og styrkja þarf þau svið þar sem skólinn stendur best í dag og það er að mínu mati eðlilegra markmið hjá skólanum.“

albert@frettabladid.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS



VILL Í FREMSTU RÖÐ



**KÁRI STEFÁNSSON** Er ekki viss um að það þjóni miklum tilgangi að koma Háskóla Íslands í fremstu röð. Bæði sé markmiðið fjarlægt og eins sé hlutverk menntastofnana að breytast mikið með alþjóðavæðingu þar sem hver sem er geti stundað nám með auðveldum hætti hvar sem er. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


FABRIKAN



KYNNINGARFUNDUR

15. mars kl. 17:15

Ofanleiti 2

Opið fyrir umsóknir í MBA nám við Háskólann í Reykjavík.
Fyrri umsóknarfrestur er 18. apríl 2006.

- Alþjóðlegt MBA nám á Íslandi
- Um helmingur kennara eru erlendir
- Námið fer fram á ensku
- Námskeið í erlendum háskólum með öðrum MBA nemendum
- Möguleiki á skiptinámi í Kína og Japan
- Tækifæri til starfsnáms í útlöndum

MBA
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Nánari upplýsingar eru á **www.ru.is/mba**


Mikil eftirspurn eftir störfum í álveri Alcoa í Reyðarfirði:

# Sextíu sóttu um á fyrsta degi

**STÓRIÐJA** Fjöldi fyrirspurna og umsókna hefur borist það sem af er vikunnar vegna starfa hjá Alcoa Fjarðaáli sem auglýst voru um liðna helgi. Erna Indriðadóttir, upplýsingafulltrúi Alcoa Fjarðaáls, segir að strax á mánudaginn hafi borist sextíu umsóknir en á næstunni verði nokkrir tugir starfsmanna ráðnir.

Á undanförnum mánuðum hafa um þrjátíu lykilstarfsmenn verið ráðnir til Alcoa Fjarðaáls og búið er að manna allar framkvæmdastjórastöður að tveimur undanskildum. Erna segir að hátt í 1.000 umsóknir hafi borist vegna þeirra starfa sem búið sé að ráða í en nú leiti fyrirtækið að almennum starfsmönnum. „Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um störfin en stefna fyrirtækisins er að um helmingur starfsmanna þess verði konur. Þeim sem ráða sig til starfa í tvö ár eða lengur stendur til boða fjárstyrkur til að mæta flutningskostnaði og kostnaði við kaup og sölu fasteigna,“ segir Erna.

Um fjörutíu prósent starfanna krefjast háskóla-, tækni- eða iðnmenntunar en önnur störf almennrar menntunar. **- kk**



**REYÐARFJÖRÐUR** Á undanförnum mánuðum hafa ríflega þrjátíu lykilstarfsmenn verið ráðnir til Alcoa Fjarðaáls.

# Girnilegur sunnudagur!

Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár



LAMBAGEIRI MEÐ FYLLINGU
TILBÚINN ÚR KJÖTBORÐI

**2.690** kr./kg

**Nóatún er með ánægðustu viðskiptavinina á matvörumarkaði**

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN



KLAUSTURSBLEIKJA
ÚR FISKBORÐI

**1.398** kr./kg




HOMEBLEST
+50% STÆRRA
**169** kr./pk.

L'ORÉAL PARIS
*Hársnyrtivörur*
**399** kr./stk







**20 %**
afsláttur

Mundu CHESTER FRIED

NÓATÚN

OPIÐ TIL KL. 21 ALLA DAGA




**Ertu fyrir sól, strendur og framhaldsnám?**
**- komdu þá til Esbjerg**

**Margmiðlunarhönnun, Markaðshagfræði eða Tölvufræði**
Í Viðskiptaháskólanum í Esbjerg, færðu alþjóðlega menntun í háum gæðaflokki. Þú lærir í alþjóðlegu umhverfi, þar sem áhersla er lögð á framþróun á þínum hæfileikum.

**Margmiðlunarhönnun**
- Nám þar sem áhersla er lögð á hönnun, forritun og samskipti.

**Markaðshagfræði**
- Nám með áherslu á alþjóðlega markaðssetningu, alþjóðahagfræði og fjármál.

**Tölvufræði**
- Í þessu námi er áherslan á kerfisþróun, forritun og stjórnun.

Þessar 3 námsleiðir er hægt að læra á ensku og dönsku.

Allt nám í skólanum er til 2ja ára. Námið býr þig undir stjórnunarstörf i viðskiptalífinu en gefur þér einnig tækifæri á að bæta við námið og fá bachelor gráðu.

Lestu meira um námið á **www.bawest.dk** eða hafðu samband við Lise Lotte, lka@eavest.dk eða hringdu í tlf. +45 7613 3200

Einnig er hægt að hafa samband, á íslensku, við Sigurð, sb2085@eavest.dk eða í síma +45 30227990

**Námsval á dönsku**
Þú getur einnig valið á milli 10 mismunandi námsgreina, á dönsku, í:
- **Stjórnsýsluhagfræði**
- **Fjármálahagfræði,**
- **Byggingaiðnfræði,**
- **Framleiðsluiðnfræði,**
- **Meinatækni eða**
- **Rekstariðnfræði**
- **Rafmagnsiðnfræðingur**
- **Véliðnfræðingur offshore**

Read more at www.**bawest.dk**

BUSINESS ACADEMY WEST

**Sp. Kirkevej 103, DK-6700 Esbjerg. Tel.: +45 7613 3200, eavest@eavest.dk**

Business Academy West skólinn er í Esbjerg, fimmtu stærstu borg Danmerkur með um 85.000 íbúa. Esbjerg er stundum nefnd "hliðið til vesturs" í Danmörku, vegna legu sinnar að Norðursjónum og margra innlendra sem erlendra iðnfyrirtækja þar í kring. Það er tiltölulega auðvelt að fá húsnæði í Esbjerg hvort heldur það er fyrir einstaklinga eða fjölskyldufólk. Esbjerg býður upp á alla nauðsynlega þjónustu og starfsemi fyrir innlenda og erlenda námsmenn, svo sem bókasöfn, stúdentaheimili. íþróttaaðstöðu, menningarstarfsemi, klúbba og kaffihús, kvikmyndahús, leikhús og strandir sem eru með þeim bestu í Danmörku. www.esbjerg.dk / www.studiebyenesbjerg.dk/




Um 360 milljóna rekstrarafgangur hjá Akureyrarbæ:

# Betri en búist var við

**REKSTUR** Ríflega 360 milljóna króna rekstrarafgangur varð af rekstri Akureyrarbæjar á síðasta ári. Er það betri afkoma en búist var við en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir ríflega 144 milljóna króna rekstrarafgangi. Bókfærðar eignir bæjarins losuðu 22 milljarða króna í árslok og veltufé frá rekstri nam tæpum 1,7 milljörðum króna.



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri segir afkomuna mjög góða í fyrra og líkur á að reksturinn gangi einnig mjög vel í ár. „Það var meiri vöxtur í fyrra en áætlað var og því er afkoman betri en við væntum.“

Heildarlaunagreiðslur bæjarins, án launatengdra gjalda, voru tæpir 4,4 milljarðar króna í fyrra en stöðugildin voru að meðaltali 1.456 eða 36 fleiri en árið 2004.

Skatttekjur voru 290 þúsund krónur á hvern íbúa en tekjur samtals 608 þúsund krónur á hvern íbúa. Árið 2004 voru skatttekjurnar 260 þúsund krónur á hvern íbúa og heildartekjurnar 550 þúsund krónur. - kk



SORBONNE-HÁSKÓLI Í PARÍS Um áttatíu lögreglumenn réðust inn í þennan sögufræga skóla til að binda enda á mótmælasetu stúdenta. MYND/AFP

Mótmælaalda í frönskum háskólum stendur enn:

# Táragasi beitt á göngum Sorbonne

**PARÍS, AP** Kalla þurfti á frönsku óeirðalögregluna til að binda enda á mótmælasetu stúdenta við hinn sögufræga Sorbonne-háskóla í París. Mikil mótmælaalda hefur staðið í frönskum háskólum í nokkrar vikur eða síðan lög voru sett um ráðningar fólks undir 26 ára aldri.

Stúdentarnir höfðu hreiðrað um sig á göngum skólans og inni í skólastofum þar sem skrifborðum, stólum og öðrum lausamunum hafði verið komið fyrir til að hefta inngöngu lögreglunnar. Ekkert skólahald hafði þá verið í skólanum frá því á miðvikudaginn vegna mótmælasetunnar en hún náði hámarki á föstudaginn þegar hópur stúdenta kastaði húsgögnum og slökkvitækjum á hóp lögreglumanna fyrir utan skólann.

Um áttatíu lögreglumenn gengu rólega inn marmaralögð súlugöng Sorbonne-háskóla, sem stofnaður var á fjórtándu öld. Þeir beittu táragasi til að knýja stúdentana út úr skólanum. Tveir slösuðust í slagnum, stúdent og blaðaljósmyndari, og ellefu voru handteknir samkvæmt upplýsingum frá Parísarlögreglunni. - at

Maður á þrítugsaldri dæmdur í Héraðsdómi:

# Nauðgaði ofurölvi stúlku á tjaldstæði

**DÓMSMÁL** Maður á þrítugsaldri var á föstudag dæmdur í tólf mánaða fangelsi, þar af níu skilorðsbundna, fyrir að hafa árið 2004 nauðgað tæplega tvítugri ofurölvi stúlku í bifreið á tjaldstæði.

Málsatvik eru þau að í júlí árið 2004 var hópur ungmenna saman kominn á tjaldstæði á landsbyggðinni til að skemmta sér. Stúlkan mun hafa drukkið ótæpilega og þar að auki reykt hass. Eftir að hún lagðist til hvílu í bíl vinkonu sinnar og dó þar áfengisdauða fór maðurinn inn í bílinn og hafði við hana samfarir. Sjálf sagðist stúlkan ekki hafa orðið vör við neitt fyrr en hún vaknaði morguninn eftir og var þá klædd í önnur föt en hún hafði verið í kvöldið áður.

Maðurinn sagði samræðið hafa átt sér stað með fullri vitund stúlkunnar en vitnisburður hans var talinn afar ótrúverðugur í ljósi þess hve annarlegt ástand stúlkunnar var auk þess sem sýnt þótti að hún hefði borið talsverðan andlegan skaða af árásinni.

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi manninn í tólf mánaða fangelsi, þar af níu mánuði skilorðsbundna, og jafnframt til að greiða fórnarlambinu 800 þúsund krónur í miskabætur.

Hann þurfti þó ekki að greiða fyrir DNA-rannsókn sem gerð var þrátt fyrir að maðurinn hafi alla tíð játað samræði við stúlkuna. Ekki liggur fyrir hvers vegna DNA-rannsóknin var gerð en kostnaður við hana féll á ríkissjóð. - sh

Íslenska ánægjuvogin



ARGUS / 06-0157

# Ánægjan hvergi meiri!

Þegar IMG Gallup kannaði ánægju viðskiptavina banka og sparisjóða í Reykjavík og nágrenni árið 2005 kom í ljós að ánægjan er mest með SPRON. Komdu í hóp ánægðustu viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu.

**Skiptu við SPRON!**




**Ánægjuvog banka og sparisjóða**
– einungis íbúar höfuðborgarsvæðisins 2005

spron
– frelsi í bankaviðskiptum

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Fjöldahreyfingar á tímamótum:

## 90 ára afmæli ASÍ og jafnaðarmanna

Þótt verkalýðshreyfingin og jafnaðarmannastefnan á Íslandi sé sprottin af sömu rótum og víðast hvar annars staðar á Norðurlöndum hefur þróun þessara tveggja fjöldahreyfinga verið með töluvert öðrum hætti hér en í nágrannalöndunum. Hér voru það sömu menn sem stóðu að stofnun bæði Alþýðusambands Íslands og Alþýðuflokksins í kjölfar mikilla þjóðfélagsbreytinga sem áttu sér stað fyrir um og yfir eitt hundrað árum, þegar hið gamla og gróna bændasamfélag var að breytast og þéttbýlið fór að taka á sig einhverja mynd. Fyrsti forseti ASÍ var Ottó N. Þorláksson, en hann hafði áður ásamt félaga sínum úr Stýrimannaskólanum stofnað Báruna, sem andsvar við félagsstofnun útgerðarmanna. Jón Baldvinsson tók síðar sama ár við forsetaembættinu í ASÍ og gegndi því um langan tíma, ásamt því að vera leiðtogi jafnaðarmanna, enda voru þessar hreyfingar mjög samtvinnaðar lengi vel. Í hinu mikla umróti í íslensku þjóðlífi fyrir níutíu árum kom Jónas Jónsson frá Hriflu líka mjög við sögu, bæði við stofnun ASÍ og Alþýðuflokksins, en síðar á sama árinu stofnaði hann svo Framsóknarflokkinn. Þessir tveir flokkar héldu svo hvor sína leið.

*Nái Samfylkingin þá ekki þeirri stöðu á næsta ári að verða ráðandi afl í ríkisstjórn má búast við að gagnrýnisraddir úr ýmsum hornum flokksins verði jafnaðarmönnum erfiðar. Því reynir nú mjög á nýjan formann Samfylkingarinnar.*

Saga jafnaðarmannahreyfingarinnar hér í þessi níutíu ár er átakasaga og hafa skipst á skin og skúrir. Mesti vandi hennar var sá að um árabil störfuðu jafnaðarmenn í mörgum hópum, og vegna sundurlyndis varð slagkraftur þeirra ekki eins mikill og sterkur og í nágrannalöndunum, þar sem lítil skil voru löngum á milli jafnaðarmannaflokka og samtaka verkafólks. Hér hefur líka tíðkast um árabil að fulltrúar allra flokka - líka Sjálfstæðisflokks - hafa verið í forystu í verkalýðsfélögum og ASÍ. Þetta mátti heita óþekkt í nágrannalöndunum.

Jafnaðarmenn hafa nú sameinast í einum flokki - Samfylkingunni - og þótti mörgum tími til kominn að það gerðist. Enn er hins vegar ekki komin á það nægileg reynsla hvernig til muni takast, því hafa verður í huga að þarna var steypt saman í eitt félögum í þremur flokkum, og það verður ekki fyrr en kynslóðaskipti hafa orðið í forystu og þingliði að flokkurinn getur með ótvíræðum hætti sýnt hvað í honum býr. Fram undan eru sveitarstjórnarkosningar og þær verða eins konar forsýning fyrir alþingiskosningarnar á næsta ári. Nái Samfylkingin þá ekki þeirri stöðu á næsta ári að verða ráðandi afl í ríkisstjórn má búast við að gagnrýnisraddir úr ýmsum hornum flokksins verði jafnaðarmönnum erfiðar. Því reynir nú mjög á nýjan formann Samfylkingarinnar á næstu mánuðum.

Vel fer á því að haldið sé upp á þessi merku tímamót ASÍ og Alþýðuflokksins í Ráðhúsinu, þar sem áður stóð Bárubúð, þangað sem rekja má rætur þessara tveggja fjöldahreyfinga.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Um einkafundi**
Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra sendir ritstjóra Morgunblaðsins tóninn í pistli á vefsíðu sinni í gær. Þar gerir hún upp sakirnar við hann: „Skömmu eftir að ég tók við embætti ráðherra barst mér boð ritstjóra Morgunblaðsins um að eiga með honum fund. Við hittumst á skrifstofu hans í Morgunblaðshúsinu og snæddum saman hádegisverð. Á þeim fundi gagnrýndi ég ritstjórann fyrir það hve nátengdur hann væri Sjálfstæðisflokknum og hvernig hann, að mínu mati, beitti blaðinu í þágu flokksins. Ritstjórinn lagði áherslu á að við gætum átt reglulega einkafundi í framtíðinni. Ég hafði hins vegar ekki áhuga á því og höfum við ekki átt slíkan fund síðan.“ Kveikjan að gremju Valgerðar er orð ritstjórans um að hún verði að hafa lágmarksþekkingu á þeim málaflokki sem henni hefur verið trúað fyrir. Vísast þar til þess að Valgerður orðaði fyrir helgi að kanna ætti möguleika á að taka upp evruna sem gjaldmiðil án þess að ganga í Evrópusambandið. Í pistli sínum vísar Valgerður til málsmetandi fræðimanna sem hafi rökstutt þann möguleika að unnt væri að sækja um aukaaðild að myntbandalagi ESB. Valgerður er sem sagt ekki af baki dottin og segir sjálfsagt að láta reyna á pólítískan vilja í Brussel.

**Er þessi karl Styrmir?**
Valgerður heldur ótrauð áfram: „Hann sakar þá um vanþekkingu sem vilja líta til allra átta en er það ekki einmitt hans eigin vanþekking og þröngsýni? Ég hef stundum velt fyrir mér af hverju óvild ritstjóra Morgunblaðsins í minn garð stafar. Hún virðist persónuleg. Kannski er hann af þessum eldgamla skóla og á einfaldlega erfitt með að eiga í skoðanaskiptum við konur án þess að tala niður til þeirra? Ég hef séð sama tón hans birtast í garð formanns Samfylkingarinnar. Ég held þó að skýringin sé fremur sú að hann telur mig ekki sýna sér sæmandi virðingu, meðal annars með því að mæta ekki á einkafundi með honum með reglubundnum hætti. Það er leitt til þess að vita hvernig komið er fyrir Morgunblaðinu. Það er iðulega notað sem málgagn Sjálfstæðisflokksins og oft notað til árása á ráðherra samstarfsflokksins. Ég er hins vegar ekki sú manngerð sem lætur þennan karl vaða yfir mig ítrekað með niðurlægjandi ummælum og mun áfram svara fyrir mig þegar ég tel ástæðu til.“



johannh@frettabladid.is

## Draumur um Evru

Í DAG
ÍSLAND OG EVRAN



ILLUGI GUNNARSSON

Það hljóta að teljast nokkur tíðindi að íslenska krónan skuli hreyfa við gjaldmiðlum annarra þjóða. Fyrir aðeins örfáum árum hefðu spár um slíkt flokkast undir óra. Nú fylgjast gjaldeyriskaupmenn um víða veröld með íslenskum bönkum og efnahagslífi af sömu athygli og hann Árni okkar í Hólminum fylgist með áfengisneyslunni.

Og eins og Árna finnst þeim sumum heldur hratt gengið inn um gleðinnar dyr. Við skulum vona að atburðir liðinna daga séu einungis mildir timburmenn íslenska bankakerfisins og forystumenn þeirra hugi vel að þeim varnaðarorðum sem höfð hafa verið uppi. Miklu skiptir að bönkunum takist að halda trúverðugleika sínum á erlendum mörkuðum. Það er ýmislegt réttmætt í athugasemdum Fitch og Merrill Lynch og full ástæða til að taka tillit til þess. Jafnframt er ástæðulaust fyrir bankana okkar að hrökkva svo við, að allt gangi úr skaftinu. Árangur þeirra hefur verið mjög góður og vöxtur þeirra snar þáttur í almennri velmegun þjóðarinnar. Fyrirtækin og fólkið í landinu hafa notið góðs af styrk þeirra og þúsundir hluthafa hafa grætt vel. Hér gildir því að lagfæra eins og hægt er það sem veldur áhyggjum en halda því sem vel hefur reynst í vexti bankanna. Svo sem ekki mikil speki en ágæt engu að síður.

*Breytingar á gengi krónunnar virðast ekki einungis hafa haft áhrif á framandi staði og myntir með skrítin nöfn. Eitthvað gáraðist líka vatnið norður í landi á Lómatjörn.*

**Frá Indónesíu til Lómatjarnar**
Breytingar á gengi krónunar virðast ekki einungis hafa haft áhrif á framandi staði og myntir með skrítin nöfn. Eitthvað gáraðist líka vatnið norður í landi á Lómatjörn. Okkar annars ágæti iðnaðarráðherra taldi að skoða bæri þann möguleika að kasta íslensku krónunni og taka upp evru án þess að ganga í ESB.

Forystumenn Sjálfstæðisflokksins hafa alfarið hafnað þessari hugmynd iðnaðarráðherra. Auðvitað var Valgerði ljóst að þessi yrðu viðbrögð sjálfstæðismanna, stefna Sjálfstæðisflokksins er mjög skýr í þessu máli. Þetta innlegg Valgerðar er nokkuð sérstakt og á væntanlega að lesast í samhengi við ræðu forsætisráðherra á Viðskiptaþingi nú á dögunum. Ég er ekki viss um að þetta ESB og evru daður nýtist vinum mínum í Framsókn til fylgisaukningar. Þvert á móti.

**Bretar utan evru**
Færð hafa verið fyrir því veigamikil rök að gangi Ísland í ESB muni aðild að evru og upptaka vaxtastefnu Seðlabanka Evrópu geta reynst okkur þungbær. Vissulega gæti sameiginleg mynt eitthvað haft áhrif í þá veru að færa hagsveifluna hér í átt að því sem gerist á evrusvæðinu. Óumdeilt er síðan að gengissveiflur gagnvart evru hyrfu. En það er langur vegur frá því að íslenska hagkerfið og evrusvæðið fari að sveiflast saman í slíkum takti að sameiginleg mynt og vextir séu fýsilegir. Misvægi þar á milli kann að hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðina og valda verulegum efnahagslegum vanda. Bretar hafa lengi rætt um upptöku evru. Þeir hafa sett sér ákveðin viðmið sem hagkerfi þeirra þarf að fullnægja til þess að hægt sé að hugleiða það af alvöru.

Munurinn á hagkerfi þeirra og meginlandsins er af mörgum talinn það mikill að ekki er heppilegt að búa við peningamálastefnu evrópska seðlabankans. Bretum finnst varhugavert að gefa frá sér stjórntæki peningamálastefnunnar. Mér finnst menn skauta stundum nokkuð létt framhjá þessari umræðu hér á landi. Gera lítið með það hvernig taka skuli á þeim vanda ef til dæmis illa gengur hjá okkur Íslendingum en vel í efnahagslífi meginlandsins. Þá verða vextir Evrópska seðlabankans háir, sem mun auka enn á þann vanda sem við væri að etja. Og hvernig væri hér umhorfs í 5% hagvexti með stýrivexti sem ætlaðir eru til að ná upp þreytulegum hagkerfum meginlandsins.

**Svarti miðvikudagurinn**
Bretar hafa ástæðu til að vera varkárir í þessum efnum. Þeir tóku þátt í myntsamstarfi sem nefnt var ERM. Áhugavert er fyrir þá sem nú hugleiða upptöku evru án aðildar að ESB að kynna sér þau rök sem notuð voru fyrir inngöngu Breta í myntsamstarfið. Í forsætisráðherratíð John Major neyddust Bretar til að segja sig úr samstarfinu. Þýski seðlabankinn neitaði að lækka vexti sína og þar með var Bretum ekki lengur vært innan ERM. Efnahagslega áfallið var gríðarlegt. En pólitíska áfallið sem breskir íhaldsmenn urðu fyrir var hroðalegt. Enn eru þeir að reyna að ávinna sér það traust sem þeir glötuðu daginn sem Bretar hrökkluðust út. Íslenska hagkerfið og það breska eru ekki eins. Evra án ESB er heldur ekki það sama og ERM, en það er ekki úr vegi að ráðherra bankamála íhugi þessa sögu.


MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.


FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

# Stórsýningin Verk og vit 2006

**íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál og mannvirkjagerð**

## Laugardalshöllinni 16.-19. mars



## Misstu ekki af glæsilegri sýningu

### SÝNINGARTÍMI OG VERÐ

| Sýningartími: | Fagaðilar | Almennir gestir |
|---|---|---|
| Fimmtudagur 16. mars | 17:00 - 20:00 | |
| Föstudagur 17. mars | 12:00 - 20:00 | |
| Laugardagur 18. mars | 12:00 - 17:00 | 12:00 - 17:00 |
| Sunnudagur 19. mars | 12:00 - 17:00 | 12:00 - 17:00 |

| | Fagaðilar | Almennir gestir |
|---|---|---|
| Verð aðgöngumiða | 2.500 kr. | 1.500 kr. |

**Eldri borgarar og öryrkjar greiða 1.000 kr.**
**Athugið að miði fyrir fagaðila gildir alla sýningardagana.**
**Frítt fyrir börn yngri en 12 ára í fylgd með fullorðnum.**

### Ráðstefnur og málþing

Í tengslum við sýninguna verður fjöldi viðburða. Haldnar verða ráðstefnur, kynningar og málþing sem tengjast íslenskum byggingariðnaði, skipulagsmálum og mannvirkjagerð. M.a. verður fjallað um þróun fasteignamarkaðarins og rekstur fasteigna. Reykjavíkurborg kynnir það sem efst er á baugi í skipulagsmálum, nýr Landspítali í Reykjavík verður kynntur sem og ný Tónlistar- og ráðstefnumiðstöð. Fleiri kynningar og ráðstefnur á vegum sýnenda verða haldnar á meðan á sýningunni stendur.

Kynntu þér spennandi dagskrá á:

www.verkogvit.is

**Næg bílastæði í Laugardalnum**

H2 hönnun

AP sýningar, sem eru í eigu AP almannatengsla ehf., er framkvæmdaraðili sýningarinnar.

**Samstarfsaðilar:** Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti · Reykjavíkurborg · SI Samtök iðnaðarins · Landsbankinn · ÍSTAK

AP sýningar · Mýrargötu 2-8 · 101 Reykjavik · sími 511 1230 · fax 511 1232 · www.appr.is · www.verkogvit.is


orthern
soul
inside

„Það er auðvelt að byrja að spara. Það er erfitt að skilja hvers vegna maður byrjar ekki fyrr."

GOTT FÓLK McCANN

LANDSBANKI.IS SÍMI 410 4000 EYDDU Í SPARNAÐ

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

Kynntu þér fjölbreyttar sparnaðarleiðir í næsta útibúi, á landsbanki.is eða í síma 410 4000. Því fyrr sem þú tekur ákvörðun, því fyrr nýturðu ávinnings.

**Það eina sem getur komið í veg fyrir að þú eyðir í sparnað... ert þú.**

**Eyddu í sparnað.**




**AF EVRÓPUVETTVANGI:** AUÐUNN ARNÓRSSON

# *Þörf á sjálfstæðum rannsóknum*



Í þessum fjórða hluta greinaflokks um Evrópumál er botninn sleginn í kortlagningu umræðunnar með því að skoða hverjir stundi rannsóknir á Evrópumálum hérlendis, það er rannsaka tengsl Íslands við Evrópu/Evrópusambandið og þau áhrif sem Evrópusamstarf hefur haft eða mun koma til með að hafa á Ísland.

Áður hafa verið kynntir til sögunnar pólar umræðunnar, þ.e. þau tvenn félagasamtök sem vinna að og gegn ESB-aðild Íslands, og því burðarhlutverki lýst sem hagsmunasamtök aðila vinnumarkaðarins gegna í umræðunni. Og nú er röðin komin að þeim sem stunda rannsóknir á Evrópumálum, en eins og gefur að skilja eru sjálfstæðar, vandaðar rannsóknir nauðsynleg forsenda upplýstrar og faglegrar umræðu um eins flókinn málaflokk og hér er um að ræða.

Þrjár stofnanir eru kynntar hér sérstaklega. Tvær þeirra - Evrópufræðasetrið við Viðskiptaháskólann á Bifröst og Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík - voru stofnaðar beinlínis til að sinna Evrópurannsóknum. Sú þriðja - Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands-Rannsóknasetur um smáríki - hefur í reynd beint mjög sjónum að Evrópurannsóknum þótt rannsóknasvið stofnunarinnar/setursins sé skilgreint mun víðar. Ýmsir aðrir aðilar hér á landi, svo sem utanríkisráðuneytið, Seðlabankinn, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og fleiri háskólastofnanir, hafa gert úttektir og skýrslur um Evrópumál.

Innlendar skýrslur um Evrópumál hafa oft reynzt því marki brenndar að vera bæði til komnar og notaðar í átökum pólitískra fylkinga. Afstaða manna til slíkra skýrslna hefur gjarnan ráðizt af því hvar í liði/flokki sá aðili er talinn vera sem lét gera viðkomandi rannsókn. Fé til sjálfstæðra, faglegra rannsókna sem síður eiga á hættu að vera gjaldfelldar með þessum hætti hefur verið mjög takmarkað. Með tilliti til þess hve innlendar rannsóknir á Evrópumálum eru gjarnan pólitískt gjaldfelldar í umræðunni hér er vert að geta þess að til eru allmargar erlendar rannsóknaskýrslur um Evrópumál, þar sem hlutskipti Íslands kemur við sögu. Einkum og sér í lagi hafa Norðmenn verið iðnir við rannsóknir á EES-samstarfinu. Þær hafa þó aðeins að litlum hluta skilað sér inn í umræðuna á Íslandi.

Evrópufræðasetrið við Viðskiptaháskólann á Bifröst er að hefja rannsókn á þeim áhrifum sem upptaka evrunnar myndi hafa á íslenzkt þjóðfélag, en hún er gerð í umboði Alþýðusambands Íslands og Samtaka iðnaðarins. Eins og dæmin sanna er ekki vanþörf á slíkum rannsóknum - og ekki síður að niðurstöður slíkra rannsókna skili sér inn í umræðuna svo að ráðamenn og aðrir taki eftir.

EVRÓPURÉTTARSTOFNUN HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK:

## Áhersla á rannsóknir

Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík hefur meðal annars það markmið að auka rannsóknir á sviði Evrópuréttar og stuðla að faglegri umræðu í samfélaginu um Ísland og stöðu þess í samfélagi Evrópuþjóða. Hlutverk hennar er að auka tengsl rannsókna og kennslu á sviði Evrópuréttar og veita nemendum í framhaldsnámi faglegan stuðning og aðstöðu til eigin rannsókna.



EINAR PÁLL TAMIMI

Einar Páll Tamimi er stjórnarformaður. Hann segir að stofnunin hafi hingað til staðið meira fyrir ráðstefnum og málþingum en þetta sé nú að breytast. Stofnunin hafi valið sér hentug verkefni sem hún hafi haft rannsakendur til að sinna.

„Við höfum til að mynda komið að gerð rannsóknaskýrslu um tækifæri Íslendinga í gegnum ríkisútboðareglur Evrópusambandsins. Kenningin var sú að íslensk fyrirtæki hefðu ekki nýtt sér þetta í nægilegum mæli og því fengum við nemendur til að ráðast í rannsókn með aðkomu Nýsköpunarsjóðs námsmanna,“ segir hann.

Evrópuréttarstofnunin er nú að hrinda af stað stærri rannsóknaverkefnum en áður. Einar Páll segir þau lúta að skattareglum ESB og íslenskri skattaráðgjöf annars vegar og hins vegar áhrifum ESB-reglna á sveitarstjórnarstiginu. Hann undirstrikar að það sé fyrst og fremst mannauðsskortur sem hafi sett mögulegum rannsóknum mestar skorður en það sé að breytast. - ghs

EVRÓPUFRÆÐASETRIÐ VIÐ VIÐSKIPTAHÁSKÓLANN Á BIFRÖST:

## Evran skiptir mestu

Viðskiptaháskólinn á Bifröst starfrækir Evrópufræðasetur í samstarfi við helstu samtök í atvinnulífinu hér á landi, ASÍ, SI, SA og BSRB. Eiríkur Bergmann Einarsson er forstöðumaður Evrópufræðasetursins og hann segir að setrið sinni bæði rannsóknum og kennslu í Evrópufræðum. Setrið er fjármagnað af Viðskiptaháskólanum á Bifröst í samstarfi við þessa aðila en setrið er sjálfstæð rannsóknarstofnun og sinnir sjálfstæðum rannsóknum.

Evrópufræðasetrið vinnur að alhliða rannsóknum í Evrópumálum með sérstaka áherslu á tengsl Íslands við Evrópusamrunann og sérstaklega þá á virkni EES-samningsins og áhrif hans á íslenskt efnahagslíf. Setrið er í þann veginn að hefja rannsókn á þeim áhrifum sem upptaka evrunnar myndi hafa á íslenskt þjóðfélag en hún er gerð fyrir ASÍ og SI. Þá er setrið að hleypa af stokkunum meistaranámi í Evrópufræðum en það er nýtt hér á landi. Eiríkur segir að EES-samningurinn hafi haft jákvæð áhrif á íslenskt efnahagslíf. Áhrifin hafi verið gríðarlega viðamikil og menn geri sér almennt ekki grein fyrir því að áhrif Evrópusamstarfsins nái til svo margra sviða.

„Þetta snýr að atvinnulífi, viðskiptum, þjónustu, fjármagnskerfi, útrásin er grundvölluð á þessum samningi, menntakerfið verður fyrir miklum áhrifum og svo er stór hluti af menningarlífinu samþætt við þetta evrópska samstarf. Við höfum til dæmis verið að reyna að kortleggja hve víðfeðmt það er og til hversu margra sviða það nær. Okkar niðurstaða er sú að við Íslendingar séum að taka þátt í velflestu samstarfi innan ESB. Samkvæmt niðurstöðum rannsókna sem við birtum í haust standa fá svið fyrir utan þetta.“

Evrópufræðasetrið er að ýta úr vör rannsókn á upptöku evrunnar en Eiríkur segir að hún skipti mestu máli og upptaka myndi hafa mestu áhrifin hér á landi. „Þess vegna er þetta áhugaverðasta spurningin. Upptaka evrunnar hefur áhrif á þætti eins og hagstjórnina og peningastjórnina í landinu, gengisstöðugleika, vexti og vaxtastig, erlendar fjárfestingar, gengisóróa og hún getur haft áhrif á verðlag. Þetta eru þeir þættir sem skipta máli og við erum að skoða. Þetta er stærsta spurningin í Evrópumálunum í dag.“



EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON

Evrópufræðasetrið er eina sérhæfða rannsóknastofnunin á landinu sem sinnir eingöngu rannsóknum á Evrópumálum. „Við erum með atvinnulífið á bak við okkur og erum fyrst og fremst að sinna rannsóknum á tengslum Íslands við Evrópusamrunann. Þó að Ísland standi fyrir utan stofnanir ESB þá hefur ESB-samstarfið lítið minni áhrif hér en í aðildarríkjum ESB. Þess vegna skipta þessi mál okkur jafn miklu máli og önnur ríki á EES-svæðinu,“ segir hann.

Eiríkur telur að forsenda þess að skilja þjóðfélagsþróunina á Íslandi undanfarinn áratug sé að skilja hvaða áhrif Evrópusamruninn hafi haft. Þess vegna sé mikilvægt að fram fari sjálfstæðar rannsóknir á þessum tengslum. „Það eru sífellt fleiri að mennta sig í þessum fræðum.“ - ghs




ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS:

## Byggir upp sérfræðinga

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands er rannsókna-, fræðslu- og þjónustustofnun og starfar Rannsóknasetur um smáríki innan hennar. Alþjóðamálastofnun er vettvangur fyrir þverfaglegt samstarf á sviði alþjóðamála og smáríkjarannsókna. Utanríkisráðuneytið, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins taka þátt í starfinu og eiga fulltrúa í stjórn auk erlendra og innlendra fræðimanna. Alþjóðamálastofnun hefur það markmið að vera leiðandi í rannsóknum um alþjóðamál og smáríki hér á landi.

Baldur Þórhallsson er formaður stjórnar Alþjóðamálastofnunar og hann segir að stofnunin sinni rannsóknum, þjónustu og kennslu um alþjóðastjórnmál almennt og utanríkismál Íslands en Rannsóknasetur um smáríki sinni smáríkjafræðum. Þessar stofnanir hafi á undanförnum árum komið að rannsóknaverkefnum varðandi stöðu Íslands og Evrópu. Fræðimenn séu fengnir til að skrifa um tiltekin viðfangsefni sem stofnunin gefi út sjálf eða í samvinnu við aðra. Þannig hafi EES-samningurinn til dæmis verið sérstaklega skoðaður, sjávarútvegsmál innan ESB og staða efnahagsmála í smærri ríkjum í Evrópu út frá því hvort þau séu að gera betur efnahagslega en stærri ríkin eða ekki.

Í augnablikinu er verið að skoða utanríkismál Íslendinga eftir lok kalda stríðsins og meðal annars fjallað um hvernig íslensk stjórnvöld hafa nálgast Evrópusamvinnuna á þessu tímabili og að sjálfsögðu EES-samninginn, Schengen og ESB auk varnar- og öryggismála.



BALDUR ÞÓRHALLSSON

Háskóli Íslands býður upp á nám í alþjóðasamskiptum og er eitt af meginmarkmiðunum að þjálfa stúdenta til að fjalla á fræðilegan hátt um alþjóðamál. Baldur bendir á að með því að byggja meðal annars upp nám í Evrópufræðum sé verið að búa til sérfræðinga á þessu sviði.

Alþjóðamálastofnun fær fjármagn frá Háskóla Íslands og atvinnulífinu fyrir hagnýtar rannsóknir sínar. - ghs

JOSEPHINE HULL (1886-1957) LÉST ÞENNAN DAG

*„Að leika Shakespeare er mjög þreytandi. Þú hefur aldrei tækifæri á að setjast niður nema þú sért kóngur.“*



*Leikkonan Josephine Hull er ekki jafn þekkt fyrir leik sinn í Shakespeare-leikritum og í kvikmyndinni Harvey.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 12. MARS 1894

## *Kók sett á flöskur í fyrsta sinn*

Þennan dag árið 1894 var fyrsta kókflaskan seld úr sælgætisbúð í bænum Vicksburg í Mississippi-ríki. Frá því að kókið kom fram á sjónarsviðið 1886 hafði það verið selt úr svokölluðum drykkjarbrunnum. Eiganda sælgætisbúðarinnar, Joseph A. Biedenharn, hugkvæmdist flöskusalan en til þess notaði hann þekkta glerflöskutegund að nafni Hutchinson.

Fimm árum seinna hugkvæmdist svo tveimur ungum lögfræðingum að kaupa sér einkarétt á því að setja kók á flöskur. Þeim tókst að sannfæra yfirmenn samsteypunnar að láta þeim hann eftir. Upp úr þessu breiddist flöskukókið út á ofurhraða og árið 1909 voru næstum fjögur hundruð verksmiðjur um gjörvöll Bandaríkin sem sáu um að setja kókið á flöskur. Á árunum sem fylgdu fór að bera á óánægju meðal verksmiðjanna með Hutchison-glerflöskurnar. Þær voru á almennum markaði og öðrum gosdrykkjaframleiðendum frjálst að setja sína drykki í þær. Því var mjög erfitt að gera greinarmun á alvöru kóki og eftirlíkingum. Árið 1916 var kallað á tillögur frá glerframleiðendum að „kókflöskunni“ sem fannst skömmu seinna í Indíana-ríki. Flöskuna þekkir allur heimurinn í dag.




### MERKISATBURÐIR

**1928** Stífla heilags Francis í Kaliforníu brestur og fjögur hundruð láta lífið.

**1951** Teiknimyndasagan Denni dæmalausi birtist í bandarískum dagblöðum í fyrsta sinn.

**1921** Eldingu lýstur niður í vitann á Stórhöfða í Vestmannaeyjum og eldur kemur upp.

**1965** Fyrsta íslenska bítlaplatan kemur út. Á henni eru meðal annars tvö lög með Hljómum.

**2001** Hverastrýtur á botni Eyjafjarðar eru friðlýstar, fyrstar náttúruminja í hafi við landið.

### ANDLÁT

**Guðleif Magnúsdóttir** frá Hamarsseli í Álftafirði, til heimilis í Þangbakka 8, Reykjavík, lést á Landspítalanum mánudaginn 6. mars.

**Jóna I. Hansen** dönskukennari, Hraunbæ 90, lést á heimili sínu fimmtudaginn 9. mars.

**Sigrún Gréta Guðráðsdóttir**, Dalbraut 16, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt fimmtudagsins 9. mars.

**Ásta Guðrún Tómasdóttir**, Laufengi 106, Reykjavík, lést laugardaginn 4. mars.

**Halldóra Bernharðsdóttir**, hjúkrunarkona, lést í Saltsjöbaden, Svíþjóð, föstudaginn 3. mars.

**Ragnheiður Gísladóttir**, Helgamagrastræti 42, Akureyri, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu Akureyri fimmtudaginn 9. mars.

**Guðbjörg Friðriksdóttir** lést á hjúkrunarheimilinu Kumbaravogi, Stokkseyri, fimmtudaginn 9. mars.

**Sólon Lárusson**, fyrrverandi járnsmiður og kennari, lést á Hrafnistu í Reykjavík fimmtudaginn 9. mars.

**Hertha Neumann** lést þriðjudaginn 28. febrúar.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.




†

*Elskuleg móðir okkar,*

**Guðleif Magnúsdóttir**

frá Hamarsseli í Álftafirði, til heimilis að Þangbakka 8 í Reykjavík,

lést á Landspítalanum mánudaginn 6. mars.
Útförin fer fram frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 14. mars kl. 15.00.

**Eygló Bogadóttir**
**Jónína Hjörleifsdóttir**
**Dagbjört Hjörleifsdóttir**
**Gústa Hjörleifsdóttir**
**Magnhildur Hjörleifsdóttir**
**og fjölskyldur.**





†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og hjálpsemi vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og systur,*

**Aðalbjargar Sólrúnar Einarsdóttur**

Presthúsabraut 29, Akranesi.

**Valgeir Guðmundsson**
**Einar Valgeirsson** **Lára Dagbjört Halldórsdóttir**
**Guðmundur Valgeirsson**
**Bergþóra Valgeirsdóttir**
**Valgerður Valgeirsdóttir**
**Elísabet Ósk Einarsdóttir** **Michael Aron Einarsson**
**Jovina Maríanna Einarsdóttir**
**Freyja K. Þorvaldsdóttir** **Auður S. Þorvaldsdóttir.**





†

*Elskulegur faðir okkar,*

**Sólon Lárusson**

járnsmiður og fyrrverandi kennari,

andaðist 9. mars. á Hrafnistu í Reykjavík.
Jarðarförin auglýst síðar.

**Ragnar**
**Gísli Grétar**
**Nella**
**Einar**
**Theodór Sólonsbörn.**




**INGIBJÖRG R. GUÐMUNDSDÓTTIR** Varaforseti ASÍ segir að því fylgi góð tilfinning að vinna á eins mikilli hefð og sambandið hefur skapað sér. Hún minnir þó á að ekki dugi einn sigur og að sambandið þurfi að berjast ótrautt áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS: Í NÍUTÍU ÁR

# Starfið byggir á fortíðinni

Engin ellimerki sjást á Alþýðusambandi Íslands þótt í dag séu liðin heil níutíu ár frá stofnun þess. Í tilefni af afmælinu ræddi Fréttablaðið við Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, varaforseta ASÍ, en að hennar mati fylgir mikil ábyrgð að starfa í svo grónu sambandi.

„Á svona tímamótum horfum við til allra þeirra sem á undan eru gengnir og þetta er að þakka,“ segir Ingibjörg. ASÍ ætlar ekki að halda hátíð á ákveðinni dagsetningu heldur segir hún að afmælið muni frekar gefa starfinu í ár sérstakan lit. „Við erum að minnast tímamótanna með mikilli vinnu, meðal annars í skipulagi og starfsháttum sambandsins til að gera það enn beittara,“ segir Ingibjörg. Að hennar mati er það meira í anda þess starfs sem verið er að minnast, að gefa í og halda áfram af fullum krafti frekar en að halda upp á það með afmælishátíð.

„Við erum auðvitað komin mjög langt. Ég er viss um að björtustu vonir þeirra sem hófu þetta starf hafi aldrei náð til þess sem sambandið er núna,“ segir Ingibjörg um muninn á ASÍ í dag og fyrir níutíu árum. Starfsemi þess sé öll önnur nú en þegar það var stofnað. „Vinnuaðferðirnar hafa breyst mjög mikið og vinnuumhverfið líka. Þjóðfélagið hefur breyst í grundvallaratriðum svo það er erfitt að bera þetta saman.“ Þó segir hún að tilgangur sambandsins hafi ávallt verið sá sami. „Við erum að verja hag launafólks og sækja bætt kjör og það hefur auðvitað ekki breyst mikið.“

Að mati Ingibjargar er erfitt að spá fyrir um hvers konar starfsemi verður hjá ASÍ eftir níutíu ár héðan í frá. „Ég myndi ekki treysta mér að spá um næstu tíu, hvað þá níutíu,“ segir Ingibjörg og hlær. Þegar hún lítur aftur á þann tíma síðan hún kom út á vinnumarkaðinn hafa hlutirnir breyst svo mikið að erfitt er að spá fyrir um hvað koma skal. „Það sýnir sig að hlutverk ASÍ hefur farið vaxandi á þessum níutíu árum. Það hefur breyst en aukist sömuleiðis,“ segir Ingibjörg og tekur dæmi um verkefni framtíðarinnar sem tengjast alþjóðavæðingunni „Nú er ekkert einkamál í héraði hvað gerist hér eða annars staðar í heiminum, áhrifanna gætir alls staðar.“

Annars segir Ingibjörg að það sé sérstök upplifun að starfa í sambandi sem á rætur sínar að rekja svo langt aftur. „Það er geysilega sterk tilfinning að vinna á svona mikilli hefð og svona miklum fórnum,“ segir hún og bætir við að starf dagsins í dag byggi að sjálfsögðu að miklu leyti á vinnu þeirra sem hafa farið á undan. Baráttan sé ekki síður að verja það sem unnist hefur en að sækja ný réttindi. „Það er ekkert eilíft,“ segir Ingibjörg um framtíðina. „Oft gleymist að réttindin sem við höfum eru ekki vöggugjöf. Þau eru fengin með mikilli vinnu og það er enn meiri vinna fram undan.“

### AFMÆLI



**Karólína Lárusdóttir** myndlistarmaður er 62 ára.



**Marta Nordal** leikkona er 36 ára.

**Ólafur Gottskálksson** fótboltamaður er 38 ára.



**Páll Magnússon** aðstoðarmaður ráðherra er 35 ára.





**Jóhann Sigmarsson** leikstjóri er 37 ára.



**Sveinbjörg Þórhallsdóttir** dansari er 34 ára.

# Klassísk messa

Í kvöld verður haldin klassísk messa í Hallgrímskirkju. Hópurinn Lux Aeterna stendur fyrir messunni en það er áhugahópur um klassíska messu og iðkun gregorssöng. Þetta er reglulegur viðburður annan sunnudag hvers mánaðar og eru ýmsir prestar kallaðir til helgiþjónustunnar.

Að þessu sinni er það sr. Sigurður Pálsson sem þjónar. Messan hefst klukkan 20 en hálftíma áður er kynning og æfing á messunni.



HALLGRÍMSKIRKJA

# ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420
201 KÓPAVOGUR

Opið: mán-fös 10.00-18.00 lau 10.00-16.00 sun 13.00-16.00



ego dekor
**Borð (180x100) og sex stólar**
Verð áður: 140.000.-
Verð nú:
-10%
126.000.-



ego dekor
**Stækkanlegt borð 160(45+45)x100) og sex stólar**
Verð áður: 164.000.-
Verð nú:
-10%
147.600.-

**Skenkur 125cm hár**
Verð:
108.000.-

# NÝ SENDING AF EIKARHÚSGÖGNUM

## - einnig fáanleg í hvíttuðu og dökkbæsuðu -



ego dekor
Sófaborð m/sandblásnu gleri 120x64
35.000.-



ego dekor
Skenkur 150cm
79.000.-



ego dekor
**Sjónvarpsskenkur**
Fáanlegur í tveimur stærðum
240cm
Verð: 69.000.-
183cm
Verð: 65.000.-
Hilla með ljósi
Verð: 29.500.-



ego dekor
**Sjónvarpsskenkur**
200cm
Verð:
67.000.-

# Andóf gegn geðþóttastjórnmálum

Samfylkinguna má telja arftaka Alþýðuflokksins og fleiri flokka á vinstri væng íslenskra stjórnmála. Leiðin að sameiningu íslenskra jafnaðarmanna hefur hvorki verið auðveld né greið. Pólitískir andstæðingar hafa barið í brestina ótt og títt í tímans rás og haft sundurlyndið gegn þeim. *Jóhann Hauksson* tók **Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur** tali.



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR FORMAÐUR SAMFYLKINGAR** „Nú fer fram auðlindakapphlaup þar sem allir reyna að ná tangarhaldi á auðlindunum áður en regluverkið verður sett. Þetta minnir um margt á kvótalögin á sínum tíma.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, er þess fullviss að landslag íslenskra stjórnmála sé varanlega breytt með tilkomu Samfylkingarinnar sem mótvægis við óvenjuöflugan hægriflokk hér á landi, Sjálfstæðisflokkinn.

### Jafnaðarmenn í níutíu ár

Í dag, klukkan hálf fjögur, eru nákvæmlega níutíu ár síðan stofnfundur Alþýðuflokksins og Alþýðusambands Íslands var haldinn í Bárubúð. „Við ætlum að halda upp á þetta í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem Báruhúsið stóð,“ segir Ingibjörg Sólrún. „Við minnumst þar upphafs skipulagðrar hreyfingar jafnaðarmanna í landinu. Jafnvel þótt menn hafi greinst í ýmsar áttir á þessum níutíu árum sem liðin eru er það samt þannig að þarna er rót jafnaðarmanna og hugsjóna þeirra. Ég var sjálf aldrei í Alþýðuflokknum eða Alþýðubandalaginu og á því ekki þessi skipulagslegu tengsl við þetta ártal. En ég hef alltaf litið svo á að ég ætti hlut í þeirri hreyfingu sem þarna varð til.

Þarna í Bárubúð var safnast saman um grunngildin jafnrétti, frelsi og samábyrgð, sem eru tímalaus og eiga enn við í dag. Frumherjarnir sögðu að þeir berðust ekki fyrir því að allir yrðu jafnríkir heldur fyrir því að enginn yrði fátækur. Og á Íslandi yrði aðeins ein stétt; starfandi og menntaðir menn. Þetta á sannarlega við í dag. Ég var að lesa stefnuskrána frá þessum tíma og þar er til dæmis talað um þjóðareign á auðlindunum. Menn töldu að þær þyrftu að vera í opinberri eigu. Áhyggjuefnið var að verið væri að selja fossana, jafnvel úr landinu ef svo má segja. Menn notuðu ekki aðeins hugtakið auðlindir heldur afllindir og þótti einboðið að þær yrðu að vera í opinberri eigu.“

### Svo má brýna deigt járn...

Í orðræðunni á Alþingi beina stjórnarliðar spjótum sínum oftar að Samfylkingunni en Vinstri grænum og Frjálslyndum. Oftast saka þingmenn stjórnarflokkanna Samfylkinguna um stefnuleysi í stóriðjumálum, einkavæðingarmálum og fjölda annarra mála. Er Samfylkingin stundum meðmælt stóriðjustefnu og stundum ekki? Vill hún fela einkafyrirtækjum aukinn rekstur heilbrigðiskerfisins eða ekki? Er hún á móti kvótalögunum eða ekki? Á þessu hamra stjórnarliðar.

*„Sjálfstæðismenn og framsóknarmenn vita að Samfylkingin höfðar til meginfylgis og heggur inn í þeirra raðir. Þess vegna reyna þeir að berja á okkur og koma í veg fyrir að Samfylkingin nái að styrkja stöðu sína enn frekar.“*

Ingibjörg Sólrún segir að allt sé þetta með ráðum gert. „Þetta eru samantekin ráð af stjórnarliðinu og eitt af því sem spunameistararnir hafa lagt mönnum upp að gera. Ef lygin er endurtekin nægilega oft endar það með því að einhverjir trúa henni. Þetta er gamalkunnugt áróðursbragð og segir ekkert um Samfylkinguna. Í raun er tiltölulega einfalt að nota þetta á okkur því Samfylkingin er ekki jaðarflokkur þar sem fólk þjappar sér saman um fá og afmörkuð málefni. Hún er miðsækinn og breiður fjöldaflokkur. Þannig tekur Samfylkingin ekki afstöðu með sama hætti og auðkennir jaðarflokka. Áróðursstríðið gegn Samfylkingunni á rætur í átökum um meginfylgið meðal kjósenda.

Sjálfstæðismenn og framsóknarmenn vita að Samfylkingin höfðar til meginfylgis og heggur inn í þeirra raðir. Þess vegna reyna þeir að berja á okkur og koma í veg fyrir að Samfylkingin nái að styrkja stöðu sína enn frekar á þessari svokölluðu miðju. Það getur verið tiltölulega auðvelt fyrir flokk eins og Vinstri græna að taka einarða afstöðu til mála sem endurspeglar afstöðu tiltölulega lítils hluta kjósenda. Í stjórnarandstöðu getum við ekki látið verkin tala líkt og stjórnarliðar. Menn rugla saman stefnu og útfærslu. Eitt er að hafa stefnu og grundvallarviðhorf til einstakra mála eins og til menntakerfisins og hver eigi að vera framtíðarsýnin og hugmyndafræðin í þeim efnum. Spurt er um grundvallarviðhorf stjórnmálaflokka til stöðu Íslands í alþjóðamálum eða til heilbrigðismála og svo mætti áfram telja. En þegar kemur að útfærslunni eru stjórnmálaflokkar og ráðherrar ekki einir um framkvæmdina. Framkvæmd eða útfærsla stefnumála er gerð í samvinnu og samstarfi margra þótt stjórnvöld leggi línurnar. Stjórnvöld geta með öðrum orðum látið verkin tala. Við í stjórnarandstöðunni getum bara talað ef svo má segja því við ekki hluti af samráði um útfærslu.“

### Um samband orða og athafna

Ingibjörg Sólrún paufaðist akandi fyrr í vetur vestan af fjörðum í hríðarkófi til þess að flytja útvegsmönnum boðskap á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Sem frægt varð rétti hún þeim umdeilda sáttahönd og er það enn eitt dæmið um meint stefnuleysi Samfylkingarinnar. Hún glímir hart við útvegsmenn og stjórnarflokkana árum saman vegna kvótakerfisins en talar síðan mjúklega til útvegsmanna. Er þetta ekki gott dæmi um að stjórnarliðar hafi rétt fyrir sér um þokukennda stefnu Samfylkingarinnar? „Þetta er ágætt dæmi um bilið sem er milli stefnu og hugmyndafræði annars vegar og útfærslu og framkvæmdar hins vegar. Stefna Samfylkingarinnar er alveg skýr. Fiskurinn í sjónum er sameiginleg auðlind þjóðarinnar. Það þýðir að eignarhaldið er ekki útvegsmanna. Þeir hafa hins vegar nýtingarrétt. Og þeir eiga að geta fengið þann nýtingarrétt. En það er eðlilegt að þeir greiði þjóðinni eitthvert afgjald af þeim rétti með einhverjum hætti. Þess utan þarf að útdeila þessum nýtingarrétti með einhverjum gagnsæum reglum þar sem möguleikinn á nýliðun og endurnýjun er til staðar.

Og hér komum við aftur að útfærslunni. Hverjar eiga þessar reglur að vera? Hvað eiga menn að borga? Við teljum að það sé ekki Samfylkingarinnar einnar að útfæra þetta. Við reynum að vinna þessum hugmyndum fylgi og verðum að útfæra stefnuna í sátt við fjölmarga aðila. Það var einmitt þetta sem ég var að bjóða útvegsmönnum upp á í umræddri ræðu.

Ég ætla ekki að bjóða upp á fyrningarleiðina sem einu færu leiðina í þessu sambandi. Við verðum að skoða fleiri leiðir að því gefnu að við höldum okkur við þá grundvallarreglu að fiskurinn í sjónum sé sameign þjóðarinnar.

Útvegsmenn eiga að hafa nýtingarréttinn, sem úthluta verður með gegnsæjum hætti og fyrir þann rétt á að koma afgjald. Útfærslan getur verið með ýmsum hætti þegar kemur að samráðinu og framkvæmdinni. Þarna þarf stefna og útfærsla á endanum að renna saman. Það er hvorki eðlilegt né nauðsynlegt að stjórnmálaflokkar skrifi ítarlega útfærslu stefnumála inn í stefnuskrá sína. Samfélagið er of margþætt og hagsmunaaðilar of margir til þess að það sé unnt. Það er verkefni okkar að vinna stefnumálum fylgi í fasa útfærslunnar. Samráð um útfærslu er eðlilegt og lýðræðislegt og þannig vil ég ganga til verka.

### Stóriðjustefnu ívilnað

Við getum einnig litið á gagnrýnina sem beint er að Samfylkingunni í orku- og stóriðjumálunum. Stefna okkar er algerlega skýr. Í ljósi aðstæðna í efnahagslífinu og með tilliti til Kyoto-bókunarinnar og útstreymisheimilda teljum við að hér geti risið álver með 250 þúsund tonna framleiðslugetu þar til Kyoto-bókunin rennur út árið 2012. Nú eru þrír aðilar að sækjast eftir aukinni álframleiðslu. Hver á að hreppa hnossið og hver á að velja á milli þeirra? Þar koma vitanlega orkufyrirtækin inn í myndina sem öll eru á þessum markaði. Þau eru öll að keppast um þessa viðskiptavini, rétt eins og fyrirtæki gera á samkeppnismarkaði. Hitaveita Suðurnesja hugar að orkusölu í Helguvík, Orkuveita Reykjavíkur að sölu á orku til Straumsvíkur ef um semst og Landsvirkjun stendur frammi fyrir tveimur kostum, norður í landi og í Straumsvík.

Spurningin er hvernig þetta á að gerast þegar aðeins er rúm fyrir eitt álver. Hver á að ákveða hver fær samning um orku og hver eigi að fá þá takmörkuðu auðlind sem útstreymisheimild Kyoto-bókunarinnar er? Það er mikið auðlindakapphlaup í gangi og það skortir algerlega regluverkið til að fást við þetta. Eðlilegast hefði verið að stíga það skref, sem rætt hefur verið um í tíu ár, að láta þetta ráðast algerlega á viðskiptalegum forsendum. Það verði í rauninni markaðurinn sjálfur sem ráði niðurstöðunni. Lyktir málsins ráðist innan fyrirtækis sem fæst við að þjóna þessum markaði en selur ekki endilega orku inn á almenna markaðinn.

Ég sé fyrir mér sérstök félög eða fyrirtæki sem selja raforku til stóriðju, afla hlutafjár og lána og gera sínar eigin arðsemiskröfur rétt eins og hver önnur fyrirtæki. Þau gera sínar áætlanir og útreikninga að teknu tilliti til afgjalds sem þau greiða fyrir afnot af auðlindinni. Við þurfum að afnema þetta óeðlilega viðskiptaumhverfi sem við höfum komið á fót í áranna rás varðandi raforkusölu til stóriðju. Verðið sem samið er um er vitanlega lægra en það í raun ætti að vera vegna þess að það er ríkisábyrgð á fjárfestingunni. Af hverju á stóriðja að búa við afslátt á fasteignagjöldum sveitarfélaga eða njóta samninga um þak á tekjuskatt sinn? Stóriðju er í raun ívilnað á kostnað annarra fyrirtækja. Orkuveita Reykjavíkur hegðar sér eins og hvert annað fyrirtæki og er vitanlega að reyna að tryggja sína hagsmuni ef til þessara fjárfestinga kemur. Það er ekki við orkufyrirtækin að sakast.“

Nafn: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Fædd: 31. desember 1954.

Foreldrar: Gísli Gíslason og Ingibjörg J. Níelsdóttir.

Maki: Hjörleifur Sveinbjörnsson deildarstjóri.

Synir: Sveinbjörn 1983, Hrafnkell 1985.

Menntun: Stúdent frá MT 1974, BA í sagnfræði og bókmenntum HÍ 1979, gestanemandi við Hafnarháskóla 1979 til 1981, Cand. mag. nám í sagnfræði við HÍ 1981 til 1983.

Störf: Ritstjóri Veru, blaðamaður, borgarfulltrúi, borgarstjóri, þingmaður.

Stjórnmál: Borgarfulltrúi 1982 til 1988, Alþingismaður Kvennalistans 1991 til 1994, þingmaður Samfylkingarinnar frá 2005, Borgarstjóri Reykjavíkur (Reykjavíkurlistinn) 1994 til 2003, Formaður Samfylkingarinnar 2005.

### Einkavæðingarflokkur?

Samfylkingin hefur einnig verið sökuð um gælur við einkavæðingu á sviði skóla- og heilbrigðismála. Vilji hennar standi til að gera þjónustu-

samninga og flytja æ fleiri verkefni heilbrigðisþjónustunnar inn á svið einkarekstrar.

Margir telja að það sé nánast uppskrift að spillingu þegar stjórnmála- og embættismenn fara með pyngju almennings og gera samninga við fjölda einkafyrirtækja um velferðarverkefnin. Hver skyldi hin raunverulega stefna Samfylkingarinnar vera í þessum efnum? „Það er mjög auðveld afstaða að segjast vera á móti einkavæðingu og velferðarverkefnin skuli öll vera á hendi ríkisins. Það er líka einfalt að segja að einkaframtakið og markaðurinn sé alltaf betur til þess fallinn að annast þessi verkefni. Þetta er hvort tveggja kreddur og þröngsýni að mínu viti, vegna þess að stundum getur markaðurinn leyst verkefnin betur en oft eiga markaðslausnirnar ekki við. Það er erfið afstaða að horfa þannig á málin. Það skiptir verulegu máli að það liggi til dæmis ljóst fyrir að samkeppni sé fyrir hendi ef verkefni eru boðin út innan heilbrigðisþjónustunnar.

Samningar um einkarekstur í heilbrigðiskerfinu geta átt við þar sem margir eru um hituna og verkefnið er vel skilgreint. Einungis þannig geta slíkir samningar orðið öllum til hagsbóta. Þetta hefur gefist ágætlega á hjúkrunarheimilunum. Kaupandinn, það er að segja ríkið, þarf í þessu efni að hafa mjög skýrt hlutverk. Undir heilbrigðisráðuneytinu en ekki ráðherranum þyrfti að vera stofnun sem væri í hlutverki kaupandans og sæi um að kaupa alla heilbrigðisþjónustuna, hvort heldur er af spítölunum, heilsugæslunni eða einkareknum fyrirtækjum á þessu sviði.

Nú er þetta þannig að peningarnir fara í gegnum ráðuneytið í spítalana. Þegar menn skera niður og þrengir að tekur einkamarkaðurinn við og tekur sömu peningana og jafnvel hærri fjárhæðir út úr Tryggingastofnun. Hægri höndin veit ekki hvað sú vinstri er að gera. Hér þarf að vanda til verka þannig að einhver einn aðili gerist ekki einfaldlega ákrifandi að skattfé borgaranna.“

**Stjórnvöld kynda efnahagsbál**

Vandamál kreppu og atvinnuleysis eru ekki einkenni vandans í íslensku efnahagslífi um þessar mundir. Spyrja má hvort vandinn sé ekki þvert á móti góðærisvandi.

Þannig er það að mörgu leyti að mati Ingibjargar Sólrúnar. „Það er mikið fjármagn í umferð og margt að gerast í íslensku efnahagslífi, en því miður er þessu haldið uppi að mestu leyti með erlendri lántöku. Skuldsetningin frá 1997 er gríðarleg. Það var vitað fyrir síðustu þingkosningar að hér kæmi upp hagstjórnarvandi á kjörtímabilinu og fara yrði varlega.

Í stað þess að stíga varlega til jarðar vegna stórframkvæmdanna setti ríkisstjórnin allt á fulla ferð með níutíu prósenta lánum í húsnæðiskerfinu. Ríkisstjórnin á mjög ríkan þátt í framvindunni. Fólk hefur unnvörpum verið að taka eigið fé út úr sínum fasteignum og fjármagnað neyslu. Ríkisstjórnin hefur kynt undir og hegðað sér eins og fíll í glervörubúð að þessu leyti. Hennar er sökin.

Enn komum við að því að þetta var vitað fyrir kosningar og víðtækt samráð yrði að hafa um efnahagsstjórnina. Samráð við fjármálastofnanir, Samtök atvinnulífsins, verkalýðshreyfinguna og fleiri þannig að Seðlabankinn þyrfti ekki að róa á eina árina og enginn á hinni. Góðæri og uppsveifla er vitanlega jákvæð þegar hún stafar af framleiðniaukningu, aukinni menntun, hækkandi tæknistigi og slíkum atriðum. Ég óttast að góðærið verði ekki rakið til þessa.“

**Geðþóttastjórnmál**

Ingibjörg Sólrún telur víst að meðal helstu kosningamála í þingkosningunum eftir um fimmtán mánuði verði vaxandi ójöfnuður og átök um eignarhald á auðlindum. „Vaxandi ójöfnuður er staðfestur og mælanlegur. Það þýðir ekki endilega að hinir fátæku séu að verða fátækari, heldur hitt að bil fátækra og ríkra er að stækka.

Stjórnvaldsaðgerðir hafa auk þess fært hinum tekjuhærri auknar ráðstöfunartekjur en mun síður hinum sem minnstu tekjurnar hafa. Stjórnvöld hafa stuðlað að þessari gliðnun. Að hluta til er þetta alþjóðlegt fyrirbæri. Til þess eru stjórnvöld að takast á við þetta en það hafa þau ekki gert hér á landi. Það þarf ekki annað en að nefna stöðu aldraðra og öryrkja í samfélaginu.

Hins vegar held ég að auðlindamál verði fyrirferðarmikið, hvort heldur það er jarðvarmi, vatnsföll, vatnsréttindi, óveiddur fiskur í sjó eða andrúmsloftið og losunarkvóti, sem er sannarlega auðlind. Þessi mál eru í ólestri vegna þess að ekki hefur verið mörkuð skýr stefna varðandi eignarrétt. Þann rétt er svo sem verið að færa kerfisbundið í átt til einkaeignarréttar. Það hefur ekki verið tekið á réttinum til að nýta auðlindirnar og hvernig úthluta skuli þeim rétti.

Gegnsæjar leikreglur eiga að gilda um þetta. Ekki hefur heldur verið tekið á því hvort eða hvernig menn eigi að greiða fyrir aðganginn. Búið er að færa ráðherra mikið vald til að taka ákvarðanir í þessum málum án þess að leikreglurnar liggi fyrir. Þetta býður heim misnotkun á valdi. Nú fer fram auðlindakapphlaup þar sem allir eru að ná tangarhaldi á auðlindunum áður en regluverkið verður sett.

Þetta minnir um margt á kvótalögin á sínum tíma. Hér var sett á laggirnar auðlindanefnd sem skilaði niðurstöðum sínum árið 2000. Þetta var vönduð vinna byggð á skýrslum og rökstuðningi með tillögum. Það hefur ekkert verið gert með þetta. Þarna var tillaga um að setja ákvæði um þjóðareign inn í stjórnarskrána. Lagt var til að rammalöggjöf yrði sett um auðlindir. Ekkert hefur gerst og á sama tíma er þetta auðlindakapphlaup í gangi. Rammaáætlun um auðlindanýtinguna var aldrei staðfest á þinginu. Öll verk eru hálfköruð. Stjórnvöld eru stefnulaus í þessum efnum og mér er skapi næst að halda að þau vilji hafa þetta svona. Þau vilja geta gert hluti að eigin geðþótta og eru mótfallin því að vinna eftir einhverjum gegnsæjum almennum leikreglum þar sem allir sitja við sama borð. Skýrasta dæmið er einkavæðing ríkisbankanna og Símans. Þessi fyrirtæki voru seld án þess að til væru lög sem um þetta giltu,“ segir Ingibjörg.

**Flokkakerfið er breytt**

Stórir jafnaðarmannaflokkar eru til og hafa lengi verið við völd á Norðurlöndum. Jafnaðarmenn hafa ekki í tímans rás sameinast með svipuðum hætti á Íslandi. En skyldi Samfylkingin vera orðin sambærilegur flokkur og jafnaðarmannaflokkar frændþjóðanna? Tvímælalaust, segir Ingibjörg. „Við erum ámóta stór og til dæmis norski Verkamannaflokkurinn og jafnvel stærri en flokkurinn í Danmörku hvað fylgi varðar. Við ætlum okkur að vera mótvægi við Sjálfstæðisflokkinn, sem er óvenjusterkur hægriflokkur. Fyrir því eru sögulegar ástæður. En ég held að sá tími sé liðinn að Sjálfstæðisflokkurinn geti til dæmis náð einn meirihlutavaldi í Reykjavíkurborg. Það er vegna þess að komið er sterkt mótvægi við hann. Í landsmálunum hefur Sjálfstæðisflokkurinn alltaf verið í þeirri stöðu að geta kippt einhverjum smáflokki upp í til sín sem meðstjórnanda. Þetta er allt breytt. Samfylkingin yrði ekki nein hækja í slíku stjórnarsamstarfi, veruleikinn er breyttur. Það tekur tíma að venjast þessum veruleika en ég er sannfærð um að landslagið í flokkakerfinu er varanlega breytt að þessu leyti,“ segir Ingibjörg Sólrún að endingu.




# Alþýðusamband Íslands 90 ára



Síðustu áratugir 19. aldarinnar voru tímar mikilla umbrota í íslensku samfélagi. Bændasamfélagið var í upplausn og í hönd fóru breytingar á atvinnuskipaninni með miklum framförum í landbúnaði og sjávarútvegi. Svavar Hávarðsson leit til baka og kannaði þróun verkalýðsbaráttunnar.

Þéttbýlismyndun var hröð vegna mikillar fólksfjölgunar, því um leið og þörf fyrir vinnuafl við sjávarsíðuna jókst var jarðnæði í sveitum af skornum skammti. Verkaskipting varð sífellt meiri í ört stækkandi kaupstöðum og þótt hver nýr starfshópur væri fámennur í byrjun þá skapaðist í fyrsta skipti þörf fyrir félagsskap verkamanna. Þörfin var einfaldlega sú að þrýsta á um betri kjör sér og sínum til handa. Úr þessum jarðvegi spruttu fyrstu stéttarfélögin sem seinna sameinuðust undir merkjum Alþýðusambands Íslands sem í dag fagnar níutíu ára afmæli sínu.

Fyrsta stéttarfélagið sem stofnað var á Íslandi var Prentarafélag Íslands árið 1887 og fyrsta félag verkamanna var stofnað á Seyðisfirði 1896. Starfsemi beggja þessara félaga stóð stutt en bæði áttu þau það sameiginlegt að ætla að berjast fyrir styttri vinnutíma og hærri launum. Um svipað leyti birtist í blaðinu Ísafold eftirfarandi lýsing. „Í Reykjavík og víðar í verslunarstöðum gengur sama óreglan, að daglaunamenn verða að vinna hjá kaupmönnum óákveðinn vinnutíma og þar á ofan er þar beitt allmikilli hörku, ég vil segja harðýðgi við verkamennina; verða þeir að vinna frá því snemma á morgnana, stundum frá því stundu fyrir miðjan morgun til kl. 9-10 á kvöldin; og þar við bætist, að þeir fá engan ákveðinn tíma til að neyta matar, heldur verða nærri því að stelast til að rífa í sig matinn undir pakkhúsveggjum og á bryggjunum, eins og hungraðar skepnur eða siðlausir mannsmenn.“

### Bárufélögin

Árið 1894 stofnuðu eigendur þilskipa með sér Félag útgjörðarmanna við Faxaflóa. Aðalforgöngumaður félagsins var Tryggvi Gunnarsson sem hafði þá nýlega beitt sér fyrir kaupum á átta stórum kútterum til Reykjavíkur. Fyrsta verk félagsins var að birta reglugerð um ráðningarkjör sjómanna og þótti mörgum sjómanninum að kjör versnuðu í kjölfarið. Saga verkalýðshreyfingarinnar er talin af mörgum byrja þegar skútukarlar í Reykjavík stofnuðu Báruna þetta ár sem andsvar við félagi útgerðarmanna. Stór hluti sjómanna gekk í félagið og urðu deildir þess alls sjö og voru við lýði í fimmtán ár en starfsemin fjaraði út með tilkomu togara og sjómenn voru við veiðar stóran hluta ársins.

### Samstarf verkalýðsfélaga

Verkamannasamband Íslands sem voru fyrstu heildarsamtök íslenskra verkalýðsfélaga starfaði á árunum 1907 til 1910. Otto N. Þorláksson frá Bárunni var á meðal þeirra sem undurbjuggu stofnun félagsins sem var af pólítískum toga. Á þessum tíma höfðu stjórnmál snúist um sjálfstæðisbaráttu, en á fyrsta fundi var samþykkt að Verkamannasambandið skyldi stuðla að því að pólítískur jafnaðarmannaflokkur yrði stofnaður á Íslandi. Sósíalískar hugmyndir voru áberandi í stefnuskrá félagsins og lög þess voru samin með lög verkalýðsfélaga á Norðurlöngum sem fyrirmynd.

Þegar fyrri heimsstyrjöldin braust út versnaði hagur verkamanna, húsnæði var af skornum skammti og mikil dýrtíð. Hin vaxandi verkalýðsstétt krafðist umbóta. Íslensk stjórnmál einkenndust sífellt meira af stéttabaráttu og gamla flokkakerfið svaraði ekki þessu kalli tímans. Fólk hafði meiri áhuga á að ræða kjör sín en sambandið við Dani. Við þessar aðstæður hófst undirbúningur að samvinnu verkalýðsfélaga og stofnuð var tíu manna undirbúningsnefnd. Á undirbúningstímanum stóð nefndin fyrir framboði til bæjarstjórnar í Reykjavík og vann stórsigur. Verkamönnum var orðið ljóst hvers megnugir þeir voru með samstöðu. Tveimur mánuðum síðar var Alþýðusamband Íslands stofnað.

### Alþýðusamband Íslands stofnað 1916

Stofnfundur Alþýðusambandsins var haldinn í Báruhúsinu 12. mars 1916. Fundarmenn voru tuttugu frá sjö félögum. Á stofnþinginu var Otto N. Þorláksson kosinn forseti sambandsins, varaforseti var Ólafur Friðriksson og Jón Baldvinsson ritari. Fyrsta þing sambandsins var haldið síðar sama ár og þá tók Jón Baldvinsson við sem forseti og Jónas Jónsson frá Hriflu tók embætti ritara. Þessar sviftingar settu tóninn fyrir íslensk stjórnmál næstu ár því Jónas studdi Jón í forsetakjörinu gegn Ottó sem var harðari í afstöðunni gagnvart bændum. Þeir Jónas og Jón, sem var forseti ASÍ og formaður Alþýðuflokksins til ársins 1938, áttu síðar gott samstarf þótt ekki væru þeir flokksbræður. Jónas stóð stutt við því hann stofnaði Framsóknarflokkinn sama ár en hafði samt mikil áhrif á starf sambandsins til framtíðar. Hann samdi fyrsta frumvarpið að lögum ASÍ og kom að því að semja stefnuskrá þess.

Alþýðusambandið gegndi tvenns konar hlutverki í fyrstu. Það var samtök verkamanna fyrir bættum lífskjörum en einnig stjórnmálaflokkur sem byggði á jafnaðarstefnunni. Stefna flokksins var að „gera efnahag landsmanna sem jafnastan og koma á svo almennri velmegun að hvert mannsbarn, sem fæðist hér á landi, hafi tækifæri til að þroska og fullkomna góða meðfædda hæfileika, og koma í veg fyrir að einstakir menn sölsi undir sig auðæfi á kostnað annarra.“ Allt var þetta sniðið að hugmyndum jafnaðarmanna á Norðurlöndunum en með séríslenskum áherslum. Frá upphafi var stefnt að samstarfi við Framsóknarflokkinn sem Jónas frá Hriflu hafði stofnað, nýgenginn úr Alþýðuflokknum stofnárið 1916.

### Barátta, átök og árangur

Fyrstu starfsár ASÍ voru verkamönnum erfið. Dýrtíð var mikil og kaupmáttur rýrnaði um helming áður en fyrri heimstyrjöldinni lauk 1918. 1920 skall á kreppa og verðlag féll og kaupmáttur jókst að sama skapi. Atvinnurekendur kröfðust þess að kaup verkamanna yrði lækkað í samræmi við lækkandi verðlag. Alþýðusambandið vann vel sem sameiningarafl og náði að koma í veg fyrir að þetta gengi eftir. Sjómenn náðu góðum árangri í þessari deilu, náðu hærra kaupi og síðan lögum um lágmarks hvíldartíma árið eftir með svokölluðum vökulögum.

Þegar heimskreppan skall á í byrjun fjórða áratugarins reyndi mjög á samheldni verkafólks. Lækkandi verðlag kallaði á lækkuð laun og ætlaði Reykjavíkurborg að verða fyrst til þess og lækka laun í bæjarvinnu. Úr varð hinn frægi Gúttóslagur þar sem verkamenn tókust á við lögreglu á fundarstað bæjarstjórnar. Hætt var við launalækkunina og kom hún ekki aftur til umsagnar bæjaryfirvalda.

Mörgum atvinnurekendum gramdist stofnun verkalýðsfélaga og voru dæmi um að fólki var neitað um vinnu ef það hafði gengið í slíkt félag. Öðru máli gegndi um stjórnvöld sem strax á árum fyrri heimsstyrjaldar viðurkenndu

## Verkalýðsbarátta á Íslandi 1887-1990

**1887:** Fyrsta stéttarfélagið, Prentarafélag Íslands, verður til.
**1894:** Sjómannafélagið Báran stofnað.
**1906:** Verkamannafélagið Dagsbrún stofnað.
**1907:** Verkamannasamband Íslands stofnað.
**1909:** Fyrsta verkakvennafélagið, Þörfin á Akureyri, stofnað.
**1914:** Verkakvennafélagið Framsókn stofnað.
**1916:** Alþýðusamband Íslands stofnað. Ottó N. Þorláksson kosinn fyrsti forseti þess. Jón Baldvinsson tekur við á fyrsta þingi sambandsins.
**1921:** Vökulögin sett.
**1923:** Fyrsta kröfugangan 1. maí.
**1925:** Sett lög um almannatryggingar.
**1929:** Lög um verkamannabústaði sett.
**1930:** ASÍ þing lokað öðrum en alþýðuflokksmönnum.
**1931:** ASÍ opnar skrifstofu.
**1932:** Guttóslagurinn.
**1933:** Nóvudeilan.
**1934:** Vinnuveitendasamband Íslands stofnað.
**1936:** Lög um almannatryggingar taka gildi.
**1938:** Fyrsta vinnulöggjöfin sett. Stefán Jóhann Stefánsson kosinn forseti ASÍ.
**1940:** Sigurjón Á. Ólafsson kosinn forseti.
**1942:** Guðgeir Jónsson kosinn forseti.
**1944:** Hermann Guðmundsson kosinn forseti ASÍ. Sá fyrsti sem ekki er alþýðuflokksmaður.
**1946:** Ný lög um almannatryggingar taka gildi.
**1948:** Helgi Hannesson kosinn forseti.
**1954:** Hannibal Valdimarsson kosinn forseti.
**1956:** Alþýðubandalagið verður til sem kosningasamtök um stefnu ASÍ.
**1957:** Landssamband íslenskra verslunarmanna stofnað. Sjómannasamband Íslands stofnað.
**1961:** Verkalýðsfélögin semja um sjúkrasjóði. Listasafn ASÍ verður til með listaverkagjöf Ragnars í Smára.
**1962:** Lög sett um jöfn laun fyrir sömu vinnu.
**1964:** Verkamannasamband Íslands stofnað.
**1966:** Alþýðusambandið 50 ára. 1. maí lögleiddur frídagur.
**1970:** Lífeyrissjóðirnir hefja starfsemi. Rafiðnaðarsamband Íslands stofnað.
**1971:** Björn Jónsson tekur við sem forseti þegar Hannibal Valdimarsson verður félagsmálaráðherra.
**1973:** Snorri Jónsson tekur við sem forseti á meðan Björn Jónsson gegnir ráðherraembætti 1973 - 1974. Einnig 1978-1980.
**1980:** Ásmundur Stefánsson kosinn forseti.
**1990:** Þjóðarsáttarsamningar undirritaðir.





## Tækifærið þitt?

TM Software er eitt af framsæknustu fyrirtækjum í upplýsingatækni hér á landi. Fyrirtækið rekur starfsstöðvar í 12 löndum og þjónar fjölda viðskiptavina um allan heim, starfsmenn þess eru rúmlega 450. TM Software er í fremstu röð við ráðgjöf, þróun hugbúnaðar, rekstur tölvukerfa og býður fjölbreyttar lausnir í nánu samstarfi við helstu upplýsingatæknifyrirtæki heims.

TM Software hefur með öflugri vöruþróun og nánu samstarfi við kröfuharða viðskiptavini skapað lausnir sem eru leiðandi hér á landi sem og erlendis.

Á undanförnum árum hefur TM Software fimm sinnum hlotið viðurkenningu sem eitt af 500 framsæknustu fyrirtækjum Evrópu.

**TM Software** | Infrastructure Management (Skyggnir)

### Gagnagrunnssérfræðingur (DBA)

**Starfssvið**

- Rekstur og umsjón gagnagrunna.
- Hönnun og uppsetning gagnagrunna.
- Samskipti við samstarfsaðila og viðskiptavini.
- Öryggismál og afritun.

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á tæknisviði eða sambærileg menntun/reynsla.
- Samstarfshæfni, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Þekking á MS SQL og/eða Oracle gagnagrunnum.
- DBA gráður eru kostur.

### Sérfræðingur í IP símkerfum

**Starfssvið**

- Rekstur og umsjón með símkerfum.
- Uppsetning á nýjum búnaði og kerfum.
- Samskipti við samstarfsaðila og viðskiptavini.

**Hæfniskörfur**

- Reynsla af rekstri símkerfa og netbúnaðar.
- Samskiptahæfni, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Þekking á Microsoft og Linux stýrikerfum.

### Netsérfræðingur

**Starfssvið**

- Rekstur og umsjón með netkerfum.
- Hönnun og uppsetning á nýjum netkerfum.
- Samskipti við fjarskiptabirgja, aðra samstarfsaðila og viðskiptavini.
- Ráðgjöf til viðskiptavina.

**Hæfniskörfur**

- Háskólamenntun á tæknisviði eða sambærileg menntun/reynsla.
- Samstarfshæfni, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Starfsreynsla af rekstri netkerfa.
- Þekking á Cisco búnaði, CheckPoint og PIX eldveggjum.
- Cisco gráður eru kostur.

### Við leggjum áherslu á og bjóðum:

- Metnaðarfullt og árangursdrifið starfsumhverfi.
- Frábæran starfsanda og liðsheild.
- Fjölbreytt, spennandi og krefjandi verkefni.
- Góða starfsaðstöðu.
- Sveigjanlegan og fjölskylduvænan vinnutíma.
- Símenntun í starfi.
- Fjölbreytt tækifæri til starfsþróunar hérlendis sem erlendis.
- Laun og önnur starfskjör samkvæmt samkomulagi.

Við leitum að öflugum einstaklingum sem eru búnir að sanna sig í faginu og vilja takast á við ný og ögrandi verkefni í öflugu og framsækinu teymi. Í boði er frábært tækifæri að þróa lausnir fyrir kröfuharðan alþjóðamarkað.

**Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir og fyrirspurnir.** Allar nánari upplýsingar veitir Torfi Markússon, starfsmannastjóri. Umsóknir og fyrirspurnir óskast sendar til starfsmannastjóra, **torfi@t.is**, merktar viðkomandi störfum fyrir **21. mars nk.**

MIXA • fít • 60110

www.t.is

TM Software | Holtasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 545 3000 | Fax 545 3001

---

## VIÐ LEITUM
### AÐ EKTA YFIRBORGARA



**Burger King óskar eftir að ráða hressan og drífandi vaktstjóra í fullt starf.**

Við leitum að stundvísum, ábyrgum og geðgóðum einstaklingi með ríka þjónustulund sem hefur áhuga á eldsteiktum og skemmtilega framreiddum hamborgurum.

Vaktstjóri ber ábyrgð á að starfsmenn séu hressir og snyrtilegir og að allt sé rétt uppsett. Hann sér einnig um að skipuleggja og undirbúa daginn og gera upp þegar vakt lýkur.

Vaktafyrirkomulagið er 2-2-3 eða eftir samkomulagi. Mjög góð laun í boði fyrir réttan aðila.

**Hafðu samband við Auði í síma 580 1700 eða komdu í heimsókn í Burger King í Smáralind á þriðjudag milli kl. 14 -16 og spjallaðu við okkur.**

**ÞITT ER VALIÐ**

BURGER KING

SMÁRALIND • ESSO ÁRTÚNSHÖFÐA • ESSO FOSSVOGI

---

## KÓPAVOGSBÆR

### Skráningarfulltrúi

- **Laust starf skráningarfulltrúa hjá embætti byggingarfulltrúa.**
  Starfið felst í fasteignaskráningu, samþykkt eignaskiptayfirlýsinga, yfirferð teikninga o.fl.
  Tæknimenntun eða sambærilegt og réttindi til gerðar eignaskiptayfirlýsinga áskilið.

Laun skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar um starfið veitir byggingarfulltrúi.

Umsóknarfrestur er til 22. mars 2006.

Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

Sjá ennfremur: ***www.kopavogur.is*** og ***www.job.is***

# pósthúsið

## Óskum eftir að ráða póst- og blaðbera til starfa í helgardreifingu

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða-, bréfa og vörudreifingar.

Hjá Pósthúsinu starfa um tvö þúsund manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

Pósthúsið leitar að duglegu og samviskusömu fólki í næturvinnu við útburð á blöðum og pósti um helgar.

Hressandi aukavinna, útivera og hreyfing.

Nánari upplýsingar veitir Hildur Þórisdóttir í síma 585 8300. Umsóknir og fyrirspurnir má einnig senda á umsoknir@posthusid.is

Pósthúsið ehf. Suðurhrauni 1, 210 Garðabæ, sími 585 8300 fax 585 8309, posthusid@posthusid.is

# Hjúkrunarfræðingur

**Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar á Kirkjubæjarklaustri auglýsir stöðu hjúkrunarfræðings lausa til umsóknar, um er að ræða 100% starf.**

Nánari upplýsingar veita Margrét Aðalsteinsdóttir, hjúkrunarforstjóri, sími 487 4870 / 894 4985 og Jón Helgason, formaður rekstrarstjórnar, sími 487 4700 / 847 9460.

Fyrirspurnir er einnig hægt að senda á netfangið: klausturholar@centrum.is.

Ný og glæsileg hjúkrunarálma var tekin í notkun við heimilið um mitt síðasta ár og verið er að leggja lokafrágang á þjónusturými og lóð við heimilið. Kirkjubæjarklaustur er þéttbýliskjarni í Skaftárhreppi í V-Skaftafellssýslu en í sveitarfélaginu búa um 500 manns. Á Kirkjubæjarklaustri er starfrækt heilsugæslustöð, grunnskóli, tónlistarskóli og leikskóli. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar en á staðnum er ný íþróttamiðstöð með sundlaug og íþróttahúsi og jafnframt er á svæðinu íþróttavöllur og golfvöllur. Náttúrufegurð í Skaftárhreppi er rómuð og mikil uppbygging á sér stað í ferðaþjónustu.

**Umsóknarfrestur er til 31. mars nk.**

Umsóknir sendist á Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar, Hjúkrunarforstjóri, Klausturhólum 3-4, 880 Kirkjubæjarklaustri.

AstraZeneca
sanofi aventis
Schering-Plough

**Vistor hf.** er leiðandi fyrirtæki í sölu og markaðssetningu á lyfjum og tengdum vörum fyrir heilbrigðismarkaðinn á Íslandi. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 130 og er áætluð velta félagsins á þessu ári rúmir 5 milljarðar kr. Fyrirtækið leggur áherslu á hreinskiptni, framsækni og áreiðanleika. Vistor er eini dreifingaraðili lyfja á Íslandi sem hlotið hefur ISO 9001 gæðavottun.

*Bakhjarl fyrir betri líðan* — vistor

# Sölufulltrúar

**Vistor hf. óskar eftir að ráða til starfa sölufulltrúa fyrir AstraZeneca, sanofi-aventis og Schering-Plough**

**Áhugavert og krefjandi starf hjá framsæknu fyrirtæki í alþjóðlegu umhverfi**

**Starfssvið:**
- Kynningar á lyfjum fyrir lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk
- Undirbúningur fræðslufunda
- Samskipti við erlenda lyfjabirgja
- Að sækja ráðstefnur á Íslandi og erlendis
- Þátttaka í gerð kynningarefnis

**Hæfniskröfur:**

**Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi:**
- Háskólamenntun á sviði lyfjafræði, hjúkrunarfræði eða annarra heilbrigðis- og raunvísinda
- Áhuga á samskiptum og sölu
- Góða færni í að tjá sig í ræðu og riti
- Mjög gott vald á ensku
- Frumkvæði, sannfæringarkraft, sjálfstæði, skipulagshæfni og færni í mannlegum samskiptum

**Kostur er að umsækjendur hafi:**
- Reynslu af sambærilegum störfum
- Menntun í viðskiptafræði
- Reynslu af störfum innan heilbrigðisgeirans
- Reynslu af sölustörfum
- Góð tök á a.m.k. einu Norðurlandamáli

**Nánari upplýsingar veita:**
- Davíð Ingason, AstraZeneca (david@vistor.is)
- Magnús Júlíusson, sanofi-aventis (magnus@vistor.is)
- Arnþrúður Jónsdóttir, Schering-Plough (arnthrudur@vistor.is)
- Þóranna Jónsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar (thoranna@vistor.is)

**Skriflegum umsóknum skal skilað á netfangið starf@vistor.is fyrir 20. mars nk.**

Vistor hf. • Hörgatúni 2 • 210 Garðabæ • Sími: 535 7000 • Fax: 565 6485 • vistor@vistor.is • www.vistor.is




# Meiraprófsbílstjórar
## - sumarafleysingar

Óskum eftir meiraprófsbílstjórum til afleysinga í sumar. Umsækjendur þurfa að hafa „trailer" réttindi. Skeljungur sér um að senda bílstjóra á ADR námskeið þeim að kostnaðarlausu.

Í boði er gott starfsumhverfi í hópi reyndra bílstjóra.

Nánari upplýsingar veitir Aðalsteinn Árnason hjá Skeljungi í síma 444 3010. Hægt er að sækja um á www.skeljungur.is, senda upplýsingar á starf@skeljungur.is eða fylla út umsóknareyðublað á skrifstofu Skeljungs að Hólmaslóð 8, 101 Reykjavík.

Starfsmenn hjá Skeljungi eru um 250 og starfa á bensínstöðvum félagsins, við eldsneytisdreifingu í Örfirisey, á Reykjavíkurflugvelli og víða á landsbyggðinni, auk ýmissa stjórnunar- og skrifstofustarfa á skrifstofum félagsins að Hólmaslóð 8.

Það er ásetningur félagsins að hafa ætíð á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki þar sem áhersla er lögð á markviss vinnubrögð, skýra ákvörðunartöku og frumkvæði. Skeljungur vill halda í heiðri jafnrétti milli kynja þar sem hæfni ræður vali og að starfsfólk sé metið að verðleikum í störfum sínum fyrir félagið.

**Skeljungur hf.** — Shell umboð



# Afgreiðslumaður á kassa

Múrbúðin er ört vaxandi fyrirtæki í innflutningi og sölu á hágæða múrvörum málningu og byggingavörum.

Múrbúðin vill ráða starfsmann á kassa. Leitað er eftir heiðarlegum starfsmanni með ríka þjónustulund. Umsókir berist til Ingólfs S. Bjarnasonar í Múrbúðinni eða á tölvupóstfangið: ingolfur@murbudin.is

Meiri gæði — Lægra verð — MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*
Klettháls 7 · Sími: 544-5470 · www.murbudin.is

## Radisson SAS 1919Hótel

býður alla hefðbundna hótel þjónustu og að auki öðruvísi upplifun.Það kemur til með að skapa sér sérstöðu meðal hótela í Reykjavík en í því eru 70 mjögsmekklega hönnuð herbergi sem eru allt frá venjulegum eins manns herbergjum upp í glæsilegar svítur. Fyrir fólk í viðskiptaerindum er fundaraðstaða fyrir allt að 18 fundarmenn. Á hótelinu er nútímalegur veitingastaður og bar, þar sem njóta má stemningar miðborgarinnar.

**Eftirfarandi starf í boði eru herbergisþernur**

Radisson SAS 1919 Hotel is newly opened hotel in the heart of the city centre. This is a business people hotel with a last word in design and technology. There are 70 beautifully designed rooms, two meeting rooms, restaurant and bar.

**Hotel has a need of room attendants/maids on full time basis.** On each floor there are 19 rooms and each maid has maximum 19 rooms per day to finish. We guarantee nice working conditions, friendly and international atmosphere and team work.

If you are interested you are welcome to visit the hotel and premises.

Please call or send email till March 20. 2006. to the following person:

Aleksandra Babik, aleksandra.babik@radissonsas.com
Tel: 599 1000
Mob: 822 9017

Radisson SAS 1919 Hotel
Pósthússtræti 2, 101 Reykjavik
**1919**.reykjavik.radissonsas.com

## *Súfistinn, kaffihús*

***Laugarvegi 18 auglýsir stöðu vaktstjóra á dagvöktum til umsóknar.***

Um er að ræða fullt starf og í því felst m.a umsjón vaktaplana, samskipti við byrgja og yfirumsjón með þjónustu við viðskiptavini. Við erum að leita að ábyrgum, þjónustulunduðum og samviskusömum aðila og er æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af starfi sem þessu. Lámarksaldur umsækjenda er 22 ár. Umsóknir berist sem fyrst og er hægt að nálgast umsóknareyðublöð á kaffihúsi Súfistans í húsi Máls og Menningar Laugarvegi 18 eða á **sufistinn.is.**

Frekari upplýsingar um starfið gefa Rakel B. Guðmundsdóttir starfsmannastjóri (s. 699-3742) og Truusje, vaktstjóri Súfistans í R.vík (552-3740) alla virka daga milli kl. 10-15.

## IsPol vinnumiðlunin

## útvegar pólskt starfsfólk

Upplýsingar og góða þjónustu veitir Ingibjörg Þorvaldsdóttir í símum 8947799 og 4721227 eða ispol@visir.is

# Lagerstarf

**Súperbygg óskar að ráða lagerstarfsmann.**

*Súperbygg ehf. hefur veitt fagmönnum og birgjum í byggingariðnaði á Íslandi vandaða þjónustu í rúmlega áratug. Vöruframboð fyrirtækisins er mjög fjölbreytt, mikið er lagt upp úr því að bjóða heildarlausnir og er aðaláhersla lögð á að bjóða afbragðsþjónustu. Í dag rekur Súperbygg byggingavöruverslun með lágt verð í Hafnarfirði sem sérhæfir sig í vörum fyrir iðnaðarmenn og framkvæmdafólk. Næstkomandi haust mun Súperbygg svo opna nýja 3000 m² verslun í Norðlingaholti í Reykjavík og mun markmið fyrirtækisins áfram verða að bjóða heildarlausnir á réttu verði.*

*www.superbygg.is*

Við leitum að vinnusömum og traustum einstaklingi. Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg og lyftarapróf er kostur.

**Starfið felst í:**

- Vörumóttöku
- Frágangi vöru
- Tiltekt í pantanir
- Vöruafgreiðslu
- Öðrum tilfallandi lagerstörfum

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 20 .mars nk. Númer starfs er **5154**.

Upplýsingar veitir Guðný Sævinsdóttir.
Netfang: gudny@hagvangur.is

HAGVANGUR - við ráðum

**Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík**
**Sími 520 4700 • Fax 520 4701**
**www.hagvangur.is**



*Flugþjónustan ehf. Keflavíkurflugvelli, IGS, sem stofnsett var 1. janúar 2001, býður viðskiptavinum sínum, íslenskum og erlendum flugfélögum, upp á alla flugtengda flugvallarþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurflugvelli. IGS er eitt af dótturfélögum Icelandair Group. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði um 400 starfsmenn og þar er rekin markviss starfsþróunar- og símenntunarstefna.*

Flugþjónustan ehf. Keflavíkurflugvelli (IGS) – laus störf:

# Sumarstörf hjá Flugþjónustunni 2006

Við bjóðum fjölbreytileg og skemmtileg störf í spennandi umhverfi flugheimsins.

Flugþjónustan ehf. Keflavíkurflugvelli (IGS) vill ráða fólk til afleysingastarfa á tímabilinu apríl–september. Um er að ræða störf í öllum deildum fyrirtækisins, þ.e. flugeldhúsi, fraktmiðstöð, hlaðdeild, veitingadeild, frílager, hleðslueftirliti og ræstingu. Í sumum tilfellum er um að ræða hlutastörf og í öðrum deildaskiptar ráðningar í 100% störf. Einnig verða eingöngu kvöldvaktir í boði í ákveðnum deildum.
Mikil áhersla er lögð á þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, reglusemi, stundvísi og árvekni. Unnið er á breytilegum vöktum og vaktaskrá birt fyrir einn mánuð í senn.
Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir til þess að sækja undirbúningsnámskeið og í sumum tilfellum standast próf áður en til ráðningar kemur.

Boðið verður upp á sætaferðir frá fyrirfram ákveðnum stöðum í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Vogum og Grindavík.
Nánari upplýsingar um aldurstakmark og hæfniskröfur:

### HLAÐDEILD
Lágmarksaldur 19 ár, vinnuvélaréttindi, almenn ökuréttindi, enskukunnátta.

### VEITINGADEILD
Lágmarksaldur 20 ár, góð tungumálakunnátta og mikil þjónustulund.

### HLEÐSLUÞJÓNUSTA
Lágmarksaldur 20 ár, almenn ökuréttindi, meirapróf æskilegt, enskukunnátta.

### FLUGELDHÚS
Lágmarksaldur 18 ár.

### FRÍLAGER
Lágmarksaldur 20 ár, tölvu- og enskukunnátta.

### FRAKTMIÐSTÖÐ
Lágmarksaldur 19 ár, vinnuvélaréttindi, tölvukunnátta, almenn ökuréttindi, enskukunnátta.

### HLEÐSLUEFTIRLIT
Lágmarksaldur 20 ár, stúdentspróf æskilegt, góð tungumálakunnátta, góð tölvukunnátta, reynsla af störfum í hlaðdeild eða farþegaþjónustu æskileg og nauðsynlegt að umsækjendur séu töluglöggir.

### RÆSTING FLUGVÉLA
Lágmarksaldur 18 ár, almenn ökuréttindi, enskukunnátta.

Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu Flugþjónustunnar efh., Keflavíkurflugvelli, 2. hæð í Frakmiðstöð IGS, byggingu 11, 235 Keflavíkurflugvelli.

Einnig er hægt að sækja um störf á vefsíðu IGS, www.igs.is

IGS GROUND SERVICES

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 31709 03/2006



## Holtsbúð dvalar- og hjúkrunarheimili í Garðabæ

Óskum eftir að ráða nú þegar og til sumarafleysinga:
Sjúkraliða og starfsfólk í aðhlynningu.
Starfsfólk í dagvistun,ræstingar og eldhús.
Einnig vantar til afleysinga hjúkrunarfræðing í 60% kvöld- og helgarvaktir.

Í Holtsbúð eru 40 hjúkrunarrými og einnig dagvistun fyrir 10 einstaklinga. Mikil áhersla er lögð á notalegt og heimilislegt umhverfi. Í Holtsbúð starfa hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og annað starfsfólk við aðhlynningu alla sólahringinn. Lögð er áhersla á nærgætni og alúðlega framkomu í starfi. Sveigjanlegur vinnutími í boði.

Í Holtsbúð gefst gott tækifæri til að öðlast verklega færni í almennri umönnun og hjúkrun aldraðra. Ýmsir vaktamöguleikar og starfshlutföll eru í boði.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Þóra Karlsdóttir, framkvæmdastjóri
Sími 535-2222 Netfang thora@holtsbud.is
Hildur Ólafsdóttir, deildarstjóri.
Sími 535-2200 Netfang mottaka@holtsbud.is

RÁS ÞJÓNUSTAN
rafgreiðslur á sölustað

# Fulltrúastarf í RÁS þjónustu (rafgreiðslur á sölustað)

**Helstu ábyrgðasvið/verkþættir í starfinu eru:**

- Annast uppsetningar á posum fyrir söluaðila, leigðum af VISA.
- Útskipti á biluðum posum hjá söluaðilum.
- Veita alla þjónustu (Helpdesk) við posa/kassakerfisnotendur og er þ.m.t. á vöktum.
- Veita hugbúnaðarhúsum leiðbeiningar vegna vandamála við innsenda bunka og aðra hjálp í rafrænum greiðslukortaviðskiptum.
- Innleiðing á Korti og PIN hjá söluaðilum, lestur örgjörva á greiðslukortum í stað segulrandar (EMV).

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Reynsla af tækniumhverfi; tenging hug- og tækjabúnaðar.
- Iðnmenntun eða próf í raf-/tæknigreinum er mikill kostur.
- Jákvæðni, samstarfs- og aðlögunarhæfni er nauðsynleg.
- Að geta unnið undir álagi og hafa reynslu af vaktavinnu.
- Góð enskukunnátta í töluðu og rituðu máli.

Um er að ræða krefjandi starf á góðum vinnustað. Laun eru samkvæmt kjarasamningum S.Í.B. VISA Ísland er reyklaus vinnustaður. Allir einstaklingar, óháð kyni, þjóðerni og aldri, hafa jafnan möguleika á að starfa hjá VISA.

**Nánari upplýsingar veitir Hörður Valsson, deildarstjóri RÁS þjónustu (525-2100) eða Randver C. Fleckenstein starfsmannastjóri (525-2000). Áhugasamir vinsamlega fylli út umsóknareyðublað á heimasíðu VISA Íslands (www.visa.is/starf) og sendi jafnframt ferilskrá. Umsóknarfrestur er til 31. mars n.k.**

**VISA Ísland - Greiðslumiðlun hf.** stefnir ávallt að því að verða fyrsti valkostur á greiðslukortamarkaði. Fyrirtækið annast útgáfu VISA greiðslukorta fyrir hönd aðildarbanka og sparisjóða. Þá sér fyrirtækið um samningagerð við sölu- og þjónustuaðila vegna móttöku greiðslukorta. VISA Ísland er aðili að VISA INTERNATIONAL og tengist þannig víðfeðmasta greiðsluneti heims. Í gildi eru 1,2 milljarður VISA korta, sem eru móttekin á yfir 21 milljón stöðum um heim allan.

VISA
Nýr dagur – ný tækifæri

# C++ Forritari

handPoint

**Vegna aukinna umsvifa erlendis óskar traust hugbúnaðarfyrirtæki eftir að ráða hæfileikaríkan C++ forritara til starfa. Í boði er áhugavert og spennandi starf sem felur í sér nýsmíði, hönnun, útfærslu verkefna og þjónustu fyrir innlenda og erlenda viðskiptavini.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í tölvunarfræði, kerfisfræði eða önnur sambærileg tæknimenntun
- Reynsla af C++ forritun í starfi skilyrði
- Öguð og sjálfstæð vinnubrögð og færni í mannlegum samskiptum

**Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gauja@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 19. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

| | | |
|---|---|---|
| Borgartúni 27 | Skipagötu 16 | Strandgötu 53 |
| 105 Reykjavik | 600 Akureyri | 735 Eskifirði |
| Sími 540 7100 | Sími 461 4440 | Sími 540 7140 |
| mannafl@img.is | www.mannafl.is | www.img.is |

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Lausar stöður

**Arnarberg** (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Þroskaþjálfi

**Álfasteinn**(555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Almennt starfsfólk, eldra en 20 ára
Matráð frá og með júní 2006

**Hlíðarberg** (565 0556 hlidarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar

**Hlíðarendi** 555 1440 hlidarendi@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar

**Hvammur** (565 0499 hvammur@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar/uppeldismenntað starfsfólk

**Kató** (555 0198 kato@hafnarfjordur.is)
Skilavaktir

**Víðivellir** (555 2004 vidivellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar
Almennt starfsfólk

**Hraunvallaskóli** (590 2800 einar@hraunvallaskoli.is)
Skólaliði (100%)

**Lækjarskóli** (555 0585 haraldur@laekjarskoli.is)
Skólaliði

**Setbergsskóli** (565 1011 gudosk@setbergsskoli.is)
Skólaliði

**Víðistaðaskóli** (595 5800 sigurdur@vidistadaskoli.is)
Stuðningsfulltrúi

**Öldutúnsskóli** (555 1546 herla@oldutunsskoli.is)
Smíðakennari í tímabundin forföll
Skólaliði

Allar upplýsingar veita skólastjórar viðkomandi skóla. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

AMG AUKARAF

**Einstaklingur á aldrinum 20 – 40 ára óskast til starfa í verslun.**

**Viðkomandi þarf að hafa eftirfarandi kosti :**
Hæfileiki í mannlegum samskiptum
Fljót(ur) að læra
Reyklaus

**Starfslýsing :**
Afgreiðsla og umsjón í verslun
Önnur störf

Nánari upplýsingar um hvernig sækja skal um starfið er að finna á heimasíðu okkar www.aukaraf.is

---

**ASK Arkitektar** er alhliða arkitektastofa sem fæst við hefðbundin verkefni á sviði arkitekta og innanhússarkitekta, ss. hönnun nýbygginga, endurhönnun eldri bygginga, hönnun húsgagna, skipulag eldri byggðar og nýbyggingasvæða, hönnunarstjórn o.fl. **Verkefni** stofunnar hafa verið unnin fyrir fyrirtæki og sveitarfélög og einstaklinga. **Teiknistofan** er í nýju húsnæði í miðborginni eru starfsmenn nú 21 talsins

**Við óskum eftir að ráða**

arkitekta og byggingarfræðinga sem fyrst

Umsóknir sendist til
Páls Gunnlaugssonar,
**pall@ask.is**
sem gefur jafnframt
nánari upplýsingar.

ASK ARKITEKTAR

Geirsgötu 9 • 101 Reykjavík • Sími 515 0300

---



## ADR meiraprófsbílstjórar óskast

**Atlantsolía leitar eftir** traustum og áreiðanlegum bílstjóra með ADR-réttindi. Leitað er eftir bílstjóra til framtíðarstarfa.

**Atlantsolía** hóf að selja bensín til almennings 8. janúar 2004 en hjá fyrirtækinu starfa 14 manns. Atlantsolía rekur 6 bensínstöðvar auk þess að vera eina olíufélagið sem býður Dælulykla til almennings.

**Áhugasamir hafi samband við Daníel Steinarr Jökulsson í síma 825-3104 eða sendi póst á daniel@atlantsolia.is.**

pipar / SÍA / 6630

ATLANTSOLIA

---



## Okkur vantar bílstjóra með meirapróf nú þegar

**Hagvagnar hf** bjóða upp á gefandi starfsumhverfi þar sem lögð er áhersla á góða starfsaðstöðu og er vinnustaður sem hentar báðum kynjum. Þar starfa um 80 manns og hefur fyrirtækið yfir að ráða 35 strætisvögnum sem ekið er á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið starfar eftir vottuðu alþjóðlegu gæðakerfi ISO14001 og leggur ríka áherslu á að starfsmenn taki virkan þátt í að framfylgja verklagi kerfisins.



Upplýsingar veitir Hrafn í síma 599 6050

---

### Upplýsinga- og tæknisvið KB banka

# Áhugaverð störf

Vegna aukinna verkefna óskar Upplýsinga- og tæknisvið KB banka eftir að ráða í eftirfarandi störf. Áhersla er lögð á að starfsmenn hafi frumkvæði og geti unnið sjálfstætt en hafi jafnframt góða samskiptahæfileika og eigi auðvelt með að vinna í hóp.

## Gagnagrunnsstjórnun (DBA)

**Starfssvið:**
- Uppsetning, stjórnun og rekstur gagnagrunna
- Aðstoð við hönnun og forritun kerfa
- Uppbygging vöruhúss, úrvinnsla gagna og skýrslugerð

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í tölvunarfræði eða umtalsverð starfsreynsla
- Góð enskukunnátta skilyrði

## Kerfisstjóri (System administrator)

**Starfssvið:**
- Uppsetning og rekstur stýrikerfa og hugbúnaðar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í tölvunarfræði eða umtalsverð starfsreynsla
- Góð þekking á Microsoft-tækni

## Notendaþjónusta

**Starfssvið:**
- Þjónusta við notendur vegna tölvumála
- Þjónusta vegna tæknilegra vandamála í vélbúnaði og hugbúnaði
- Stofnun aðgangs og aðgangsstýring að kerfum bankans
- Eftirlit með kerfum bankans, vandamálagreining og úrlausnir

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Microsoft-gráða eins og t.d. MCDST æskileg
- Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á bankaumhverfinu og haldgóða tölvuþekkingu

## Prófun hugbúnaðar

**Starfssvið:**
- Prófanir á kerfum sem hönnuð eru innanhúss af hugbúnaðarsviði bankans og á aðkeyptum kerfum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- „Certified tester" gráða æskileg
- Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á bankaumhverfinu og haldgóða tölvuþekkingu

Upplýsingar veita Heiðar Þór Guðnason, forstöðumaður tæknideildar á UT sviði í síma 444 6436 / heidar@kbbanki.is, Sævar Guðbergsson, forstöðumaður þjónustudeildar á UT sviði í síma 444 6482 saevar@kbbanki.is og Jónas Hvannberg, starfsmannasviði / í síma 444 6376 en hann tekur við umsóknum á netfanginu jonashv@kbbanki.is.

Umsóknarfrestur er til 21. mars.

KB banki er stærsti banki landsins og einn af 10 stærstu bönkum Norðurlanda. Bankinn er alþjóðlegur fjárfestingarbanki og starfar í 9 löndum auk Íslands.

KB banki er leiðandi afl á íslenskum fjármálamarkaði, með 34 útibú víðs vegar um landið.

Hjá bankanum starfa um 2.400 manns, þar af 1.300 erlendis.

KB BANKI

REYKJANESBÆR
Tjarnargötu 12 • Póstfang 230 • S: 421 6700 • Fax: 421 4667 • reykjanesbaer@reykjanesbaer.is

## LAUS STAÐA GARÐYRKJUFRÆÐINGS

Reykjanesbær auglýsir lausa stöðu garðyrkjufræðings.

Í Reykjanesbæ hefur átt sér stað mikil uppbygging í ræktun garða og opinna svæða undanfarin ár og er áhugi bæjarbúa á garðrækt mikill. Lögð er áhersla á að skapa fallegt umhverfi í grónum hluta bæjarfélagsins auk þess sem mikið er um uppbyggingu nýrra hverfa og svæða sem þarf að rækta og fegra.

**Helstu verkefni garðyrkjufræðings eru:** umsjón með landmótun, gerð skjólsvæða og skipulagning opinna svæða bæjarfélagsins, gróðursetning og framtíðarskipulagning gróðursvæða auk samstarfs við vinnuskóla og áhugafélög um skógrækt og umhverfismál. Næsti yfirmaður er forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar.

Gerð er krafa um sveinspróf í garðyrkju og haldgóða reynslu af skipulagningu opinna svæða og gróðurreita ásamt brennandi áhuga á fegrun umhverfisins.

Laun eru skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veita Jóhannes Sigurðsson forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar í síma 896 1721 og Helga Jóhanna Oddsdóttir starfsþróunarstjóri í síma 421 6700.

Umsóknir berist starfsmannaþjónustu Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12, merktar **Garðyrkjufræðingur** fyrir 27. mars nk. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað eftir að ráðið hefur verið í starfið.

**Starfsþróunarstjóri.**



Umhverfis- og skipulagssvið

••• reykjanesbaer.is

**Vátryggingaráðgjafi** TM

# Vátryggingaráðgjafi fyrirtækja á vátrygginga- og fjármálaþjónustusviði

**Tryggingamiðstöðin auglýsir eftir vátryggingaráðgjafa fyrirtækja**

**Starfssvið:**
Ráðgjöf og sala á tryggingum til fyrirtækja sem eru í viðskiptum við TM og öflun nýrra viðskiptasambanda. Starfið felur m.a. í sér heimsóknir til fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni auk mikilla samskipta við verkfræðistofur.

**Hæfniskröfur:**
// Tæknimenntun áskilin (verk-, vél- eða tæknifræði)
// Góð almenn tölvukunnátta (sérstaklega Excel)
// Mjög góð íslensku- og enskukunnátta

Viðkomandi starfsmaður þarf að vera skipulagður og jákvæður, hafa góða þjónustulund, sýna frumkvæði og búa yfir hæfileikum og reynslu af mannlegum samskiptum.

// Umsóknarfrestur um starfið er til og með 19. mars n.k. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að fylla út umsókn á heimasíðu Hagvangs www.hagvangur.is

// Nánari upplýsingar um starfið veitir Albert Arnarson hjá Hagvangi, albert@hagvangur.is

Tryggingamiðstöðin er framsækið fyrirtæki sem býður starfsfólki sínu góða vinnuaðstöðu. Hjá TM starfar rúmlega 100 manna samhentur hópur sem hefur það markmið að veita góða þjónustu á mannlegum nótum þar sem þörfum hvers og eins er mætt af sanngirni. Það er keppikefli starfsmanna Tryggingamiðstöðvarinnar að standa undir kröfum og væntingum viðskiptavina og hluthafa og koma fram af heiðarleika og einlægni.
Hjá viðskiptavinum tryggingafélaga mældist mest ánægja meðal viðskiptavina TM samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni 2005.

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is / www.tryggingamidstodin.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TMI 31737 03/2006

Í EINUM GRÆNUM

Í einum grænum ehf. er matvinnslufyrirtæki sem sérhæfir sig í vinnslu á grænmeti og ávöxtum. Við leitum eftir starfsfólki til fjölbreytra starfa í fyrirtækinu. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. **Umsóknarfrestur er til 20. mars.** Umsóknum skal skilað á netfangið andri@sfg.is eða í pósti til Í einum grænum Brúarvogi 2 104 Rvk merkt sem „umsókn“

## Barnafataverslun

Góður starfskraftur óskast til þjónustu- og sölustarfa. Reyklaus. Vinnutími 12 – 18 og annan hvern laugardag.

**Upplýsingar gefur Lilja í síma 893 9858.**



Þorgils Þorgilsson fær mikið út úr starfi sínu sem framkvæmdastjóri.

# Lærir eitthvað nýtt á hverjum degi

Þorgils Þorgilsson er framkvæmdastjóri Parhótela/Carpe Diem en er einnig nemi við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

„Starf mitt felst í öllu sem tengist rekstrinum. Ég hef umsjón með markaðs- og skipulagsmálum sem og starfsmannamálum og öllu sem því tengist. Ég tek á móti þeim fáu kvörtunum sem við fáum og vinn úr þeim en einnig tek ég á móti hrósi og kem því til réttra aðila sem hrósið áttu skilið. Allir samningar sem fara í gegnum fyrirtækið koma á borð til mín og einnig sé ég um samningaviðræður hvað varðar nýja viðskiptavini sem til okkar koma eða nýja samninga sem við gerum við aðra,“ segir Þorgils, sem hefur unnið þetta starf átta mánuði.

„Það skemmtilegasta við starfið mitt er að mínu mati að vinna í markaðs- og skipulagsmálum. Það er krefjandi og krefst mikillar hugmyndavinnu. Þó að þessi partur starfsins sé vissulega sá erfiðasti er umbun erfiðisins meiri í þessum hluta starfsins en öðrum. Þegar hugmyndavinnan kemst frá blaði yfir í framkvæmd og þegar hugmynd virkar er fátt sem gefur manni jafnmikla ánægju í starfi.“ Aðspurður segir Þorgils leiðinlegast þegar hugmyndavinnan skilar ekki tilsettum árangri. „Þegar maður er búinn að starfa að ákveðinni markaðssetningu sem maður er búinn að binda vonir við og hún skilar ekki þeim árangri sem maður hefur sett sér veldur það vonbrigðum.“

Þorgils segist fá gríðarlega reynslu út úr starfi sínu og að hann læri eitthvað nýtt á hverjum degi.

# Frjálst flæði vinnuafls

***Evrópusambandið hefur ákveðið að tileinka árið 2006 frjálsu flæði vinnuafls innan sambandsins.***

Þetta var ákveðið á ráðstefnu sem Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins stóð fyrir í lok febrúar. Þar kom meðal annars fram að hreyfanleiki vinnuafls innan Evrópusambandsins væri lítill í samanburði við Bandaríkin. Þetta er talið hafa neikvæð áhrif á efnahagslífið, atvinnuleysi og hagvöxt.

Talsvert var rætt um takmarkanir á flæði vinnuafls frá átta nýjustu aðildarlöndum Evrópusambandsins og hvort halda ætti þeim áfram. Kynnt var skýrsla, sem gerð var að undirlagi framkvæmdarstjórnarinnar, þar sem því var haldið fram að væri flæðið gefið frjálst hefði það jákvæð áhrif í för með sér.



Pólverjar eru fjölmennastir erlendra verkamanna á Íslandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Svíþjóð, Bretland og Írland hafa öll opnað landamæri sín fyrir frjálsu flæði vinnuafls frá löndunum átta en Frakkar, Austurríkismenn og Þjóðverjar lýstu því yfir á ráðstefnunni að þeir mundu ekki létta sínum takmörkunum. Finnar hafa valið aðra leið en þeir munu slaka á takmörkunum en taka upp stranga skráningaskyldu í staðinn.

Önnur Evrópusambandslönd hafa enn ekki tekið ákvörðun um áframhaldið, en hún verður að liggja fyrir í síðasta lagi 30. apríl næstkomandi.

# Atvinnuleysi minna

***Rúmlega 650 færri félagsmenn VR þáðu atvinnuleysisbætur síðastliðið ár en árið á undan.***

Á heimasíðu Verslunarmannafélags Reykjavíkur kemur fram að fjórðungi færri félagsmenn fengu greiddar atvinnuleysisbætur árið 2005 en árið á undan. Atvinnuleysi er minna nú en það hefur verið síðastliðin þrjú ár ef miðað er við hlutfall af fjölda félagsmanna.



Helmingi færri félagsmenn VR fengu greiddar atvinnuleysisbætur árið 2005 en árið 2004.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

1.969 félagsmenn VR fengu greiddar atvinnuleysisbætur árið 2005 en það er rúmlega 650 færri en árið 2004, um 25 prósent. Um 33 prósent færri konur fengu greiddar atvinnuleysisbætur árið 2005 en 21 prósenti færri karlar. Fjöldi atvinnulausra félagsmanna í VR, sem hluti af fjölda félagsmanna, var 3,6 prósent árið 2005 samanborið við 5,3 prósent árið 2004 og 5,7 prósent árið 2003.

UMF SELFOSS 1936

## Framkvæmdastjóri Umf.Selfoss

**Laust er til umsóknar starf framkvæmdastjóra félagsins. Um er að ræða fullt starf framkvæmdastjóra. Starfið samanstendur að vinnu fyrir framkvæmda- aðalstjórn og vallarstjórn, sem sér um rekstur Íþróttavallanna við Engjaveg.**

Starfið felst m.a. í umsjón með starfsemi framkvæmda- og aðalstjórnar félagsins, þar á meðal fjármálum og rekstri, yfirumsjón einstakra verkefna, félagsstarfi og samskiptum bæði innan félagsins og við samstarfsaðila og bæjaryfirvöld. ÝEinnig í rekstri, umsjón og viðhaldi mannvirkja á íþróttavallarsvæðinu.

Æskilegt er að umsækjendur hafi haldgóða þekkingu og reynslu af störfum innan íþrótta- og ungmennafélagshreyfingarinnar, þekkingu á starfsemi félagsins og reynslu í félagsmálum. Þá er æskilegt að viðkomandi hafi þekkingu og reynslu á bókhaldi og almennri tölvuvinnslu. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi góða hæfni í mannlegum samskiptum, góða skipulagshæfileika og vera fær um að vinna sjálfstætt.

Launakjör eru eftir samkomulagi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknum skal skila í lokuðu umslagi til Ungmennafélags Selfoss, Félagsheimilinu Tíbrá, Engjavegi 50, 800 Selfossi, eða á tölvupóstfang félagsins: umfs@umfs.is, fyrir 25. mars 2006. Nánari upplýsingar gefur Þórir Haraldsson, formaður Umf. Selfoss, s: 482 2748, gsm: 664 1890.

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Ritara vantar við Sunnulækjarskóla á Selfossi

**Starf skólaritara Sunnulækjarskóla á Selfossi er laust til umsóknar.**

Auk almennra ritarastarfa og símsvörunar sinnir skólaritari fjölbreyttum verkefnum varðandi innkaup, skráningu barna í ýmsa þjónustu, grunnvinnu reikningagerðar, eftirlit með greiðslum og aðra bókhaldstengda vinnu. Ritari veitir foreldrum, nemendum og starfsmönnum skólans þjónustu.

Ritari þarf að hafa góða hæfni í samskiptum, góða skipulagshæfileika, vera fær um að vinna sjálfstætt að verkefnum og hafa þekkingu og reynslu af tölvuvinnu.

Frekari upplýsingar gefur skólastjóri, Birgir Edwald í síma 480-5400 eða tölvupósti, birgir@sunnulaek.is.
**Umsóknarfrestur er til 17. mars 2006.**

Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist Sunnulækjarskóla, Norðurhólum 1 á Selfossi.

Skólastjóri

# Störf í boði...

- Lögfræðingur
- Löggiltur fasteignasali
- Burðarþolshönnuður
- Byggingaverkfræðingur
- Byggingatæknifræðingur
- Vefhönnuður
- Þjónustustjóri
- Tækniteiknari
- Sölumaður skrifstofutækja
- Sölumaður innréttinga
- Sölumaður í sérverslun
- Sölumaður vinnuvéla
- Öryggisverðir
- Afgreiðsla í fatahreinsun
- Lagermenn
- Bílstjórar í útkeyrslu
- Bílstjóri á körfubíl
- Tækjamaður á vélskóflu
- Starfsfólk í búslóðaflutninga
- Verkamenn
- Vélstjóri
- Húsasmiðir
- Smiður - plexígler
- Vélvirki
- Sérhæfðir iðnverkamenn
- Bifvélavirki
- Önnur áhugaverð störf

Áhugasamir eru beðnir um að fylla út umsókn á www.radning.is og tengja sig inn á viðkomandi störf.

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN ...framtíðin er ráðin

www.radning.is
Háaleitisbraut 58-60 • Sími: 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is

# Dreifingarmiðstöð ÁTVR

**Óskar að ráða starfsfólk til framtíðarstarfa.**

VÍNBÚÐ lifum, lærum & njótum

*ÁTVR er framsækið og ábyrgt fyrirtæki sem leggur áherslu á að veita öllum viðskiptavinum sínum góða þjónustu, stuðla að jákvæðri vínmenningu og draga úr neyslu tóbaks.*

*Vínbúðir ÁTVR eru 46 talsins og staðsettar víðs vegar um allt land. Að jafnaði starfa um 350 manns hjá ÁTVR. Fyrirtækið vill búa starfsfólki sínu skapandi og lifandi starfsumhverfi sem virkjar þann kraft sem í því býr og laða til sín hæft fólk sem býr yfir frumkvæði og þjónustulund.*

**Starfssvið**
- Um er að ræða almenn lagerstörf í dreifingarmiðstöð.

**Hæfniskröfur**
- Áhersla lögð á stundvísi og dugnað.
- Umsækjendur þurfa að vera líkamlega hraustir þar sem um töluverðan burð er að ræða.
- Lyftarapróf er kostur.

Starfsfólk óskast til starfa í fullt starf frá kl. 7.30 til 16.30.

Dreifingarmiðstöð ÁTVR er vel tæknivædd og notast er við skannakerfi við störfin. Þar starfa um 30 manns.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Einnig óskast fólk í tímavinnu í almenn sölu- og þjónustustörf í vínbúðum ÁTVR.**

Vinnutími er misjafn eftir vínbúðum. Viðkomandi verður að hafa góð framkomu og ríka þjónustulund. Reynsla af verslunarstörfum er æskileg.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum ríkisins og Starfsmannafélags ríkisstofnana. Sakavottorðs er krafist.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**. Upplýsingar veitir Ari Eyberg. Netfang ari@hagvangur.is

HAGVANGUR - við ráðum

**Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík**
**Sími 520 4700 • Fax 520 4701**
**www.hagvangur.is**

# Bókbindari óskast!

Óskum eftir vönum bókbindara sem fyrst.
Upplýsingar gefur Rósmundur Magnússon prentsmiðjustjóri í síma 860-2404

Íslandsprent

Íslandsprent ehf., sem var stofnað haustið 2003, er til húsa að Steinhellu 10 í Hafnarfirði. Frá stofnun hefur markmið fyrirtækisins verið að bjóða upp á alhliða prentþjónustu á hagstæðum kjörum, í miklum gæðum og á sem skemmstum tíma.

Íslandsprent • Steinhella 10 • 221 Hafnarfjörður • 569 7200 • www.isprent.is

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

## Deildarstjóri ræstinga

óskast. Starfshlutfall er 100%. Starfið er fjölbreytilegt og mikil samskipti við aðra starfsmenn spítalans. Áhersla er lögð á sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt sveigjanleika og hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að hafa bíl til umráða. Deildarstjórinn hefur umsjón og ábyrgð með daglegri stjórnun ræstinga á spítalanum ásamt starfsmannahaldi. Sér um skipulagningu og útreikning á verkþáttum ásamt eftirliti með gæðum ræstinga.

### Menntun- og hæfniskröfur:

- Þekking á rekstri og kennslu ræstinga
- Menntun og/eða þjálfun á verkþáttum ræstinga
- Kunnátta í útfærslu á tíma og tíðni ræstinga
- Þekking á gæðakerfum
- Reynslu og hæfni í stjórnun
- Enskukunnátta
- Tölvukunnátta á microsoft forrit og Oracle æskileg

Umsóknir skulu berast fyrir 27. mars nk. til Vals Sveinbjörnssonar, forstöðumanns, Rauðarárstíg 31 og veitir hann upplýsingar í síma 543 5274 netfang valurs@landspitali.is.

---

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala – háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Landspítali – háskólasjúkrahús er reyklaus vinnustaður.



## Grunnskóli Seltjarnarness

# *Innritun fyrir skólaárið 2006-2007*

**Til foreldra 6 ára barna og þeirra barna sem flytjast frá öðrum sveitarfélögum og/eða sækja um dvöl í Skólaskjólinu skólaárið 2006-2007**

Innritun 6 ára barna (f. 2000) fer fram dagana 14. og 15. mars í Grunnskóla Seltjarnarness – Mýrarhúsaskóla frá kl. 10:00 til 15:00.

Sömu daga fer fram innritun skólaskyldra barna sem flytjast frá öðrum sveitarfélögum.

Innritun í Skólaskjólið fer fram á sama tíma. Foreldrum 6 ára barna verða sendar upplýsingar um Skólaskjólið og mötuneytið ásamt eyðublöðum í pósti. Eyðublöðin er einnig hægt að nálgast á skrifstofu Grunnskóla Seltjarnarness – Mýrarhúsaskóla, á vef Mýrarhúsaskóla www.myrarhusaskoli.is eða Seltjarnarness, www.seltjarnarnes.is. Mikilvægt er að sótt sé um dvöl í Skólaskjólinu sem fyrst.

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa

Lyf & heilsa

# LYFJATÆKNIR

Lyf & heilsa í Mjódd óskar að ráða lyfjatækni sem fyrst. Í boði er skemmtilegt og krefjandi starf fyrir drífandi einstakling.

**Helstu verkefni**

- Umsjón með lyfjaskömmtun. Lyf koma inn pökkkuð í rúllum frá DAC en umsýsla og heim sendingar fara í gegnum apótekið
- Framleiðsla á lyfjum skv. forskrift lækna
- Vinna í receptur og afgreiðslu
- Umsjón með verkferlum vegna Tryggingastofnunar ríkisins

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Lyfjatæknipróf
- Faglegur metnaður
- Sjálfstæði í starfi
- Reglusemi, stundvísi og samviskusemi

Umsóknarfrestur er til 15. mars.

Skriflegar umsóknir sendist til Jóns Þórðarsonar, lyfsala í Lyf & heilsu í Mjódd í tölvupósti á netfangið: *jon.thordarson@lyfogheilsa.is*, eða í pósti merkt "Lyfjatæknir", Lyf & heilsa, Álfabakka 12, 109 Reykjavík.

Nánari upplýsingar um starfið veitir lyfsali í síma 557-3390.

Lyf & heilsa er ungt og framsækið fyrirtæki sem leggur áherslu á að hafa yfir að ráða hæfu og áhugasömu starfsfólki sem býr yfir faglegri þekkingu og þjónustulipurð. Lyf & heilsa rekur 2 keðjur lyfjaverslana, annars vegar Lyf & heilsu og hins vegar Apótekarann.

Lyf & heilsa • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík
sími 522 5800 • fax 561 4748
www.lyfogheilsa.is

ICEIDA

Þróunarsamvinnustofnun Íslands auglýsir laust til umsóknar:

## STARF HJÚKRUNARFRÆÐINGS/LJÓSMÓÐUR

Laust er til umsóknar starf sérfræðings/ráðgjafa við uppbyggingu heilbrigðisþjónustu á svæðissjúkrahúsi í Monkey Bay heilbrigðisumdæmi í Malaví.

Menntunarkröfur: Leitað er að hjúkrunarfræðingi með ljósmóðurmenntun. Æskilegt er að umsækjendur hafi jafnframt menntun eða starfsreynslu í lýðheilsu. Ákjósanlegt er en ekki skilyrði fyrir ráðningu að umsækjandi hafi reynslu af starfi í þróunarlöndum. Krafist er mjög góðrar enskukunnáttu.

Starfssvið: Um er að ræða verkefni í heilbrigðismálum sem ÞSSÍ vinnur að í Malaví. Verkefnið er unnið í samvinnu við heilbrigðisráðuneyti landsins og heilbrigðisyfirvöld í héraðinu. Samkvæmt verkefnisskjali er gert ráð fyrir að tveir íslenskir ráðgjafar vinni við verkefnið, einn læknir sem jafnframt er verkefnisstjóri, og einn hjúkrunarfræðingur/ljósmóðir. Í Monkey Bay heilbrigðisumdæmi eru auk svæðissjúkrahúss starfræktar fjórar heilsugæslustöðvar ásamt útstöðvum. Unnið er að stuðningi við skipulagningu heilbrigðisþjónustunnar á svæðinu öllu á grunni fyrirliggjandi verkefnisskjals.

Ráðgjafinn sem auglýst er eftir mun vinna á sviði mæðra- og ungbarnaverndar, fæðingarhjálpar og við skipulagningu á þjálfun innlends starfsfólks en einnig sinna ráðgjöf til að bæta þjónustuna og skipulag hennar almennt, meðferð heilbrigðisupplýsinga og stuðning við rannsóknir á sviðinu.
Starfið krefst góðrar samvinnu við innlenda og erlenda samstarfsaðila.

Starfsvettvangur: Starfsstöð ráðgjafans er á svæðissjúkrahúsinu og á svæðinu sjálfu, sem liggur við Malavívatn í u.þ.b. 300 km fjarlægð frá höfuðborginni, Lilongwe. Búseta þarf að vera á svæðinu sjálfu en búsetuskilyrði eru erfið. Á svæðinu eru ekki skólar sem uppfylla kröfur um grunnskólamenntun skv. íslenskum viðmiðum og því ekki hægt að búa þar með börn á grunnskólaaldri.

Starfskjör: Ráðning verður til tveggja ára með möguleika á framlengingu. Laun eru greidd í bandaríkjadollurum skv. launataxta UNDP (Þróunarstofnun S.þ.). Launin eru undanþegin tekjuskatti og tekjuútsvari. ÞSSÍ leggur jafnframt til íbúðarhús, grunnhúsbúnað og öryggisgæslu ráðgjafanum að kostnaðarlausu og tryggir starfsmann og fjölskyldu starfsmannsins sem með honum dvelst.

*Umsóknarfrestur og upphaf starfa: Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að fylla út umsóknir á heimasíðu Hagvangs www.hagvangur.is fyrir 31. mars nk. Nánari upplýsingar um starfið veitir Albert Arnarson hjá Hagvangi. Netfang albert@hagvangur.is Öllum umsóknum verður svarað skriflega. Reiknað er með að starf geti hafist 15. júní nk. eða fyrr ef um semst.*

Stofnunin áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

HAGVANGUR

Sveitarfélagið
ÁRBORG

## Leikskólasérkennarar/ þroskaþjálfar/leikskólakennarar!!!!

Fjölskyldumiðstöð Árborgar auglýsir eftir leikskólakennurum/þroskaþjálfum og öðru góðu og áhugasömu starfsfólki í leikskóla Árborgar. Umsækendur þurfa að geta unnið sjálfstætt og hafa jafnframt mikla færni í mannlegum samskiptum. Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Skoðið heimasíðu Árborgar og farið þar inn á leikskólana – skoðið leikskólastefnu sveitarfélagsins og hjálpið okkur að vinna áfram eftir henni!!

Í leikskólunum er unnið metnaðarfullt leikskólastarf þar sem börnin eru í fyrirrúmi.
Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist skriflega til leikskólafulltrúa Austurvegi 2, 800 Selfoss, fyrir 15. mars 2006.

Nánari upplýsingar varðandi stærð og starfsgrundvöll leikskólana eru hjá Heiðdísi Gunnarsdóttur, leikskólafulltrúa sími 480-1900 netfang heiddis@arborg.is

**Leikskólafulltrúi Árborgar**

LEIKSKÓLI

# Laus störf við leikskóla Fljótsdalshéraðs

### Leikskólinn Skógarsel, Hallormsstað auglýsir eftir:

- **Leikskólastjóra**
- **Leikskólakennurum**

Skógarsel er einnar deildar leikskóli sem starfræktur er sem sjálfstæð skólastofnun í húsnæði Hallormsstaðaskóla. Skólinn er í hjarta Hallormsstaðaskógar og hefur umhverfið mótandi áhrif á starf skólans. Frekari upplýsingar veitir leikskólastjóri, Lilja Björk Finnbogadóttir í síma 4700 767, lilja@egilsstadir.is

### Leikskólinn Hádegishöfði, Fellabæ auglýsir eftir:

- **Deildarstjóra**
- **Leikskólakennurum**

Hádegishöfði er 2ja deilda leikskóli fyrir nemendur á aldrinum 1–5 ára. Leikskólastarfið tekur mið af hugmyndafræði sem kennd er við Reggio Emilia. Frekari upplýsingar veitir leikskólastjóri, Guðmunda Vala Jónasdóttir, í síma 4700 763, vala@fell.is

### Leikskólinn Skógarland, Egilsstöðum auglýsir eftir:

- **Deildarstjóra**
- **Leikskólakennurum**

Skógarland er nýr leikskóli við Skógarlönd á Egilsstöðum sem tók til starfa 8. ágúst 2005. Skógarland er fjögurra deilda leikskóli og er starfsemi hafin á þremur deildum með nemendur á aldrinum 1–4 ára. Áherslur í starfi taka mið af hollustu, hreyfingu og uppgötvunarnámi. Frekari upplýsingar veitir leikskólastjóri, Hanna Málmfríður Harðardóttir í síma 4700 770, hanna@egilsstadir.is

### Leikskólinn Tjarnarland, Egilsstöðum auglýsir eftir:

- **Aðstoðarleikskólastjóra**
- **Leikskólakennurum**

Tjarnarland er rótgróinn 3ja deilda leikskóli með nemendur á aldrinum 1–5 ára. Leikskólastarfið byggir á hugmyndafræði sem kennd er við Reggio Emilia. Frekari upplýsingar veitir leikskólastjóri, Aðalbjörg Pálsdóttir í síma 4700 760, adalbjorg@egilsstadir.is

Í öllum leikskólunum er lögð rík áhersla á gott samstarf við foreldra sem byggir á gagnkvæmu trausti.

Hæfniskröfur vegna leikskólakennara- og deildarstjórastarfa:

- **Leikskólakennaramenntun**
- **Færni í mannlegum samskiptum, metnaður og frumkvæði**

Hæfniskröfur vegna aðstoðarleikskóla- og leikskólastjórastöðu:

- **Leikskólakennaramenntun**
- **Hæfni og reynsla af stjórnunarstörfum – framhaldsmenntun í stjórnun æskileg**
- **Færni í mannlegum samskiptum, metnaður, frumkvæði og skipulagshæfni**

# FLJÓTSDALSHÉRAÐ

## SPENNANDI STÖRF FYRIR SKÓLAFÓLK

FLJÓTSDALSHÉRAÐ

**Fljótsdalshérað er sveitarfélag í miklum og örum vexti og sóknarfæri fyrir metnaðarfullt skólafólk eru því fjölmörg. Í skólum Fljótsdalshéraðs eru eftirtaldar stöður lausar til umsóknar fyrir skólaárið 2006–2007:**



- Íbúafjöldi 3.900
- Víðfeðmasta hérað landsins
- Krossgötur Austurlands
- Veðraparadís
- Einstæð náttúrufegurð
- Blómleg menning

GRUNNSKÓLI

# Laus störf við grunnskóla Fljótsdalshéraðs

### Grunnskólinn Egilsstöðum og Eiðum auglýsir eftir kennurum.

Meðal kennslugreina eru:

- **Bekkjarkennsla, upplýsingatækni, danska, myndmennt, smíðar og íþróttir**

Í Grunnskólanum Egilsstöðum og Eiðum eru nú 345 nemendur í 1.–10. bekk. 1.–2. bekk er kennt á Eiðum og 3.–10. bekk á Egilsstöðum. Tvær bekkjardeildir eru í öllum árgöngum. Áhersla er á einstaklingsmiðað nám og skapandi skólastarf. Frekari upplýsingar veitir Sigurlaug Jónasdóttir skólastjóri í síma 4700 470, sigurlaug@egilsstadir.is, eða Harpa Höskuldsdóttir aðstoðarskólastjóri í síma 4700 470, harpa@egilsstadir.is.

### Brúarásskóli auglýsir eftir kraftmiklum og skapandi kennurum sem hafa kjark og dug til að reyna nýja hluti.

Meðal kennslugreina eru:

- **Bekkjarkennsla, list- og verkgreinar, tungumál, samfélagsfræði og íþróttir**

Brúarásskóli er samkennsluskóli fyrir nemendur í 1.–10. bekk, 23 km norðan við Egilsstaði. Í skólanum er hafin vinna við sérstaka stefnumótun í kennslu í list- og verkgreinum, ásamt íþróttum og heilsurækt. Frekari upplýsingar veitir Magnús Sæmundsson skólastjóri í síma 4700 796/471 1047, magnuss@egilsstadir.is.

### Hallormsstaðaskóli auglýsir eftir kennurum.

Meðal kennslugreina eru:

- **Umsjónarkennsla í samkennsluhópi, kennsla yngri barna, náttúrufræði, samfélagsfræði, danska, upplýsingatækni, textílmennt og íslenska.**

Hallormsstaðaskóli auglýsir jafnframt eftir:

- **Sérkennara eða þroskaþjálfa til að sinna umsjón með sér- og stuðningskennslu**
- **Kennara sem tekur að sér útikennslu**

Hallormsstaðaskóli er samkennsluskóli fyrir nemendur í 1.–10. bekk. Skólinn er starfræktur í samstarfi við Fljótsdalshrepp, en þar býr hluti nemendanna. Skólinn er í hjarta Hallormsstaðaskógar og umhverfi og umgjörð er einstakur bakgrunnur fyrir gott og metnaðarfullt starf.

Í öllum skólunum er mikill metnaður meðal starfsfólks, hefð fyrir ýmiskonar þróunarverkefnum og starfsandi góður.

Hæfniskröfur vegna allra auglýstra kennarastarfa á Fljótsdalshéraði:

- **Kennaramenntun**
- **Færni í mannlegum samskiptum, metnaður og frumkvæði**

TÓNLISTARSKÓLI

# Laus störf við tónlistarskóla Fljótsdalshéraðs

### Tónlistarskólarnir á Egilsstöðum, Hallormsstað, Fellabæ og Brúarási auglýsa eftir tónlistarkennurum.

Meðal kennslugreina eru:

- **Gítarkennsla, fiðlukennsla, söngkennsla, rafgítar-/bassakennsla, slagverkskennsla og tónfræði (1/2 starf)**

Jafnframt er auglýst eftir:

- **Aðstoðarskólastjóra í Tónlistarskólanum á Egilsstöðum**
- **Skólastjóra í afleysingu vegna leyfis skólastjóra á Brúarási á haustönn**

Hæfniskröfur vegna kennarastarfa:

- **Tónlistarkennaramenntun**
- **Færni í mannlegum samskiptum, metnaður og frumkvæði**

Hæfniskröfur vegna aðstoðarskólastjóra- og skólastjórastarfa:

- **Tónlistarskólakennaramenntun**
- **Hæfni og reynsla af stjórnunarstörfum**
- **Færni í mannlegum samskiptum, metnaður, frumkvæði og skipulagshæfni**

Starfsemi tónlistarskólanna er metnaðarfull og setur mikinn svip á kröftugt menningarlíf á Héraði. Frekari upplýsingar veitir Steingrímur Birgisson, tónlistarskólastjóri á Egilsstöðum og Hallormsstað í síma 4700 735, steingrimur@egilsstadir.is, Drífa Sigurðardóttir, tónlistarskólastjóri í Fellabæ, í síma 4700 734, drifas@egilsstadir.is eða Suncana Slamning, tónlistarskólastjóri í Brúarási, í síma 4700 796, suncana@egilsstadir.is.

**Auk skólastjóranna veita Helga Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi sveitarfélagsins (helga@egilsstadir.is) og Ólöf Ragnarsdóttir (olof@egilsstadir.is) leikskólafulltrúi almennar upplýsingar um hlutaðeigandi skóla og störf í síma 4700 700.
Umsóknir ásamt ferilskrá, merktar viðkomandi skólastofnun, sendist á Fljótsdalshérað, Lyngási 12, 700 Egilsstaðir. Umsóknarfrestur er til og með mánudagsins 3. apríl 2006.**

# Öryggisgæsla á Reyðarfirði

Securitas óskar að ráða menn og konur í störf öryggisvarða við Bechtel á Reyðarfirði. Reynsla af öryggisgæslu, skyndihjálp og meðferð slökkvitækja er kostur. Krafa er gerð um hreint sakavottorð. Þeir sem þurfa sækja vinnu langt að fá aðstöðu í starfsmannaþorpi ásamt styrk til ferða til og frá vinnu.

**Leitað er að mönnum sem búa yfir:**

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Enskukunnáttu (pólska er einnig kostur)
- Ríkri þjónustulund og getu til að vinna í hóp
- Öguðum vinnubrögðum
- Heiðarleika

Umsóknir:
Nánari upplýsingar veitir Helgi Sig. Einarsson í síma 470 7558 / 896 2513. Umsækjendur geta einnig fyllt út umsóknir á vef fyrirtækisins www.securitas.is. Umsóknarfrestur er til 20. mars. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Síðumúla 23 | 108 Reykjavík | 580 7000

SECURITAS

# starf.is

**Erum að leita að fólki m.a. í eftirfarandi störf:**
skrifstofumaður - tryggingaráðgjafi - sölumaður á fasteignasölu - leikskólakennari - stuðningsfulltrúi - húsasmiður - verkamaður - ritari - bókari - starfsmaður á leikskóla - nemi í húsasmíði - nemi í múrverki - auk nokkurra hlutastarfa

Er núna rétti tíminn til að skipta um starf ?

starf.is
Hlíðasmára 15, 201 Kóp.
s: 530 9140
**www.starf.is – starf@starf.is**

# ATVINNULEITIN HEFST HÉR!




Hvort sem þú ert einstaklingur í atvinnuleit eða stjórnandi að leita að góðum starfskrafti er **Allt – atvinna** lausnin fyrir þig.
**Allt – atvinna** er dreift með Fréttablaðinu inn á **95 þúsund heimili** alla sunnudaga .

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn

Fíton/SÍA F1014629

UNIVERSITATIS ISLANDIAE SIGILLUM

HÁSKÓLI ÍSLANDS

## MARKAÐS OG SAMSKIPTADEILD

**VEFSTJÓRI**

Háskóli Íslands er framsækin mennta- og vísindastofnun byggð á traustum grunni, stærsta þekkingarsamfélag landsins í sterkum alþjóðlegum tengslum. Vefsetur skólans **www.hi.is** er eitt stærsta vefsetur landsins. Í hverjum mánuði eru heimsóknir á vefsetrið milli þrjú og fjögur hundruð þúsund

Auglýst er eftir vefstjóra vefsetur Háskólans. Starfið er bæði fjölbreytt og krefjandi

**Helstu verkefni:**
- Fagleg umsjón og ritstjórn með vefsetri
- Þjónusta, ráðgjöf og leiðbeining til stjórnenda og starfsfólks skólans um vefmál.
- Þátttaka í þróun og uppbyggingu á vefsetri skólans og hlutverki hans í stefnumótun markaðs- og samskiptastarfs.
- Þátttaka í útgáfu á fréttatengdu efni

**Menntun og hæfni:**
- Háskólapróf
- Gott vald á íslenskri tungu, reynsla af ritstjórn og skrifum
- Góð þekking á vefmálum s.s. fjölmiðla og samskiptaþáttum og á gagnagrunns-skipulagi
- Umsækjandi þarf að vera skipulagður, sjálfstæður í vinnubrögðum og hafa metnað til að ná árangri í starfi.
- Rík áhersla er á að umsækjandi sé lipur í samskiptum og eigi auðvelt með að vinna í hópi.

Vefstjóri er starfsmaður markaðs- og samskiptadeildar í miðlægri stjórnsýslu. Hlutverk deildarinnar er að stuðla að því að samfélagið hafi skýra og jákvæða sýn á starf skólans og geri sér grein fyrir sérstöðu hans. Um er að ræða ögrandi og lifandi starf í hvetjandi umhverfi.

**Umsóknarfrestur er til 20. mars nk.**

Sjá nánar á www.hi.is/page/storf og www.starfatorg.is

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.
Háskóli Íslands v/Suðurgötu, 101 Reykjavík, s. 525 4000

# Félagsþjónustan í Hafnarfirði

Við leitum að duglegum einstaklingi sem býr yfir góðri samstarfs- og samskiptahæfni. Gert er ráð fyrir að viðkomandi geti unnið í hópum og þverfaglegum teymum, sýni frumkvæði og frjóa hugsun.

Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólapróf í sálfræði, félagsráðgjöf eða á öðrum sviðum sem nýtast vel í barnavernd. Aðalverkefni starfsmannsins verður starf með unglingum og forráðamönnum þeirra. Því er æskilegt að viðkomandi geti staðið fyrir fræðslu og forvörnum. Þyrfti að geta hafið störf sem fyrst, helst ekki síðar en 1. maí 2006. Um er að ræða fullt starf.
Umsóknarfrestur er til 20. mars.

Umsóknir sendist til Félagsþjónustunnar Strandgötu 33 Hafnarfirði.
Launakjör skv. samningum viðkomandi stéttarfélags og launanefndar sveitarfélaga.

Í samræmi við jafnréttisáætlun bæjarins eru karlar hvattir til að sækja um jafnt sem konur.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sæmundur Hafsteinsson, forstöðumaður, í síma 585 5700. Einnig má fá upplýsingar um Félagsþjónustuna á heimasíðu bæjarins, www. hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**



GRUND
DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILI
Stofnað 1922

## Vilt þú bætast í okkar góða hóp starfsmanna?

Við óskum eftir fólki í aðhlynningu á hinar ýmsu vaktir, bæði heilsdags- og hlutastörf. Starfshlutfall samkomulagsatriði. Sveigjanlegur vinnutími. Einnig vantar starfsmann á næturvaktir.

Áhugasamir eru velkomnir í heimsókn, en geta einnig kynnt sér starfsemina á heimasíðu Grundar sem er **www.grund.is** og þar er jafnframt hægt að sækja um störf.

## BAADERMAÐUR ÓSKAST

**Baadermaður óskast á frystitogarann Baldvin Njálsson**
**Uppl í síma 893 4458 og 892 2956**

LIÐSINNI

**Ert þú framúrskarandi sjúkraliði sem hefur vilja og getu til þess að taka að þér fjölbreytt verkefni?**

**Ef svarið er já höfum við hjá Liðsinni áhuga á að heyra frá þér!**

Verkefni Liðsinnis eru mörg og fjölbreytt. Um getur verið að ræða þjónustu í heimahúsum, á sambýlum, á stærri stofnunum eða í fyrirtækjum. Þá geta verkefnin verið til skamms tíma eða lengri tíma.

Nauðsynlegir eiginleikar starfsmanna hjá Liðsinni eru:
- Framúrskarandi fagleg færni
- Sjálfstæði
- Sveigjanleiki
- Áhugi fyrir fjölbreytilegu starfsumhverfi
- Frábær samskiptahæfni

Góð kjör eru í boði fyrir gott fólk!

**Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Liðsinnis í s. 533 6300.**

# Styrktarfélag vangefinna Búseta

**Þroskaþjálfa, félagsliða og stuðningsfulltrúa vantar til starfa á heimili í Víðihlíð.** Um er að ræða hlutastörf, 20% og 40% á kvöldin og um helgar. Upplýsingar veitir Sigríður Steinólfsdóttir í síma 862-3875.

**Einning óskast starfsmenn til starfa á heimili í Lálandi.** Um er að ræða 40% – 60% hlutastörf. Nánari upplýsingar veitir Margrét Kr. Guðnadóttir í síma 568-5960 og 699-8409.

Hlutverk starfsfólks í búsetu er fyrst og fremst fólgið í því að leiðbeina og styðja íbúa í daglegu lífi.
Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Laun eru greidd samkvæmt gildandi kjarasamningum.
Hægt er að nálgast upplýsingar um félagið á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is.

A Ð F Ö N G

## Meiraprófsbílstjóri óskast

**AÐFÖNG óska eftir meiraprófsbílstjóra. Viðkomandi þarf að hafa próf á vörubifreið með eftirvagn. Unnið er á vöktum við útkeyrslu á vörum í verslanir Haga.**

*Einnig vantar meiraprófsbílstjóra í sumarafleysingar.*

Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík.
einnig er hægt að sækja um á **www.adfong .is**





# Viltu slást í hópinn?

Olíufélagið ehf. leitar að duglegu og samviskusömu starfsfólki sem hefur metnað til að takast á við krefjandi og skemmtileg verkefni. Góð laun í boði auk ýmissa fríðinda, s.s sumarhús, afslættir af vörum og þjónustu o.fl. o.fl.

## Vaktstjórar

Starfið felur í sér tækifæri fyrir manneskju með góða forystuhæfileika þar sem vaktstjóri hefur umsjón með verkefnum starfsfólks stöðvarinnar á vöktum og fer fremstur í flokki þegar kemur að því að veita viðskiptavinum félagsins framúrskarandi þjónustu. Um er að ræða skemmtilegt og lifandi starf fyrir áreiðanlega manneskju sem hefur hæfileika í mannlegum samskiptum.

## Almenn afgreiðsla

Starfið felst í almennum afgreiðslu- og þjónustustörfum. Lifandi starfsumhverfi og skemmtilegt starf fyrir jákvæða manneskju sem hefur góða þjónustulund og gaman af samskiptum við fólk.

Nánari upplýsingar veitir starfsþróunardeild í síma **560 3300.** Umsóknir má nálgast á vefsíðu Olíufélagsins **www.esso.is.**

Olíufélagið ehf. er kraftmikið þjónustufyrirtæki. Hlutverk þess er að sjá fólki og fyrirtækjum fyrir orku, rekstrarvörum og þægindum með ánægju viðskiptavina að leiðarljósi. **ESSO skólinn** veitir starfsmönnum nauðsynlega starfsþjálfun en mikil áhersla er lögð á endurmenntun til að auka samkeppnishæfni fyrirtækisins. Starfsmannafélag ESSO er kröftugt og lifandi og skipuleggur m.a. utanlandsferðir. Nánari upplýsingar um esso á **www.esso.is.**

Esso

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



# Áhugaverð störf í boði

## SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐ

### Verkfræðingur / tæknifræðingur

**Auglýst er eftir verk- eða tæknifræðingi til starfa hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík sem tilheyrir Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar.**

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
Um er að ræða krefjandi og fjölbreytt starf sem m.a. felst í því að hafa eftirlit og umsjón með því að skipulagsskilmálum og ákvæðum byggingarreglugerðar sé framfylgt í landi Reykjavíkur. Næsti yfirmaður er byggingarfulltrúinn í Reykjavík.

**Hæfniskröfur:**
Víðtæk sérþekking á byggingarmálum er æskileg. Ennfremur þarf viðkomandi að eiga gott með að tjá sig bæði í orði og riti ásamt því að hafa á að skipa lipurð í mannlegum samskiptum og hæfni til að starfa sjálfstætt.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Skriflegri umsókn, ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf, skal skila til starfsmannahalds Skipulags- og byggingarsviðs, Borgartúni 3, 105 Reykjavík, fyrir 24. mars 2006.

Frekari upplýsingar um sviðið má finna á heimasíðu þess www.skipbygg.is.

## FRAMKVÆMDASVIÐ

### Byggingaverk- eða/ tæknifræðingur

### Sérfræðingur í viðhaldi húseign

**Óskað er eftir byggingaverkfræðingi eða tæknifræðingi til að annast undirbúning og eftirlit verka sem verktökum er falið að vinna í viðhaldi húseigna Reykjavíkurborgar.**

**Starfssvið sérfræðings:**

- Undirbúningur vegna viðhaldsverkefna í húseignum Reykjavíkurborgar.
- Áætlanagerð, verkeftirlit og kostnaðargát.
- Leit og mat á hagkvæmum lausnum í húsaviðhaldi.
- Samningagerð og framkvæmdaeftirlit.

**Kröfur og væntingar til starfsmanns:**

- Byggingaverkfræðingur eða byggingatæknifræðingur.
- Mikil reynsla af verktakaviðskiptum, verkefnastjórnun og eftirlitsstörfum í húsaviðhaldi.
- Mikil reynsla af verkáætlanagerð, magntöku, kostnaðargát og mati á lausnum vegna undirbúnings í viðhaldi húsa.
- Æskileg er reynsla úr umhverfi þar sem vinnubrögð gæða stjórnunar eru viðhöfð.
- Æskileg er góð enskukunnátta og kunnátta í skandinavísku máli.

Lögð verður áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum, en um leið lipurð, samviskusemi og hæfileika til hópsamstarfs.

Í boði er góð starfsaðstaða, metnaðarfullt, faglegt og fjölskylduvænt vinnuumhverfi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknir skulu berast eigi síðar en mánudaginn 27. mars nk. Umsóknum skal skila til Mannauðsdeildar Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, Skúlatúni 2, 105 Reykjavík eða á netfangið mannaudsdeild.fs@reykjavik.is, merktum „sérfræðingur í viðhaldi fasteigna“.

Nánari upplýsingar veita: Pétur kr. Pétursson (petur.k.petursson@reykjavik.is) starfsmannastjóri í mannauðsdeild og Sighvatur Arnarsson (sighvatur.arnarsson@reykjavik.is) skrifstofustjóri Skrifstofu gatna- og eignaumsýslu í síma 411 8000.

Frekari upplýsingar má finna á www.rut.rvk.is

## UMHVERFISSVIÐ

### Garðyrkjufræðingur

**Umhverfissvið Reykjavíkurborgar óskar eftir garðyrkjufræðingi til starfa á útivistarsvæðum borgarinnar.**

Viðkomandi þarf að vera samvinnufús, hafa hæfileika í stjórnun og mannlegum samskiptum, góða almenna þekkingu á öllu er að lítur að viðhaldi skrúðgarða og útivistarsvæða. Viðkomandi þarf að hafa bílpróf.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf óskast sendar til Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, Skúlagötu 19, 101 Reykjavík.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Reykjavíkurborgar.

Ef þú ert samvinnufús, ábyrgur, stundvís, með frumkvæði og villt kynna þér málið nánar, hafðu þá samband við Guðnýju A. Olgeirsdóttur í síma 411 8610.

Frekari upplýsingar má finna á www.umhverfissvid.is

## BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

### Deildarstjóri þjónustudeildar

**Helstu verkefni:**
Afgreiðsla fyrirspurna frá borgarstofnunum og almenningi, umsjón með lesstofu og vef, skráning skjala, vinna við sýningar og fleira.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
Háskólapróf í sagnfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
Þekking og áhugi á sögu Reykjavíkur
Góð íslenskukunnátta og tölvufærni
Færni í mannlegum samskiptum
Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð

Um er að ræða fullt framtíðarstarf. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar veita Svanhildur Bogadóttir, borgarskjalavörður og Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri í síma 563-1770. Skriflegum umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skila til Borgarskjalasafns Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík eða sendast á netfangið svanhildur.bogadottir@reykjavik.is. Umsóknarfrestur er til 20. mars 2006.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Þjónustumiðstöðin
Húsafelli

## Starfsfólk óskast til sumarstarfa

**MATREIÐSLUMAÐUR/KONA**
Skemmtilegt starf í eldhúsi með áherslu á góða matargerð.

**SUNDLAUGARVÖRÐUR**
Starf fyrir fjölhæft, ábyrgt fólk, tvítugt eða eldra.

**ALMENN ÞJÓNUSTUSTÖRF**
Blönduð störf í verslun, veitingasölu og á tjaldsvæði fyrir 18 ára og eldri.

**GARÐYRKJUSTARF**
Fegrun og viðhald á umhverfi orlofsbyggðarinnar. Menntun eða starfsreynsla nauðsynleg.

Jákvæðni, dugnaður, góð þjónustulund og snyrtimennska skipta miklu máli.

**Umsóknir sendist á netfangið info@husafell.is**
**Nánari upplýsingar veittar í s. 862-3071 og 435-1550**

IKEA®

## Ertu efni í IKEA starfsmann?

### Við leitum að fólki í fullt starf í eftirfarandi deildir.

**Umsjónarmaður útisvæðis:**
Við leitum að starfsfólki sem er samviskusamt, stundvíst og þjónustulipurt. Starfið felst í almennri umsjón og umhirðu útisvæðis verslunarinnar, aðstoða viðskiptavini sem og önnur tilfallandi störf í þjónustudeild. Sveigjanlegur vinnutími á virkum dögum og frí um helgar.

**Talningar og innra eftirlit:**
Við leitum að starfsfólki í talningar og eftirlit með birgðum og vinnuferlum hjá fyrirtækinu. Viðkomandi þarf að vera samviskusamur, talnaglöggur, röskur og þjónustulipur.

**Gámalosun og frágangur:**
Við leitum að starfsfólki í kvöld- og næturvinnu í gámalosun og frágang. Unnið er frá 19:00 - 03:00 frá sunnudegi til fimmtudags. Viðkomandi þarf að vera röskur, stundvís og samviskusamur. Æskilegt er að viðkomandi hafi einhverja reynslu af lagerstörfum.

IKEA býður upp á fjölbreytt og lifandi starfsumhverfi. Starfsfólki gefst tækifæri til að vaxa í starfi, axla ábyrgð og vera mikilvægur hlekkur í kraftmiklu og ört vaxandi fyrirtæki.

Umsóknum má skila á þjónustuborð IKEA eða www.IKEA.is

NAUST marine

## Vegna aukinna umsvifa erlendis og góðrar verkefnastöðu er Naust Marine að leita eftir starfskrafti.

Æskilegar mentunar og hæfniskröfur sem viðkomandi þarf að hafa öðlast að einhverju eða öllu leiti:

- Rafvirkja- eða tæknimentun á sviði rafmagns.
- Reynsla eða þekking á rafstýrðum hraðabreytum.
- Vélstjórnarmenntun.
- Reynsla af sjó.

Viðkomandi þarf að geta unnið í hóp við uppsetningu stjórnkerfa fyrir rafmagnsvindukerfi um borð í skipum.

Hann þarf einnig að geta unnið sjálfstætt við prófanir og viðgerðir á slíkum búnaði.

Skriflegar umsóknir sendist til NAUST MARINE HF. Skeiðarási 3, 210 Garðabæ eða á póstfang naust@naust.is fyrir 18/3 2006.

# Vélaborg ehf.

## VIÐGERÐASNILLINGAR ÓSKAST TIL STARFA Í ÞJÓNUSTUDEILD

**Vegna aukinna umsvifa er Vélaborg að leita að starfsmönnum í eftirfarandi störf:**

- **Verkstjóra í þjónustudeild. Við leitum að starfsmanni með góða skipulagshæfileika, reynslu af verkstjórn og reynslu af véla- og vinnuvélaviðgerðum. Enskukunnátta nauðsynleg.**
- **Vélvirkja, bifvélavirkja, rafvirkja eða vönum manni í lyftaraviðgerðum til starfa í ört vaxandi þjónustudeild Vélaborgar.**
- **Vélvirkja, bifvélavirkja eða vönum manni í vinnuvéla- og vörubílaviðgerðum til starfa í ört vaxandi þjónustudeild Vélaborgar.**

**Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi reynslu í viðgerðum á vinnuvélum, landbúnaðarvélum og/eða lyfturum og geti unnið sjálfstætt. Þekking á rafmagni, enskukunnátta og tölvukunnátta æskileg.**

Vélaborg leggur metnað sinn í að veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu. Liður í því er að þjálfa starfsmenn þjónustudeildar með námskeiðahaldi og menntun hjá erlendum birgjum félagsins.

Vélaborg er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í vélainnflutningi og þjónustu við bændur, verktaka og flutningsaðila. Hjá fyrirtækinu starfa á fimmta tug manna, þar af 15 á þjónustuverkstæði.

Vélaborg er með umboð fyrir Case og Bobcat vinnuvélar, Jungheinrich og Kalmar lyftara, Daf vöru- og flutningabíla, John Deere dráttarvélar og smávélar, Lely mjaltaþjóna og landbúnaðarvélar.

**Umsóknum skal skila inn á tölvutæku formi á netfang: gunnarm@velaborg.is fyrir 20. mars.**

# KYNNISFERÐIR

Kynnisferðir ehf. auglýsa eftir starfsmanni í afgreiðslu sína á BSÍ. Um er að ræða fullt starf, en unnið er á vöktum.

**Hæfniskröfur:**

- Kunnátta á tölvur og kassakerfi
- Fáguð framkoma og aðlögunarhæfileikar
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Vönduð og skipulögð vinnubrögð

**Umsóknarfrestur er til 17. mars 2006.**
Umsóknir sendist til starfsmannastjóra Kynnisferða ehf., Vesturvör 6, 200 Kópavogi eða á netfangið: **sigridur@re.is**

Öllum umsóknum svarað eftir að umsóknarfrestur rennur út.

Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

# Smiður óskast

**Hlynur sf. óskar eftir að ráða smið vanan allri almennri smíði. Uppl. veitir Pétur í s. 865-2300**

# Sölustjóri á fasteignasölu

Óskum eftir að ráða sölustjóra helst með löggildingu á fasteignasölu miðsvæðis í Reykjavík. Fasteingasalan er starfrækt í mjög glæsilegu húsnæði og öll aðstaða eins best og á verður kosið.

Áhugasamir sendið inn upplýsingar á box@frett.is merkt: Sölustjóri 1000 fyrir 17.03.2006.

## Ritari

Fasteignasala í Reykjavík sem starfrækt er í mjög glæsilegu húsnæði óskar eftir að ráða ritara sem fyrst. Starfsvið – almenn skrifstofustörf, s.s. skjalavinnsla, símsvörun og fl.

Áhugasamar/-ir Sendið inn upplýsingar á box@frett.is merkt: ritari 2333 fyrir 15.03.2006.

# RÚMMETER EHF.

## VEGNA AUKINNAR VERKEFNASTÖÐU VANTAR OKKUR GOTT FÓLK Í EFTIRTALIN STÖRF !

- Trésmiði í mótauppslátt, og almenna trésmíðavinnu.
- Múrara í hefðbundið múrverk.
- Byggingaverkamenn.

Launakerfi: Mæling, tímavinna, eða annað.
Mikil vinna framundan.

Nánari upplýsingar um störfin eru veittar í síma 577 1927 á skrifstofutíma.
Einnig er hægt að senda okkur tölvupóst á M3@rummeter.is

RÚMMETER EHF | SUÐURLANDSBRAUT 4A | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 577 1927 | M3@RUMMETER.IS



Svið Dreifingar hjá Orkuveitu Reykjavíkur óskar að ráða:

# Byggingaverkfræðing eða -tæknifræðing og Rafmagnsverkfræðing eða -tæknifræðing

Dreifing er eitt grunnsviða Orkuveitunnar og annast uppbyggingu, þróun og rekstur dreifikerfisins. Meðal starfssemi sviðsins er fjárhagsáætlanagerð, gangsetning verkefna og mótun stefnu í átt að hagkvæmari og betri rekstri, auk þjónustu við viðskiptavini.

## Byggingaverkfræðingur / byggingatæknifræðingur

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Gerð kostnaðar - og framkvæmdaáætlana
- Hagkvæmnirannsóknir og bestun kerfa
- Forsendugerð og gangsetning verkefna
- Eigendahlutverk í verkefnum sviðsins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í byggingaverkfræði eða -tæknifræði
- Menntun á umhverfissviði og/eða reynsla af fráveitumálum er æskileg
- Færni í mannlegum samskiptum og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði, metnaður og áhugi í starfi
- Góð tölvukunnátta

## Rafmagnsverkfræðingur / rafmagnstæknifræðingur

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**

- Gerð kostnaðar - og framkvæmdaáætlana
- Umsjón með þróun, skipulagningu og rekstri aðveitukerfisins
- Innleiðing viðhaldskerfis fyrir aðveitukerfið
- Eigendahlutverk í verkefnum sviðsins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf í rafmagnsverkfræði eða -tæknifræði.
- Æskileg er sérþekking eða menntun á sterkstraums- eða orkusviði
- Færni í mannlegum samskiptum og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði, metnaður og áhugi í starfi
- Góð tölvukunnátta

**Upplýsingar** og umsjón með úrvinnslu umsókna hafa Helga Jónsdóttir (***helga@img.is***) og Sigrún Ýr Árnadóttir (***sigrun@img.is***) hjá Mannafli-Liðsauka.
**Umsóknarfrestur er til og með 26. mars nk.**

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að leggja inn umsókn á heimasíðu Mannafls-Liðsauka: **www.mannafl.is** og sendið jafnframt ferilskrá.

Farið er með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsækjendum svarað.

**Orkuveita Reykjavíkur**
framsækið þjónustufyrirtæki sem aflar og dreifir vistvænni orku á sem hagkvæmastan hátt og í sátt við umhverfið.
Á þjónustusvæði fyrirtækisins býr meira en helmingur íslensku þjóðarinnar.

Stefna Orkuveitunnar er að veita viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu og sjá þeim fyrir ódýrri orku sem framleidd er úr endurnýjanlegum íslenskum orkulindum. Þannig stuðlar fyrirtækið að aukinni notkun hreinnar innlendrar orku og leggur um leið sitt af mörkum til nýsköpunar og framfara í landinu.

Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks við að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Orkuveita Reykjavíkur

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ORK 31739 03/2006

VélRás ehf.

## Bifreiða- og vélaverkstæði

Vantar bókara vanan DK bókhaldskerfi ásamt fleiri skrifstofustörfum. Upplýsingar í síma 897-8901

STJÖRNUBLIKK

Óskum eftir duglegu starfsfólki.
Mikil vinna framundan.
Uppl.gefa verkstjórar á staðnum eða í síma 577-1200
**Stjörnublikk ehf**

# Félagsmálstjóri

**Staða félagsmálastjóra uppsveita Árnessýslu er laus til umsóknar.**

**Hæfniskröfur:**
Leitað er eftir einstaklingi sem lokið hefur háskólamenntun í félagsráðgjöf, eða sambærilegri menntun. Umsækjendur þurfa að hafa reynslu af ráðgjöf og vinnslu í barnaverndarmálum. Umsækjendur þurfa að hafa þekkingu á viðkomandi lagaumhverfi, svo sem laga um barnavernd, málefnum aldraðra, málefnum fatlaðra og félagsþjónustu. Lögð er áhersla á hæfni í mannlegum stamskiptum.

**Undir starfið heyrir:**
Allir þættir félagsþjónustu, ráðgjöf í einstaklingsmálum, barnaverndarmál,
heimilishjálp, samvinna við skóla og opinberar stofnanir.

**Launakjör:**
Launakjör byggjast á kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags, umfangi starfsins og ábyrgð.
Umsóknarfrestur er til 20 mars 2006.

Umsóknum skal skilað á skrifstofu Hrunamannahrepps á Flúðum, Akurgerði 6, 845 Flúðir.

Nánari upplýsingar veitir Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Hrunamannahrepps, sími 480 6600 og Sólveig Pétursdóttir, félagsmálastjóri uppsveita Árnessýslu, sími 480 8800.

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður



## Laus störf á Menntasviði Reykjavíkurborgar

**Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunn- og leikskóla Reykjavíkurborgar.**

### Skjalavörður

**Staða skjalavarðar á skjalasafni aðalskrifstofu Menntasviðs.**

**Starfið felur m.a. í sér:**
- Skráningu og skönnun skjala í GoPro skjalastjórnarkerfi
- Frágang og röðun skjala í skjalageymslu
- Upplýsingagjöf og þjónustu við starfsmenn Menntasviðs

**Hæfniskröfur:**
- Góð tölvuþekking
- Gott vald á íslensku, ensku og einhverju Norðurlandamáli
- Háskólamenntun æskileg
- Vönduð og nákvæm vinnubrögð
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknarfrestur er til 27. mars nk. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsóknir sendist til Menntasviðs Reykjavíkurborgar, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík.

Upplýsingar veita Steinunn Hjartardóttir deildarstjóri móttöku-og upplýsingadeildar, steinunn.hjartardottir@reykjvik.is og Auður Jónsdóttir mannauðsráðgjafi, audur.jonsd@reykjavik.is í síma 411-7000 og 639-9806.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

### LEIKSKÓLAR

### Leikskólakennarar

**Ásborg, Dyngjuvegi 18**
Upplýsingar veitir Jóna Elín Pétursdóttir leikskólastjóri í síma 553-1135.

**Funaborg, Funafold 42**
Upplýsingar veitir Sigríður Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 587-9160.

**Heiðarborg, Selásbraut 56**
Upplýsingar veitir Emilía Möller leikskólastjóri í síma 557-7350.

**Sólbakki, Stakkahlíð 19**
Upplýsingar veitir Sigfríður Marínósdóttir leikskólastjóri í síma 552-2725.

**Vesturborg, Hagamel 55**
Upplýsingar veitir Íris Arnardóttir leikskólastjóri í síma 552-2438.

### Sérkennsla

**Ásborg, Dyngjuvegi 18**
Upplýsingar veitir Jóna Elín Pétursdóttir leikskólastjóri í síma 553-1135. Um er að ræða 50% stöðu.

**Heiðarborg, Selásbraut 56**
Upplýsingar veitir Emilía Möller leikskólastjóri í síma 557-7350. Um er að ræða 50% stöðu.

**Klettaborg, Dyrhömrum 5**
Upplýsingar veitir Lilja Eyþórsdóttir leikskólastjóri í síma 567-5970. Um er að ræða annarsvegar 30% stöðu við sérkennslu og hinsvegar 70% stöðu við leikskólakennslu.

**Lyngheimar v/Mururimi**
Upplýsingar veitir Júlíana Hilmisdóttir leikskólastjóri í síma 567-0277. Um er að ræða 50% stöðu vegna afleysinga til 1. júlí.

### Matráður

**Brekkuborg, Hlíðarhúsum 1**
Brekkuborg er fjögurra deilda leikskóli þar sem dvelja rúmlega 80 börn samtímis. Upplýsingar veitir Guðrún Samúelsdóttir leikskólastjóri í síma 567-9380.

**Klettaborg, Dyrhömrum 5**
Klettaborg er fjögurra deilda leikskóli þar sem dvelja 82 börn samtímis. Upplýsingar veitir Lilja Eyþórsdóttir leikskólastjóri í síma 567-5970.

### Aðstoð í eldhús

**Hamraborg, Grænuhlíð 24**
Upplýsingar veitir Bryndís Stefánsdóttir leikskólastjóri í síma 553-6905. Um er að ræða 75% stöðu.

**Reynisholt, Gvendargeisla 13**
Upplýsingar veitir Sigurlaug Einarsdóttir leikskólastjóri í síma 517-5560.

### GRUNNSKÓLAR

### Grunnskólakennarar

**Auglýsing vegna skólaársins 2006-2007**

**Korpuskóli, sími 411-7880**
Við Korpuskóla eru lausar til umsóknar eftirfarandi kennarastöður.
- unglingadeild, faggreinar enska, íslenska, náttúrufræði, samfélagsfræði
- smíðakennslu, hlutastarf.
- danskennara í hlutastarf í 1.-5. bekk.

Umsóknarfrestur er til 3. apríl nk.
Upplýsingar gefa skólastjórar
Korpuskóla.

**Ölduselsskóli, sími 557-5522**
Við Ölduselsskóla eru lausar til umsóknar kennarastöður. Um er að ræða stöðu kennara á yngra stigi, kennara á miðstigi og kennara í ensku á unglingastigi. Umsóknarfrestur er til 3. aprí nk. Upplýsingar gefa skólastjórar Ölduselsskóla.

**Fellaskóli, sími 557-3800**
Umsjónarkennari óskast vegna forfalla til að kenna 16 kennslustundir á viku í 7. bekk til vors.

**Korpuskóli, sími 411-7880**
Kennari óskast í hlutastöðu til vors í 1.-5. bekk. Unnið er 3 daga í viku. Starfið getur falið í sér danskennslu, leiklist eða annað skapandi starf.

**Réttarholtsskóli, sími 553-2720**
Íslenskukennari óskast vegna forfalla á unglingastigi til loka skólárárs.

**Seljaskóli, sími 411-75000**
Kennari óskast í afleysingakennslu á yngsta stigi um óákveðinn tíma.

### Skólaliðar

**Háteigsskóli, sími 530-4300**
Skólaliði óskast í 100% stöðu við gæslu og aðstoð í eldhúsi.

**Ingunnarskóli, sími 411-7828**
Skólaliði óskast í forföll í íþróttahús Ingunnarskóla (kvöld og helgarvinna).

Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda til viðkomandi skóla. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Nánari upplýsingar um laus störf er að finna á www.grunnskolar.is

**Öll laus störf á Menntasviði í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar eru að finna á heimasíðunni www.menntasvid.is**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

KRAFTUR HF.

## Laus störf í boði

Vegna aukinna umsvifa og mikilla verkefna óskar Kraftur hf., umboðsaðili fyrir m.a. MAN vörubifreiðar eftir að ráða í eftirtalin störf:

**1. Móttökustjóri í verkstæðismóttöku.**
Æskilegt er að viðkomandi hafi nokkra þekkingu á viðgerðum á vörubílum og sveinspróf í bifvélavirkjun eða álíka. Þokkaleg tölvu- og enskukunnátta er skilyrði.
Starfið felur í sér móttöku viðskiptavina og skráning tímapantana. Útskrift verkbeiðna og verklýsinga og frágangur á reikningum. Við leitum að þjónustulunduðum og hressum starfsmanni, sem getur unnið sjálfstætt.

**2. Afgreiðslumaður í varahlutaverslun.**
Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi nokkra þekkingu og áhuga á vörubílum. Þokkaleg tölvu- og enskukunnátta er skilyrði.
Starfið felur í sér afgreiðslu á varahlutum í MAN vörubifreiðar, bæði til verkstæðis og beint til viðskiptavina. Vörumóttaka auk annara hefðbundinna lagerstarfa. Við leitum eftir úrræðagóðum og áhugasömum starfskrafti, sem kallar ekki allt ömmu sína og getur unnið sjálfstætt.

**3. Bifvélavirki/Vélvirki.**
Við leitum að metnaðarfullum starfsmanni sem hefur áhuga á að bæta við sig þekkingu í sínu fagi. Æskilegt er að viðkomandi sé vanur vörubílaviðgerðum.
Starfið felur í sér almennar viðgerðir og standsetningar á MAN vörubifreiðum. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi þokkalegan skilning á ensku og einnig er tölvukunnátta æskileg.

Við leitum að röskum einstaklingi, sem getur tekið sjálfstæðar ákvarðanir og unnið sjálfstætt.

Umsóknum skal skilað til Krafts hf. Vagnhöfða 1-3, 110 Reykjavík eða á e-mail: kraftur@kraftur.is fyrir 18. mars n.k.

# Fasteignablað

65. tölublað • 4. árgangur • 12. mars, 2006

RE/MAX Ísland



RE/MAX Kópavogur



RE/MAX Búi



RE/MAX Heimili og Skip



RE/MAX Stjarnan



RE/MAX Borg



RE/MAX Mjódd




RE/MAX®

# Til hamingju með frábærann árangur




## RE/MAX International heiðrar sölufulltrúa RE/MAX á Íslandi fyrir framúrskarandi árangur á árinu 2005.

Frá 27. febrúar til 2. mars síðastliðinn var haldin hin árlega RE/MAX ráðstefna. Þemað í ár var "RE/MAX Sells the World" og laðaði hún til sín nærri 11.000 sölufulltrúa frá 43 löndum og dugði ekkert minna til en MGM Grand Hótelið í Las Vegas Nevada, sem er stærsta hótel í heimi. Einn af hápunktum ráðstefnunnar ár hvert er að heiðra þá sem stóðu sig best á nýliðnu ári.

Árið 2005 var einstaklega gott ár hjá RE/MAX um allan heim og var Ísland þar engin undantekning. Sextán sölufulltrúar frá RE/MAX á Íslandi eru í verðlauna sæti fyrir frábæran árangur á árinu 2005. Átta þeirra voru viðstödd verðlaunaafhendinguna við glæsilega athöfn í Las vegas til þess að veita verðlaununum viðtöku, en voru rúmlega 30 Íslendingar viðstaddir verðlaunaafhendinguna og vakti íslenski hópurinn sérstaka athygli og umtal fyrir framúrskarandi árangur á árinu 2005.

Hópurinn sem hlaut verðlaun talið frá vinstri til hægri: Stefán Páll, Hafdís, Gunnar Vals, Ásdís Ósk, Konráð, Garðar Hólm, Gunnar Sverrir og Þórunn.

Við Óskum þeim til hamingju með FRÁBÆRAN ÁRANGUR, ÁFRAM ÍSLAND !

RE/MAX Ísland
Arnarsmára 32
sími 414 6060
remax@remax.is

ÞITT *líf* - ÞINN *ferill* - ÞÍN *leið*

RE/MAX

# RE/MAX á Íslandi framúrskarandi




## RE/MAX International heiðrar þrjá sölufulltrúa frá Íslandi með Platinum Club verðlaunum

Af þeim 16 Íslendingum sem hlutu viðurkenningu fyrir árið 2005 voru þrír söluhæstu söllufulltrúar RE/MAX á Íslandi heiðraðir með verðlaunum í Platinum Club, frábær árangur það og óskum við þeim innilega til hamingju með framúrskarandi árangur á árinu. Topp þrír sölufulltrúar RE/MAX á Íslandi árið 2005 eru Ásdís Ósk Valsdóttir, Konráð Konráðsson og Gunnar Valsson.

Platinum Club verðlaunin eru einungis veitt um 5 % af þeim 115.000 sölufulltrúum sem starfa hjá RE/MAX International. Verðlaunin eru veitt fyrir fagleg vinnubrögð og framúrskarandi árangur innan RE/MAX. Þessi verðlaun eru ein þau virtustu sinnar tegundar í heiminum og því mikill heiður fyrir RE/MAX á Íslandi að státa af þremur sölufulltrúum innan þessa hóps.

Við Óskum þeim til hamingju með FRÁBÆRAN ÁRANGUR, ÁFRAM ÍSLAND !

RE/MAX Ísland
Arnarsmára 32
sími 414 6060
remax@remax.is

ÞITT *líf* - ÞINN *ferill* - ÞÍN *leið*

RE/MAX

# RE/MAX





RE/MAX **MJÓDD**

## Laugarnesvegur 112

105 Reykjavík
Opið hús í dag kl. 14:00-14:30

**Verð: 19.900.000**
Stærð: 87,2
Fjöldi herbergja: 2-3
Byggingarár: 1963
Brunabótamat: 11.300.000

Nýútbúin, sérstök og skemmtileg 2-3 herbergja íbúð á tveimur hæðum með sérinngangi. Hátt til lofts. Lítil forstofa m/flotuðu gólfi. Opið rými, eldhús og borðstofa, með hlynparketi á gólfi. Innrétting úr hlyn, gaseldavél, ofn og háfur úr burstuðu stáli. Baðherbergi með sturtuklefa, lítilli innréttingu og tengi fyrir þvottavél. Stofa á efra palli. Steyptur stiginiður, sérinngangur út í garð, gangur og stórt svefnherbergi. Einstakt tækifæri til að eignast sérstaka eign enda eru þær ekki margar þessari líkar.

Jónas Örn Jónasson hdl.
lögg. fasteignasali
520 9550

Jóhanna Kristín
Sölufulltrúi
**698 7695**
jkt@remax.is



RE/MAX **MJÓDD**

## Espigerði 4

108 Reykjavík
Opið hús í dag kl. 15:00-15:30

**Verð: 24.900.000**
Stærð: 66,9
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1974
Brunabótamat: 8.200.000

Útsýnisíbúð á efstu hæð með stórfenglegu útsýni í virðulegu fjölbýli miðsvæðis í Reykjavík. Hol, eldhús og stofa með glænýju parketi á gólfi. Nýir neðri skápar í eldhúsi, opið milli efri og neðri skápa inn í stofu. Stórir gluggar í stofu, útgengt á útsýnissvalir. Svefnherbergi með fataskáp/herbergi innaf. Dúkur á gólfi. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf með upprunalegum flísum. Veislusalur og stórar svalir í sameign, auk þvottahúss og sérgeymslu. Íbúð á einstökum stað í Reykjavík.

Jónas Örn Jónasson hdl.
lögg. fasteignasali
520 9550

Jóhanna Kristín
Sölufulltrúi
**698 7695**
jkt@remax.is



RE/MAX **MJÓDD**

## Háaleitisbraut 34

108 Reykjavík
Opið hús í dag kl. 16:00-16:30

**Verð: 21.900.000**
Stærð: 104,9
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1963
Brunabótamat: 13.800.000

Vel skipulög, skemmtileg 4ra herbergja íbúð á 4. hæð í fallegri blokk í Háaleitinu. Hol með flísum á gólfi og skáp. Eldhús með upprunalegri innréttingu og flísum á gólfi. Stofa með parketi á gólfi, nýjum gluggum og útgengi á svalir með frábæru útsýni. Svefnherbergisálma sér. Upprunalegir, rúmgóðir skápar, parket á gólfum. Rúmgott hjónaherbergi og tvö barnaherbergi. Baðherbergi flísalagt. Tengt f/þvottavél. Sérlega vel skipulögð og skemmtileg íbúð fyrir þá sem vilja koma hreyfingu á líf sitt!

Jónas Örn Jónasson hdl.
lögg. fasteignasali
520 9550

Jóhanna Kristín
Sölufulltrúi
**698 7695**
jkt@remax.is



RE/MAX **MJÓDD**

## Jónsgeisli 79

113 Reykjavík

**Verð: 39.900.000**
Stærð: 196 fm.
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 2005

Glænýtt og glæsilegt parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr í Geislahverfinu í Grafarholti. Húsið er klætt grískum marmara að utan. Mikið útsýni. Á aðalhæð er forstofa, gestasnyrting og eldhús hannað af Karen Rafnsdóttur, borðstofa og stofa í einu sameiginlegu rými. Á neðri hæð eru 4 góð svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Gólf eru flotuð og máluð. Framtíðareign fyrir barnafjölskylduna sem vill ala börnin sín upp í nýju og skapandi umhverfi.

Jónas Örn Jónasson hdl.
lögg. fasteignasali
520 9550

Jóhanna Kristín
Sölufulltrúi
**698 7695**
jkt@remax.is



RE/MAX **MJÓDD**

## Efstilundur 2

Garðabæ
Opið hús Í DAG KL 15.00-15.30

**Verð: 47.600.000**
Stærð: 195.5 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1972
Brunabótamat: 24.200.000
Bílskúr: með gryfju

Glæsilegt einbýlishús sem stendur á stórri gróinni hornlóð. Húsið hefur 4 parketlögð svefnherb. Baðherbergi sem hefur nýlega verið endurnýjað með nuddbaðkeri og flísalagt í hólf og gólf. Samliggjandi stofa og borðstofa eru bjartar með nýju gleri í gluggum og nýlegu parketi. Flísar eru á holi, sjónvarpsholi og eldhúsi sem er með efri og neðri fulningainnréttingu úr gegnheilum við og nýlegum tækjum. Húsinu hefur verið vel við haldið og málað sl.haust. **TOPP EIGN**

Jónas Örn Jónasson hdl.
lögg. fasteignasali
520 9550

Sigríður
Sölufulltrúi
**864 3679**
siggah@remax.is



RE/MAX **MJÓDD**

## Auðbrekka 36

Kópavogur
Opið hús Í DAG KL. 17 - 17.30

**Verð: 21.200.000**
Stærð: 99.6
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1972
Brunabótamat: 11.750.000

Björt hæð í 3ja íbúða húsi sem er búið að endurnýja að hluta á glæsilega að hluta. Hol og baðherbergi endurnýjað með sérsmíðuðum skápum og eru glæsilegar ítalskar flísar á gólfum. Eldhúsið með upprunalegum innréttingum, efri og neðri skápum. ljósum flísum á milli og sömu ítölsku flísunum á gólfi. Svefnherbergin bæði með dúk á gólfum og skápum. Garður móti suðri. Stutt í alla þjónustu.

Jónas Örn Jónasson hdl.
lögg. fasteignasali
520 9550

Sigríður
Sölufulltrúi
**864 3679**
siggah@remax.is

## Vantar fallegt og vandað einbýlishús í Hafnarfirði

Óskastaðsetning er Setbergið, Norðurbærinn, Hraunin

**Traustur kaupandi**

Allar nánari upplýsingar veitir Ingvi Rúnar sölufulltrúi í síma 896-0421 og ingvi@remax.is

Jónas Örn
Jónasson hdl.
lögg.fasteignasali

Ingvi Rúnar
Sölufulltrúi
**896 0421**
ingvi@remax.is

RE/MAX **MJÓDD**



RE/MAX **KÓPAVOGUR**

## Seljavegur 33

Reykjavík
Opið hús kl. 14:00 - 15:30

**Verð: 21.000.000**
Stærð: 80,4
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1941
Brunabótamat: 8.990.000
Bílskúr: Nei

Uppgerð mjög falleg 4ra herb. íbúð á þriðju hæð í vinsælu hverfi. Tvö rúmgóð svefnherbergi og tvær samliggjandi stofur, hvíttuð eik á gólfum. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf, sturta með sturtubotni. Eldhús er með nýrri eikar innréttingu frá Innex, flísalagt með steinflísum. Mjög mikið endurnýjað. Eignin er laus við kaupsamning. Sigurður tekur á móti gestum með kaffi á könnunni. Sigurður Arnarsson Sími 864 5858.

Þórarinn
Jónsson hdl.
lögg. fasteignasali

Kolbeinn
Sölufulltrúi
**694 9100**
kolbeinn@remax.is

**www.remax.is**

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign



# RE/MAX








## Baldursgarður 1

Reykjanesbær

Falleg einbýli í Reykjanesbæ

**Verð: 35.600.000**
Stærð: 178 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1973
Brunabótamat: 22,2 millj
Bílskúr: 36 fm

Fallegt 178,3 fm einbýlishús með ca 60-70fm (ekki inni í fermetratölu) ósamþykktu kjallararými við Baldursgarð í Keflavík. Lýsing eignar: anddyrið er flísalagt með góðu skápaplássi, inn af anddyrinu er gestasalerni flísalagt í hólf og gólf. Hol og svefnherbergisgangur er með parketi á gólfi og í holinu er stigi niður í kjallarann. Svefnherbergin eru þrjú: hjónaherbergi með góðum skápum og parketi á gólfi, barnaherbergi með skáp og parketi á gólfi og þriðja herbergið sem var áður tvö herbergi hefur nú verið sameinað í eitt herbergi með parketi á gólfi. Baðherbergið er með snyrtilegri innréttingu, baðkari og sturtuklefa. Eldhúsið er með snyrtilegri eldri innréttingu með efri og neðriskápum, flísalagt á milli og parket á gólfi. Borðstofan er út af eldhúsinu og er með parketi á gólfi. Stofan er björt með teppi á gólfi.


Anna Linda
Bjarnadóttir hdl.
lögg.fasteignasal


Stefán Páll
Sölufulltrúi
**821 7337**
stefanp@remax.is








## Grýtubakki

Reykjavík

**Verð: 14.900.000**
Stærð: 86 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1968
Brunabótamat: 11,3 mill

3ja herbergja 85,8 fm íbúð á annari hæð við Grýtubakka í neðra Breiðholti. Lýsing íbúðar: komið er inn í parketlagt hol og þaðan inn í stofu og opið eldhús bæði með parketi á gólfi. Í elhúsinu er snyrtileg innrétting með efri og neðri skápum. Í eldhúsinu er borðkrókur og þaðan er gengið út á svalir. Hjónaherbergið er með parketi á gólfi og fataskáp. Barnaherbergið er nokkuð rúmgott og með parketi á gólfi. Baðherbergið er með baðkari og aðstöðu fyrir þvottavél. Nýtt plastparket er á allri íbúðinni utan baðherbergis. Íbúðinni fylgir geymsla í kjallara og sameiginlegt þvottahús. Íbúðin getur verið laus fljótlega.


Anna Linda
Bjarnadóttir hdl.
lögg. fasteignasali


Stefán
Sölufulltrúi
**821 7337**
stefanp@remax.is








## Daggarvellir 4a 3hæð

Hafnarfjörður

Opið hús kl. 16:00 – 16:30

**Verð: 22,5 millj**
Stærð: 106,3
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2004
Brunabótamat: 17,3

Sérlega glæsileg 4ra herb.íbúð á 3. hæð með sér inngangi í lyftuhúsi í Hafnarfirði. Komið er inn í forstofu með góðu skápaplássi. Á ganginum eru tvö barnaherbergi með skáp. þvottahús með vask er inn í íbúð. Baðherbergi er allt flísalagt með baðkari, upphengdu klósetti og góðri innréttingu. Hjónaherbergi er stórt með góðu skápaplássi. Eldhús er með fallegri eikar innréttingu, stál tækjum og háf. Stofa er stór með útgengi á stórar suður svalir. Gólfefni. fljótandi eikarparket er á nær allri íbúðinni. Baðherbergi og þvottahús eru flísalögð. Innréttingar og hurðar: eru úr eik. Eigninni fylgir geymsla á sömu hæð. Einnig fylgir stæði í bílageymslu.


Rúnar S.
Gíslason hdl.
lögg. fasteignasali


Ingibjörg
Sölufulltrúi
**699 4420**
ingibjorg@remax.is





RE/MAX
**STJARNAN**
517 3629

## Sólvallagata 40

230 Keflavík

Opið hús **í dag** kl. 15.00 – 15.30

**Verð: 9.900.000**
Stærð: 76 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1956
Brunabótamat: 8,9 millj.

RE/MAX Stjarnan kynnir: 3ja herbergja íbúð á annarri hæð í barnvænu umhverfi í Keflavík.
Nánari lýsing:
ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

Vegna aukinna verkefna óskar ÍSTAK eftir að ráða starfsfólk í eftirtalin störf:

**Trésmiði**

**Vélvirkja**

Um er að ræða framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu.
Æskilegt er að umsækjendur hafi einhverja starfsreynslu.
Möguleiki er á húsnæði fyrir utanbæjarfólk.

Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.

ÍSTAK

## ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR ?

**Vaxandi fyrirtæki á sviði flutningatækja og hjólbarða óskar eftir að ráða sölumann.**

Hæfniskröfur:
- Metnaður til að ná árangri
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni og góðir samskiptahæfileikar
- Haldgóð tölvukunnátta (tölvupóstur, Word, Excel)
- Reynsla af sölumálum

Í boði er krefjandi starf, sveigjanlegur vinnutími og góð vinnuaðstaða.

**Starfið hentar jafnt konum sem körlum.**

Vinsaml. sendið umsókn og ferilskrá á **sala06@visir.is** fyrir 19. mars, nk.
Öllum umsóknum verður svarað.

SJÚKRAHÚSIÐ VOGUR

## Sjúkraliðar

Samtök áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann óska eftir að ráða sjúkraliða til starfa við Sjúkrahúsið Vog Stórhöfða 45.

Um er að ræða fastar stöður og einnig sumarafleysingar

Á Sjúkrahúsinu Vogi er starfrækt afeitrun og meðferð áfengis og vímefnasjúklinga. Góð vinnuaðstaða, gott umhverfi.

Við hvetjum þá sjúkraliða sem vilja breyta til í starfi þessa dagana að hafa samband við okkur og líta á aðstæður og ræða málin.

Frekar upplýsingar veitir Þóra Björnsdóttir hjúkrunarforstjóri á staðnum, sima 824 7615 netfang **thora@saa.is**

# Rekur þú bókhaldsþjónustu?

Við leitum eftir bókhaldsstofu eða bókhaldsrekstri til kaups. Áhugi er fyrir því að yfirtaka núverandi rekstur gegn sanngjarnri greiðslu.

*Eftirfarandi skilyrði þurfa að vera í lagi:*

- Viðskiptamannagrunnur sé nokkuð traustur.
- Samkomulag náist um framtíðar starfsframlag eigenda/starfsfólks.

Áhugasamir hafi samband með tölvupósti á **box@frett.is** merkt: „Bókhald".




**Okkur vantar bílstjóra með meirapróf**

**Akstursþjónustu Hópbíla** vantar röskt og ábyrgt fólk til starfa við akstur fatlaðra einstaklinga. Hópbílar bjóða uppá gefandi starfsumhverfi þar sem lögð er áhersla á góða starfsaðstöðu og er vinnustaður sem hentar báðum kynjum. Fyrirtækið starfar eftir vottuðu alþjóðlegu gæðakerfi ISO 14001 og leggur ríka áherslu á að starfsmenn taki virkan þátt í að framfylgja verklagi kerfisins.

**Upplýsingar veitir Pálmar í síma 599 6016**

Hópbílar | Melabraut 18 | 220 Hafnarfirði | Sími 599 6000

**Viðskiptaþjónustan**
Ráðgjöf | Bókhald | Skattaskil

Viðskiptaþjónustan hefur þjónustað lítil og meðalstór fyrirtæki með bókhald, laun, ársreikninga og framtöl ásamt ráðgjöf í 18 ár. Lögð er áhersla á trausta og persónulega þjónustu byggða á fagmennsku.

Fyrirtækið hefur nú flutt starfsemi sína í nýtt og glæsilegt húsnæði á Dalvegi 16d í Kópavogi.

Kjörorð okkar er **„Nýttu tímann í það sem þú gerir best, við sjáum um bókhaldið“**

## Bókari

Við viljum ráða vanan og eldkláran bókara sem lokið hefur námi viðurkennds bókara eða sambærilegu námi. Aðeins fólk með reynslu kemur til greina.

Nánari upplýsingar veitir Árni Grétar Gunnarsson á arni@vth.is eða í síma 517 0100. Umsóknir sendist á arni@vth.is og verður farið með þær sem trúnaðarmál. Umsóknarfrestur er til 15. mars. Öllum umsóknum veðrur svarað.

**Viðskiptaþjónustan ÁGG ehf., Dalvegi 16d, 201 Kópavogi Sími 517 0100 Fax 517 0101 Gsm 699 3008 Email vth@vth.is Heimasíða www.vth.is**

## Hjúkrunarfræðingur

**Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar á Kirkjubæjarklaustri auglýsir stöðu hjúkrunarfræðings lausa til umsóknar, um er að ræða 100% starf.**

Nánari upplýsingar veita Margrét Aðalsteinsdóttir, hjúkrunarforstjóri, sími 487 4870 / 894 4985 og Jón Helgason, formaður rekstrarstjórnar, sími 487 4700 / 847 9460.

Fyrirspurnir er einnig hægt að senda á netfangið: **klausturholar@centrum.is.**

Ný og glæsileg hjúkrunarálma var tekin í notkun við heimilið um mitt síðasta ár og verið er að leggja lokafrágang á þjónusturými og lóð við heimlið. Kirkjubæjarklaustur er þéttbýliskjarni í Skaftárhreppi í V-Skaftafellssýslu en í sveitarfélaginu búa um 500 manns. Á Kirkjubæjarklaustri er starfrækt heilsugæslustöð, grunnskóli, tónlistarskóli og leikskóli. Góð aðstaða er til íþróttaiðkunar en á staðnum er ný íþróttamiðstöð með sundlaug og íþróttahúsi og jafnframt er á svæðinu íþróttavöllur og golfvöllur. Náttúrufegurð í Skaftárhreppi er rómuð og mikil uppbygging á sér stað í ferðaþjónustu.

**Umsóknarfrestur er til 31. mars nk.**

Umsóknir sendist á Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar, Hjúkrunarforstjóri, Klausturhólum 3-4, 880 Kirkjubæjarklaustri.

BETTER BUSINESS WORLD WIDE

## Hefur þú gott auga?

Better Business hjálpar þjónustufyrirtækjum á Íslandi að bæta þjónustu sína. Þetta gerum við með með nafnlausum heimsóknum viðskiptavina (e. Mystery shopping).

**Við erum að bæta við okkur fólki um allt land.**

Hægt að fylla út umsókn og ná sér í frekari upplýsingar á **www.betterbusiness.is**

Fyrirtækjum er bent á að senda fyrirspurnir á **info@betterbusiness.is.**

**www.betterbusiness.is**

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

## Höfðatorg - Reykjavík
## Kranamenn

Við leitum eftir metnaðarfullum einstaklingum við byggingu einnar stærstu einkaframkvæmdar í sögu Reykjavíkur.

Gert er ráð fyrir að verkefnið taki u.þ.b. sex ár. Um framtíðarstarf er að ræða

Verkefnisstjóri: Sigurjón gsm 822-4405
Verkstjóri: Baldvin gsm 822-44-31

**ASK Arkitektar** er alhliða arkitektastofa sem fæst við hefðbundin verkefni á sviði arkitekta og innanhússarkitekta, ss. hönnun nýbygginga, endurhönnun eldri bygginga, hönnun húsgagna, skipulag eldri byggðar og nýbyggingasvæða, hönnunarstjórn o.fl **Verkefni** stofunnar hafa verið unnin fyrir fyrirtæki og sveitarfélög og einstaklinga **Teiknistofan** er í nýju húsnæði í miðborginni eru starfsmenn nú 21 talsins

**Við óskum eftir að ráða**

arkitekta og byggingarfræðinga sem fyrst

Umsóknir sendist til Páls Gunnlaugssonar, **pall@ask.is** sem gefur jafnframt nánari upplýsingar.

ASK ARKITEKTAR
Geirsgötu 9 • 101 Reykjavík • Sími 515 0300

VélRás ehf.

## Bifreiða- og vélaverkstæði

Vegna aukinna verkefna vantar:

1) Viðgerðamenn vana þungavinnuvélum og vörubílum.
2) Rennismið
3) Suðumenn/járniðnaðarmenn.
4) Bifreiðasmið/Bílamálara
5) Aðila í sendil störf ásamt fleiru.

Upplýsingar í síma 897-8901.

VEISLAN VEITINGAELDHÚS

Veislan veitingaeldhús óskar eftir Bakara í 100% starf, sem fyrst. Einnig óskum við eftir lærðum eða mjög vönum þjónum í aukavinnu.

Áhugasamir hafi samband við Ísak í síma 821-1031/ 561-2031. Eða sendið tölvupóst á isak@veislan.is

## Skoðaðu þetta !! - Öryggi -

**23 ára í 40% starfi**

| | |
|---|---|
| Mánaðarlaun fyrir 40% starf | 45.387 |
| Kaffitímar (greiddir á hverja vakt) | 2.559 |
| Kvöldálag (5,42 klst.) | 1.261 |
| Nætur/helgarálag (52,10 klst.) | 19.997 |
| Starfsmannafundur (3 klst.) | 3.783 |
| Fatapeningar | 369 |
| Heildarlaun | 73.359 kr. |

Annað:
- Skriflegir ráðningarsamningar
- Orlofs- og veikindaréttur
- Frítt fæði á vakt

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Svæðisskrifstofu Reykjaness í síma 5250900. Sjá einnig heimasíðu **www.smfr.is**

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

## SÖLUFÓLK

Góð laun í boði og tryggar tekjur. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Verkefni frá kl. 17-22 virka daga og frá kl. 13 um helgar.

Nánari upplýsingar veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515 6158 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá á lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is.

## Glæst framtíð

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR HF.

## FORVAL

### Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. Aðgangsstýrikerfi

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. (FLE hf.) óskar eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í lokuðu útboði vegna útvegunar og uppsetningar á nýju aðgangsstýrikerfi í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli.

Verkið felst í endurnýjun alls stjórnbúnaðar, lesara og hluta annars jaðarbúnaðar núverandi kerfis. Verkið verður unnið samhliða stækkun og endurgerð norðurbyggingar flugstöðvarinnar sem nú stendur yfir.

Helstu upplýsingar um útboðið:

**Umfang:**
Kerfið nær yfir aðgangsstýringu á um 150 hurðum
**Útboðstími:**
Afhending útboðsgagna verður um miðjan apríl 2006
**Áætlað upphaf verks:**
Júní 2006
**Verklok:**
1. mars 2007

Forvalsgögn verða afhent frá og með þriðjudeginum 14. mars 2006 á skrifstofu flugstöðvarinnar svo og hjá VSÓ Ráðgjöf, Borgartúni 20, 105 Reykjavík. Hægt er að óska eftir gögnum á rafrænu formi. Umbeðnum upplýsingum í forvalsgögnum skal skilað á skrifstofu FLE hf. eigi síðar en kl. 15:00 föstudaginn 31. mars 2006. Allt að 5 hæfum aðilum verður gefinn kostur á að taka þátt í lokuðu útboði.

Útboðið er auglýst í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

235 Keflavíkurflugvöllur | Sími 425 0680 | Fax 425 0690 | www.airport.is

## ÚTBOÐ

Sveitarfélagið ÁRBORG

**Sunnulækjarskóli - 2. áfangi**

Fasteignafélag Árborgar óskar eftir tilboðum í **2. áfanga Sunnulækjarskóla, Norðurhólum 1, 800 Selfossi**

2. áfangi er að mestu á tveimur hæðum og er samtals um 5.263 $m^2$ og 28.615 $m^3$. Verkið felur í sér uppsteypu og frágang utanhúss, en frágangur innanhús nær til 3.641 $m^2$ og 19.236 $m^3$. Auk þess felur verkið í sér breytingar á nokkrum rýmum í þegar byggðum 1. áfanga. Lóðarfrágangur nær til 23.460 $m^2$ skólalóðar og 15.100 $m^2$ grófjöfnunar á yfirborði.

Verkáfangi nr. 1, sem er 1.039 $m^2$ og 3.824 $m^3$, skal vera lokið 31. maí 2007. Verkinu öllu skal vera lokið 24. júlí 2007.

Útboðsgögn eru seld á kr. 15.000 og fást hjá Framkvæmda- og veitusviði Árborgar, Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Tilboð verða opnuð hjá Framkvæmda- og veitusviði Árborgar, þriðjudaginn 28. mars 2006, kl. 11:00.

Framkvæmda- og veitusvið Árborgar

## ÚTBOÐ

**F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar:**

***Hellur og steinar 2006.***
Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur, **frá og með þriðjudeginum 14. mars**. Opnun tilboða: 28. mars 2006 kl 14:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.10697

Nánari upplýsingar er að finna á **www.reykjavik.is/utbod**

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og rekstrarsvið
Innkaupa- og rekstrarskrifstofa
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

Útboð
Útboð
Útboð





Útboð á Bifreiðum og ýmsu öðru frá varnarliðinu verður 9.-14. mars. Bifreiðarnar verða til sýnis á plani Geymslusvæðisins við Reykjanesbraut gegnt álverinu. Hægt er að skila inn tilboðum á vefslóðinni www.geymslusvaedid.is

**Geymslusvæðið ehf** Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar www.geymslusvaedid.is og í síma 565 4599

RÁÐGJÖF DULSPEKI PÍPULAGNIR NÁMSKEIÐ VERKFRÆÐI SMIÐIR
allt
ný vöru- & þjónustu-
skrá á vísir.is
vísir ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

MÁLARI VIÐHALD PÍPULAGNIR LOFTNET VIÐGERÐIR ÞRIF
allt
... sem þig vantar í
nýja húsnæðið
vísir ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

# Kamína

**Jötul kamína óskast til kaups.**

**Upplýsingar í síma 892 0906.**



## FRÁBÆRT TÆKIFÆRI Á TÁLKNAFIRÐI

## Til sölu: Veitingastaðurinn Hópið, Tálknafirði.

Byggðastofnun auglýsir eftir tilboðum í Hópið, Tálknafirði. Fastanúmer hjá FMR 212-4533. Um er að ræða 187,3m² hús byggt 1981 sem í var rekinn veitingastaður. Tilboð skulu send Byggðastofnun, Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki, fax 455-5499 eða hjalti@byggdastofnun.is

Fasteignamat eignarinnar er kr. 3.807.000.-
Brunabótamat eignarinnar er kr. 12.700.000.-

Nánari upplýsingar eru veittar í Byggðastofnun í síma 455 5400.

**Á Tálknafirði er frábær aðstaða fyrir stöðugt vaxandi straum ferðamanna. Nú er að rísa sumarhúsabyggð rétt við húsið. Sjá einnig upplýsingar á www.talknafjordur.is**

**Sjá einnig fleiri auglýstar eignir á heimasíðu Byggðastofnunar www.byggdastofnun.is**

VINNUEFTIRLITIÐ

## Námskeið um notkun sprengiefna

**Dagana 20. - 24. mars 2006 verður haldið námskeið í Reykjavík um meðferð sprengiefna** ef næg þátttaka fæst. Námskeiðið er ætlað þeim sem öðlast vilja réttindi til að fara með sprengiefni og annast sprengivinnu samkvæmt reglugerð nr. 684/1999 um sprengiefni.

Skráning og nánari upplýsingar hjá Vinnueftirlitinu, Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600. Námskeiðsgjald er kr. 55.000.- sem greiða skal við skráningu.
Athugið að fjöldi þátttakanda er takmarkaður.

**Skógræktarfélag Kópavogs**
Sæbólsbraut 12, Kóp. sími 5545299 gsm. 8998718
Netfang: sigjo@mmedia.is

## Aðalfundarboð

Aðalfundur Skógræktarfélags Kópavogs verður haldinn **fimmtudaginn 16. mars 2006 kl. 20.00 í Félagsheimili Kópavogs, 1. hæð.**

**Fundarefni:**
1. Venjuleg **AÐALFUNDARSTÖRF** – myndir frá starfinu á liðnu ári
2. Formaður gerir grein fyrir viðræðum við Kópavogsbæ
3. Halldór Sverrisson frá lanbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri flytur áhugavert erindi sem hann nefnir: **Að búa til betri tré.**
4. Önnur mál

Kaffiveitingar
***Mætum öll vel og stundvíslega***

Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík

## FRÍKIRKJUSÖFNUÐURINN Í REYKJAVÍK

***Aðalsafnaðarfundur Fríkirkjusafnaðarins verður haldinn sunnudaginn 19. mars, eftir messu kl 14:00, í Fríkirkjunni.***

**Dagskrá :**
1. **Skýrsla stjórnar safnaðarráðs**
2. **Skýrsla safnaðarprests**
3. **Reikningar safnaðarins lagðir fram**
4. **Kosning í safnaðarráð og trúnaðarstörf**
5. **Önnur mál**

**Hef hafið störf á LÖGMANNSSTOFUNNI SKEIFUNNI, Skeifunni 11a, 108 Reykjavík.**

**Hulda Rós Rúriksdóttir, héraðsdómslögmaður hrr@lsk.is**

*Uppgjör slysabóta, hjónaskilnaðir, kaupmálar, sambúðarslit, erfðaskrár, skipti dánarbúa, jafnréttismál, vinnuréttur, skipulags- og byggingamál og önnur þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki.*

## Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar

### Innritun í grunnskóla Mosfellsbæjar fyrir skólaárið 2006-2007.

Innritun 6 ára barna (fædd 2000) fer fram í grunnskólum Mosfellsbæjar dagana
**13. og 14. mars frá kl. 10:00 - 14:00.**

**Í Mosfellsbæ geta foreldrar/forráðamenn valið í hvorn grunnskólann þeir senda barn sitt. Komi til þess að aðsókn í tiltekinn skóla er meiri en húsrými leyfir hafa þeir nemendur forgang sem búa á skólasvæðinu.**

**Varmárskóli** tekur á móti skráningum í síma 525 0700 (bæði í yngri og eldri deild), á sérstöku eyðublaði á heimasíðu skólans www.varmarskoli.is eða í gegnum netfangið varmarsk@ismennt.is.

**Lágafellsskóli** tekur á móti skráningum í síma 525 9200, á sérstöku eyðublaði á heimasíðu skólans www.lagafellsskoli.is eða í gegnum netfangið lagafell@lagafellsskoli.is.

**ATH. Innritun í Dægradvöl beggja skóla fer fram á skrifstofum skólanna eftir 15. ágúst**

**Auk þess fer fram innritun nemenda sem eru að flytjast milli skólahverfa í Mosfellsbæ eða frá öðrum sveitarfélögum.**

Sérstök athygli er vakin á því, að umsóknarfrestur til að stunda nám í grunnskólum annarra sveitarfélaga er til 15. apríl og skulu umsóknir berast Skólaskrifstofu á eyðublöðum sem liggja frammi í þjónustuveri Mosfellsbæjar. Einnig er hægt að sækja um rafrænt á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is (Stjórnsýsla-umsóknir). Sækja þarf um að nýju fyrir hvert skólaár.

Upplýsingar um skipulag skólasvæða og reglur um skólavist grunnskólabarna eru á heimasíðu Mosfellsbæjar, www.mos.is (Skólar og æskulýðsstarf-grunnskólar-almennar upplýsingar).

**Áríðandi er að foreldrar innriti börn sín á þessum tíma.**

Grunnskólafulltrúi.



www.kti.is

## Kælitæknifélag Íslands boðar til fundar !

**Kælitæknifélag Íslands boðar til fundar þriðjudaginn 14. mars 2006 á Grand Hótel Reykjavík kl. 20:00 til 22:00.**

**Fundarefni :**

**20:00 - 20:30** **Ný kælitækni við geymslu á ferskum fiski,**
Heimir Tryggvason, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

**20:30 - 21:00** **Olíur í kælikerfum,**
Herbert Herbertsson, ESSO.

**21:00 - 21:30** **Kaffihlé**

**21:30 - 22:00** **Íshúsið, kynning,**
Tómas Hafliðason

**Stjórn Kælitæknifélags Íslands.**
**www.kti.is**

## Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016

Hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 7. febrúar 2006 að óska eftir afgreiðslu Skipulagsstofnunar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 til staðfestingar umhverfisráðherra, sbr. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Hreppsnefnd hafði þann 6. september 2005 óskað eftir sömu afgreiðslu Skipulagsstofnunar en fékk synjun stofnunarinnar við þá afgreiðslu, vegna breytinga sem gerðar voru á aðalskipulaginu eftir auglýsingu. Hreppsnefnd hefur afgreitt athugasemdir Skipulagsstofnunar og sent stofnuninni niðurstöðu sína. Vegna athugasemdanna voru gerðar eftirfarandi breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016:

1. Fellt er burt 100 ha frístundasvæði á jörð Skarðs I og II.
2. Fellt er burt 57,5 ha svæði með blandaða landnotkun, frístundasvæði / opið svæði til sérstakra nota, á jörð Sandlæks.
3. Blönduð landnotkun, iðnaðarsvæði / athafnasvæði, er skilgreind á svæði norðan Brautarholts þar sem áður var skilgreint athafnasvæði.
4. Felld er burt málsgrein varðandi fyrirvara um að Landsvirkjun verði gert að ábyrgjast greiðslu bóta sem kunna að falla á sveitarfélagið vegna skipulagsins, þar sem slík bótasylda er ekki málefni aðalskipulags.
5. Skipulagi er frestað á þeim svæðum sem taka til Norðlingaölduveitu.

Tillagan hefur verið send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu hennar. Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöðu hreppsnefndar geta snúið sér til skrifstofu Skeiða- og Gnúpverjahrepps eða kynnt sér niðurstöðu aðalskipulagsins á heimasíðu sveitarfélagsins www.skeidgnup.is.

Niðurstaða hreppsnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps var áður auglýst þann 16. október 2005, í kjölfarið á afgreiðslu athugasemda sem komu á auglýsingartíma aðalskipulagsins.

Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

... í öruggum höndum

FASTEIGNASTOFAN

565 5522

# OPIN HÚS Í DAG

## milli kl. 14 - 16

### Burknavellir 1C, Hf.



Í sölu glæsileg og rúmgóð **„penthouse“** íbúð í fallegu og klæddu fjölbýli á Völlunum. **Íbúðin er alls 135 fm. auk stæðis í upphitaðri bílgeymslu.** Glæsilegar innréttingar, gegnheilt parket á gólfum, 4 góð svefnherbergi. Tvennar svalir. *„Einstaklega falleg eign sem vert er að skoða“.* **Verð kr. 31,7 millj**. **Íbúðin er laus til afhendingar. Gengið er inn um sérinngang á annarri hæð, íbúð merkt 205, Gunnar og Agla á hurð.**

### Mýrargata 2, Hf.



Í einkasölu mjög falleg og **mikið endurnýjuð** sérhæð á annarri hæð ásamt sérstæðum bílskúr á góðum stað miðsvæðis í Hafnarfirði. Íbúðin er alls 112 fm. auk 25 fm. bílskúr. Nýtt parket á gólfum, eldhúsið allt nýendurnýjað og einnig baðherbergi. þrjú svefnherbergi. Verð kr. 27,9 millj. ***Magnús og Guðbjörg á bjöllu.***

Frum

GARÐATORG EIGNAMIÐLUN

Garðatorg 7 • 210 Garðabæ
545 0800
gardatorg@gardatorg.is
www.gardatorg.is

## OPIÐ HÚS Í DAG KL. 15 - 16 HOLTÁS Í GARÐABÆ



Mjög fallegt samtals 205 fm einbýli á einni hæð við hraunjaðarinn í nýjasta hverfi Garðabæjar, Ásunum. Vel skipulagt og rúmgott hús. Stór timburverönd með heitum potti. **Verð 62,8 millj.** Verið velkomin. Sölumaður: Þórhallur síma 896-8232

## OPIÐ HÚS Í DAG KL. 15 - 17 KARLAGATA 17 - RVK



Ólína tekur á móti áhugasömum og sýnir íbúð sína sem er mjög fín 3a herbergja íbúð á 2 hæð í góðu húsi. Góð eign á frábærum stað rétt við miðbæ Reykjavíkur. **Verð 16,2 millj.** Verið velkomin. Sölumaður: Sigurður, sími 898-3708

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Óðinsgötu 4 • Sími 570 4500 • Fax 570 4505 • Kt. 440973-0359
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

## LAUGALÆKUR 15

RAÐHÚS, TVÆR HÆÐIR OG KJALLARI.

## OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 14-16





Mjög gott og þó nokkuð endurnýjuð 174 fm raðhús, tvær hæðir og kjallari. Á neðri hæð eru hol/borðstofa, eldhús með góðri borðaðstöðu, flísalögð gesta snyrting og parketlögð rúmgóð stofa. Á efri hæð eru sjónvarpshol, 3 góð herb., öll parketlögð og skápar í öllum og nýlega endurnýjað baðherbergi auk rislofts. Í kjallara eru 1 herb., snyrting, þvottaherb. og góð geymsla. Tvennar svalir, til suðvesturs út af stofu og til norðausturs af stigapalli. Ræktuð lóð með stórum sólpalli og skjólveggjum. Þak hússins er nýtt. **Verð 39,5 millj.**

**Eignin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 14-16.**
**Verið velkomin.**

## NAUSTABRYGGJA 18 OPIÐ HÚS



Glæsileg 95 fm íbúð á 1 hæð með góðri timburverönd í glæsilegu litlu fjölbýlishúsi ásamt stæði í bílskýli. Íbúðin er laus strax. Húsið er klætt að utan með áli og þannig nær viðhaldsfrítt. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Óskað ef eftir tilboðum í íbúðina.

**Ragnhildur og Ingi sýna ibúðina í dag, sunnudag milli kl. 14-16. Allir velkomnir.**

VALHÖLL FASTEIGNASALA

**Síðumúla 27 – Sími 588 4477**
*Ingólfur Gissurarson lögg.fasteignasali.*

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
513 4300
Salómon Jónsson lögg. fasteignasali

Ingvaldur Mar Ingvaldsson
Viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is

## SKARTGRIPAVÖRUVERSLUN

Hef til sölumeðferðar skartgripavöruverslun sem hefur þá sérstöðu á markaðnum að vera á þremur bestu sölusvæðum á höfuðborgarsvæðinu. Góð velta og góður rekstur.

Hafir þú áhuga á að kanna þennan mjög svo spennandi fjárfestingakost hafðu samband við Ingvald, ingvaldur@husid.is eða komdu á skrifstofu okkar að Suðurlandsbraut 50 (bláu húsin við Faxafen).

www.husid.is

RE/MAX®

# VIÐ SELJUM EIGNINA ÞÍNA Á INNAN VIÐ 90 DÖGUM

## EÐA VIÐ BORGUM ÞÉR 100.000 KR

Við treystum það mikið á dugnað okkar og markaðssetningu að við erum til í að veita þér **árangurstryggingu**. Hringdu og fáðu nánari upplýsingar. Ekki taka áhættu, það er okkar starf.

100.000

- **Toppþjónusta, topptrygging, toppárangur**
- **100.000 kr. árangurstryggingin gildir fyrir öll einbýli og fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu**
- **Margsönnuð vinnubrögð sem virka**
- **Gildir ekki hjá öðrum RE/MAX sölufulltrúum. Áskiljum okkur rétt til að hafna eignum**

## *Hringdu núna og fáðu skuldbindingalaust sölumat*



Ella Lilja
Sigursteinsdóttir
lögg.fasteignasali

RE/MAX Borg
Tryggvagötu 11
101 Reykjavík
522-2800

Brynjar
Sölufulltrúi
**696 8875**
brynjar@remax.is





Einar
Sölufulltrúi
**663 1818**
einar@remax.is

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

# Grjótasel 3
## Sölusýning í dag klukkan 15-17



## Frábær staðsetning í Seljahverfi





**Grjótasel 3.** er einstaklega vel staðsett og stórglæsilegt mikið endurnýjað hús. Það er skráð 302,5 fermetrar með 36 fm tvöföldum bílskúr. Þar fyrir utan er c.a 25 fm risherbergi. Mögulegt er að hafa tvær íbúðir í húsinu þar sem sérinngangur er á neðri hæð. Húsið stendur á skjólsömum rólegum stað við fallegt óbyggt útivistarsvæði með litlum læk. Mjög gott útsýni er af efri hæð. Lóðin er nýlega endurgerð með 78 fm palli og nuddpotti. Hellulagt er meðfram húsinu og stór verönd við inngang neðri hæðar. Útigeymsla og fjögur bílastæði eru við húsið. Stöðugar endurbætur hafa verið gerðar frá 1998, m.a. er nýtt: eldhús, baðherbergi, gler, hurðir og margt fleira. **Verð: 65 m.**

Runólfur Gunnlaugsson
Löggiltur fasteigna- fyrirtækja- og skipasali

**Símar 533-6050 og 565-8000**
Suðurlandsbraut 20 - Bæjarhraun 22
*Við höfðum til þín - hofdi.is*

HÖFÐI

allt
auglýsingasími
550 5880

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
FAX 533 4041
Kjöreign ehf
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is

# NJÁLSGATA – EINBÝLI





Kynnum með stolti glæsilegt einbýlishús á hornlóð með bílskúr. Tvær hæðir og ris. Möguleiki á sér íbúð í kjallara. Eignarlóð. Stórar svalir. Húsið er bárujárnsklætt timburhús byggt árið 1910. Skúrinn er steyptur byggður árið 1956. Stærð alls 181,1 fm. Hellulagt bílastæði er á lóðinni.

**HÚSIÐ HEFUR VERIÐ NÁNAST ENDURBYGGT Á SÍÐUSTU ÁRUM. SJÓN ER SÖGU RÍKARI. EINSTÖK EIGN. NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR KRISTINN WIIUM Í S. 533 4040 OG 896 6913.**

Kristinn Valur Wiium
Sölumaður Sími: 8966913

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri Sími: 8964090

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
FAX 533 4041
Kjöreign ehf
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is

# ÞÓRÐARSVEIGUR - ÚTSÝNI




Mjög góð 3ja herb. íbúð á þriðju og efstu hæð í lyftuhúsi. Stæði í bílageymslu. Sér þvottahús í íbúð, flísalagt bað. Góðar innréttingar. Sér inngangur. Glæsilegt útsýni.
**LAUS STRAX Verð: 20,5 millj.** Nr. 3873

Kristinn Valur Wiium
Sölumaður Sími: 8966913

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri Sími: 8964090

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
FAX 533 4041
Kjöreign ehf
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is

# LÓMASALIR - ENDARAÐHÚS




Falleg og vönduð eign á tveimur hæðum. Stærð 217,8 fm. Innbyggður bílskúr. Rúmgóð stofa, fjögur svefnherbergi og sjónvarpsherbergi. Húsið er vel staðsett og skipulag er gott. FRÁBÆR BARNVÆNN STAÐUR. GLÆSILEGT ÚTSÝNI. **Verð: 44,9 millj.**

Kristinn Valur Wiium
Sölumaður Sími: 8966913

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri Sími: 8964090

TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
FAX 533 4041
Kjöreign ehf
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is

# OPIÐ HÚS Í DAG SUNNUDAG KL. 14-15



**HÁALEITISBRAUT 47 m/bílsk.**
Falleg og mikið endurnýjuð 4ra til 5 herb. íbúð á 4. hæð ásamt bílskúr. Rúmgóð stofa með vestursvölum. Endurn. eldhús og gólfefni. Fallegt útsýni. **Ath. Afh. í júní. Áhv. góð lán. Verð 25,9 millj.**
**Sunneva og Jakob taka á móti áhugasömum frá kl. 14 - 15 í dag, sunnudag.**

Kristinn Valur Wiium
Sölumaður, sími: 896 6913

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími: 896 4090

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
Óðinsgötu 4 • Sími 570 4500 • Fax 570 4505 • Kt. 440973-0359
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is

## HRINGBRAUT 91
EFRI HÆÐ OG RIS ÁSAMT BÍLSKÚR
### OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 14-16



Falleg 151 fm 6 herb. hæð og ris í góðu þríbýlishúsi ásamt 20 fm bílskúr. Hæðin skiptist m.a. í rúmgóðar samliggjandi stofur með útgengi á vestursvalir, eldhús með snyrtilegri viðarinnréttingu, 4 herbergi og baðherbergi sem er flísalagt í hólf og gólf. Þvottaaðstaða í geymslu innan íbúðar. Nýtanlegur gólfflötur í risi er um 80 fm og hefur verið allt nýlega einangrað og býður upp á marga möguleika. Bílskúr upphitaður og raflýstur. Afgirtur og fallegur suðurgarður.
**Verð 35,9 millj.**

**Eignin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 14-16. Verið velkomin.**

## SKAFTAHLÍÐ 18
MJÖG GÓÐ 5 HERB. ÍBÚÐ, SIGVALDABLOKKIN
### OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 14-15



Mjög björt, opin og afar vel skipulögð 111 fm 5 herb. íbúð á 3. hæð, íbúð 0301, í þessu fallega og eftirsótta fjölbýli, Sigvaldahúsinu. Rúmgóðar stofur, þrjú rúmgóð svefnherbergi, nýlegt eldhús og flísalagt baðherbergi. Tvennar svalir í suður og austur. Parket á allri íbúðinni. Stutt í skóla og leikskóla. Rólegt og skjólsælt hverfi.
**Verð 24,9 millj.**

**Íbúðin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 14-16. Verið velkomin.**

## KRISTNIBRAUT 27
GÓÐ 3JA HERB. ÍBÚÐ MEÐ SÉR VERÖND
### OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17-18



Mjög falleg og vel skipulögð 90 fm 3ja herb. íbúð á jarðhæð, íbúð 0102, þ.m.t. 8,0 fm geymsla í kjallara. Björt stofa með útgengi á afgirta hellulagða verönd til suðurs, 2 rúmgóð herb., eldhús með fallegri viðarinnréttingu og vönduðum tækjum og baðherbergi flísalagt í gólf og veggi. Þvottahús innan íbúðar.
**Verð 22,9 millj.**

**Íbúðin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 17-18. Verið velkomin.**

## Víkubraut - 3ja herb. - Höfn




Vorum að fá í sölu 103 fm endaíbúð á 3.hæð í þessu eftirsótta húsi fyrir eldri borgara. Mikil sameign fylgir eigninni. Lyfta er í húsinu. Sólstofa og svalir. Frábært útsýni. Allar nánari uppl. hjá sölumönnum Höfða.

**Óskað er eftir tilboði í eignina.**

HÖFÐI
Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Bæjarhrauni 22
Sími 565 8000

Runólfur Gunnlaugsson lögg. fast.sali – Kristín Pétursdóttir, lögg. fast.sali

---

LUNDUR FASTEIGNASALA
SÍMI 533 1616 FAX 533 1617
SUÐURLANDSBRAUT 10, 2.HÆÐ, F/OFAN BLÓMASTOFU FRIÐFINNS, 108 REYKJAVÍK

## SÓLARSALIR - 5 HERB.



Nýleg og glæsileg, fullbúin, 137 fm 5 herbergja endaíbúð á miðhæð í fallegu 5 íbúða húsi. Rúmgott hol, eldhús með sérsmíðaðri og vandaðri innréttingu, borðstofa, stór stofa með útgengi á stórar suð-vestursvalir, 4 rúmgóð svefnherbergi, þvottahús og flísalagt baðherbergi með breiðu baðkari og sturtu. Stutt í leikskóla, grunnskóla, íþróttahús, sundlaug o.fl. 5037

*Jóhannes Ásgeirsson hdl., lögg. fasteignasali*

---

LUNDUR FASTEIGNASALA
SÍMI 533 1616 FAX 533 1617
SUÐURLANDSBRAUT 10, 2.HÆÐ, F/OFAN BLÓMASTOFU FRIÐFINNS, 108 REYKJAVÍK

## NÝ RAÐHÚS Í MOSFELLSBÆ



Ný 186 fm raðhús með innbyggðum bílskúr í byggingu við Þrastarhöfða. Húsin sem eru álklædd timburhús verða afhent fullbúin að utan en tilbúin til innréttinga í júní n.k. Verð á millihúsi er 36,5 millj. 4826

*Jóhannes Ásgeirsson hdl., lögg. fasteignasali*

---




---

LUNDUR FASTEIGNASALA
SÍMI 533 1616 FAX 533 1617
SUÐURLANDSBRAUT 10, 2.HÆÐ, F/OFAN BLÓMASTOFU FRIÐFINNS, 108 REYKJAVÍK

## VIÐARÁS Í SELÁSHVERFI



Gott einnar hæðar rað-eða keðjuhús með bílskúr.Fremri forstofa með skápum, hol, stofur með útgengi í suðurgarð, eldhús, 3 svefnherbergi, þvottahús og baðherbergi. Innrétttingar eru vandaðar, arinn í stofu og flísar eru á öllum gólfum. Í báðum görðum, þ.e. norður og suður, eru sérhannaðar stéttir, pallar og verandir sem ásamt fallegum gróðri nýtur sín best að sumri. **V. 40,8 m.** 5033

*Jóhannes Ásgeirsson hdl., lögg. fasteignasali*

---

# BYGGINGARLÓÐ 101 REYKJAVÍK

Vorum að fá í sölu byggingarlóð (EIGNARLÓÐ) í 101 Reykjavík. Frábært tækifæri. Frekari uppl. veitir Jón Örn á Ás. **Verð 59 millj.**

ÁS FASTEIGNASALA
Hafnarfirði, Fjarðargötu 17
Sími 520 2600, Fax 520 2601
Netfang: as@as.is
Heimasíða: www.as.is
Kári Halldórsson
lögg. fasteignasali

**Opið virka daga kl. 9–18**

---

ÁS FASTEIGNASALA
**Hafnarfirði**
**Fjarðargötu 17**
**Sími 520 2600**
**Fax 520 2601**
**Netfang as@as.is**
**Heimasíða: www.as.is**
**Kári Halldórsson,**
**lögg. fasteignasali**

**Byggingaraðili**
FJARÐARMÓT EHF
BYGGINGAVERKTAKAR

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is
Magnús Emilsson, löggiltur fasteignasali

# OPIÐ HÚS kl. 13-17 Á DREKAVÖLLUM 18 - HAFNARF.












**Kíktu í heimsókn til okkar á Drekavöllum 18 í dag frá kl. 13-17. Sölumenn verða á staðnum. Tvær glæsilegar fullbúnar sýningar íbúðir.**

# allt - sem þig vantar


SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18 LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16


## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLASALA ÍSLANDS



Nýir 2006 Disel Hyundai Santa Fe 2.0 Crdi Style 4wd 125 hestöfl, sjálfskiptur, hraðastillir, spólvörn, ABS, tölvustýrð miðstöð með loftkælingu, leður á sætum, stýri og gírhnúð. Glertopplúga, 16" álfelgur, toppbogar, dökkar rúður. Verð 2.930.000. Skoðum skipti.

**Bílasala Íslands**
**Skógarhlíð 10, 110 Rvk.**
**Sími: 510 4900**
**www.bilasalaislands.is**

Bílalíf.is Bílasala Matthíasar



Peugeot 206 XR 1400, árg. 1999, ek. 94 þ. km. beinsk. V. 590 þ. Tilboð 450 þ. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf, s. 562 1717, sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**www.bilalif.is**

SPARIBÍLL



Nýr Dodge Magnum 5,7 L R/T. 340 hestafla lúxus station bíll. Leðurinnrétting, glerlúga, allt rafknúið, 18" álfelgur, sjálfvirk miðstöð ofl. Til sýnis á staðnum. Verð aðeins 4.390 þús.

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

12 Volt



Dodge Ram 1500 SLT 5.7L. Nýr bíll Evrópugerð. V8 4x4. ssk. 20" krómfelgur, leður, hraðast., rafmagn í sætum, 6 diska geislasp., o.fl. Uppl. í s. 565 2500.

**12 Volt**
**Malarhöfða 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 565 2500**

## Bílar til sölu






Subaru Legacy GL/SD 2.0 AWD. árg. '03, ek. 50 þús. Glæsilegur bíll. Verð 1680 þús. Sími 660 7050.



VW Polo 1400, 1996, ek. 187. Nýskoðaður, 5 dyra, 5 gíra, grænn. Fínn bíll. Fæst fyrir aðeins 150 þús. Fyrstir koma fyrstir fá. S. 691 4441.



Algjör gullmoli til sölu, Opel Zafira Art Ed sjálfsk. 09/2002, ek. 38 þ. ABS armpúði, dráttarkr. Sumardekk á álfelgum, vetrardekk á felgum, upphækkaður. Verð 1.650 þús. Möguleiki á bíláláni. Engin skipti. Uppl. í s. 860 7519.



### Einn alvöru til sölu!

Cadillac STS '99, 300 hö, sjálfsk., framhj. drif, hlaðinn búnaði - upptalning rúmast ekki hér ! Eyðsla 9-10 ltr. á langkeyrslu. Ath. skipti á ódýrari. Verð kr. 2.190 þús. S. 893 5039.



Toyota Hilux X-Cab árg. '90, ek. 165 þús. 38" dekk. Uppl. í s. 898 4988.



Nýr LC120 GX 2006, ek. 0 km, spól/skriðvörn, tölvust. miðst., 35"+kassi, spoiler, filmur. Verð 5 manna. 5.790 þ. 7 manna 5.890 þ. Uppl. í s. 898 2832.




Leitin að nýjum bíl hefst á www.islandus.com. Við seljum bíla langt undir markaðsverði, veitum öfluga þjónustu, allt að 5 ára ábyrgð og útvegum bílalán. Ef draumabíllinn þinn er ekki til á vefnum okkar í dag, finnum við hann fljótt með alþjóðlegri bílaleit. Gerðu kjarakaup í Bílabúð eða reyfarakaup á Bíla-Uppboði Islandus.com. Sími þjónustu. 552 2000 og netspjall við sölumenn er á www.islandus.com.



Til sölu VW Polo árg. 2004, ek. 30.000 km. Ekkert út og 14.000 krónur á mánuði. Uppl. í s. 660 0570.



Til sölu þessi glæsilegi og vel með farni Range Rover árg. 2002, svartur og með ljósri leðurinnréttingu. Ekinn 48.000 km og lítur út sem nýr. Einn eigandi frá upphafi. Bílinn er fluttur inn af B&L og hefur verið þjónustaður þar. Verðtilboð. Uppl. veittar í s. 861 6009 og 554 2809.



7 manna Dodge Grand Caravan '05, ek. 38 þ. m. 4 captein stólar, sjálfsk. cruise control, CD, rafm. í rúðum og speglum, lituð gler, þokuljós, loftkæling frammí og aftur í o.fl. Verðtilboð 2.990 þ. Uppl. í s. 617 1819.



Opel Astra árg. '02, ek. 30 þús. 1600 vél. Uppl. í s. 567 1083 eða 896 5611.



BMW 730v8 til sölu, árg. '95, mikið endurnýjaður. Tilboð óskast. uppl. s. 868 1155.



Lítið keyrður Passat 1,8 árg. '97 til sölu. Verð 650.000, ek. 80.000, ný tímareim, álfelgur, litað gler og spoiler. Uppl. 5883310 eða 8204608.

Gullfallegur Chrysler Limited er til sölu, ekinn 85 þ. 2001. Uppl. í s. 864 7453.

Toyota Avensis station árg. '98, hvítur, ek. 132 þ. Beinsk. 1600 vél sk. '07. CD, rafmagn í rúðum og speglum sumar- og vetradekk. Áhvíl. 439 þ. Afb. á mán. 14 þ. Tilboð óskast. Uppl. í síma 849 5740.

Toyota Land Cruiser árg. '87, breyttur 33". Uppl. í s. 692 2820.

Toyota Corolla '98. 1,6.Sjálfsk. 5d.Ek.71 þús.Áhvíl 329.15 á mán.Ásett 650 þús fæst á 550 þús 221 út.Uppl s. 895 0817.

Til sölu Ford F150 Lariat, árg. '04, ekinn 50 þús. km. Ný dekk, leðurklæddur og m/öllum aukahlutum. Gott verð. Uppl. í síma 893 7518 & 862 0062.

## 0-250 þús.




Pyle.is er með fulla búð af græjum í bílinn þinn. Gerðu verðsamanburð. Sendum út á land. Pyle.is S. 893 1994, Pyle@Pyle.is




Skoda Felicia '99, ek. 92 þús. Sk. '07, tímar. V. 180 þús. Uppl. e. kl. 17, s. 696 9250.



Opel Astra '97, ekinn 132 þ. Einn eigandi. Skoðaður '07, ný tímareim, CD, sumardekk á álfelgum, vetradekk. Ásett verð 250 þús. Uppl. í s. 5644 395.



Ford Econoline 150 4x4 '91 ferðabíll til sölu. Nýl. 35" dekk. Vel meðf. Uppl. í s. 660 9929 & 557 9567.



Hyundai Elantra Station árg. '96, sk. '07. Verð 170 þús. S. 820 3478.



Subaru Impreza árg. '95, 2WD, ek. 160 þús. Verð 250 þús. Uppl. í s. 568 2515 & 690 1957.

Peugeot 206 árgerð 1991, ótrúlega góður og spar á bensín. Tilboð 50.000. Upplýsingar í síma 893 1177 eða ffmj@simnet.is

M. Benz 309 '85 selst í heilu lagi eða pörtum, ek. 220 þ. Talsvert af nýjum boddyhlutum fylgja. Góð dekk. S. 431 2422 & 864 2422.

Volvo 440, árg. 95. ek. 143 þk. sk. 06, dökkgrænn, góður bíll sem þarfnast viðgerðar, Tilboð 60 þús. Uppl. 849-6163

Toyota Corolla XLi '97, ek. 179 þ., 3ja d. Verð 250 þ. S. 567 6565 & 820 0194.

Nissa Sunny árg. '94, ek. 180 þús. Ný dekk og nýsk. Verð 160 þús. Uppl. í s. 897 3673.

## 250-499 þús.



VW Golf 1,6 Variant stw. skr. 6/'99, ek. 123.000 km, sumar + vetrardekk. V. 490 þús. S. 552 7873 & 899 7873.



Opel Corsa árg. '99, ek. 125 þús. km, toppbíll. Verð 400 þús. S. 868 5449.



Til sölu Toyota Exta-Cab árg. '91. Tilboð óskast. Uppl. í s. 868 8275.



Nissan Micra árg. '98, ek aðeins 76 þ.km. Vetrar- og sumardekk og CD. Mjög góður bíll! Uppl. í s. 896 2644 eða 869 3900.



Til sölu Toyota Corolla XLi árg. '96, ekinn 160 þ. Nýskoðaður. Reyklaus. Sumar og vetrardekk. Verð aðeins 290 þ. S. 862 9416.

Civic '98, ek. 122 þ. 150 þ. út + yfirtaka á láni 240 þ., afb. 9 þ. á mán. S. 693 9053.



Honda Civic '96 ek.137þ.km. vetrard. og sumard. á álf. vel með farinn Verð 350þ. S.8692481



Peugeot 306 árg 98 ek. 80þ km Ný tímareim og í góðu standi, V. 290Þ, s. 8988276

### Útsala

Daewoo Matiz árgerð 2001, ekinn 44 þús. Áett verð 480 þús. stgr. 280 þús. Brúnn. Sími 899 8237.

BMW 735 IL. Í topplagi. Fallegur bíll. Árg. '93. Verðtilboð. Uppl. í s. 898 0980.

Til sölu sjálfskiptur Subaru Forester '98, ek. 121.000. Þarfnast pínu lagfæringar en lítur vel út. V. 400.000 kr. S. 862 0308.

Til sölu VW. Polo, grænn, skr. 12.99. Ekinn 75 þ. km. Álfelgur, ný vetrardekk, nýtt púst, o.fl. Í toppstandi. Verð: 380 þ. stgr. Uppl. í síma 8496628.

Toyota Corolla '96 ekinn 170. þús. km. Ný skoðaður, sumar og vetrardekk. verð 290.000 uppl. í síma 856-4446

## 500-999 þús.



### Góður & flottur

Til sölu Opel Vectra 1.6 '99 ek. 94 þús. Geislasp., rafm í rúðum, speglum. Flottar 17" álfelgur á low profile dekkjum fylgja með. Nýleg nagladekk á álfelgum. Verð 750 þús. Upplýsingar í síma 821 8333.



### M.Benz E 300 4Matic

Vel með farinn, gott lakk. Innfluttur '97, ssk., árg. '91, 4x4, leður, lúga, rafmagn í öllu, hiti í sætum, dráttarkúla, nýsk. án athugasemda, aukadekk. Verð 550 þús. Uppl. í s. 698 6926.



Til sölu VW Passat árg. '98, ek. 105 þús., sk. '06, mjög vel með farinn, lítur vel út. Verð 890 þús. Uppl. í s. 844 8020.



Toyota Yaris Luna 1300, VVTI árg. '00, ek. 99 þús., góður bíll. Tilboð 650 þús. stgr. Uppl. í s. 821 8415.



Dodge Stealth árg. '94 nýsk. '07, ca 220 hestöfl, 18" krómfelgur, leður, CD. Verð 690 þús. Ath. öll skipti. S. 691 1001.



Opel Astra '00 til sölu. Ek. 125 þús. Verð 550 þús. S. 692 3443.

Fyrirliggjandi stigar og handrið tilbúið til uppsetningar. Ál, stál, gler, tré, plast og ryðfrítt, einnig sérsmíði og uppsetning. Stigalagerinn Dalbrekku 26 s. 564 1890.




**Comet iðnaðarryksugur**
Tvær gerðir, verð frá kr. 12.608 m/vsk. Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F,110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.



**Stubbastrumpar.**
Góð lausn fyrir alla vinnustaði, verslanir og fl.. Snyrtilegir og auðveldir í notkunn. Henta einnig vel fyrir tyggjógummí. Uppl. í s. 847 7995 & 699 2698.



Risa útsala er hafinn. Ekta skinn pelsar og úlpur. Einnig stórar stærðir. Vaxtalausar léttgreiðslur. Sigurstjarnan, S. 588 4545. Fákafeni (bláu húsin) Opið 11-18 virka daga og 11-15 laugardaga. Opið þann 12 mars. (sunnudag) frá 13-16.




Vídeóspólur til sölu, aðeins 390 kr. Yfir 400 titlar. Sælgætis og Vídeóhöllin, Garðatorgi 1.

**Frystigámur með hljóðgildru**
20 feta mjög góður frystigámur með glænýrri hljóðgildru til sölu. Staðsetning Selfoss. Uppl. Bergur í s. 898 2466 & 481 2664.

X-Box 360 og PSP til sölu, fást saman á 30-35 þ. PSP er en í ábyrgð, mjög vel með farið. Leikir og aukahlutir fylgja með. Getur selst sitthvort. Uppl. í síma 691 4832, e. kl. 17:00.

**Golfsett**
Til sölu vinstrihandar golfsett. Uppl. í s. 898 4534.

## Hljóðfæri

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. S. 690 2020. www.harmonikan.is.

## Tónlist

Óska eftir notuðu Yamaha trommusetti. Verðhugmynd 50 þús. Uppl. í s. 896 0416.

Æfingahúsnæði fyrir hljómsveitir til leigu. Góð aðstaða og staðsetning. S. 661 1862 & 896 9585.

## Tölvur

**Ódýrar tölvuviðgerðir!**
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894.

## Til bygginga

Eldvarnar- stálhurðir
Til á lager
Getum útvegað flestar stærðir og gerðir hurða
formaco
Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík
Sími: 577 2050 • Fax: 577 2055
formaco@formaco.is • www.formaco.is

Eigum til afgreiðslu hinar vinsælu
icaro
Járnabeygjuvélar og klippur
Kynnið ykkur verð og gæði
KVARNIR
Tunguháls 15
sími: 564 6070
www.kvarnir.is

ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Nostra Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur fyrirtækja-, flutnings-, stigagangaþrif og teppahreinsanir, bónvinnu og gluggaþvott. Uppl. í s. 578 1450 eða senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

Tökum að okkur þrif í heimahúsum Uppl í s. 849 9784

## Garðyrkja

Trjáklippingar, fellingar. Vandlátir velja fagmennsku og vandvirkni. Garðyrkjufræðingur. S. 843 9058.

**www.gardyrkjan.is**

## Bókhald

Bókhald. Bókhaldsþjónusta, laun, skattframtöl. Sveinbjörn, s.: 898 5434, netfang: svbjarna@simnet.is.

**Framtal 2006**
Sérstök þjónusta fyrir kaupendur og seljendur fasteigna. Sæki um frest. Vönduð vinna. Opið um helgar. Framtalsþjónustan, s. 533 1533.

Bóhald, ársreikn. og skattframt. Mikil reynsla. Sanngjarnt verð. Bókhaldsþjón. Gunnars ehf. Ármúla 1, 108 Rvk. 533 2727.

## Fjármál

Framtalsþjónusta HR. Einfalt framtal kr. 2.700. Tímapantanir í s. 663 4141.

## Málarar

**Á eftir að mála?**
2 samhentir málarar geta bætt við sig inniverkefnum. Tilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 693 0999, FB málarameistarar.

**Vestmann ehf.**
Málarar geta bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 865 7283 & 898 9996 eða torfi.vestmann@simnet.is

## Húsaviðhald

HÚSEIGNAÞJÓNUSTAN
Sími 892-1565

892 1565 - Húseignaþjónustan - 552 3611. Lekaþéttingar - þakviðg. - múrviðg. - húsakl. - öll málningarvinna - háþrýstiþv. - þakþéttiefni (500% teygjanl.).

Viðhaldsvirkni Ehf
Málarameistari, múrarar og smiðir geta bætt við sig verkum í málun utan sem innan, steypu-múr-uppsteypu -sprunguviðgerðir - -tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna.
Leitið tilboða ykkur að kostnaðalausu.
Símar 517 0117 og GSM 661 0117 & 690 9117.
Fax 5170118 www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is

Tveir samhentir smiðir geta bætt við sig verkefnum (inniverkefnum). Upplýsingar í síma 896 0824.

**Móðuhreinsun glerja & háþrýstiþvottur!**
Er komin móða eða raki á milli glerja? Háþrýstiþvottur húseigna allt að 100% hreinsun. Móðuhreinsun, Ólafur í s. 860 1180.

**Glerjun og gluggaviðgerðir!**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Húsasmiður auglýsir. Þarf að skipta um rennur, opnanleg fög, glerja? Tilboð, tímavinna. S. 553 2171.

Málning, flísar, innr.uppsetningar og önnur frágangsvinna. Smærri verk velkomin. S. 892 5392.

## Tölvur

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

## Spádómar

ALSPÁ
Miðlun, draumar, ráðgjöf
heilun, fyrirbænir, NLP
Símaspá, einkatímar o.m.fl.
908 6440
Finn týnda muni

908 6116
Er spákonan Sirrý
Ástir - fjármál heilsa
Einkatímar í S.823 6393

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

**Englaljós til þín Símaspá 908 5050**
Hvað viltu vita um heilsuna, einkamálin og framtíðina beinn miðlun, rágjöf. Opið frá 12-2 eftir miðnætti. Lára spámiðill

## Múrarar

**Múrarar**
Múrarar óska eftir verkefni, helst inni þó ekki skilyrði. Eru lausir. 2 í gengi ehf. Reynsla talin í áratugum. Nóg af poweri. S. 660 6800 & 660 6801, gullmur@internet.is.

## Önnur þjónusta




Stórútsala á römmum, plakötum, speglum o.fl. Hjá Hirti. Gallerý.

HEILSA

## Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Árangur með Herbalife! Kaupauki með grunnplani í Mars. Edda Borg S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan. Herbalife. www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki í mars. Halldóra Bjarna hjúkrunfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019/ 864 8019

**Langar þig að grennast**
Er búin að missa 47 kíló á Herbalife didrix.is/fyrir og eftir/ Hanna K. S. 892 4284.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangi. Við hjálpum þér. www.betriheilsa.is Elsa 8982617

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

allt hús
Alla mánudaga

## Námskeið





**Viltu læra að setja á Gel-neglur?**
The Edge naglaskólinn. Frábær efni, þunnar og fallegar neglur. Möguleiki á miklum tekjum. Skráning er hafin í 533 3400 og á www.karon.is

HEIMILIÐ

## Húsgögn

Sjónvarpsskápur og hár glerskápur úr beyki fæst gefins. Á sama stað er til sölu lítill skenkur úr beyki kr. 15.000 og frystikista kr. 5.000. Upplýsingar í síma 820 6239.

Til sölu 3+2+1 leðursófasett, hillusamstæða og skenkur. Uppl. í síma 8400141

**NULL**
Tommelia sófasett 3+3+2 frá Ikea, vel með farið. 2 áklæði fylgja með. Uppþvottavél og ísskápur. Allt í mjög góðu ásigkomulagi. Tilboð óskast. S. 698 2636.

Hringlaga eldhúsborð úr Exo, stærð 100 cm og 80 cm aukaplata. Verð 28 þ. Borðstofuborð, 190x85cm, 3 stólar og 3 sæta bekkur. Verð 45 þ. Einnig lítill hornskápur, allt saman úr Línunni. S. 552 0118 & 865 9583.

## Antík



Til sölu 4 stk bólstr. innih. frá 7 áratugnum ca. 70 og 80 cm, einnig loftvifta og sturtuklefi 80x 80 m. hitast. blöndunart. Benni s. 893 5050.

Rýmingarsala á antík. Borðstofuborð, ljós og önnur húsgögn og smámunir. S: 664 5899

## Heimilistæki

Til sölu Electrolux ofn og helluborð. Mjög vel með farið. Uppl. í s. 864 3125.

## Barnavörur



**Nýjar Diesel vörur**
Róbert Bangsi og unglingarnir. Hlíðasmára 12, www.robertbangsi.is sími 555 6688.

## Dýrahald



Til sölu Stóri Dan hvolpar. Rétt litablanda. Uppl. í s. 895 1441 e.kl. 12.



Min Pin hvolpar. Miniature Pincher hvolpar til afhendingar í byrjun apríl. Ættbók HRFÍ. Uppl. í s. 898 2720.



Sir William er týndur, týndist 4.mars frá Blönduhlíð 1. Hann er steingrár 2 ára högni með bláa ól og eyrnamerkingin er 04G310 Sá sem að finnur hann er vinsamlegast beðinn að hafa samband við Önnu í síma 699 5794. Fundarlaun eru 5000-kr

**Grate Dan**
Til sölu gullfallegur og yndislegur Stóri Dan hvolpur. Sími 691 7306.

Boxer hvolpur til sölu, ættbókarfærður hjá HRFÍ og heilsufarsskoðaður. Uppl. í s. 867 4557.

Til sölu Rottweiler hvolpar til afhendingar strax. Verð 150 þús. Hægt er að greiða með skuldabréfi til 6 mán. Uppl. í s. 893 6870.

Hreinræktaður Silki Terrier hvolpur til sölu, bólusettur og heilsufarsskoðaður. Uppl. í s. 566 7129 & 690 2908.

## Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgerð. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is

Til sölu postulínsvörur hvítar, skenkur, glerskápur, diskarekki úr beyki og tekk skrifborð, eldavél, vaskur, blöndunartæki. Uppl. í s. 553 6393.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




## Hestamennska

Ístölt
BÆJARLIND 2 • KÓPAVOGI
SÍMI 555 1100

Ístölt 2006, forkeppni fer fram 18. mars. Skráning hjá Ístölti, Bæjarlid. S. 555 1100. Uppl. á www.istolt.is

SUMARBÚSTAÐALÓÐIR

Sumarhúsalóðir við Sogið
Stórar og fallegar sumarhúsalóðir með útsýni yfir Sogið í landi Ásgarðs á besta stað í Grímsnesinu.
Upplýsingar veita Valtýr 898 0801 - Sigurður 895 5786

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**FLORIDA - ORLANDO**

Til leigu glæsilegt 300 fm. einbýlishús í Orlando, 10 mín. frá Disney, Sundlaug, heitur pottur, 4 svefnherbergi, 4 baðherbergi (hentar vel fyrir tvær fjölskyldur) Sækjum út á flugvöll. Erum innan handar í einu sem öllu (íslensk, fyrrum farastjóri) Fyrirspurnir sendist á e-mail, hasgeirsson@cfl.rr.com eða í síma 001 321 226 9428.
**Fyrirspurnir sendist á e-mail, hasgeirsson@cfl.rr.com eða í síma 001 321 226 9428.**

Ungt par með hund óskar eftir 50fm+ íbúð á höfuðborgarsv. Helst jarðhæð. Fyrirframgreiðsla. S. 690 8138.

Til leigu glæsileg, glæný 5 herb. útsýnisíbúð, m.bílast. í kjallara. Er á Völlunum í Hfj. Laus strax. Áhugasamir sendi uppl. um leigutilhugun, greiðslugetu og aðrar uppl. á vellir@visir.is. Farið verður með innsendar uppl. sem trúnaðarmál.

Glæsileg um 30 fm stúdíóíbúð á Skeggjagötu 105 Rvk. Sérinngangur. Nýlegt og flott eldhús,sjónvarp, örbylgjuofn,ísskápur og sófi. Langtímaleiga. Leiga 55 þús. Laus strax. Uppl. í s. 856 7469.

Góð 74 fm 2ja herb íbúð í Grafarvogi til leigu. Verð 78 þ á mán. Uppl í s 004631843362 eða sindriv@hotmail.com

## Húsnæði óskast

SOS! Lítil fjölsk. óskar eftir íbúð strax, eingöngu á Seltj.nesi. Skilvísar greiðslur. S. 848 8857.

Reyklaus og reglusöm þýsk kennslukona óskar eftir góðu herb eða einstaklingsíbúð í Rvk frá 30 mars. Uppl. í s. 616 8623.

3ja herb. íbúð óskast. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 690 5473.

Bráðvantar 2-3ja herb. íbúð strax. Reglusamur, greiðslugeta 60-90 þús. Uppl. í s. 868 2442.

Sólning h.f óskar eftir 3-4 herb. íbúð til leigu fyrir starfsmenn. Helst nálægt Smiðjuveginum í Kópavogi. Uppl. í síma 896-2303

## Sumarbústaðir




**Rimlahlið**
Í vegi, tvær staðlaðar stærðir, 3,66x2,50m, burðargeta 20 tonn, verð kr. 109.000- án vsk. 4,50x2,55m, burðargeta 40 tonn, verð kr. 246.000- án vsk. Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F,110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.




## Atvinnuhúsnæði

Til leigu við Smiðjuveg 10 R, 562 fm versl/iðn.húsnæði á jarðhæð lofthæð 3,3m, innk.dyr, gluggar og góð aðkoma. Langtímaleiga í boði. Uppl. í síma 893 0420.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir.
**Uppl. fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Bakaríið hjá Jóa Fel**
Bakaríið og sælkeraverslun Jóa Fel Smáralind. Vantar hresst og duglegt starfsfólk í aukastörf á virkum dögum og um helgar.
**Uppl. fást hjá Söru 868 6304 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Smáralind.**

**Ræsting/Matráður**
Óskum eftir að ráða nú þegar starfskraft til að sjá um ræstingar og matseld í 60% starf. Vaktavinna, unnið í viku, frí í viku. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.
**Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.**

OLIVER BAR CAFÉ GRILL

Við óskum eftir vönu starfsfólki í sal og vönum barþjónum. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Arnar í síma 821 8500 www.cafeoliver.is

RED CHILI

**Red Chili**
Hefur þú áhuga að vinna á skemmtilegum og líflegum veitingastað. Vegna opnunar á nýjum stað í miðbænum þurfum við að bæta okkur góðu fólki í allar stöður.
Eldhússtörf
Þjónastörf
**Dag og vaktarvinna í boði**
**Upplýsingar gefur Helgi í síma 820 4381 redchili@redchili.is**

**Vaktstjóri á Select**
Þjónustuliprir og úrræðagóðir vaktstjórar óskast á Selectstöðina við Vesturlandsveg.
**Umsóknareyðublöð má nálgast á næstu Shell eða Selectstöð eða á www.skeljungur.is. Nánari upplýsingar í síma 444 3000.**

**Bensínafgreiðsla**
Bensínafgreiðslumenn óskast á Shellstöðina við Kleppsveg og Búastaðaveg. Mikil útivinna. 2x2x3 vaktakerfi.
**Umsóknareyðublöð má nálgast á næstu Shellstöð eða á www.skeljungur.is. Nánari upplýsingar í síma 444 3000.**

**Leikskólinn Hof Gullteig 19, 105 RVK. Aðstoð í eldhús.**
Aðstoðarmanneskju vantar í eldhús leikskólans Hofs sem fyrst. Vinnutími er frá kl. 8:00 - 16:00. Hæfniskröfur eru: Áhugi á matreiðslu, snyrtimennska, hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleiki, sveigjanleiki og nákvæmni í starfi. Þarf að geta leyst leikskólakokkinn af í hans fjarveru.
**Upplýsingar gefur Sigrún leikskólastjóri í síma 553 3590 / 553 9995.**

**Bakarnemar óskast**
Óskum eftir að ráða til starfa hörkuduglegan bakaranema.
**Upplýsingar hjá Jóa, s. 897 9493.**

**Timbur og Stál, Smiðjuvegi 11**
vantar verkamann strax til verksmiðjustarfa. Vinnutími frá kl. 8-18. Frír matur í hádeginu.
**Upplýsingar á staðnum eða í síma 898 4706.**

ALEFLI ehf. BYGGINGAVERKTAKAR

Óskum eftir að ráða laghentan húsasmið sem getur starfað sjálfstætt við ýmis smærri verkefni og viðhaldsvinnu. Uppl. gefur Magnús s. 660 4472.

**Morgunræstingar**
Leitum starfsfólki til afleysinga í ræstingum á morgnanna alla virka daga. Um er að ræða hlutastörf við ræstingar á höfuðborgarsvæðinu. Ráðning fljótlega.
**Upplýsingar á www.hreint.is eða hjá Hreint ehf, s. 554 6088.**

**Síðdegisræstingar.**
Leitum starfsfólki til afleysinga í ræstingum seinnipartinn alla virka daga. Um er að ræða hlutastörf við ræstingar á höfuðborgarsvæðinu. Ráðning fljótlega.
**Upplýsingar á www.hreint.is eða hjá Hreint ehf, s. 554 6088.**

**Helgarræstingar**
Leitum starfsfólki til afleysinga í ræstingum seinnipartinn alla virka daga. Um er að ræða hlutastörf við ræstingar á höfuðborgarsvæðinu. Ráðning fljótlega.
**Upplýsingar á www.hreint.is eða hjá Hreint ehf, s. 554 6088.**

ÍSAM

**Meiraprófsbílstjóri**
Íslensk Ameríska óskar eftir meiraprófsbílstjóra sem fyrst.
**Allar upplýsingar veitir Steindór í síma 856 2702 eða steindor@isam.is**

**Leikskólinn Brekkuborg.**
Óskum eftir yfirmanni í eldhús á leikskólann Brekkuborg í Grafarvogi í 100% starf.
**Uppl. gefur leikskólastjóri í s. 567 9380.**

AMERICAN STYLE

**AMERICAN STYLE Á BÍLDSHÖFÐA OG SKIPHOLTI**
leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í vaktarvinnu í sal og á grilli. Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga.
**Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 8:30-17:00.**

**Furðufiskar ehf**
sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni og Smáralind. Vantar sem fyrst vegna mikilla anna matreiðslumann í fullt starf í veisluþjónustuna okkar. Viðkomandi þarf að vera reglusamur, vandvirkur og skapandi.
**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík**

**Furðufiskar ehf**
sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni og Smáralind. Við leitum eftir manneskju í afgreiðslu í Osta- og sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Einning vantar okkur manneskju í Osta- og Sælkeraborðið í Hagkaupum Smáralind til afgreiðslu. Okkur vantar líka aukafólk seinnipart viku í bæði borðin. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð.
**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík.**

**Loftorka Reykjavík.**
Óskar eftir vönum manni á verkstæði okkar. Heimkeyrsla og matur í hádeginu.
**Upplýsingar í síma 565 0876.**

**Bakaríið Austurver**
Óskum eftir hressu starfsfólki í afgreiðslu í bakaríið okkar í Kópavogi.
**Uppl. í s. 845 0572.**

ÍTR

**Viltu vinna með börnum á vettvangi frítímans?**
ÍTR óskar eftir starfsfólki á frístundaheimilin eftir hádegi alla virka daga. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára. Hægt er að fá nánari upplýsingar og sækja um á heimasíðu ÍTR, www.itr.is og í síma 411 5000.

SÚFISTINN KAFFIHÚS

**Súfistinn, kaffihús í Hafnarfirði , auglýsir laust starf til umsóknar.**
Um er að ræða fullt starf þar sem unnið er á þrískiptum vöktum virka daga vikunnar á kaffihúsi Súfistans á Strandgötu 9 í Hafnarfirði. Umsóknir berist sem fyrst og er hægt að nálgast umsóknareyðublöð á kaffihúsi Súfistans eða á sufistinn.is
**Frekari upplýsingar um störfin gefur Rakel B. Guðmundsdóttir starfsmannastjóri í síma 699 3742 alla virka daga milli kl. 10-15.**

**Vinnuvélamenn**
Óskum eftir að ráða duglega og samviskusama vélamenn. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Góð laun í boði fyrir rétta menn. Upplýsingar veittar á staðnum.
**Fura ehf. Brotajárnsvinnsla, Hringhella 3, Hafnarfirði.**

**Langar þig að vinna sjálfstætt við hárgreiðslu?**
Erum með góða aðstöðu til leigu fyrir duglega og áhugasama einstaklinga. Það er mikið að gera hjá okkur og góður mórall. Uppl. í s. 561 8677.

Eðalverk ehf óskar eftir vönum vélamönnum og verkamönnum. Uppl. hjá Stefáni í s. 661 2277.

Tískuvöruverslun í Kringlunni vantar fólk í fullt starf og hlutastarf. Ekki yngri en 20 ára. Áhugasamir sendi uppl. á kiss@kiss.is.

HREINSITÆKNI EHF. óskar eftir starfsmönnum með meirapróf eða vinnuvélaréttindi til starfa strax. Í boði er mikil vinna og góð starfsaðstaða. Uppl. veittar í s. 894-8565 eða á staðnum að Stórhöfða 37.

Yfirvélstjóri & vélstjóri óskast til ferjusiglingar á 2200 bhp vél. Uppl. í s. 897 8923.

**Gluggasmiðjan ehf.**
Gluggasmiðjan, Viðarhöfða 3, óskar eftir að ráða iðnaðarmenn og laghenta menn í ál- og trédeild fyrirtækisins. Upplýsingar gefa Pétur Þórarinsson og Gunnar Guðjónsson á staðnum eða í síma 577 5050.

Kaffibrennslan óskar eftir matreiðslumönnum í fullt starf og hlutastarf. Vinsamlegast hafið samband við Mike, s. 663 7772.

**Húsgagnaverslunin Öndvegi**
Viljum ráða lagermann, óskum eftir vönu og reglusömu fólki, mikil vinna. Upplýsingar gefur Sveinn í síma 568 8799 milli 10 og 18 frá og með mánudeginum 13. mars.

Viðhald á lyftum. Óskum eftir að ráða rafvirkja eða vélvirkja við viðhald og eftirlit á lyftum, einnig kemur til greina maður með reynslu. Héðinn Schindler lyftur hf. Uppl. í síma 893 1674.

**Bakarí.**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti eftir hádegi og aðra hverja helgi, ekki yngri en 20 ára. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

**Bílstjóri óskast!**
Bílstjóri óskast! Sakavottorð og leigubílapróf skilyrði. Uppl í 822-9944

Nýtt kaffihús í Kópavogi óskar eftir hressu afgreiðslufólki sem fyrst. uppl. í síma 8450572

Háseti. Vanur háseti óskast á beitingavélaskipið Kristrúnu RE-177 frá Reykjavík. Góðir tekjumöguleikar. Uppl. í s.893-5458 og 866-7447

Maður óskast til starfa hjá fyrirtæki sem leggur þakpappa, þakdúka og sundlaugardúka. Uppl. í s. 557 8030.

Vantar mann í vinnu, helst vanan sandspörslun og málun. Góð laun í boði fyrir réttan mann. Uppl. í. s. 822 1920.

## Atvinna óskast

AWM STARFSMANNARÁÐGJÖF

**Af hverju að auglýsa þegar að við getum fundið rétta fólkið fyrir þig ?**
Mjög mikil reynsla við að finna rétta menn fyrir fyrirtæki. Okkar bresku menn eru mjög hæfir. Tekur aðeins 2 vikur að fá þá hingað. Smiðir, vélamenn, kranamenn, logsuðumenn og fleira.
**Upplýsingar í síma 533 3777.**

AWM STARFSMANNARÁÐGJÖF

**Af hverju að auglýsa þegar að við getum fundið rétta fólkið fyrir þig ?**
Mjög mikil reynsla við að finna rétta menn fyrir fyrirtæki. Okkar bresku menn eru mjög hæfir. Smiðir og fleira.
**Upplýsingar í síma 533 3777. AWM hefur engin tengsl við ensku atvinnumiðlunina sem var hérlendis.**

## Viðskiptatækifæri

100 þús. kr. Aukavinna.com

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Gleraugu töpuðust ofan við Elliðaárstíflu á föstudag. Uppl. í s. 553 7520

## Ýmislegt

tenor www.tenor.is

Vantar ykkur tónlistarmenn, skemmtikrafta fyrir þorrablótið, árshátíðirnar, afmæli, tónleika, þemadaga, 17. júni hátíðarhöld eða aðrar skemmtanir. Á skrá hjá okkur eru m.a. fremstu tónlistarmenn og skemmtikraftar landsins. Höfum áratuga reynslu af skemmtanahaldi. Leigjum einnig út samkvæmistjöld, útvegum matvörur, grill og þjónustufólk ef áhugi er fyrir slíku. Símar 586 9000 & 821 9903 Netfang orlygur@tenor.is

## Einkamál

Ég er rúmlega sextug og langar að hitta hressa konu sem yrði góð vinkona. Ferðalög innan og utanlands o.fl, á bíl. Svör sendist til Fbl, Skaftahlíð 24 merkt “vinkona”.

**Ekkert blað í morgun?**

**Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.**

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn

# Tallinn og Pétursborg

*Beint flug vorið 2006 frá Keflavík og Akureyri*

**Verð frá 55.500 kr.**
**Flug, skattar, fararstjórn, hótel og rúta**
Frá Keflavík: 15.-20. apríl
Frá Akureyri: 12.-16. apríl örfá sæti laus
Frá Akureyri: 27. apríl -1. maí

**Flug og skattar 19.900 kr.**
Frá Keflavík 22. júní - 2. ágúst Tallinn

Sími 588 8900
www.transatlantic.is
Trans-Atlantic



**Xtra**
Hársnyrtistofan
Stigahlíð 45 – 47 Suðurveri
María og Sólveig bjóða Gullu og Evu velkomnar til starfa
Hjá Xtra er lögð áhersla á góða þjónustu og rólegt umhverfi

Næg bílastæði

Pantanir í síma 5688824

**allt hús**

Alla mánudaga

- *Starfandi yfir 25 ár*
- *Hjálpað yfir 30.000 fjölskyldum við að finna heimili á Spáni*
- *Eitt það breiðasta úrval af nýjum og eldri eignum á Costa Blanca, Costa Calida, Costa Almeria*
- *Þinn eigin þjónustufulltrúi*
- *ISO 9001 Gæðastimpill*
- *Meðlimur FOPDAC*

MASA INTERNATIONAL

25

L Á T T U  D R A U M I N N  R Æ T A S T ! ! !



# Kynnir stórsýningu á Spánareignum

## Í Perlunni helgina 11. og 12. mars 2006. 14:00 -17:00

ANGELO
Kynnir og býður uppá spænskan tapas

spánar íbúðir
Fyrir þá sem vilja hafa tekjur af eigninni

KARL K. KARLSSON
Kynnir spænsku TORRES vínin

sph
Sími: 550 2000 | www.sph.is



Skoðunarferð fyrir 15.500 kr. Flug, gisting og uppihald innifalið!!!

**Eitt símtal**
550 5000

**Fimm miðlar**

## Margföld áhrif með samlesnum auglýsingum!

Þú getur fimmfaldað tíðni auglýsinganna þinna með samlesnum auglýsingum sem birtast á **Bylgjunni, Talstöðinni, Létt 96,7, Fréttablaðinu** og á **visir.is**. Þegar þú hringir og pantar auglýsingu líða innan við tvær klukkustundir þar til hún er komin í loftið. Daginn eftir birtist hún svo í smáauglýsingum í **Fréttablaðinu** og á **visir.is**.

**Einfalt, fljótlegt og gríðarlega áhrifaríkt!**

98,9 Bylgjan · Létt 96,7 Réttu lögin...alltaf! · Talstöðin FM 90,9 · vísir · FRÉTTABLAÐIÐ

**Hringdu í síma 550 5000 og margfaldaðu tíðni auglýsinganna þinna**

# Þingseta Alþýðuflokksins og klofningurinn frá Alþýðusambandinu

Alþýðuflokkurinn bauð fyrst fram sem stjórnmálaflokkur í landskjöri árið 1916. Í kjördæmakosningum sama ár kom flokkurinn fyrst manni á þing og var það Jörundur Brynjólfsson sem síðar gekk til liðs við Framsóknarflokkinn. Til 1927 átti Alþýðuflokkurinn einn mann á þingi en þá fékk flokkurinn fimm menn kjörna og oddaaðstöðu. Í skjóli hlutleysis Alþýðuflokksins var Framsóknarflokkurinn við völd til 1931 og náðust þá mikilvægir áfangar. Vökulögin voru endurbætt og sett voru lög um skráningu atvinnulausra. Árið 1934 fékk Alþýðuflokkurinn tíu menn kjörna og myndaði stjórn hinna vinnandi stétta með Framsóknarflokknum og Haraldur Guðmundsson varð fyrsti ráðherra flokksins. Mörg baráttumál voru til lykta leidd á þessum tíma. Sett voru lög um alþýðutryggingar, fátækralöggjöfin var endurbætt og vinnulöggjöf var samþykkt með forgöngu Thors Thors. ASÍ var falið að semja um kaupgjald verkafólks í opinberri vinnu og styrkti sú viðurkenning mjög stöðu sambandsins.

Á fjórða áratugnum fjölgaði verkalýðsfélögum sem vildu ekki ganga til liðs við ASÍ þar sem þau kærðu sig ekki um að beygja sig undir pólitíska stefnuskrá Alþýðuflokksins. Þessi ólga varð að lokum til þess að Alþýðuflokkurinn klofnaði. Kommúnistar og vinstri sósíalistar stofnuðu Sameiningarflokk alþýðu - sósíalistaflokkinn sem tók mun meira fylgi af Alþýðuflokknum en Kommúnistaflokkurinn hafði áður gert. Tvennt ber hér að hafa í huga. Vinstri sósíalistar urðu mjög sterkir um leið og Sjálfstæðisflokkurinn átti verulegt fylgi meðal verkamanna og innan ASÍ. Sjálfstæðisflokkurinn vildi líka rjúfa tengsl ASÍ og Alþýðuflokksins og því varð til sérkennilegt bandalag Sjálfstæðisflokks og sósíalista sem tókst að slíta tengslin á milli ASÍ og stjórnmálavængsins. Hafa ber hugfast að Alþýðusamband Íslands var stofnað við sérkennilegar aðstæður. Sósíalísk stjórnmálahreyfing var nánast ekki til í landinu, og Alþýðuflokkurinn var stofnaður sem deild í Alþýðusambandinu. Í grannlöndunum Danmörku, Noregi og Svíþjóð höfðu hliðstæð alþýðusambönd verið stofnuð tæpum tveimur áratugum fyrr eftir að flokkar sósíaldemókrata voru komnir á fót þar, en alþýðusamböndin höfðu nánast engin skipulagstengsl við þá. Þróun hreyfinganna varð svo gagnstæð því sem lagt var upp með. Í Skandinavíu urðu flokkar sósíaldemókrata stórir og þurftu engin skipulagstengsl til að geta ríkt í alþýðusamböndunum. Á Íslandi klofnaði pólitíska hreyfingin hins vegar í frumbernsku. Sósíaldemókratar stefndu að því að taka ríkisvaldið í sínar hendur í kosningum, en kommúnistar sögðu að ríkinu yrði aldrei náð af borgarastéttinni nema með byltingu. Kommúnistar urðu sérkennilega öflugir hér og komu í veg fyrir að sósíaldemókrataflokkurinn yrði stór. Þess vegna urðu skipulagstengsl Alþýðusambandsins og Alþýðuflokksins að vandræðamáli uns þau voru slitin árið 1942.



**JÓN BALDVINSSON** Forseti ASÍ og Alþ.fl 1916-1938.
**STEFÁN JÓHANN STEFÁNSSON** Forseti ASÍ 1939-1940.
**HERMANN GUÐMUNDSSON** Forseti ASÍ 1944-1948.
**HANNIBAL VALDIMARSSON** Forseti ASÍ 1954-1971.
**BJÖRN JÓNSSON** Forseti ASÍ 1972-1980.

*„Verða þeir að vinna frá því snemma á morgnanna, stundum frá því stundu fyrir miðjan morgun; og þar við bætist að þeir fá engan tíma til að neyta matar, heldur rífa í sig matinn undir pakkhúsveggjum og á bryggjunum.“*

stéttarfélögin sem málsvara verkalýðsstéttarinnar. Þegar kreppan var í algleymingi var stofnuð bjargráðanefnd á vegum stjórnvalda og átti ASÍ formann hennar.

**Þróun og Þjóðarsátt**

Konur voru á fyrstu áratugum 20. aldarinnar sá hópur sem hvað helst þurfti á sterkum samtökum að halda til að leiðrétta kjör sín. Laun þeirra voru mun lægri en karla sem varð þess valdandi að þær fengu á tímum atvinnuleysis frekar vinnu en karlmenn. Þetta varð til þess að laun þeirra héldust lág og laun karlmanna hækkuðu síður. Málefni kvenna voru frá byrjun á stefnuskrá verkalýðsfélaganna og hlutfall kvenna innan ASÍ hefur alltaf verið hátt. Fyrsta verkakvennafélagið var Þörfin á Akureyri en Verkakvennafélagið Framsókn var stofnað í Reykjavík 1914 að tilstuðlan Kvenréttindafélags Íslands. Félögin voru sum hver kynjaskipt en öflug blönduð félög voru einnig til eins og Hlíf í Hafnarfirði. Jafnrétti kynjanna var á stefnuskrám Verkamannasambandsins og Alþýðusambandsins frá byrjun og náðust mikilvægir áfangar.

Hannibal Valdimarsson, forseti ASÍ frá 1954 til 1972, var sá þingmaður ASÍ sem lét sig réttindamál kvenna hvað mestu varða. Hann flutti til dæmis frumvarp um jafnrétti kynjanna í launamálum og þjóðfélagsmálum í víðum skilningi. Hannibal þurfti að leggja frumvarpið fram fimm sinnum áður en það var samþykkt. Lög um jöfn laun fyrir sömu vinnu voru samþykkt 1962. Enn í dag er jafnréttisbarátta eitt af stóru verkefnum ASÍ.

Kjarabarátta harðnaði eftir 1960 vegna verðbólgu. Verkföll voru tíð því kjarabætur brunnu upp með verðhækkunum. Reynt var að setja bann á vinnustöðvanir en hætt var við það eftir mótmæli verkalýðshreyfingarinnar. Stór verkföll voru árin 1975 og 1977 og níundi áratugurinn einkenndist af bráðabirgðalögum, verðbólgu og ólgu á vinnumarkaði. Árin 1986 og 1987 voru gerðir samningar sem áttu að koma á stöðugleika í efnahagsmálunum en tókst ekki. Þessir samningar komu þó að gagni þegar svokallaðir Þjóðarsáttarsamningar voru undirritaðir. Þessir samningar mörkuðu tímamót því verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur bundust þá samtökum um að stöðva verðbólgu og ná fram kaupmáttaraukningu fyrir tekjulága hópa. Má fullyrða að þessir samningar hafi valdið straumhvörfum í samskiptum verkafólks og atvinnuveitenda þeirra.

Heimildir: Brynhildur Þórarinsdóttir, Alþýðusamband Íslands. Jón Gunnar Grjetarsson, Upphaf og þróun stéttskipts samfélags á Íslandi. Sigurður G. Magnússon, Alþýðumenning á Íslandi 1850-1940.





HEILBRIGÐUR ÚTBOÐSMARKAÐUR?

Ráðstefna SI á stórsýningunni Verk og vit 2006 fimmtudaginn 16. mars frá 14:00 til 16:30

SI efna til ráðstefnu um útboðsmál við verklegar framkvæmdir fimmtudaginn 16. mars á stórsýningunni Verk og vit 2006 í nýju Íþrótta- og sýningahöllinni í Laugardal.

Ráðstefnan hefst kl. 14:00 í sal-1 og stendur til 16:30. Hún er öllum opin og aðgangur ókeypis en tekið er við skráningum á www.si.is.

Dagskrá:



**Setning ráðstefnu** Þorsteinn Víglundsson, stjórnarmaður í SI og ráðstefnustjóri

**Lausn ágreiningsmála** Kristrún Heimisdóttir, lögfræðingur SI

**Ábyrgðir í mannvirkjagerð** Erlendur Gíslason, hrl. hjá LOGOS lögmannsþjónustu

**Útboðsskilmálar** Kolbeinn Kolbeinsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Ístaks hf.

**Útboðsgögn - tæknilegar lýsingar** Haukur Magnússon, framkvæmdastjóri tæknisviðs ÍAV hf.

**Viðhorf eftirlitsaðila** Mikael J. Traustason, Fjölhönnun ehf. verkfræðistofu

Að ráðstefnu lokinni bjóða SI gestum að vera við opnun sýningarinnar Verk og vit 2006 kl. 16:30

Skráning fer fram á www.si.is

SI Samtök iðnaðarins

Borgartúni 35 - 105 Reykjavík - Sími 591 0100 - Fax 591 0101 - mottaka@si.is - www.si.is




# Þróar tækni til að framleiða bóluefni gegn fuglaflensu

Íslendingurinn Örn Aðalsteinsson er einn fjölmargra sem þróa bólusetningarlyf gegn fuglaflensu. Aðferðin sem fyrirtæki hans notar er óvenjuleg og lofar afar góðu.

Við erum að þróa bóluefni gegn fuglaflensu, og til þess notum við plöntur frekar en hina hefðbundnu framleiðslu í eggjum sem almennt er notuð,“ sagði Örn Aðalsteinsson í samtali við Fréttablaðið frá heimili sínu í Pennsylvaníu, en Örn er forstjóri og framkvæmdastjóri bandaríska fyrirtækisins InB:Biotechnologies sem sérhæfir sig í uppgötvun, þróun og markaðssetningu vara sem unnar eru úr plöntum. Örn, sem alinn er upp í Reykjavík og tók stúdentspróf úr Verslunarskólanum, heldur doktorsgráðu í efnaverkfræði frá Massachusetts Institute of Technology háskólanum í Boston.

*Rannsóknir InB: Biotechnologies hafa lofað afskaplega góðu þótt þær séu enn á þróunarstigi.*

Rannsóknir InB:Biotechnologies eru byggðar á notkun plantna við framleiðslu á efnum sem nota má til meðferðar á ýmsum sjúkdómum, og hefur fyrirtækið meðal annars í samvinnu við Bandaríkjaher þróað bóluefni gegn miltisbrandi sem fer í klínískar rannsóknir á þessu ári.

Fuglaflensuveiran breiðir nú ört úr sér víða um heim og óttast vísindamenn sérstaklega veiruafbrigðið H5N1 sem orðið hefur yfir 90 manns að bana síðan árið 2003, samkvæmt tölum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Enn sem komið er virðist fólk þurfa að handleika sýkta fugla til að smitast af veirunni, en líklegt er að veiran stökkbreytist og smitist þá manna í millum og valdi heimsfaraldri.

Ekkert bóluefni er til við fuglaflensu í dag en talið er að lyfið Tamiflu geti haft svipuð skammbundin fyrirbyggjandi áhrif og flensusprautan, sem margir fá á hverju hausti, hefur á venjulega inflúensu. Bóluefni, hins vegar, hafa langvarandi fyrirbyggjandi áhrif, og leita Örn og félagar hans að bóluefni sem er sérstaklega hannað gegn fuglaflensunni. Í stað þess að nota DNA plöntunnar eins og flestir sem vinna að svipuðum málum gera, nota þeir RNA hennar.

„Við breytum DNA-innihaldi plöntunnar ekki, heldur leigjum við bókstaflega pláss í plöntunni með því að nota RNA-innihald hennar til að framleiða efnið. Þegar því er lokið, þá er plantan eins og hún var áður; við breytum henni ekki á einn eða neinn hátt þar sem við notum aðeins RNA-hluta hennar,“ sagði Örn og tók fram að InB:Biotechnologies notar ekki erfðabreyttar plöntur.

Hann bætti því jafnframt við að hann hefur gríðarlega sterkt lið á bak við sig í fyrirtækinu, en vísindamenn InB:Biotechnologies vinna að þróun bóluefnisins bæði



**LÆKNINGA LEITAÐ** Fyrirtæki sem Örn Aðalsteinsson, doktor í efnaverkfræði, rekur í Bandaríkjunum vinnur nú að því að þróa tækni sem gæti stuðlað að framleiðslu stórra skammta af bóluefni gegn fuglaflensu. AÐSEND MYND

í Bretlandi og í Bandaríkjunum undir stjórn flensusérfræðingsins doktor Geoffrey Schild, CBE (Commander of the British Empire). Schild er einn helsti flensusérfræðingur heims, og innleiddi meðal annars flokkunarkerfi veira sem notað er í dag, og mörgum er nývorðið kunnugt í tengslum við H5 fuglaflensuveiruna og undirflokkinn mannskæða, H5N1.

Rannsóknir InB:Biotechnologies hafa lofað afskaplega góðu þótt þær séu enn á þróunarstigi. Hefðbundin framleiðsla flensu-bóluefnis er of seinvirk, því hún er takmörkuð við ákveðið magn sem getur aðeins sinnt þörfinni fyrir hluta mannkynsins.

„Sem stendur er heildarársframleiðslan aðeins um 300 milljón bóluefnaskammtar,“ sagði Örn.

Gangi rannsóknir InB:Biotechnologies upp, munu Örn og félagar hans geta framleitt stóra skammta af bóluefni á skömmum tíma sem getur margfaldað heildarframleiðsluna á flensu-bóluefnisskömmtum og þar með sinnt mun fleiri einstaklingum en hin hefðbundna framleiðsla getur gert í dag.

Jafnframt gæti þessi flensubóluefnatækni verið ódýrari í framleiðslu en sú sem notuð er í dag, að sögn Arnar.

„Vegna þess að við notum plöntur, og með þeirri aðferð sem við höfum þróað, þá erum við með gott og einfalt kerfi til að framleiða mikið magn af bóluefni á tiltölulega stuttum tíma,“ sagði Örn. „Fagleg þekking okkar og notkun á plöntum sem náttúrulegum vélum sem nota má til að búa til nýjar vörur gefur okkur tækifæri á að vaxa bæði á sviði vísinda og viðskipta. Hjá InB:Biotechnologies notum við þekkingu okkar á líffræðilegri tækni plöntunnar til að útbúa sérhæfðar vörur sem sennilega er hægt er að þróa og markaðssetja á skemmri tíma heldur en hefðbundnar aðferðir leyfa í dag.“

smk@frettabladid.is

Prenttæknistofnun

**Sveinspróf**

**í prentun, prentsmíð/grafískri miðlun, ljósmyndun og bókbandi verða haldin í maí 2006.**

Umsóknarfrestur er til 12. apríl n.k.

Ekki verður tekið við umsóknum eftir þann tíma. Athugið að greiða þarf leyfisgjald sveinbréfa kr. 5000 við innritun.

Með umsókn skal fylgja afrit námssamnings, brautskráningarskírteini og lífeyrissjóðsyfirlit. Prenttæknistofnun hefur heimild til að fresta prófi í einstökum greinum ef ekki næst næg þátttaka.

**Prenttæknistofnun**
**Hallveigarstíg 1**
**101 Reykjavík**
**Sími: 590-6400, fax 590-6401**
**http://www.pts.is**




# BARÁTTAN VIÐ YFIRNÁTTURULEG ILL ÖFL

Yfirnáttúrulegir þættir um bræður sem berjast
við allskyns ill öfl í leit að föður sínum.

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

**SKÚFFUSKÁLDIÐ } SIGRÚN VALDIMARSDÓTTIR**

# *Um húnvetnska karla í klípu*

Þegar blaðamaður var á ferðalagi í Húnavatnssýslu tók hann hús á Sigrúnu Valdimarsdóttir í Dæli en hún var umvafinn börnum enda dagvistun þar á bæ. Þegar um fór að hægjast kom svo í ljós að skáld leynist í frúnni og var hún því véluð til að opna ljóðaskúffuna.

„Ég vandist ljóðagerð og yrkingum á mínu æskuheimili. Bæði faðir minn og vinir hans, svo og afi minn og frændur, voru sífellt að yrkja af öllum mögulegum og ómögulegum tilefnum," segir Sigrún þegar upp kemst að hún lumi á skáldi innra með sér. „Mitt uppáhaldsskáld er Jón Helgason og lærði ég mörg af hans kvæðum utanbókar mér til skemmtunar á unglingsárum, svo sem Áfanga, Í vorþeynum, Á Rauðsgili, Í Árnasafni og mörg fleiri."

Eins og oft hefur komið fram hjá fjölda skúffuskálda er það oft félagslífið í fámennari byggðum sem knýr fólk til að hnoða saman brag. Þannig var því einnig farið með Sigrúnu. „Þegar ég hef ort hefur það verið svona tækifæriskveðskapur, til dæmis fyrir þorrablót, afmæli eða þess konar uppákomur." Þegar byggðarlag hefur slíku hæfileikafólki að flíka er líka eins gott fyrir sveitunga að gefa ekki færi á sér því skondnar uppákomur geta verið færðar stuðlaðar til bókar. „Hér er kvæði sem ort var í tilefni heiðarferðar vissrar björgunarsveitar á Norðurlandi vestra. Þessi ferð var farinn fyrir alllöngu síðan:

Það var eina helgi þeir fóru til fjallanna,
fiðringur rann gegnum snjósleða karlana.
Þegar þeir sáu hvað vel bar í veiðinni
vin eina er fundu þeir langt frammi á heiðinni.

Undu þeir lengi hjá Höllu á heiðinni,
hafandi farið megnið af leiðinni.
Angandi af svita og ferlegri fýlunni,
fannst ekkert verra að vera ekki í skýlunni.

Nú var eins og væru þeir gengnir af göflunum,
ginntir til verka af myrkranna öflunum.
Það heyrðist ei neitt fyrir garginu og gólinu,
er geystust þeir ofan í, sveiflandi tólinu.

Siggi og Gunni með beraða bossana
byltu sér alsælir innan um tossana.
Halla og Eyvindur góndu á þau gapandi,
glöggt var að þeir voru vitinu tapandi.

Þegar þeir komu sér loks upp úr lauginni,
lágreist var fjallkonan farin á tauginni.
Hún óskar að framar ei verði á völlunum
vitfirrtur hópur af húnvetnskum körlunum."

Hjónin í Dæli eru afar gestrisin en þó geta þau ljóðað á gesti sína gefist tilefni til þess. „Eitt vorið þegar við vorum nýbúin að byggja sex smáhýsi hérna í Dæli kom kirkjukór í gistingu hjá okkur og gisti í þessum húsum. Þá voru þetta óeinangruð bjálkahús. Fyrstu nóttina gerði kuldahret þannig að gestunum varð ansi kalt. Til að bæta þetta upp gáfum við þeim kaffi og koníak. Seinna varð þessi staka til í tilefni þess hve sumum hafði orðið kalt umrædda nótt:

Síðasta nótt, hún var nöpur í Dæli,
næddi um þá vindurinn upp í bæli.
Að þeir hefðu af nóttina, var alveg á nippinu,
nú! Siggi og Gummi eru alveg svakalega kalnir á...fótunum."


**SIGRÚN VALDIMARSDÓTTIR SKÚFFUSKÁLD** Sigrún lætur karlpeninginn í sveit sinni hafa það óþvegið þegar fréttist af spaugilegum aðförum og ef karlarnir láta ekki tilleiðast þegar konur vilja véla þá til ýmissa verka.

Það er eins gott fyrir karlmennina í Húnavatnssýslu að láta slag standa þegar konur þar í sveit vilja eggja þá til ýmissa verka. Annars geta þeir fengið illa á baukinn. „Næsta vísa varð til þegar nokkrar konur höfðu ákaft reynt að fá Árna á Bálkastöðum í ritnefnd Húna, sem er ársrit Ungmennasambands Vestur-Húnavatnssýslu. Ekki tókst það og svo klikkaði hann á því að mæta á hagyrðingakvöld á Broadway svo ég orti þetta til hans:

Að fá Árna til ástarhótanna,
þær ætluðu að væri til bótanna.
En skelkaður þaut
þá skolli á braut
með skottið á milli fótanna."

Það er alveg ljóst að karlmenn eru ekki teknir neinum vettlingatökum af húnvetnskum konum svo blaðamaður ákveður að bregða sér í næstu sveit. Enda aldrei að vita hvort reynt yrði að véla hann til einhverra verka og þá ljóðaður í bak og fyrir sjái hann sér ekki kleift að taka kvennaráðum.

TAKTU ÞÁTT!
Leystu krossgátuna! Þú gætir unnið þriggja mánaðar áskrift að Tónlist.is, stærsta tónlistarsafni landsins!
Þú sendir SMS skeytið JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ á númerið 1900!
Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón. Þá sendir þú SMS-ið JA LAUSN JÓN.

TONLIST.IS
99 kr/SMS
Dregið úr réttum svörum n.k. fimmtudag kl. 12.






# NÝTT TÖLUBLAÐ KOMIÐ ÚT

BARNAHERBERGI – STAÐUR TIL
AÐ LEIKA OG LÆRA, SOFA OG DREYMA

ÁHRIF ÚR AUSTRI
STRAUMAR BERAST VÍÐA AÐ

ILMANDI HEIMILI | PÚÐAR OG PUNT

MATUR FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

ÆVINTÝRAHEIMAR Á STRIGA
LÍNA RUT WILBERG MYNDLISTARMAÐUR






TRYGGÐU ÞÉR BLAÐIÐ Í
ÁSKRIFT MEÐ 30% AFSLÆTTI
Á AÐEINS 489 KR.
EINTAKIÐ OG FÁÐU VEGLEGA
GJÖF Í KAUPBÆTI

**VEGGFÓÐUR.** *tímarit*

ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS

TÚSKILDINGSÓPERAN

Sýnd í kvöld sun. 12/3, sun. 19/3, sun. 26/3
Allra síðustu sýningar!
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

## STUÐ MILLI STRÍÐA Nú byrjar ballið

**ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON** VILL SKEMMTA SÉR ÁN SKEMMTIKRAFTA.



Gleymi því seint þegar ég fór á árshátíð íslensks fyrirtækis í erlendri stórborg. Íslenska konseptið um árshátíð annars vegar og frönsk sófistikasjón hins vegar fara alls ekki saman. Íslendingar vilja helst hafa allt eins og heima á Íslandi, fúlsa við „furðulegum“ mat, drekka rauðvínið í tunnuvís án þess að finna af því bragð, hafa glötuðu skemmtiatriðin, promkjólana og jafnvel gítarinn með í ferðatöskunni og rúlla svo blindfullir og raulandi út. Sama var uppi á teningnum með allmörg þorrablót sem ég fór á í tveimur erlendum borgum. Dró vanalega með mér útlendinga á þessi fyrirbæri til að þær rækju upp stór augu, ekki bara yfir skrýtna viðbjóðnum sem fólk var að láta ofan í sig, heldur uppstrílaða liðinu sem söng hástöfum yfir matnum og var svo komið undir og upp á borð í lok kvölds. Jáhá, svona eru alvöru víkingaboð, útskýrði maður og togaðist á milli þess að dauðskammast sín eða vera undarlega stoltur af stórskrýtnum löndum sínum. Minnir að Íslendingar hafi verið bannaðir á þremur mismunandi veitingahúsum í París eftir að hafa gersamlega rústað þeim.

Svo er það þetta með árshátíðirnar og brúðkaupin. Íslendingar eru auðvitað ræðuglaðasta þjóð í heimi, að undanskildum Rússum, enda alltaf tilvalin tækifæri til að skála. Svo akkúrat þegar maður er kominn í skemmtilegar samræður við borðfélaga sína er einhver helvítis skemmtanastjóri kominn á sviðið. Skemmtanastjóri? Hvað í fjandanum er það? Þetta er svona annað séríslenskt konsept sem ég hef aldrei náð almennilega. Getur fólk ekki átt notalega stund án þess að einhver sé á sviðinu til að stjórna því? Ég held að fólk sé of vant því að hafa sjónvarp eða útvarp glymjandi undir kvöldmatnum og hreinlega hafi aldrei lært þá góðu list að halda uppi skemmtilegu borðhaldi.


# Húsmæðraorlof

## Gullbringu- og Kjósarsýslu

Álftanes, Garðabær, Garður, Grindavík, Kjósarhreppur, Mosfellsbær, Reykjanesbær, Sandgerði, Seltjarnarnes, Vogar.

Rétt til þess að sækja um eftirfarandi ferðir, hefur sérhver kona sem veitir, eða hefur veitt heimili forstöðu, án launagreiðslu fyrir það starf.

Sprengisandur, Stóru-Tjarnir og Herðubreiðarlindir....26. til 30. júlí.
Ítalía, Mónakó.........................................................14. til 21. ágúst.
Pólland, Berlín.........................................................15. til 22. júní.
Færeyjar....................................................................20. til 25. september.

Eftirtaldar konur veita nánari upplýsingar og taka á móti pöntunum í síma á milli kl. 17:00 og 19:00 á virkum dögum frá 13. til 24. mars.

| | |
|---|---|
| Svanhvít Jónsdóttir | 565 3708 |
| Ína Jónsdóttir | 421 2876 |
| Guðrún Sigurðardóttir | 426 8217 |
| Guðrún Eyvindsdóttir | 422 7174 |
| Valdís Ólafsdóttir | 566 6635 |
| Sigrún Jörundsdóttir | 565 6551 |

**Orlofsnefndin**


## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Overli




**Pú og pa** Eftir SÖB







# Brothætt

*Heilbrigð náttúra er ábyrgð okkar allra*

**Fyrirtækjum ber að skila spilliefnum.** Efnamóttakan býður upp á alhliða þjónustu í móttöku spilliefna. Þú kemur eða við sækjum. Efnamóttakan í Gufunesi er opin virka daga frá 7.30 – 16.15.

Dæmi um spilliefni:
- Leysiefni
- Rafgeymar
- Kvikasilfur
- Framköllunarefni
- Rannsóknarefni
- Málningarafgangar

MIXA • fít • 51002

Efnamóttakan hf
Spillum ekki framtíðinni

Við sækjum! S. 520 2220 www.efnamottakan.is

*„Meira að segja maður sem er fullkomlega gersneyddur siðferðistilfinningu er fær um að koma auga á þorparahátt hjá öðrum.“*



- Joseph Conrad vissi sitthvað um skuggahliðar mannskepnunnar og hittir hér naglann á höfuðið í Nostromo.

# bækur

baekur@frettabladid.is

## Kalman til Þýskalands

Jón Kalman Stefánsson heldur senn til í Þýskalandi í upplestrarferð í annað sinn á skömmum tíma. „Salan í bókum Jóns á hinu þýska málsvæði er orðin svo góð að útgáfufyrirtæki hans þykir ástæða til að láta flugvélar fljúga með hann yfir hafið svo aðdáendur hans geta hlýtt á hann lesa og komist í þægilega nálægð við skáldið,“ segir á heimasíðu Bjarts, sem gefur út bækur skáldsins.

Bækur Jóns hafa fallið í kramið hjá Þjóðverjum, til dæmis hefur Snarkið í stjörnunum - eða Das Knistern in den Sternen eins og það útleggst á þýsku - selst í rúmlega tíu þúsund eintökum á undanförnum mánuðum.



**JÓN KALMAN** Bækur hans falla í kramið í þýskumælandi löndum. FRÉTTABLAÐIÐ/ HEIÐA

Forlagið Reklam gefur bækur Jóns út í Þýskalandi, en auk Snarksins í stjörnunum hafa bækurnar Skurðir í rigningu, Sumarið á bak við brekkuna, Birtan á fjöllunum og Ýmislegt um risafurur og tímann komið út í Þýskalandi. Þá stendur til að gefa út verðlaunabókina Sumarljós, og svo kemur nóttin síðar á árinu.

Leið Jóns liggur fyrst til Leipzig, þar sem Reklam er til húsa en þaðan til Berlínar, en auk þess hafa svissneskir menningarforkólfar boðið Jóni út til lesa fyrir sig síðar árinu.

## > Bók vikunnar

**Flugdrekahlauparinn eftir Khaled Hosseini**



Í Flugdrekahlauparanum segir frá vinunum Amir og Hassan sem alast upp við ólík kjör í Kabúl. Sagan lýsir horfnum heimi og glötuðu sakleysi æskunnar en söguсviðið er Afganistan á áttunda áratugnum til dagsins í dag. Sterk saga með eftirminnilegum persónum og áhrifamiklum söguþræði.

# Í klóm tálkvendis

Vinsældir glæpamyndarinnar Sin City sem byggði á þremur myndasögubókum Franks Miller úr samnefndum bókaflokki urðu til þess að allar bækurnar sjö voru endurútgefnar. Þetta var tímabært þjóðþrifaverk enda fyrirfinnast ekki betri reyfarar en þessar bækur Millers.

Miller og meðleikstjóri hans Robert Rodriguez eru þegar byrjaðir að leggja drögin að framhaldsmynd og hafa látið þau boð út ganga að hryggjarstykkið í henni verði bókin A Dame to Kill for sem er tálkvendisreyfari af bestu gerð.

Sagan The Big Fat Kill var einn aðalkaflinn í Sin City-bíómyndinni en þar fór töffarinn Dwight McCarthy mikinn og sallaði niður heilu herskarana af skúrkum sem ógnuðu vinkonum hans, hórunum í gamla hverfi Sin City.

A Dame to Kill for er forleikurinn að The Big Fat Kill og þar kynnumst við allt öðruvísi Dwight en í þeirri bók. Hann vinnur fyrir sér sem einkaspæjari og er þjakaður af minningum um Övu, fyrrverandi kærustu sem fór frá honum vegna þess að hann skaffaði frekar illa. Dwight lagðist í kjölfarið í drykkju og volæði en er allur að koma til. Þá birtist Ava auðvitað aftur og vélar Dwight til þess að drepa vonda ríka eiginmanninn sem hún hafði krækt sér í.

Blessaður manngarmurinn var vitaskuld besta skinn en fegurð Övu og inspírerandi kynlíf sló ryki í augu Dwights, sem stendur uppi sem dæmigert fórnarlamb köngulóarkonu. Miller sækir mjög markvisst í smiðju gömlu meistara harðsoðnu reyfarahefðarinnar í Bandaríkjunum sem áttu sitt blómaskeið í kringum 1940. Höfuðpáfar þessarar bylgju sem lagði grunninn að noirmyndunum voru rithöfundarnir Raymond Chandler, Dashiell Hammett og James M. Cain. Karlpersónur þessara höfunda skiptast í tvo flokka; þá sem standast töfra tálkvennanna og þá sem ráða ekki við sig og tortímast fyrir vikið. Frægustu hetjur Hammetts og Chandlers, þeir Sam Spade og Philip Marlowe, tilheyra fyrrnefnda hópnum og þannig hikar Spade ekki við að senda tálkvendið sitt í gálgann frekar en axla ábyrgð á glæpum hennar. Sá Dwight sem mundar fretthólkana í The Big Fat Kill er náskyldur Spade og Marlowe en í A Dame to Kill for er hann jafn veikur fyrir og hetjur Cains í The Postman Always Rings Twice og Double Indemnity. Ava vefur honum um fingur sér, hefur hann ítrekað að fífli, lætur hann fremja morð og skilur svo við hann nær dauða en lífi.

Miller spinnur þetta allt af mikilli list og þetta tvöfalda film noireðli Dwights gerir hann að afskaplega heillandi persónu. Þá er Ava ekki síður vel skrifuð, að maður tali ekki um teiknuð, en undir lödrandi kynþokkanum leynsist magnaður kvendjöfull sem svífst einskis til þess að ná markmiðum sínum og þeir eru ófáir karlpungarnir sem liggja í valnum áður en mellugengið úr gamla hverfinu rífur Dwight upp úr öskustónni og hjálpar honum að leita hefnda.

**Þórarinn Þórarinsson**





DAME TO KILL FOR

**HÖF: FRANK MILLER**

**Niðurstaða:** Dame to Kill for er því rétt eins og aðrar Sin City bækur Millers hreinræktað „pulp“ og þessari frábæru bókmenntagrein hafa ekki verið gerð jafn fullkomin skil síðan Chandler og félagar hurfu til feðranna og Humprey Bogart drap í síðustu sígarettunni.





# Ljóðin í konfektkössum

**Valdimar Tómasson hefur safnað ljóðabókum síðan hann var sextán ára gamall og segist ekki vita hverjir kistusmiðirnir eru sem lýsa stöðugt yfir dauða ljóðsins.**

„Stemningin í ljóðlistinni er ágæt,“ segir Valdimar, „ljóðið hefur yfirleitt verið lágmælt, það hefur ekki heyrst mikið í því nema þegar það er sungið.“ Valdimar Tómasson hugsar um gæði fremur en magn og safnar ljóðabókum vegna þess að hann langar að lesa þær og leggur sig t.d. eftir því að eignast höfundarverk skálda í heild. Hann segist helst lesa íslensk ljóð og norræn fremur en ensk. Nú er ljóðabókasafnið hans líklega komið yfir 1000 titla þó Valdimar segist ekki hafa talið fjársjóðinn. „Ljóðabók eru eins og konfektkassi sem maður laumast ofan í, leggur síðan til hliðar og kemur aftur að seinna,“ segir Valdimar. Hann segist ekki geta tilgreint uppáhaldsskáldin sín og kveðst þreyttur á „populisma og uppáhaldssýki samtímans“ þar sem áherslan sé sífellt á samanburð sem þrengir að umræðunni um ljóðlist og gera hana einsleitari fyrir vikið. Valdimar er sjálfur hrifnastur af klassískri ljóðlist og módernisma seinni tíma og upplýsir að í töskunni hans núna séu tvær bækur eftir Stefán Hörð Grímsson, Vetrarmyndin eftir Þorstein frá Hamri og tvær bækur eftir Sigfús Daðason.

### Upplög á þrotum

Valdimar vann á bókamarkaði á dögunum og segir að ljóðasalan hafi verið góð. „Bækur höfuðskálda seljast ekki í þúsundum eintaka, fremur í hundruðum,“ segir hann en bendir samt sem áður á að fjölmargir ljóðabókatitlar hafi selst upp. Hann segir að fólk kaupi síður ljóðabækur til gjafa, „menn kaupa ljóðabækur fyrir sjálfa sig en skáldsagnasala er aftur á móti ótengd lestri.“ Góðar ljóðabækur seljist hægt en örygglega. Valdimar fylgist vel með en vill þó ekkert fullyrða um fjölda þeirra ljóðabóka sem kemur út hjá stóru forlögunum en segist ekki halda að þær séu neitt fleiri en fyrir tuttugu árum. „Forlögin fitja oft upp á nefið þegar kemur að ljóðabókum, nema um sé að ræða höfunda sem hafa þegar skapað sér nafn,“ segir Valdimar.



**VALDIMAR TÓMASSON** Segir mikla grósku hjá sjálfstæðu útgáfunum um þessar mundir.

Hann segir að hins vegar sé mikil gróska hjá sjálfstæðum útgáfunum um þessar mundir og skáld hafi fleiri tækifæri til þess að koma verkum frá sér.

### Blind á eigin tíma

Hann segist finna fyrir auknum áhuga á ljóðum hjá ungu fólki. „Fólk leitar í ljóðin vegna ágangsins, vegna froðu og firringarinnar í fjölmiðlunum því þar finnur fólk þá ró sem það þarf með sjálfu sér,“ útskýrir Valdimar. Þegar kemur að ljóðaumræðunni sjálfri segir Valdimar að við séum blind á eigin tíma og hann þurfi að líða áður en hægt sé að leggja mat á einstaka verk og mikilvægi þeirra. „Fjölmiðlar geta líka verið glámeygir,“ segir Valdimar „tíminn er ritdómurinn sem blífur.“ Hann kveðst hins vegar kunna litlar skýringar á því hversu háværskáldin eru um þessar mundir, þegar fjöldi upplestrarkvölda er haldin um út og nýjar ljóðbækur streyma í verslanir og skáldin vappa um með varninginn i töskum. „Fólk þiggur þá athygli sem er í boði, það á ekkert skylt við ljóðlist en það skemmir ekki að láta vita af sér,“ segir Valdimar. Hann hefur fengist töluvert við ljóðaþýðingar og segir að það komi fyrir að hann yrki sjálfur. „Það kemur vel til greina að ég gefi þau út ef einhver nennir að prenta þau,“ segir hann að lokum en bætir því við að hann vilji helst hlífa fólki við því að hann gangi um og selji þau sjálfur.

# Metsala á spæjarasögum

Nú hafa ríflega 20.000 eintök selst af Kvenspæjaraseríu Alexanders McCall Smith hér á landi en fyrsta bókin í seríunni kom í íslenskar verslanir í fyrra. Sögurnar af kvenspæjaranum útsjónarsama hafa fengið frábæra dóma og viðtökur en fimmta bókin kom út á dögunum. Í sögunum greinir frá ævintýrum kvenspæjarans Precious Ramotswe í Botsvana í Afríku en höfundurinn Smith er fæddur í Simbabve í Afríku. Serían á sér breiðan aðdáendahóp þótt seint verði sagt að aðalpersónan sé hefðbundinn spæjari, en einkalíf afrísku hetjunnar og frændgarður hennar kemur talsvert við sögu og fléttast við æsilega atburðarás þar sem Ramotswe beitir skarpskyggni sinni við lausn misdramatískra sakamála. Bókunum hefur verið lýst sem notalegum og aðgengilegum en þeim hefur einnig verið hampað fyrir að veita ferska innsýn í afrískt samfélag sem fólk á Vesturlöndum þekkir lítið til nema í gegnum neikvæða umfjöllun í fjölmiðlum.



**KALAHARÍ-VÉLRITUNARSKÓLINN FYRIR KARLMENN**
Í sögunum greinir frá ævintýrum kvenspæjarans Precious Ramotswe í Botsvana.

## METSÖLULISTINN



HEILDARLISTI

1. ICELAND THE WARM COUNTRY... – SIGURGEIR SIGURJÓNSSON
2. FLUGDREKAHLAUPARINN – KHALED HOSSEINI
3. ÍSLENSKUR STJÖRNUATLAS – SNÆVARR GUÐMUNDSSON
4. MUNKURINN SEM SELDI SPORT... – ROBIN SHARMAN
5. SÁLMABÓK – ÝMSIR HÖFUNDAR
6. 109 JAPANSKAR SUDOKU - NR. 1 – GIDEON GREENSPAN
7. SUMARLJÓS OG SVO KEMUR ... – JÓN KALMAN STEFÁNSSON
8. BIBLÍA FALLEGA FÓLKSINS – GILLZENEGGER
9. DÝRARÍKIÐ – PENELOPE ARLON
10. SKUGGA-BALDUR – SJÓN

SKÁLDVERK - KILJUR

1. FLUGDREKAHLAUPARINN – KHALED HOSSEINI
2. SKUGGA-BALDUR – SJÓN
3. KARÍTAS ÁN TITILS – KRISTÍN MARJA BALDURSDÓTTIR
4. TÍMI NORNARINNAR – ÁRNI ÞÓRARINSSON
5. FULLUR SKÁPUR AF LÍFI – ALEXANDER MCCALL SMITH
6. ALKEMISTINN – PAOLO COELHO
7. ÝMISLEGT UM RISAFURUR OG ... – JÓN KALMAN STEFÁNSSON
8. HROKI OG HLEYPIDÓMAR – JANE AUSTEN
9. MINNINGAR GEISJU – ARTHUR GOLDEN
10. GRAFARÞÖGN – ARNALDUR INDRIÐASON
11. BLÓÐSKULD – MICHAEL CONNELLY
12. ENGLAR OG DJÖFLAR – DAN BROWN
13. DA VINCI LYKILLINN – DAN BROWN
14. KVENSPÆJARASTOFA NR. 1 – ALEXANDER MCCALL SMITH
15. DAUÐARÓSIR – ARNALDUR INDRIÐASON

BARNABÆKUR



1. DÝRARÍKIÐ – PENELOPE ARLON
2. HVAR ER VALLI? – MARTIN HANDFORD
3. STUBBARNIR FARA Í HERMILEIK – ANDREW DAVENPORT
4. STUBBARNIR FARA Í GÖNGUFERÐ – ANDREW DAVENPORT
5. HERRA HNERRI – ROGER HARGREAVES
6. ÞETTA ER NÚ MEIRI TRUKKURINN – NICOLA BAXTER
7. HERRA HÁMUR – ROGER HARGREAVES
8. HAMINGJUSAMI MAÐURINN ... – MIRYAM
9. HERRA HNÝSINN – ROGER HARGREAVES
10. RONJA RÆNINGJADÓTTIR – ASTRID LINDGREN
11. ARI OG ERLA FARA Í GÖNGUFERÐ
12. GEITUNGURINN 1 – ÁRNI ÁRNASON / HALLDÓR BALDURSSON
13. ÓÐFLUGA – ÞÓRARINN ELDJÁRN / SIGRÚN ELDJÁRN
14. ARI OG ERLA FRÁ MORGNI TIL KV..
15. SNÚÐU SKÍFUNNI OG LÆRÐU AÐ TELJA – EGILSSON HF.

LISTARNIR ERU GERÐIR ÚT FRÁ SÖLU DAGANA 01.03.06 - 07.03.06 Í PENNANUM EYMUNDSSON OG BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Í kristilegum krafti

Myndasögur eru ef til vill ekki kristilegasta lesefnið sem íslenskum lesendum stendur til boða en þegar betur er að gáð í bókahillum verslana má finna þar fjölskrúðugar sögur, m.a. um ofurhetjuna Power Mark. Útgáfan á myndasögunum er hliðarverkefni kristilegu útvarpsstöðvarinnar Lindarinnar og að sögn Sheilu Fitzgerald eru þetta einkar spennandi sögur með uppbyggilegum kristilegum boðskap. „Ef ég ætti að tilgreina aldurshóp myndi ég segja að sögurnar hentuðu best fyrir krakka á aldrinum 8-10 ára,“ segir Sheila en hún bætir við að yngsti kaupandinn sem hún viti til hafi verið þriggja ára en sá elsti um sjötugt. Power Mark er hasarblað með jákvæðum boðskap en aðalpersónan er foringinn Mark Chen sem fær það verkefni að kynna ævaforn rit fyrir tæknivæddri tölvukynslóð framtíðarinnar. Hann fær til liðs við sig ellefu unga hjálparkokka eða lærisveina frá mismunandi löndum en hver þeirra hefur sérstaka hæfileika og fær því verkefni við sitt hæfi. Auðvitað er líka illmenni í sögunum sem klekkja vill á Power Mark og félögum hans en Seiðkarlinn og Fang Shaw leika tveimur skjöldum og leggja sig fram við að eyðileggja fyrir hetjunum knáu. Sheila segir að Power Mark sé mjög fjölþjóðlegt verkefni og hafa sögurnar verið þýddar á mörg tungumál. Að sögn Sheilu var upphafsmaður verkefnsins Bandaríkjamaður sem bjó í Asíu og kom auga á möguleika myndasagna til þess að koma jákvæðum kristilegum boðskap á framfæri. Nú hafa komið út tólf sögur um Power Mark og félaga hérlendis og fást þær í bókaverslunum og á heimasíðu Lindarinnar: lindin.is. Kappinn er líka með heimasíðuna powermark.is þar sem forvitnir geta kynnt sér sögu hans betur.



FANTE HJÁLPARKOKKUR




OFURHETJAN POWER MARK




HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

FRAMHALDSNÁM VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Umsóknarfrestur er til og með 15. mars 2006.
Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu háskólans, www.unak.is, og þar er jafnframt að finna ítarlegri upplýsingar um námið. Upplýsingar eru einnig veittar á skrifstofum viðkomandi deilda.

www.unak.is
Háskólinn á Akureyri
v/Norðurslóð
600 Akureyri
S: 460 8000

VORIÐ 2006 VERÐUR INNRITAÐ Í FRAMHALDSNÁM Á EFTIRFARANDI FRÆÐASVIÐUM VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI:



Diplómu- og meistaranám í menntunarfræðum

Í boði er almennt nám í menntunarfræðum auk náms með áherslu á sérkennslufræði eða stjórnun skólastofnana. Í undirbúningi er sérsvið með áherslu á lestrarfræði og verður unnt að taka námskeið sem síðar verða hluti af því námi. Inntökuskilyrði eru fullgilt háskólanám á sviði kennslu, þjálfunar, uppeldis og umönnunar og árs starfsreynsla eða lengri í fullu starfi á ofangreindum sviðum. Kennt er í lotum og hefst kennslan með vikulangri lotu 10. ágúst.



Diplómu- og meistaranám í heilbrigðisvísindum

Við heilbrigðisdeild er í boði nám til meistaragráðu í heilbrigðisvísindum. Námið er 60 einingar og samanstendur af sex 5 eininga námskeiðum og 30 eininga rannsóknarverkefni. Einnig er í boði 30 eininga diplómunám og hægt er að skrá sig í einstök námskeið. Inntökuskilyrði er fullgilt háskólanám á sviði heilbrigðisvísinda og skyldra greina með fyrstu einkunn frá viðurkenndri háskólastofnun. Kennt er í lotum og hefst kennslan með vikulangri lotu 10. ágúst.



Meistaranám í auðlindafræðum

Um er að ræða alþjóðlegt, rannsóknatengt meistaranám í auðlindafræðum sem nær til fimm fræðasviða; umhverfisfræði, orkufræði, líftækni, sjávarútvegsfræði og fiskeldisfræði. Námið er 60 einingar; 15 – 30 einingar eru námskeið og 30 – 45 einingar eru rannsóknarverkefni. Inntökuskilyrði er B.Sc. gráða frá viðurkenndri háskólastofnun með fyrstu einkunn í þeirri fræðigrein sem tengist áætluðu meistaranámi.




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| RENT | kl. 8 og 10.45 B.I. 14 ÁRA |
| SÝND Í Í LÚXUS | kl. 2, 5, 8 og 10.45 B.I. 14 ÁRA |
| YOURS MINE AND OURS | kl. 1, 3.30, 5.45 og 8 |
| PINK PANTHER | kl. 1, 3.30, 5.50, 8 og 10.10 |
| NANNY MCPHEE | kl. 1, 3.30 og 5.50 |
| UNDERWORLD | kl. 10 B.I. 16 ÁRA SÍÐUSTU SÝNINGAR |
| ZATHURA m/íslensku tali | kl. 1 og 3.30 B.I. 10 ÁRA |
| WALK THE LINE | kl. 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |
| FUN WITH DICK AND JANE | kl. 5.45 SÍÐUSTU SÝNINGAR |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| RENT | kl. 2.40, 5.20, 8 og 10.40 B.I. 14 ÁRA |
| CAPOTE | kl. 3, 5.30, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 2.40, 5.20, 8 og 10.40 B.I. 12 ÁRA |
| CONTANT GARDENER | kl. 2.40, 5.20, 8 og 10.40 B.I. 16 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| RENT | kl. 8 og 10.25 B.I. 14 ÁRA |
| YOURS, MINE & OURS | kl. 4, 6 og 8 |
| PINK PANTHER | kl. 2 (400 KR.) og 10 |
| NANNY MCPHEE | kl. 2 (400 KR.) og 3.50 |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 5.40 B.I. 12 ÁRA |

Dolby SDDS Sony Dynamic Digital Sound THX BÍÓ.IS – allt á einum stað





## FRÉTTIR AF FÓLKI

Christina Aguilera segist vona að hún geti ennþá notað rassalausu kúrekabuxurnar sínar þegar hún er orðin gömul kona. Buxunum muna sennilega einhverjir eftir úr myndbandinu við lagið Dirrty. „Ég gref þær upp þegar ég er orðin sextug og vonandi passa þær ennþá,“ segir Christina, sem hefur gagnrýnt aðrar



poppstjörnur fyrir að djamma of mikið. „Ég nefni engin nöfn en fyrir sumum virðist poppbransinn frekar snúast um djammið en að gera eitthvað listrænt.“

Eva Longoria segist vera skotin í nágrönnum sínum, Jessicu Alba, Jessicu



Simpson og Evu Mendes. „Þær koma oft í heimsókn til mín. Þetta er gengið mitt. Ég er skotin í þeim og ber mikinn hlýhug í garð þeirra,“ segir Eva, sem er í sambandi með körfuboltamanninum Tony Parker.






# Lömuð aurskriða

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Vinnie Caurana er greinilega rokkari sem opnar brjóstkassa sinn alveg upp á gátt þegar hann semur tónlist. Kannski fullmikið, því það er ekki alltaf fögur sjón að horfa á blæðandi hjarta þjáðs listamanns.

Ekki að þessi frumraun nýju sveitar hans sé það tilfinningalega magnþrungin að það sé erfitt að hlusta á hana, heldur er málið frekar að Vinnie skortir hæfileikana til þess að tjá sig á djúpstæðan hátt. Hann var áður í sveitinni The Movielife en tónlist hans núna er mjög í ætt við emó-rokk en óþægilega mikið undir áhrifum frá bandarísku stuttbuxnarokki, svipað því sem Blink 182 spilar.

Óupplýstir Kanar eiga það til að kalla þetta pönk sem er hugsunarháttur, ekki bara tónlist með bjöguðum gíturum, spiluð af mönnum sem kunna varla á hljóðfæri sín.

Lögin eru öll mjög keimlík og textarnir fjalla allir um dramatíska sálarhnúta söngvarans. Þegar ég var að renna þessari plötu í gegn leið mér svolítið eins og þegar maður spyr einhvern hvort eitthvað sé að, í mestu kurteisi auðvitað, og neyðist svo til þess að hlusta á klukkutíma ræðu um sjálfstilbúna sálarangist hins þjáða. Það er ekki lag á þessari plötu sem mér finnst ég ekki hafa heyrt einhvers staðar áður. Undanfarið hef ég haft verulegar áhyggjur af rokktónlist. Það er of langt síðan endurnýjun hefur orðið og það sem verra er, að yngstu kynslóðinni virðist vera alveg nákvæmlega sama. Það er akkúrat það eina sem unglingar eiga ekki að vera! Rísið upp, bendið í átt til himins með löngutöng og sýnið okkur gömlu hundunum hvað við erum hallærislegir! Og hvernig sé hægt að framkvæma hluti á nýjan og spennandi hátt! Þá fyrst fyllið þið jafnaldra ykkar sem og vitra gamlingja af virðingu.




**I AM THE AVALANCHE**

I AM THE AVALANCHE

**Niðurstaða:** Frumraun bandarísku emórokksveitarinnar I Am The Avalanche er eins óspennandi og hugsast getur. Hér er verið að vinna eftir formúlu sem er löngu orðin úrelt.

**Birgir Örn Steinarsson**


Fræðsluráð hótel- og matvælagreina

## Sveinspróf

**í matvæla- og framreiðslugreinum**

**15.—19. maí 2006**

Sveinspróf í bakaraiðn, framreiðslu, kjötiðn og matreiðslu verða haldin dagana **15.—19. maí 2006** í Hótel- og matvælaskólanum í Kópavogi.

Umsóknarfrestur er til 12. apríl nk.

Ekki verður tekið við umsóknum eftir þann tíma. Athugið að greiða þarf leyfisgjald sveinsbréfa kr. 5.000 við innritun.

Með umsókn skal fylgja afrit námssamnings, brautskráningarskírteini og lífeyrissjóðsyfirlit. Fræðsluráð hefur heimild til að fresta prófi í einstökum greinum ef ekki næst næg þátttaka.

**Fræðsluráð hótel- og matvælagreina, Hallveigarstig 1, 101 Reykjavík, sími 590 6400, fax 590 6401. http://www.fhm.is**




| | | |
|---|---|---|
| AEON FLUX | KL. 5:50-8-10:10 | B.I. 16 |
| AEON FLUX VIP | KL. 1:30-3:45-5:50-8-10:10 | |
| SYRIANA | KL. 3-5:30-8-10:40 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 2-4-6-8-10:10 | |
| CASANOVA | KL. 5:50-8-10:20 | |
| NORTH COUNTRY | KL. 6:30 | B.I. 12 |
| MUNICH | KL. 9 | B.I. 16 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 2-4 | |
| OLIVER TWIST | KL. 1:30-4 | B.I. 12 |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 2-4 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900




| | |
|---|---|
| WALK THE LINE | KL. 5-8-10:30 |
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8-10 |
| CRONICLES OG NARNIA 400 KR. TILBOÐ | KL. 2 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 2-4 |

| | |
|---|---|
| AEON FLUX | KL. 6-8-10 |
| BLÓÐBÖND | KL. 6-8 |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 10 |
| CRONICLES OF NARNIA 400 KR. TILBOÐ | KL. 2 |
| BAMBI 2 ísl. tal 400 KR. TILBOÐ | KL. 4 |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170




| | | |
|---|---|---|
| THE NEW WORLD | KL. 5-8-10:10 | |
| THE PINK PANTHER | KL. 12-2-4-6-8-10:10 | |
| UNDERWORLD 2 | KL. 10:45 | B.I. 16 |
| DERAILED | KL. 8 | B.I. 16 |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 12-2-4-6 | |
| LITLI KJÚLLINN ísl. tal | KL. 12 | |
| OLIVER TWIST | KL. 2 | B.I. 12 |

KRINGLAN S: 588-0800




| | | |
|---|---|---|
| THE NEW WORLD | KL. 5-8-10:45 | B.I. 12 |
| THE WORLD´S FASTEST INDIAN | KL. 5:30-8-10:30 | |
| SYRIANA | KL. 5:30-8-10:30 | B.I. 16 |
| CRASH | KL. 5:45-8-10:15 | B.I. 16 |
| BLÓÐBÖND | KL. 4-6-8-10 | |
| PRIDE & PREJUDICE | KL. 3 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 3 | |
| CRONICLES OF NARNIA | KL. 3 | |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919




**RENT** Hópur bóhema í New York reynir að stunda list sína um leið og hann þarf að glíma við ýmis vandamál.

# Rent á hvíta tjaldið

Rokksöngleikurinn Rent, sem meðal annars hefur verið sýndur í leikhúsum hér á landi, er nú kominn á hvíta tjaldið.

Söngleikurinn fjallar um hóp bóhema sem reyna að stunda list sína í niðurníddu hverfi í New York á sama tíma og þeir þurfa að glíma við fátækt, veikindi og almnæmisfaraldurinn.

Adam Pascal fer með hlutverk tónlistarmannsins Roger, sem hefur einangrað sig tilfinningalega eftir sjálfsmorð kærustu sinnar. Hann verður ástfanginn af nágrannakonu sinni, leikinni af Rosario Dawson, sem einnig á við persónuleg vandamál að stríða.

Mark, herbergisfélagi Roger, er kvikmyndagerðarmaður sem nýlega missti kærustu sína í hendurnar á lögfræðingi. Fleiri persónur koma við sögu og þurfa þær að takast á við hin ýmsu vandamál sem koma upp.

Leikstjóri Rent er Chris Columbus, sem meðal annars hefur sent frá sér tvær myndir um galdrastrákinn Harry Potter, Mrs. Doubtfire og Home Alone-myndirnar tvær.

# Sigur Rós í Planet Earth

Lagið Hoppípolla af síðustu plötu Sigur Rósar, Takk, er notað sem aðallagið í nýjum náttúrulífsþætti hjá breska ríkisútvarpinu, BBC, sem nefnist Planet Earth.

Þátturinn er sýndur á BBC1 á hverju sunnudagskvöldi og fjallað er á myndrænan hátt um jörðina og þau dýr sem lifa úti í villtri náttúrunni.

Sigur Rós heldur áfram tónleikaferð sinni um heiminn með þrennum tónleikum í Englandi í lok mánaðarins. Í byrjun apríl taka síðan við tónleikar í Japan og Hong Kong. Eftir það heldur sveitin meðal annars tónleika í Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Bandaríkjunum.



**SIGUR RÓS** Hljómsveitin Sigur Rós á aðallagið í nýjum breskum náttúrulífsþætti.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


# Heildsölu lagersala

9-13 mars 2006

50-90% afsláttur!!

Fyrstur kemur, fyrstur fær!
Komið tímanlega því takmarkað magn er til af öllum vörum

| | Listaverð | Útsöluverð frá |
|---|---|---|
| Útivistarjakki | 29,990 | 11,900 |
| Hlaupajakki | 8,990 | 3,900 |
| Flíspeysa | 12,990 | 5,900 |
| HiTec Golfskór | 12,990 | 5,900 |
| Fótboltaskór | 13,990 | 5,900 |

Einnig mikið úrval af:
Skíðafatnaði, Útivistarfatnaði, Golffatnaði, Íþróttafatnaði, Brettafatnaði
Barna-, unglinga- og fullorðinsstærðir

Opnunartími
Fimmtud. 14-20
Föstud. 14-20
Laugard. 10-18
Sunnud. 11-17
Mánud. 14-20

Við rýmum til á lagernum vegna sumarlínu okkar sem kemur fljótlega til landsins.
Við seljum því eldri lager og sýnishorn á ótrúlegu verði!

ZO-ON Iceland
Nýbýlavegur 18
(gengið inn Dalbrekku megin)

VISA MasterCard

www.zo-on.com

ZO•ON ICELAND



# TÖLVUNÁM

## Byrjendanámskeið

Vinsælt námskeið á sérlega hagstæðu verði ætlað byrjendum í tölvunotkun á öllum aldri. Allar greinar eru kenndar frá grunni og farið rólega í námsefnið með miklum endurtekningum. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað og öðlast sjálfsöryggi við tölvuna.

- Windows tölvugrunnur
- Word ritvinnsla
- Excel kynning
- Internetið og tölvupóstur



Kennt er á mánudögum og miðvikudögum. Hægt að velja um morgunnámskeið kl 9 - 12 og kvöldnámskeið kl 18 - 21.
Lengd: 60 std. Kennsla hefst 13. mars og lýkur 8. maí (Páskafrí frá 6. til 19. apríl). Verð kr. 36.000,- (Allt kennsluefni innifalið)

## Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt og markvisst námskeið ætlað þeim sem hafa einhvern tölvugrunn að byggja á eða hafa reynslu af tölvuvinnu en vilja auka við þekkingu sína, hraða og færni. Mikið lagt uppúr vinnusparandi aðgerðum í tölvu.

- Windows XP og skjalvarsla
- Word
- Excel
- Internet
- Outlook tölvupóstur og dagbók

Kennt er á þriðjudögum og fimmtudögum.
Hægt að velja um morgunnámskeið kl 9 - 12
og kvöldnámskeið kl 18 - 21.
Lengd: 63 std.
Kennsla hefst 16. mars og lýkur 9. maí.
(Páskafrí frá 7. til 17. apríl)
Verð kr. 39.900,- (Allt kennsluefni innifalið)

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



## Árni Thor á leið í ÍA

HK hefur samþykkt tilboð frá ÍA í varnarmanninn Árna Thor Guðmundsson. Árni hefur verið valinn í lið ársins í 1. deildinni tvö síðustu ár. Skagamenn hafa misst báða miðverði sína síðan í fyrra og eru samkvæmt heimildum í leit að erlendum leikmanni sem þeir hyggjast nota við hlið Árna Thors í hjarta varnarinnar.

# sport

sport@frettabladid.is



## 60 SEKÚNDUR MEÐ MAGNÚSI GUNNARSSYNI

**Keflavík er...** besta liðið á Íslandi.

**A.J. Moey eða Anthony Glover?** A.J.

**Nick Bradford er...** frábær leikmaður.

**Njarðvík eða Grindavík?** Hvorugt.

**DMX eða 50 cent?** Fifty.

**Ein þriggja-stiga eða tvær tveggja-stiga?** Ein þriggja.

**Hvað er með hárbandið?** Lúkkar vel.

**Besti íslenski leikmaður Intersport-deildarinnar?** Frikki Stef.

**Besti körfuboltamaður í heimi?** Dwyane Wade.

**Besti körfuboltamaður allra tíma?** Verður maður ekki að segja Jordan.

**NBA-lið?** Miami.

**Splash TV eða Kallarnir?** Splash TV.

**Trommusveit Keflavíkur er...** besta stuðningslið í heimi.

**Sigurður Ingimundarson er...** besti þjálfari á Íslandi.

**Erfiðasti útivöllur?** Ljónagryfjan.

**Joey Drummer er...** töff gaur.

**Besta skyttan í sögu Keflavíkur?** Magnús Þ... nei, Gaui Skúla.

## > Malmö FF í undanúrslit

Guðmundur Eggert Stephensen, Íslandsmeistari í borðtennis, átti tvo frábæra leiki fyrir lið sitt Malmö FF í sænsku úrvalsdeildinni í borðtennis á föstudagskvöldið þegar það bar sigurorð af Söderhams í átta liða úrslitum deildarinnar. Svo fór að Malmö marði 5-3 sigur þar sem sigrar Guðmundar skiptu sköpum. Guðmundur vann leiki sína 3-0 annars vegar og 3-1 hins vegar. Þetta var annar sigur Malmö á Söderhams á skömmum tíma og er liðið nú komið í undanúrslit mótsins þar sem andstæðingurinn verður lið Halmstad.



## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*DHL-deild karla:*

| | |
|---|---|
| FYLKIR-ÍBV | 27-18 |

**Mörk Fylkis:** Ingólfur Axelsson 10, Kristján Þorsteinsson 3, Arnar Jón Agnarsson 3, Heimir Örn Árnason 3, Eymar Kruger 2, Sigurður Valur Jakobsson 2, Arnar Þór Sæþórsson 1, Hreinn Þór Hauksson 1, Davíð Óskarsson 1.

**Varin skot:** Hlynur Morthens 25, Sölvi Thorarensen 1.

**Mörk ÍBV:** Ólafur Víðir Ólafsson 5, Mladen Cacic 4, Sigurður Bragason 3, Jens Kristinn Elíasson 2, Grétar Þór Eyþórsson 2, Jan Vitipil 1, Michael Dostalik 1.

| | |
|---|---|
| VÍK/FJÖ-ÞÓR AK. | 29-28 |

**Mörk Vík/Fjö:** Björn Guðmundsson 8, Pálmar Sigurjónsson 6, Ragnar Hjaltested 5, Sæþór Fannberg 4.

**Mörk Þórs:** Arnór Gunnarsson 9, Nikar Lasdins 7, Heimir Þór Aðalsteinsson 4, Bragi Bjarnason 3.

| | |
|---|---|
| AFTURELDING-VALUR | 25-27 |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FRAM | 19 | 14 | 2 | 3 | 540:496 | 30 |
| **HAUKAR** | **19** | **14** | **1** | **4** | **578:521** | **29** |
| VALUR | 20 | 14 | 1 | 5 | 607:552 | 29 |
| STJARNAN | 19 | 11 | 4 | 4 | 557:520 | 26 |
| **FYLKIR** | **20** | **11** | **2** | **7** | **553:506** | **24** |
| HK | 20 | 9 | 2 | 9 | 577:568 | 20 |
| **KA** | **19** | **8** | **3** | **8** | **529:527** | **19** |
| **ÍR** | **20** | **8** | **3** | **9** | **639:617** | **19** |
| FH | 19 | 8 | 1 | 10 | 525:530 | 17 |
| **AFTURELDING** | **20** | **6** | **4** | **10** | **506:526** | **16** |
| ÍBV | 20 | 7 | 1 | 12 | 579:624 | 15 |
| **ÞÓR AK.** | **20** | **4** | **4** | **12** | **557:604** | **12** |
| VÍK/FJÖ | 20 | 5 | 1 | 14 | 550:617 | 11 |
| **SELFOSS** | **19** | **3** | **1** | **15** | **513:602** | **7** |

*Deildabikar karla:*

| | |
|---|---|
| BREIÐABLIK-FJÖLNIR | 2-2 |
| KEFLAVÍK-KR | 3-1 |
| FYLKIR-GRINDAVÍK | 2-1 |

# Erum að spila okkur niður um deild

**Þjálfari ÍBV var ómyrkur í máli eftir háðulega útreið liðsins gegn Fylki í DHL-deild karla í handbolta í gær og segir sína menn vera að spila sig niður í 1. deild. Valur vann Aftureldingu og heldur sér við toppinn.**

**HANDBOLTI** Eyjamenn gerðu ekki góða ferð í Árbæinn í gær en þeir sáu aldrei til sólar fyrir frískum Fylkismönnum sem slátruðu ÍBV með tólf marka mun sem hefði vel getað orðið mun meiri. Fylkir komst í 3-0 en í stöðunni 8-6 breyttu þeir algjörlega um ham og skoruðu sex næstu mörk og voru með átta marka forystu í hálfleik.

Eyjamenn bitu aðeins frá sér í seinni hálfleik og skoruðu meðal annars sex mörk í röð en það var engan veginn nóg þar sem Fylkismönnum leiddist þófið og afgreiddu leikinn með góðum lokaspretti.

„Þetta var léleg frammistaða frá upphafi til enda. Við sýndum smá lífsmark og minnkuðum muninn, aðallega vegna einbeitingarleysi Fylkismanna, en þessar tölur gefa ekki rétt mynd af leiknum, þeir áttu að vinna okkur með 15-20 mörkum,“ sagði Kristinn Guðmundsson, þjálfari ÍBV, eftir leikinn, hundfúll út í sína menn.

„Þetta var algjör hörmung og við erum bara að spila okkur niður í neðri deildina á næsta ári. Með svona spilamennsku eigum við ekkert annað skilið. Menn eru ekkert að taka á í vörninni, það hendir sér enginn á lausa bolta og það vantaði alla grimmd og einbeitingu í liðið. Það getur vel verið að það sé mér að kenna en staðreyndin er sú að það var enginn klár í þennan leik,“ sagði Kristinn.



**FRÁBÆR LEIKUR** Eyjamenn réðu ekkert við Ingólf Axelsson hjá Fylki í leiknum í gær en hann skoraði 11 mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ingólfur Axelsson átti frábæran leik hjá Fylkismönnum en hann skoraði ellefu mörk og bar af í Fylkisliðinu ásamt Hlyni Morthens markmanni sem varði 25 skot í leiknum. „Ég fór á árshátíð í gær og því var árshátíðarstemning yfir mér,“ sagði kampakátur Ingólfur á léttu nótunum eftir leikinn.

„Þetta voru nauðsynleg stig hjá okkur, það er stutt í toppinn. Við verðum kannski ekki meistarar en markmiðið er að vera í topp fjórum sætunum. Ég vissi að Vestmannaeyingar áttu ekki séns í okkur á laugardegi, við töpum aldrei á laugardögum, en ég bjóst við þeim betri. Við töpuðum fyrir þeim í Eyjum en þá vantaði auðvitað mig,“ bætti Ingólfur við, greinilega með sjálfstraustið í lagi.

„Ég er stoltur af þessum tíu mörkum. Ég fékk sent SMS í gær frá vini mínum þar sem stóð að ég yrði að skora tíu mörk, ellegar yrði ég að hætta í handbolta. Ég las skeytið hundrað sinnum yfir og mig langaði ekkert að hætta þannig að ég setti þau bara tíu,“ bætti Ingólfur við skælbrosandi.

Valur vann mikilvægan sigur á Aftureldingu í Mosfellsbænum og heldur sér við toppinn. Liðið er nú einu stigi á eftir Fram og með jafnmörg stig og Haukar en hefur þó spilað einum leik meira. Þá vann Víkingur/Fjölnir góðan sigur á Þór Ak. í Víkinni 29-28.

- hþh


CONCERT KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ RÁS 2:
STÓRTÓNLEIKAR MEÐ GOÐSOGNINNI
RAY DAVIES



You Really Got Me
All Day and All of The Night
Tired of Waiting
Set Me Free
See My Friends
Till The End of The Day
A Well Respected Man
Lola
Sunny Afternoon
Dedicated Follower of Fashion
Apeman
Waterloo Sunset
Come Dancing

Örfáir miðar enn óseldir!

ÁSAMT HLJÓMSVEIT
HÁSKÓLABÍÓI
14. APRÍL 2006
TAKMARKAÐ MAGN MIÐA

20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með Mastercard á forsöludegi Mastercard

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef Tilboðsklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/tilbodsklubbur

FORSALA AÐGÖNGUMIÐA Á WWW.CONCERT.IS OG WWW.MIDI.IS OG Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR

CONCERT

# HVERJAR ERU BESTU AÐFERÐIRNAR VIÐ MARKAÐSSAMSKIPTI?

## NÁMSTEFNA SAU OG BIRTINGAHÚSSINS 16. MARS

**Roderick White, ritstjóri Admap, mun halda fyrirlestur á Íslandi 16. mars n.k. á námstefnu SAU og Birtingahússins.**



Roderick White hefur verið ritstjóri Admap síðan 1996 og hefur skrifað fjölda greina fyrir það tímarit og önnur, auk þess að vera höfundur bókarinnar Advertising. Hann er jafnframt höfundur flestra “Best Practice” greinanna í Admap og hefur kennt auglýsingafræði við ýmsa breska viðskiptaháskóla.
Roderick hefur 40 ára reynslu úr auglýsingageiranum, fyrst sem starfsmaður auglýsingastofanna JWT og Landsdown Marketing (nú HHCL red cell) og síðar sem sjálfstæður ráðgjafi. Hann hefur tekið þátt í gerð herferða fyrir vörumerki á borð við Kodak, Kelloggs, Kraft, Ford, Gillette, NatWest, Bank of Scotland, De Beers, Nestle Rowntree, Asda, Allied Carpets, Lever Faberge, Ferrero og Alfa Romeo.

**Umfjöllunarefni námstefnunnar**

- Hverjar eru bestu aðferðirnar (e. best practice)?
  Hvar finn ég upplýsingar um hverjar þær eru?
  Hvernig get ég bætt mína aðferðafræði?
  Hvernig get ég tryggt að bestu aðferðirnar séu notaðar?
- Bestu aðferðirnar við birtingaáætlanagerð á 21 öldinni.
  Markaðshlutun og skilgreining boðmiðlunarhóps
  Samanburður miðlategunda
  Birtingar í dagblöðum, sjónvarpi og útvarpi
  Ein miðlategund eða fleiri?
  Samlegðaráhrif – getum við mælt þau?
- Bestu aðferðirnar við mat á árangri markaðssamskipta
  Forprófun herferða – er hún fyrirhafnarinnar virði?
  Hvað eigum við að mæla? Stöðluð aðferðafræði eða sniðin að hverri herferð fyrir sig?
  Eftir-á-prófanir herferða
  Þarf að endurmennta fjármálastjóra?

**Fyrir hverja?**
Forstjóra/framkvæmdastjóra, fjármálastjóra og yfirmenn markaðsmála, starfsfólk auglýsingastofa, birtingahúsa, markaðsrannsóknafyrirtækja og fjölmiðla.

**Staður og stund**
Smárabíói (Sal 5) þann 16. mars n.k. milli kl. 9 og 12.

**Verð, skráning og fjöldi þátttakenda**
Skráning þátttakenda fer fram á sau.is en fjöldi þeirra er takmarkaður við 100 vegna forms námstefnunnar. Verð kr. 19.900. Ráðstefnugögn og léttar veitingar innifalið í verði.

**Um Birtingahúsið**
Birtingahúsið sérhæfir sig í gerð birtingaáætlana og miðlun þekkingar til auglýsenda í þeim tilgangi að auðvelda faglega ákvarðanatöku við fjárfestingar í auglýsingabirtingum. Birtingahúsið er eina birtingafyrirtækið á Íslandi sem er óháð framleiðendum auglýsinga.

**Um Samtök auglýsenda**
Samtök auglýsenda eru hagsmuna- og fræðslusamtök fyrir alla auglýsendur. Aðilar að samtökunum eru fyrirtæki og stofnanir sem eiga það sameiginlegt að nota auglýsingar til að koma á framfæri upplýsingum um starfsemi, vörur eða þjónustu viðkomandi.

SAU
Rödd íslenskra auglýsenda

BIRTINGAHÚSIÐ



**DAGNÝ LINDA** Hefur trú á því að hún komist alla leið á toppinn. MYND/GUÐMUNDUR JAKOBSSON

# Á FULLRI FERÐ Á TOPPINN

**Dagný Linda Kristjánsdóttir** sló í gegn á Ólympíuleikunum í Tórínó, þar sem hún náði einum besta árangri sem íslenskur skíðamaður hefur náð á leikunum. *Hjalti Þór Hreinsson* ræddi við Dagnýju um fyrstu skíðaferðirnar, gríðarlega erfið meiðsli og háleit markmið framtíðarinnar.

Dagný byrjaði ung að renna sér á skíðum en þrátt fyrir það hafði hún ekki mjög gaman af íþróttinni til að byrja með. „Mamma mín setti skíðin fyrst á mig þegar ég var þriggja ára en ég hafði ekkert sérstaklega gaman af skíðum til að byrja með. Ég byrjaði að æfa skíði þegar ég var átta ára og þá var ég bara að elta vinkonur mínar en ég var líka að æfa fimleika, fótbolta og svo prófaði ég líka handbolta og djassballett,“ sagði Dagný.

„Þegar ég var þrettán ára byrjaði svo skíðamennskan fyrir alvöru. Þá urðu skíðin bara númer eitt, tvö og þrjú og ég æfði af krafti, bæði í fjallinu og lyftingasalnum,“ sagði hin 25 ára gamla Dagný, sem var ekkert farin að leiða hugann að atvinnumennsku á skíðum.

„Ég pældi ekkert í atvinnumennskunni en ég sleppti aldrei úr æfingu og hafði og hef rosalegt keppnisskap. Ég var reyndar ekkert góð á skíðum þegar ég var yngri og bar ekkert sérstaklega af. Þegar ég fór að leggja meiri áherslu fór auðvitað að ganga betur,“ sagði Dagný, sem stóð í marki í fótbolta þangað til hún var komin á unglingsaldur.

### Frá í tuttugu mánuði

Hlíðarfjall á Akureyri varð síðan annað heimili Dagnýjar en þegar hún varð sautján ára gömul fór hún til Noregs í skíðamenntaskóla þar sem hún dvaldi í þrjú ár í bænum Geilo. „Þar kláraði ég menntaskólann en þar var sameinaður skóli og skíði. Ég kláraði skólann um vorið 2000 en eftir það fór ég að æfa með hinum ýmsu liðum. Fyrsta árið æfði ég með ástralska landsliðinu, svo með Evrópubikarliðinu frá Liechtenstein, þá Norðmönnum og síðan Svíum en það er það langbesta sem ég hef lent í. Ég tók mjög miklum framförum þar og hafði aldrei skíðað eins vel,“ sagði Dagný, sem lenti síðan í martröð í janúarmánuði árið 2004.

„Ég var að hita upp fyrir heimsbikarmót. Ég var að koma úr æfingabrekkunni og að stoppa þegar ég sleit krossbandið í hnénu, skemmdi báða liðþófana og tognaði illa á báðum liðböndunum. Ég hélt fyrst að þetta yrðu um það bil tvær vikur í pásu en þær urðu að tuttugu mánuðum,“ sagði Dagný, sem var ekki langt frá því að leggja skíðin á hilluna fyrir vikið. „Ef ég hefði vitað að það tæki mig tuttugu mánuði hefði ég ekki haldið áfram. Ég vildi samt sem áður ekki sitja með hugsunina aftur í hausnum að hætta ef ég gerði ekki allt til að ná mér aftur, það gat ég ekki gert,“ sagði Dagný, sem fór í þrjár aðgerðir til að vinna bug á meiðslunum.

„Þetta var rosalega erfitt. Ég var alltaf með verk í hnénu eftir fyrstu tvær aðgerðirnar og það tók mig óvenjulangan tíma að jafna mig. Síðan kom í ljós að bandvefsmyndum hafði verið óvenjumikil og það þurfti að laga og því fór ég í þriðju aðgerðina. Eftir það tók við endurhæfing sem var langt frá því að vera auðveld,“ sagði Dagný, sem prófaði fyrst að skíða aftur í maí 2005, sautján mánuðum eftir slysið. Dagný skíðaði sig í gegnum mikinn sársauka en keppnisskapið fleytti henni áfram. Smám saman safnaði hún fyrri styrk og að lokum hvarf sársaukinn endanlega. Í desember var hún svo aftur komin á fulla ferð, tuttugu mánuðum eftir slysið.

### Mjög strangar æfingar

Dagný æfir gríðarlega mikið í dag en líf hennar er ekki alltaf dans á rósum. „Maður býr bara á hótelum með ferðatösku nánast allt árið. Það er erfitt að vera fjarri fjölskyldu og vinum en að sama skapi er þetta rosalega gaman. Ég er búin að sjá alla Evrópu og mér finnst ekkert mál að skreppa til Evrópu, ég er orðin vön ferðalögunum. Maður kynnist líka svo mörgu góðu fólki sem er stór hluti af skemmtuninni, en það er alltaf gaman að koma heim,“ sagði Dagný, sem æfir allan ársins hring en skíðakeppnistímabilið varir frá nóvember og fram í apríl.

„Á haustin þegar maður æfir á jökli vaknar maður um sex, tekur lyftuna upp í fjall klukkan sjö, er komin þangað átta og skíðar til tólf og er komin eftir hádegi niður á hótel. Þá tekur maður smá pásu fyrir góða þrekæfingu sem varir kannski í tvo tíma áður en maður slappar af fyrir næsta dag. Á keppnistímabilinu er þetta svipað,“ sagði Dagný. „Eftir tímabilið tek ég um það bil mánuð í rólegar æfingar sem ég kalla pásu. Í maí, júní og júlí lyftir maður mikið auk þess að hjóla og hlaupa mikið. Undir lok sumars reynir maður svo að fara upp á jökul en svo þegar vetra tekur færir maður sig niður í fjöllin,“ sagði Dagný og kláraði þar með að lýsa árshringnum í lífi sínu.

Dagný æfir mikið en Austurríki, Sviss og Ítalía eru hennar aðalæfingasvæði. „Maður er bara á þvælingi eftir því hvar eru bestu aðstæðurnar og hvar næsta mót er. Maður þarf að spila þetta svolítið eftir hendinni,“ sagði Dagný, sem hefur keppt á 28 mótum á þessu tímabili sem enn er ekki búið. Dagný hefur bætt sig gríðarlega mikið og frábær árangur hennar á Ólympíuleikunum í Tórínó setti hana á enn hærri stall. Dagný er í 115. sæti í bruni á FIS-heimslistanum en var í sæti númer 162 fyrir ÓL. Brun er hennar aðalgrein en hún hefur þó verið hærra á listanum, komst í 96. sæti áður en hún meiddist. Dagný stórbætti sig einnig í risasvigi en þar fór hún úr sæti 296 í 185 eftir ÓL.

### Mikill kostnaður

Að stunda skíði er mjög dýrt en Dagný er þakklát fyrir þann mikla stuðning sem hún hefur fengið. „Það er gott að hafa þennan ómetanlega stuðning á bak við mig. Þetta tímabil hjá mér núna kostar sex milljónir en ég fæ styrk frá Skíðasambandinu, KEA, Visa-Europe og Bónus auk þess sem Akureyrarbær hefur látið mig fá 50 þúsund krónur á mánuði í tvö ár. Þeir tilkynntu mér það þegar ég kom heim frá ÓL að þessi samningur yrði framlengdur en það sem vantar upp á hefur komið úr vasanum hjá pabba. Ég væri ekki þar sem ég er í dag ef ég hefði ekki mömmu og pabba til að styðja við mig,“ sagði Dagný en engin peningaverðlaun eru gefin í skíðaíþróttinni nema þá fyrir efstu sætin.

Þrátt fyrir að hugsa um skíði allt árið gerir Dagný hvað hún getur til að slappa af með vinum og fjölskyldu þegar færi gefst til. „Ég reyni á sumrin að gera eitthvað annað en hugsa bara um skíðin, kærastinn minn er með hesta og hefur dregið mig aðeins út í hestamennskuna. Ég hef mjög gaman af því og þetta hjálpaði mér líka að dreifa huganum þegar ég var meidd. Svo er auðvitað bara gaman að hitta vini og fjölskyldu, ég er lítið heima þannig að maður nýtir þann tíma sem maður hefur,“ sagði Dagný.

### Setur markið á toppinn

Dagný setur markið hátt en næsta skref hjá henni er að finna sér lið til að æfa með og það stefnir hún á að gera strax eftir tímabilið. Þjálfari hennar núna heitir Dejan Poljansek og er frá Slóveníu en hana dreymir helst um að komast aftur til Svíþjóðar. „Það væri draumurinn að komast aftur þangað en það verður mjög erfitt enda er ekki mikil þörf fyrir skíðakonur þar. Ég þekki allt þar, tala tungumálið, þekki stelpurnar, þjálfarana og æfingakerfið og því liggur það beinast við en það er ekki á allt kosið í þessu frekar en öðru,“ sagði Dagný.

„Ég vona auðvitað að ég komist ofar og ég hef trú á því. Ég hef alltaf stefnt á toppinn en þegar ég var að æfa með Svíunum sá ég hann í fyrsta skipti og gerði mér grein fyrir því að hann er ekki ýkja langt í burtu. Ég ætla mér að komast þangað aftur, það er mitt markmið. Ég væri ekki að berjast í þessu ef ég ætlaði mér ekki að gera þetta af heilum hug og ég hef alltaf ætlað mér alla leið. Ég ætla mér á toppinn og ég get alveg komist þangað eins og aðrir en ég vona að fólk verði tilbúið að styrkja mig áfram og ég held að það gangi eftir,“ sagði Dagný Linda að lokum. ■



**DAGNÝ LINDA KRISTJÁNSDÓTTIR** Er mjög þakklát öllum sem hafa stutt hana.



**MIKLAR ÆFINGAR** Dagný æfir allan ársins hring og fær sjaldan frí til að slappa af.



**BRAUTARSKOÐUN** Skíði er nákvæmisíþrótt, hér skoðar Dagný brautina í Tórínó.



**Á FULLRI FERÐ** Dagný er hér á fullri ferð á Ólympíuleikunum í Tórínó Þar náði hún frábærum árangri.



**GOTT RÁÐ** Dagný þiggur hér gott ráð frá Anders Pärson, föður Önju Pärson.

Bandaríski háskólakörfuboltinn:

## Varað við hryðjuverkum

**KÖRFUBOLTI** Forsvarsmenn bandarísku háskóladeildarinnar í körfubolta eru harmi slegnir eftir að Alríkislögreglan þar í landi, FBI, varaði við sjálfsmorðárásum á leikjum í úrslitakeppni deildarinnar sem hefst í vikunni. Háskólakörfuboltinn er á meðal þess vinsælasta í íþróttaheiminum í Bandaríkjunum og mælist úrslitaleikur deildarinnar með eitt mesta sjónvarpsáhorf hvers árs.

FBI tók fram að hættan fyrir hugsanlegri hryðjuverkaárás væri ekki veruleg en að umsjónarmenn íþróttahallana ættu að hafa varann á og auka öryggisgæsluna á leikjunum. - vig

Úrslitin eru ráðin í keppninni um heimsbikarinn í samanlögðum alpagreinum:

# Raich tryggði sér heimsbikarinn

**SKÍÐI** Austurríkismaðurinn Benjamin Raich tryggði sér heimsbikartitlinn í samanlögðum alpagreinum í gær eftir að hann lenti í fjórða sæti í svigkeppninni sem fram fór í Japan aðfaranótt laugardags. Raich hafnaði í 4. sæti og hlaut fyrir það 50 stig sem komu honum í 1.310 stig í samanlagðri keppni. Landi Raich, Michael Walchofer, sem er í öðru sæti í samanlagðri keppni, er með 831 stig og getur nú með engu móti náð Raich að stigum.

„Þetta er fullkominn dagur fyrir mig,“ sagði Raich eftir að hafa tryggt sér sigurinn en hann hefur notið mikillar velgengni á tímabilinu og vann m.a. til tveggja gullverðlauna á nýafstöðnum Ólympíuleikum í Torínó.

„Þetta er afrakstur þrotlausra æfinga af minni hálfu og ég vil tileinka fjölskyldu minni og þjálfaranum mínum þennan titil. Þau sýndu mér ótrúlega þolinmæði og sjá mig uppskera núna,“ sagði Raich gráti næst á blaðamannafundi eftir svigkeppnina.

Keppnin um heimsbikarinn í svigi varð mun meira spennandi eftir mótið í Japan því að forystusauðurinn Giorgio Rocca frá Ítalíu náði aðeins 8. sæti á meðan Finninn Kalle Palander og Reinfried Herbst frá Austurríki urði efstir og jafnir í fyrsta sæti. Munar nú ekki nema 52 stigum á milli Rocca og Palander en Ítalinn er með 547 stig og Finninn með 495. Aðeins eitt mót er eftir á tímabilinu og eins og venja er mun sigurvegarinn hreppa 100 stig. „Ég þarf á heppni að halda í síðasta mótinu en munurinn á okkur er sá að hann verður undir pressu, ekki ég. Það gæti skipt sköpum,“ segir Palander. - vig



**BENJAMIN RAICH** Sannaði það endanlega um helgina að hann er langbesti skíðamaður heims í karlaflokki. Hér sést hann fagna heimsbikartitlinum í Japan í gærnótt. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Fyrsta tímataka ársins í Formúlu 1:

## Scumacher verður á ráspól

**FORMÚLA 1** Þjóðverjinn Michael Schumacher verður á ráspól í fyrstu formúlu 1 keppni tímabilsins sem fram fer í Barein í dag. Schumacher, sem kom í mark aðeins nokkrum brotabrotum úr sekúndu á undan liðsfélaga sínum Felipe Massa, sigraði þar sem tímatöku í formúlunni í 65. skipti á ferlinum og jafnaði met goðsagnarinnar Ayrton Senna.

„Það er orðið langt síðan ég var hér,“ sagði Schumacher við fréttamenn eftir tímatökuna glottandi og skírskotaði þannig í slakt tímabil hjá sér í fyrra. „En með þessum ráspól höfum við fengið það staðfest að unnið hefur verið góð vinna á undirbúningstímabilinu. Vonandi gefur þessi árangur tóninn af því sem koma skal,“ bætti Schumacher við.

Massa, sem þreytti frumraun sína í formúlu 1 í gær, stal senunni og sýndi að hann er framúrskarandi ökumaður. „Þetta var nánast fullkomið. Ég er aðallega svekktur út í Schumacher með að taka af mér fyrsta sætið,“ sagði Messa. Flestir ökumennirnir voru sammála um að hið nýja fyrirkomulag tímatökunnar hefði komið vel út og gerði keppnina mun áhorfendavænni.

Jenson Button á Honda varð þriðji í gær og heimsmeistarinn Fernando Alonso fjórði. Fjóðrun í bíl Kimi Räikkönen brást í fyrstu umferð tímatökunnar með þeim afleiðingum að Finninn knái þurfti að hætta keppni og mun hann hefja kappaksturinn í dag aftastur. - vig


# Danmörk - tækifæri

**Er búsettur í Kaupmannahöfn. Hef áratuga reynslu í verslunarrekstri og viðskiptum með góðum árangri. Vantar þig aðstoð í viðskiptum, fjárfestingum, fasteignum eða í verslunarrekstri í Danmörku?**

*Endilega hafðu samband ef ég gæti mögulega aðstoðað þig með eitthvað.*

**Kristján Berg**
tel: 0045 3252 5662
gsm: 0045 4010 4032
E-mail: kristjanberg@mail.dk


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

9 10 11 **12** 13 14 15

**Sunnudagur**

### LEIKIR

- 16.15 **Fram** og **KA** mætast í DHL-deild karla í handbolta í Safamýri.
- 18.00 **FH** og **Grótta** mætast í DHL-deild kvenna í handbolta í Kaplakrika.
- 20.00 **Haukar** og **Selfoss** mætast í DHL-deild karla í handbolta á Ásvöllum.
- 20.00 **FH** og **Stjarnan** mætast í DHL-deild karla í handbolta í Kaplakrika.

### SJÓNVARP

- 10.10 **Silungur á Íslandi** á Sýn. Vandaður veiðiþáttur í umsón Eggerts Skúlasonar.
- 11.30 **Formúla 1** á RÚV. Bein útsending frá kappakstrinum í Barein.
- 11.30 **Spænski boltinn** á Sýn. Útsending frá leik **Valencia** og **Real Madrid** frá því í gærkvöldi.
- 13.20 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Man. Utd** og **Newcastle.**
- 13.30 **HM í frjálsum - innanhúss** á Rúv. Bein útsending frá Moskvu.
- 15.50 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Bein útsending frá leik **Arsenal** og **Liverpool.**
- 15.50 **US PGA Tour** á Sýn. Farið yfir helstu tíðindi síðustu viku.
- 18.50 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Fréttaþáttur um deildina.
- 19.20 **Ítalski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Juventus** og **AC Milan** frá því í gærkvöldi.
- 19.55 **Spænski boltinn** á Sýn Extra. Bein útsending frá leik **Osasuna** og **Barcelona.**
- 20.30 **Helgarsportið** á RÚV. Farið verður yfir viðburði helgarinnar.
- 21.20 **A1 Grand Prix** á Sýn. Bein útsending frá seinni deginum í California í Bandaríkjunum.



## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Enska úrvalsdeildin:*

**BIRMINGHAM - WBA 1-1**
1-0 Mikael Forssell (49.), 1-1 Nathan Ellington (70.).

**BOLTON - WEST HAM 4-1**
1-0 Stelios Giannakopoulos (12.), 2-0 Stelios Giannakopoulos (33.), 3-0 Gary Speed (47.), 3-1 Teddy Sheringham (78.), 4-1 Henrik Pedersen (81.).

**CHELSEA - TOTTENHAM 2-1**
1-0 Michael Essien (14.), 1-1 Jermaine Jenas (45.), 2-1 William Gallas (92.).

**EVERTON - FULHAM 3-1**
1-0 James Beattie (14.), 2-0 James Beattie (36.), 3-0 James McFadden (54.), 3-1 Collins John (86.).
**Heiðar Helguson** var í byrjunarliði Fulham.

**PORTSMOUTH - MAN. CITY 2-1**
1-0 Pedro Mendes (60.), 1-1 Richard Dunne (83.), 2-1 Pedro Mendes (93.).

**SUNDERLAND - WIGAN 0-1**
0-1 Henri Camara (8.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **CHELSEA** | **29** | **24** | **3** | **2** | **58-18** | **75** |
| MAN. UTD | 27 | 17 | 6 | 4 | 54-28 | 57 |
| **LIVERPOOL** | **28** | **16** | **7** | **5** | **33-17** | **55** |
| TOTTENHAM | 29 | 13 | 10 | 6 | 41-28 | 49 |
| **BOLTON** | **27** | **12** | **9** | **6** | **37-28** | **45** |
| ARSENAL | 28 | 13 | 5 | 10 | 43-22 | 44 |
| **BLACKBURN** | **28** | **13** | **4** | **11** | **36-34** | **43** |
| WIGAN | 29 | 13 | 4 | 12 | 34-36 | 43 |
| **WEST HAM** | **28** | **12** | **6** | **10** | **42-40** | **42** |
| MAN. CITY | 29 | 12 | 4 | 13 | 39-34 | 40 |
| **EVERTON** | **29** | **12** | **4** | **13** | **24-37** | **40** |
| NEWCASTLE | 28 | 11 | 6 | 11 | 29-30 | 39 |
| **CHARLTON** | **28** | **10** | **6** | **12** | **32-37** | **36** |
| ASTON VILLA | 28 | 8 | 10 | 10 | 33-35 | 34 |
| **M´BROUGH** | **27** | **9** | **7** | **11** | **36-44** | **34** |
| FULHAM | 29 | 9 | 5 | 15 | 38-46 | 32 |
| **WBA** | **29** | **7** | **6** | **16** | **26-43** | **27** |
| BIRMINGHAM | 28 | 6 | 6 | 16 | 23-39 | 24 |
| **PORTSMOUTH** | **29** | **5** | **6** | **18** | **20-49** | **21** |
| SUNDERLAND | 29 | 2 | 4 | 23 | 19-52 | 10 |

### *Enska 1. deildin:*

**COVENTRY - SHEFFIELD UTD. 2-0**
1-0 Gary McSheffrey (5.), 2-0 Dele Adebola (32.).

**CREWE - SOUTHAMPTON 1-1**
0-1 Peter Madsen (61.), 1-1 Luke Rodgers (78.).

**DERBY - BURNLEY 3-0**
1-0 Tommy Smith (19.), 2-0 Ã Ã±igo IdiÃikez (29.), 3-0 Darren Moore (34.).

**HULL - PLYMOUTH 1-0**
1-0 Craig Fagan (55.).

**IPSWICH - MILLWALL 1-1**
1-0 Owen Garvan (6.), 1-1 David Livermore (85.).

**LEEDS - NORWICH 2-2**
1-0 Rob Hulse (20.), 1-1 Andy Hughes (57.), 1-2 Paul McVeigh (75.), 2-2 Eddie Lewis (90.).
**Gylfi Einarsson** var ekki í leikmannahópi Leeds

**LUTON - LEICESTER 1-2**
0-1 Matty Fryatt (16.), 1-1 Steve Howard (53.), 1-2 Chris O'Grady (88.).
**Jóhannes Karl Guðjónsson** lék allan leikinn fyrir Liecester.

**SHEFF. WED. - QPR 1-1**
1-0 Deon Burton (13.), 1-1 Marc Bircham (43.).

**WOLVES - CARDIFF 2-0**
1-0 Denes Rosa (15.), 2-0 Kenny Miller (54.)

### *Þýska úrvalsdeildin:*

**KÖLN - NÜRNBERG 3-4**
0-1 Robert Vittek (6.), 0-2 Robert Vittek (15.), 0-2 Robert Vittek (16.), 0-3 Robert Vittek (22.), 1-3 Boris Zivkovic (27.), 1-3 Boris Zivkovic (28.), 1-4 Ivan Saenko (58.), 2-4 Marvin Matip (61.), 3-4 Lukas Podolski (62.).

**BIELEFELD - B. LEVERKUSEN 1-0**
1-0 Radomir Dalovic (5.).

**MAINZ - M´GLADBACH 3-0**
1-0 Michael Thurk (62.), 2-0 Mohamed Zidan (68.), 3-0 Michael Thurk (89.).

**WERDER BREMEN - HERTHA BERLIN 0-3**
0-1 Kevin Boateng (53.), 0-2 Marcelinho (76.), 0-3 Yildiray Basturk (83.)

**WOLFSBURG - BAYERN MÜNCHEN 0-0**
**STUTTGART - DORTMUND 0-0**
**DUISBURG - HANNOVER 0-0**



**FYRIR ÞIG, JOSE** Allt ætlaði um koll að keyra á Stamford Bridge þegar Gallas skoraði markið stórkostlega í gær og fögnuðu fáir meira en stjórinn sjálfur, Jose Mourinho. Hann hljóp beint í fangið á Gallas og gaf honum rækilegt knús. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Besta markið á ferlinum

**William Gallas tryggði Chelsea sigur á Tottenham í ensku úrvalsdeildinni í gær með ótrúlegu marki á síðustu mínútu sem hann segir sjálfur að sé það besta sem hann hefur skorað á ferlinum. Chelsea er nú með 18 stiga forystu á toppnum.**

**FÓTBOLTI** Allt stefndi í að stórleikur gærdagsins í enska boltanum, viðureign nágrannanna Chelsea og Tottenham, myndi enda með sanngjörnu 1-1 jafntefli þegar hefðbundinn leiktími rann út í leiknum í gær. Á annarri mínútu viðbótartíma fékk William Gallas, franski varnarmaðurinn hjá Chelsea, boltann vinstra megin á vellinum. Hann fór framhjá tveimur leikmönnum Tottenham og lét vaða á markið af 25 metra færi. Þrumufleygurinn hafnaði í bláhorninu, óverjandi fyrir Paul Robinson í marki Tottenham og ensku meistararnir fóru því af hólmi með öll þrjú stigin.

„Þetta er fallegasta mark sem ég hef nokkurn tímann skorað. Ég bara lét vaða og boltinn fór inn. Þetta var ólýsanlegt,“ sagði hetjan Gallas í leikslok en hann tileinkaði Jose Mourinho markið. „Hann hefur verið undir nokkurri pressu síðustu daga en við leikmennirnir stöndum allir við bakið á honum. Við sýndum það í dag,“ sagði Gallas en hann hljóp beint til stjórans síns eftir markið og fagnaði innilega með Mourinho. Segja má að sigurinn hafi verið eftir bókinni því Tottenham hefur ekki unnið Chelsea í síðustu 32 leikjum liðanna í ensku úrvalsdeildinni síðastliðin sextán ár.

Michael Essien kom Chelsea yfir um miðbik fyrri hálfleiks eftir góðan undirbúning Shaun-Wright Phillips en Jermaine Jenas jafnaði metin á síðustu mínútu fyrri hálfleiks. Eiður Smári Guðjohnsen var ekki í leikmannahópi Chelsea í leiknum.

„Ég veit ekki hvaðan þetta skot kom. Um leið og skotið reið af vissi ég að boltinn myndi hafna í netinu,“ sagði John Terry, fyrirliði Chelsea, eftir leikinn. „Það var mikilvægt að ná sigri eftir vonbrigðin í Meistaradeildinni. Það er ennþá að miklu að keppa og markmið okkar er að vinna tvöfalt í ár,“ bætti Terry við.

Í öðrum leikjum deildarinnar í gær bar hæst að Bolton og Everton unnu góða sigra í sínum leikjum og voru það einkum fjölmörg glæsimörk sem glöddu augað. James Beattie skoraði tvö mörk og James McFadden eitt fyrir Everton en Heiðari Helgusyni og félögum í Fulham virðist fyrirmunað að vinna á útivelli. Stelios Giannakopoulus skoraði einnig tvívegis fyrir Bolton þegar liðið gjörsigraði West Ham 4-1. - vig

Haukar komust í efsta sæti DHL-deildar kvenna með því að vinna Stjörnuna:

# Öruggt hjá Haukastúlkum

**FÓTBOLTI** „Við vitum það að í hverjum leik núna liggur allt undir og vorum staðráðnar í að ná sigri. Þetta voru alveg svaðalega mikilvæg stig, við verðum að vinna þá leiki sem við eigum eftir, annars missum við af titlinum,“ sagði Hanna G. Stefánsdóttir, leikmaður Hauka, eftir að liðið vann mjög góðan útisigur 29-26 á Stjörnunni í gær og komst þar með í efsta sæti deildarinnar. Eftir þennan ósigur má segja að titilvonir Stjörnunnar hafi horfið.

„Það verð að viðurkenna það að ég bjóst við Stjörnunni sterkari í þessum leik. Þær voru ekki að sýna það sem þær geta. Við vorum einfaldlega mun betri. Vörnin hjá okkur var mjög góð og þá náðum við að nýta sóknarleikinn, fengum mörg hraðaupphlaup í fyrri hálfleik,“ sagði Hanna, sem var markahæst í leiknum eins og oft áður með tólf mörk, þar af tvö úr vítaköstum. Ramune Pekarskyte kom þar á eftir með sjö mörk, jafnmörg og Rakel Dögg Bragadóttir sem var markahæst í Stjörnunni.

Leikurinn í gær var aldrei spennandi, Haukastúlkur voru betri á öllum sviðum og unnu öruggan sigur. Þær voru fimm mörkum yfir í hálfleik 16-11 og spiluðu seinni hálfleikinn af mikilli yfirvegun og öryggi. Varnarleikur liðsins var góður og ljóst að lokasprettirinn í deildinni verður mjög spennandi. - egm



**MARKAHÆST** Hanna G. Stefánsdóttir er hér að fara að skora í autt markið eitt af sínum tólf mörkum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Martin Jol fylgist vel með:

# Tottenham vill van Nistelrooy

**FÓTBOLTI** Martin Jol, knattspyrnustjóri Tottenham, fylgist spenntur með gangi mála varðandi Ruud van Nistelrooy en breskir fjölmiðlar greindu frá því í gær að félagið væri með sjö milljón punda tilboð í leikmanninn tilbúið. Jol var fljótur að bregðast við um leið og fréttir fóru að berast um ósætti milli sóknarmannsins og knattspyrnustjórans Sir Alex Ferguson hjá Manchester United.

Ferguson var ósáttur við slaka frammistöðu leikmannsins í tapinu í bikarleiknum gegn Liverpool á dögunum og fannst hann alls ekki vera að leggja sig allan fram. Upp á síðkastið hefur Louis Saha verið að spila í fremstu víglínu liðsins ásamt Wayne Rooney en van Nistelrooy hefur þurft að sætta sig við að sitja á bekknum. - egm

David Dein hjá Arsenal:

# Þetta snýst um árangurinn

**FÓTBOLTI** David Dein, varaformaður Arsenal, hefur tekið undir orð knattspyrnustjórans Arsene Wenger vegna gagnrýni frá Alan Pardew, stjóra West Ham. Pardew lýsti yfir vonbrigðum sínum með að Arsenal tefldi ekki fram neinum breskum leikmanni gegn Real Madrid í Meistaradeildinni en Wenger var ekki lengi að svara og sagði að fótbolti snerist um gæði.

„Stuðningsmennirnir vilja sigursælt lið og ef þessir leikmenn eru betri en þeir enskum teflum við þeim fram. Við höfum verið að leggja áherslu að undanförnu á að finna efnilega leikmenn hér á landi. Við erum með Theo Walcott og þá eru Sol Campbell og Ashley Cole meiddir. Við erum með enska leikmenn og höfum blómlegt unglingastarf,“ sagði Dein. - egm

Þýski handboltinn:

# Slæmt tap hjá Gummersbach

**HANDBOLTI** Möguleikar Gummersbach á að hreppa þýska meistaratitilinn í handbolta minnkuðu verulega í gær þegar liðið tapaði fyrir Lemgo á útivelli, 28-26. Liðið er enn með jafnmörg stig og Kiel á toppi deildarinnar en það síðarnefnda á tvo leiki til góða. Flensburg kemur í þriðja sæti, fjórum stigum á eftir Gummersbach en á þrjá leiki til góða.

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði átta mörk og var markahæstur fyrir Gummersbach en Róbert Gunnarsson skoraði fimm. Logi Geirsson skoraði eitt fyrir Lemgo en Ásgeir Örn Hallgrímsson komst ekki á blað. Þess má geta að þessi sömu lið mætast í undanúrslitum EHF-keppninnar síðar í mánuðinum og má ætla að Gummersbach muni reyna að ná fram hefndum í þeim leik. - vig



**EINAR LOGI VIGNISSON: SKRIFAR UM BOLTANN Á ÍTALÍU OG SPÁNI**

# *Ítalir vakna af vetrarsvefni*

Alda bjartsýni ríður nú yfir Appennínaskagann. Ítalskir knattspyrnuaðdáendur, „tifosi“, hafa ekki litið veginn fram undan jafn greiðan lengi. Þrjú ítölsk lið gætu komist í átta liða úrslit Meistaradeildarinnar ef Inter sigrar Ajax á þriðjudaginn og fylgir þannig í fótspor Juventus og AC Milan. Ítalir eru giska kátir með að ítölsku liðin hafi ekki dregist saman í átta liða úrslitunum. Mílanóliðunum þykir lítill Evrópubragur á að dragast saman ár eftir ár. Sætta sig auðvitað samt glöð við að í undanúrslitunum mætist Juventus og Inter enda kál það ekki sopið fyrr en í ausuna er komið. Spillir ei fyrir gleðinni að Milan og Juve lögðu þýsk lið og sigla í kjölfarið á stórsigri Ítala á Þjóðverjum í vináttulandsleik fyrir skömmu. Heppnin fylgdi gömlu Juventus-konunni gegn Bremen en kom lítið við sögu hjá Milan og landsliðinu, þar var dansandi léttleiki, ákefð og brilljans sem ekki hefur sést á þeim bæjum lengi en boðar gott fyrir vorið og sumarið í Meistaradeildinni og HM.

Ítölum finnst sem fleirum fátt skemmtilegra en að leggja Þjóðverja. Ólíkt Englendingum hatast þó Ítalir ekki við þýska stálið heldur öfunda það og má jafnvel segja að nett minnimáttarkennd ríki hjá Ítölum gagnvart Þjóðverjum. Sérstaklega er þetta áberandi í iðnhéruðum Norður-Ítalíu þar sem mjög er litið upp til Þjóðverja og þess sem þýskt er. Þar hafa enda leikið flestir þeir Þjóðverjar sem gert hafa garðinn frægan í Serie A. Stabbinn af heimsmeistaraliði Þjóðverja 1990 lék með ítölskum liðum en síðari ár hafa þýskir lítið leitað suður yfir Alpana. Síðastur nafntogaðra þýskra í Seríunni var tröllið Carsten Jancker sem dó drottni sínum sem knattspyrnumaður hjá Udinese fyrir nokkrum árum. Mikilvægast við sigurinn gegn Þjóðverjum fannst landsliðsþjálfaranum Marcello Lippi ekki vera úrslitin, sem yrðu hvort eð er öllum gleymd innan skamms eins og öll úrslit vináttuleikja, heldur hvernig liðið spilaði. Leikskipulagið virðist ganga upp og ákefð og samheldni ríkir hjá kjarnanum í liðinu en það er alveg skýrt hverjir eru lykilmenn hjá Lippi þótt hann hafi prófað aragrúa leikmanna í nokkrar vandræðastöður. Þannig er Buffon öruggur í markið, Zambrotta í aðra hvora bakvarðarstöðuna, Nesta og Cannavaro í miðvarðarstöðurnar, Gattuso, Pirlo og Camoranesi á miðjuna og Toni frammi. Stærsta spurningin er hvort Francesco Totti verður búinn að ná sér af meiðslunum, ef ekki gæti mikið rót komist á liðið. En verði Totti heill liggur nokkuð ljóst fyrir hvernig liðinu verður stillt upp á HM, aðeins tvær til þrjár stöður sem raunveruleg barátta verður um.

### Alvöru vakning?

Glæsileg framganga Milan gegn Bæjurum vakti vonir um að liðið væri að vakna eftir væran vetrarsvefn. Allt í einu öðlaðist heimsókn Milan á Delle Alpi í kvöld aukið mikilvægi. Hljómar kannski kúnstugt um leik sem alla jafna er sá þýðingarmesti í deildinni en tíu stiga forskot Juventus var búið að drepa niður nær alla stemningu fyrir leiknum. Sigur í kvöld minnkar forskotið í sjö stig og það hefur svo sem gerst áður að Juventus hafi hrasað á lokasprettinum og þrátt fyrir allt eru tíu leikir eftir og þrjátíu stig í pottinum svo maður tali eins og bjartsýnn þjálfari. Milan tók Juve í bakaríið á San Siro og hefur allt að sækja á Alpavöll á meðan hættan er að Juventini gætu treyst á að klára rest hvernig sem leikurinn fer. Sérfræðingar auðvitað í að drepa leiki og nái Milan ekki að setja mark fljótlega er hætta á að Óli Juventinus lokbrá fari á kreik. Leikurinn gæti skorið úr um það hvort Mílanóliðið er sannarlega vel vaknað og til alls líklegt eða hvort það hrökk upp af martröðinni aðeins til að halla sér á koddann aftur.



## ÚR SPORTINU

Bandaríski sóknarmaðurinn Brian McBride hefur skrifað undir samning við Fulham sem gildir út næsta leiktímabil. McBride hefur verið einn besti leikmaður Fulham á leiktíðinni og skorað tíu mörk en fyrri samningur hans átti að renna út eftir yfirstandandi tímabil. Hann verður með bandaríska landsliðinu á HM í Þýskalandi í sumar en hann er 33 ára.



Alexei Smertin hefur skrifað undir fjögurra ára samning við Dinamo Moskvu í heimalandi sínu Rússlandi. Þessi þrítugi miðjumaður hefur verið að spila fyrir Charlton á tímabilinu á lánssamningi frá Englandsmeisturum Chelsea. Alan Curbishley, stjóri Charlton, er mjög vonsvikinn með ákvörðun Smertins, sem var keyptur til Chelsea 2003 en lék aðeins ellefu deildarleiki með félaginu.

Sóknarmaðurinn Jermain Defoe hjá Tottenham segist hugsa út í það á hverjum morgni þegar hann vaknar hve stutt sé í HM í Þýskalandi. Hann hefur ekki átt fast sæti í liði Tottenham á leiktíðinni og segist sakna þess að sjá nafn sitt ekki á meðal markahæstu leikmanna deildarinnar. „Ef ég fæ ekki að spila þá get ég ekki sýnt fólki hvað ég get,“ sagði Defoe, sem viðurkennir að hafa áhyggjur af stöðu sinni en heldur þó enn í vonina um að fá að spila með enska landsliðinu á HM.



Sögusagnir hafa verið á kreiki um að Rafael Benítez, knattspyrnustjóri Liverpool, sé á óskalista stórliðanna Inter Milan og Real Madrid. Steven Gerrard, fyrirliði liðsins, segist þó sannfærður um að Benítez verði áfram á Anfield og hefur biðlað til stjórnarmanna um að gefa honum peninga til að styrkja liðið. „Hann er á leið í rétta átt með liðið en það er alveg ljóst að við þurfum að styrkja okkur til að halda í við bestu lið Evrópu,“ sagði Gerrard.

Benítez segir að það hafi verið gríðarlega mikið áfall fyrir Liverpool að missa miðjumanninn vinnusama Mohammed Sissoko. „Við söknum Sissoko sárt. Hann er kraftmikill leikmaður og leggur sig alltaf allan fram,“ sagði Benítez en Sissoko meiddist á auga og var um tíma óttast að hann yrði að hætta knattspyrnuiðkun alfarið. Hann hefur þó hafið æfingar á ný og segir Benítez að svo gæti farið að hann fari að spila á ný eftir nokkrar vikur.



David O´Leary hjá Aston Villa hefur opinberað það að launakröfur Craig Bellamy komu í veg fyrir það að félagið keypti leikmanninn í sumar. Krafta Bellamy var ekki óskað hjá Newcastle og gekk hann til liðs við Blackburn eftir að hafa verið hjá Celtic í Skotlandi á lánssamningi. Í staðinn ákvað Villa að greiða sex milljónir punda fyrir Milan Baros frá Liverpool og segist O´Leary alls ekki sjá eftir þeirri ákvörðun.

Kevin Nolan, miðjumaður Bolton, var valinn leikmaður febrúarmánaðar í ensku úrvalsdeildinni. Þessi 23 ára leikmaður skoraði mikilvæg mörk gegn Arsenal og Fulham og er farinn að banka á dyr enska landsliðsins. Þá var Alan Pardew hjá West Ham útnefndur knattspyrnustjóri mánaðarins en Hamrarnir unnu þrjá deildarleiki í febrúar; gegn Arsenal, Birmingham og Sunderland.



Ryan Giggs, vængmaður Manchester United, segist sannfærður um að núverandi leikmannahópur liðsins sé nægilega góður til að vinna enska meistaratitilinn á næstu leiktíð. „Það er enginn vafi í mínum huga um það. Við erum sterkir á öllum vígstöðvum og vantar bara smá einbeitni,“ segir Giggs.

# Sögulegur sigur Valsstúlkna

**Kvennalið Vals í handbolta er komið í undanúrslit í Áskorendakeppni Evrópu eftir sigur á svissneska liðinu LC Brühl, 32-27, öðru sinni á tveimur dögum í gær.**

**HANDBOLTI** Valur vann fyrri leikinn með fjögurra marka mun á sama stað á föstudag og því samtals með níu mörkum úr báðum leikjum. Þetta er í annað sinn í sögunni sem íslenskt kvennalið kemst í undanúrslit í Evrópukeppni og árangur Valsliðsins því mjög eftirtektarverður. Eyjastúlkur náðu þessum sama árangri í einmitt sömu keppni fyrir tveimur árum síðan.

„Það er ekki á hverjum degi sem íslenskt lið nær þessum árangri þannig að ég er hæstánægður. Við vorum að spila góðan varnarleik sem var lykillinn að okkar sigri hér í dag. Sóknin var mjög góð, sérstaklega í fyrri hálfleik. Þá vorum við að nýta okkur hraðaupphlaupin betur en við gerðum í gær,“ sagði Ágúst Þór Jóhannsson, þjálfari Vals, eftir leikinn.



**KOMNAR Í UNDANÚRSLIT** Arna Grímsdóttir sést hér brjótast í gegnum vörn LC Bruhl í gær og skora eitt af fimm mörkum sínum. Valsstúlkur eru komnar í undanúrslit Áskorendakeppninnar, annað íslenska kvennaliða í sögunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Svissneska liðið byrjaði leikinn betur í gær og komst í 4-1 áður en Valsstúlkur vöknuðu og náðu að jafna metinn. Næstu mínútur var mikið jafnræði með liðunum en í stöðunni 7-7 komst Valsliðið á flug, skoraði sex næstu mörk og hafði fimm marka forystu í hálfleik, 15-10. Sigurinn var aldrei í hættu í seinni hálfleik og náði Valur mest átta marka forskoti og unnu á endanum 32-27.

„Stelpurnar eru í toppstandi, þetta var fjórði leikurinn á sjö dögum þannig að það hefur verið mikið álag. Þetta heppnaðist mjög vel og við hefðum vel getað unnið leikinn með tíu mörkum. Einvígið var nánast búið í hálfleik, við stefndum á að vera að minnsta kosti þremur mörkum yfir í hálfleik og gerðum gott betur en það,“ sagði Ágúst að lokum.

- egm

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

### *Áskorendakeppni Evrópu:*

LC BRÜHL-VALUR 27-32

**Mörk Vals:** Drífa Skúladóttir 6/1, Alla Gorkorian 6, Arna Grímsdóttir 5, Rebekka Skúladóttir 4, Ágústa Edda Björnsdóttir 3, Sigurlaug Rúnarsdóttir 14, Kristín Collins 1, Lilja Hauksdóttir 1, Álfrún Kristjánsdóttir 1, Katrín Andrésdóttir 1.

**Varin skot:** Berglind Hansdóttir 13/1, Sigríður Jóna Gunnarsdóttir 2/1.

### *DHL-deild kvenna:*

KA/ÞÓR-ÍBV 19-25

**Mörk KA/Þórs:** Guðrún Helga Tryggvadóttir 6, Jurgita Markevecente 5, Inga Dís Sigurðardóttir 3, Þórsteina Sigurbjörgsdóttir 3.

**Mörk ÍBV:** Pavla Plaminkova 9, Ingibjörg Jónsdóttir 5, Simona Vintica 4, Renata Horvath 3.

VÍKINGUR-FRAM 29-25

**Mörk Víkings:** Þórhildur Björnsdóttir 78, Natasha Damiljanovic 7, Hekla Daðadóttir 6, Anna Kristina 3.

**Mörk Fram:** Ásta Grímsdóttir 6, Hildur Einarsdóttir 4, Guðrún Hálfdánardóttir 3, Annet Köbli 3.

STJARNAN-HAUKAR 26-29

**Mörk Stjörnunnar:** Rakel Dögg Bragadóttir 7/2, Sólveig Kjernæsted 6, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 6/2, Elísabet Gunnarsdóttir 4.

**Varin skot:** J. Jovanic 7, Helga D. Magnúsdóttir 4.

**Mörk Hauka:** Hanna G. Stefánsdóttir 12/2, Ramune Pekarskyte 7/2, Inga Fríða Tryggvadóttir 3, Ragnhildur Guðmundsdóttir 3, Erna Þráinsdóttir 3.

**Varin skot:** K. Matuzevicute 9, Helga Torfadóttir 1.

### STAÐA EFSTU LIÐA:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| HAUKAR | 15 | 13 | 0 | 2 | 466-391 | 26 |
| **ÍBV** | **15** | **12** | **1** | **2** | **390-327** | **25** |
| VALUR | 15 | 12 | 0 | 3 | 417-348 | 24 |




B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is
Umoðsmenn um land allt Keflavík 421 4444 Akranes 431 2622 Akureyri 461 2533 Egilsstaðir 471 2524

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„There is an endless supply of white men. There has always been a limited number of human beings.“**

**Svar:**
Old Lodge Skins í Little Big Man árið 1970.

# dagskrá

**Í TÆKINU: DUSTIN HOFFMAN LEIKUR Í FRÚ ROBINSON Í SJÓNVARPINU KL. 21.40.**

## *Með Gene Hackman í skóla*



Dustin Hoffman er fæddur í Los Angeles árið 1937. Í æsku ætlaði Dustin að verða píanóleikari og fór í Los Angels Conservatory of Music. Hann breytti þó fljótt um stefnu og fór í læknisfræði. Honum gekk illa þar og sótti leiklistartíma til að hækka meðaleinkunnina. Það dugði þó ekki til og ári síðar féll hann út úr námi. Dustin fór í leiklistarskóla þar sem hann kynntist Gene Hackman. Bekkjarfélagarnir kusu þá ólíklegasta til að ná frama í listinni og fljótlega hættu þeir báðir í skólanum og héldu til New York. Þar starfaði Dustin meðal annars við að passa yfirhafnir á veitingastöðum og sem ritari fyrir gulu síðurnar á meðan hann lék lítil sjónvarpshlutverk. Til að geta framfleytt sjálfum sér hætti hann í leiklistinni og fór að kenna. Næstu árin voru erfið en árið 1967 landaði hann fyrsta kvikmyndahlutverkinu, The Tiger Makes Out. Sama ár hlaut hann tilnefningu til Óskarsverðlaunanna fyrir hlutverk sitt í The Graduate.

Dustin er þekktur fyrir að vera fullkomnunarsinni. Það hefur á stundum gert samskipti hans við leikstjóra erfið en á stundum veitt honum Óskarsverðlaunin fyrir myndir svo sem Kramer vs. Kramer og Rain Man. Hann á eigin framleiðslufyrirtæki, Punch Productions, sem meðal annars framleiddu Tootsie, Hero og Wag the Dog.

Dustin á tvö börn með fyrri eiginkonu sinni og fjögur börn með þeirri síðari, sem hann hefur verið giftur síðan árið 1980.

**Þrjár bestu myndir Dustins:** **The Graduate** - 1967 **Tootsie** - 1982 **Rain Man** - 1988



▶ 21.40 *Kvikmyndir*

THE GRADUATE



▶ 22.05 *Drama*

ROME



▶ 20.00 *Gaman*

AMERICAN DAD



▶ 22.40 *Kvikmyndir*

GHOSTBUSTERS



▶ 19.20 *Fótbolti*

JUVENTUS – AC MILAN

### SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.03** Skordýr í Sólarlaut (14:26) **8.26** Brummi (16:26) **8.38** Hopp og hí Sessamí (45:52) **9.06** Stjáni (40:52) **9.29** Sígildar teiknimyndir (26:42) **9.37** Líló og Stitch (64:65) **10.00** Matti morgunn (26:26) **10.20** Latibær **11.00** Formúla 1

**13.30** HM í frjálsum íþróttum innanhúss **16.45** Spaugstofan **17.10** Græna herbergið (2:6) **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar **18.28** Geimálfurinn Gígur (2:12)

**18.40 Vanessa: Stóra stökkið**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Króníkan (17:20)** (Krøniken)Danskur myndaflokkur sem segir frá fjórum Dönum á 25 ára tímabili.
**21.15 Helgarsportið**
▶ **21.40 Frú Robinson** (The Graduate)Benjamin sem er nýskriðinn úr háskóla veit ekki alveg hvað hann á að taka sér fyrir hendur og meðan hann hugsar sinn gang gerir hann sér dælt við dóttur og eiginkonu yfirmanns pabba síns.

**23.25** Kastljós **23.55** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**7.00** Pingu **7.10** Myrkfælnu draugarnir **7.20** Tiny Toons **7.45** Addi Paddi **7.50** Töfravagninn **8.15** **8.30** Oobi **8.40** **8.50** Kalli og Lóla **9.05** Ginger segir frá **9.30** Hjólagengið **9.55** Nornafélagið **10.20** Sabrina – Unglingsnornin **10.45** Hestaklúbburinn **11.10** Tvíburasysturnar (6:22) **11.35** Home Improvement 4

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Silfur Egils **14.00** Neighbours **14.20** Neighbours **14.40** Neighbours **15.00** Neighbours **15.20** Neighbours **15.45** Það var lagið **16.50** Absolutely Fabulous (5:8) **17.20** Punk'd (3:8) (e) **17.45** Martha

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.10 Kompás** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Íhverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar.
**20.00 Sjálfstætt fólk (e)**
**20.35 The Closer (13:13)** (Málalok)(Standards And Practices)Bönnuð börnum.
**21.20 Twenty Four (7:24)** (24) Jack eltir uppi mann sem er í tengslum við hryðjuverkamennina.Logan forseti er í vondri stöðu og neytist til að veita honum friðhelgi í skiptum fyrir að gefa staðsetningu hryðjuverkamannanna.Stranglega bönnuð börnum.
▶ **22.05 Rome (7:12)** (Rómarveldi)(Pharsalus))Blásið verður til orustu þegar Pompeius ræðst gegn fámennu herliði Sesars. Stranglega bönnuð börnum.

**23.00** Idol – Stjörnuleit **0.30** Idol **1.00** Blue Murder (Bönnuð börnum) **2.15** Blue Murder (Bönnuð börnum) **3.25** Murder in Greenwich (Bönnuð börnum) **4.55** The Closer (Bönnuð börnum) **5.40** Fréttir Stöðvar 2 **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**17.30** Fashion Television Nr. 17 (e) **18.00** Idol extra 2005/2006 (e)

**18.30 Fréttir NFS**
**19.10 Friends (13:24)** (Vinir 7)(The One Where Rosita Dies)
**19.35 Friends (14:24)** (Vinir 7)(The One Where They All Turn Thirty)
▶ **20.00 American Dad (2:16)** (Star Trek)Steve verður frægur rithöfundur og öll fjölskyldan gleymir sér í frægðinnihans, þar á meðal Stan sem verður hreint út sagt óþolandi.
**20.30 The War at Home (e)** (Dave Get Your Gun) Dave pirrar sig á því að Larry vilji ekki vera í íþróttum og velji þessí stað að taka þátt í leikriti í skólanum. Aðrir atburðir verða síðan til þess að Dave sannfærist um að Larry sé í raun samkynhneigður.
**21.00 My Name is Earl (e)**
**21.30 Invasion (9:22) (e)**
**22.15 American Idol 5 (17:41)** Fimmta þáttaröðin af vinsælasta þætti heims.

**23.05** Reunion (8:13) (e) **23.50** X-Files (e) **0.35** Smallville (e)

### SKJÁREINN

**11.15** Fasteignasjónvarpið (e)

**12.00** Cheers – öll vikan (e) **14.00** Family Affair (e) **14.30** How Clean is Your House (e) **15.00** Heil og sæl (e) **15.30** Fyrstu skrefin (e) **16.00** Queer Eye for the Straight Guy (e) **17.00** Innlit / útlit (e) **18.00** Close to Home (e)

**19.00 Top Gear**
**19.50 Less than Perfect** Claude hættir hjá Will og fær vinnu sem aðstoðarkona Mr.Elliot.
**20.15 Yes, Dear** Greg kemur heim með gjöf frá myndverinu. Tvo miða á djasshátíð.
**20.35 According to Jim** Jim sem er hræðilegur dansari reynir að kenna Andy að dansa svo að hann geti verið flottur í brúðkaupinu.
**21.00 Boston Legal** Í Boston Legal sjá áhorfendur heim laganna á nýjan hátt.
**21.50 Threshold** Þrjár konur sem koma allar úr sitt hvorri áttinni virðast allar vera sýktar.Molly og rauða teymið reyna að komast að því hvað það er sem tengir þær saman.
▶ **22.40 Ghostbusters** Er eitthvað undarlegt á seyði? Hringdu þá í Draugabana.

**0.25** C.S.I. (e) **1.20** Sex and the City (e) **2.50** Cheers – 10. þáttaröð (e) **3.15** Fasteignasjónvarpið (e) **3.25** Óstöðvandi tónlist

### SÝN besta sætið

**10.10** Silungur á Íslandi (1:2) **10.55** Silungur á Íslandi (2:2) **11.25** Súpersport 2006 **11.30** Spænski boltinn (Valencia – Real Madrid)

**13.10** Meistaradeild Evrópu (Liverpool – Benfica) **14.50** Meistaradeildin með Guðna Bergs **15.20** Destination Germany(Italy + Switzerland) **15.50** US PGA Tour 2005 – Highlights **16.50** Meistaradeild Evrópu(Arsenal – Real Madrid)

**18.50 UEFA Champions League** (Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur)
▶ **19.20 Ítalski boltinn** (Juventus – AC Milan )Bein útsending frá leik Juventus og AC Milan í ítalska boltanum. Hér er umsannkallaðan stórleik að ræða en þetta eru topplið deildarinnar. Stóra spurningin er hvort Milan nær að minnka forskot Juventus en það munar 10 stigum á liðunum.
**21.20 A1 Grand Prix** (Heimsbikarinn í kappakstri)(California Speedway)(Keppni 11, dagur 2)Bein útsending frá seinni deginum í A1 Grand Prix keppninni sem fer að þessusinni fram í California í Bandaríkjunum.

**0.30** Spænski boltinn (Osasuna – Barcelona)

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Eight Legged Freaks (Bönnuð börnum) **8.00** Divine Secrets of the Ya-Ya **10.00** Tortilla Soup **12.00** Two Family House **14.00** Divine Secrets of the Ya-Ya **16.00** Tortilla Soup **18.00** Two Family House **20.00 Eight Legged Freaks** (Áttfætlurnar ógurlegu)Bönnuð börnum. **22.00 Paycheck** (Reikningsskil) Bönnuð börnum. **0.00** Clockers (Stranglega bönnuð börnum) **2.05** In the Shadows (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Paycheck (Bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** Supermodels Gone Bad **12.30** Celebrity Soup **13.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **14.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **15.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **18.00** Gastineau Girls **18.30** Gastineau Girls **19.00** Celebrity Soup **19.30** Supermodels Gone Bad **20.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Celebrity Soup **23.30** Wild On Tara **0.00** Party @ the Palms **0.30** Wild On Tara **1.00** 101 Most Awesome Moments in... **2.00** 101 Most Awesome Moments in...

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**11.20** Blackburn – Aston Villa **13.20** Man. Utd. – Newcastle (b) **15.50** Arsenal – Liverpool (b) **18.15** Man. Utd. – Newcastle

**20.30 Helgaruppgjör** Valtýr Björn Valtýsson sýnir öll mörk helgarinnar í klukkutíma þætti.
**21.30 Helgaruppgjör (e)**
**22.30 Sunderland – Wigan frá 11.03** Leikur sem fór fram í gær.

**0.30** Dagskrárlok





HVER VERÐUR NÆSTA IDOL STJARNA BANDARÍKJANNA?

Randy, Paula og Simon hrella keppendur í stærstu söngvarakeppni heims.

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Kompás **Stöð 2, NFS**, kl. 19.10

### *Báglegar aðstæður á Barnaspítala Hringsins og misrétti gegn fórnarlömbum ofbeldisglæpa*



Fjallað verður um þörfina á hágæsluherbergi á Barnaspítala Hringsins fyrir börn sem eru ekki nógu veik til að vera á gjörgæsludeild en of veik til að vera á almennri deild. Kompás segir sögu foreldra sem misstu barn sitt síðasta haust, en barnið lést í höndum foreldranna á leið þeirra á gjörgæsludeildina, sem er í öðru húsi. Fjölmörg mjög veik börn hafa verið flutt þessa leið af barnaspítalanum á gjörgæsludeildina og gangurinn er langur sem foreldrarnir, börnin og starfsfólk spítalans þurfa fara. Kompás sýnir leiðina og ganginn. Seinna mál Kompáss í kvöld er mál Kristins R. Magnússonar, sem hlaut heilaskaða eftir að sparkað var ítrekað í höfuð hans í Austurstræti fyrir rúmum sjö árum. Síðan þá hefur fátt eitt gerst í lífi Kidda annað en að bíða eftir að málið fái rétta meðferð í kerfinu. Kiddi og móðir hans eru afar ósátt við að fórnarlömb ofbeldisglæpa skuli sjálf þurfa að rukka ofbeldismenn um dæmdar bætur.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | | | | | | |
| | | | | | 9 | | 8 | |
| 4 | | 3 | | | 5 | 1 | 9 | |
| 5 | | | 9 | | | 3 | 6 | |
| | | | 2 | | 7 | | | |
| | 8 | 2 | | | 4 | | | 9 |
| | 1 | 9 | 3 | | | 4 | | 8 |
| | 3 | | 1 | | | | | |
| | | | | | | | | 1 |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 6 | 2 | 7 | 1 | 8 | 5 | 9 | 4 |
| 7 | 1 | 9 | 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 4 | 5 | 8 | 9 | 2 | 6 | 3 | 7 | 1 |
| 5 | 3 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 | 4 | 7 |
| 8 | 2 | 4 | 5 | 6 | 7 | 9 | 1 | 3 |
| 1 | 9 | 7 | 4 | 3 | 2 | 6 | 8 | 5 |
| 6 | 7 | 5 | 2 | 9 | 4 | 1 | 3 | 8 |
| 2 | 8 | 1 | 6 | 7 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 9 | 4 | 3 | 8 | 5 | 1 | 7 | 6 | 2 |



▶ **19.10**
*Fréttir*

KOMPÁS

### NFS

**10.00** Fréttir **10.05** Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku **11.00** Fréttaljós

**12.00** Hádegisfréttir/íþróttafréttir/veðurfréttir/Leiðarar blaðanna **12.25** Silfur Egils **14.00** Fréttir **14.10** Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku **15.00** Fréttaljós **16.00** Fréttir **16.10** Silfur Egils **17.45** Hádegið E **18.00** Veðurfréttir og íþróttir

**18.30** **Kvöldfréttir/veður**
▶ **19.10** **Kompás** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Íhverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar.
**20.00** **Fréttaljós** Vikulegur fréttaskýringaþáttur með fjölda gesta í myndveri í umsjónfréttastofu NFS.
**21.00** **Silfur Egils** Umræðuþáttur í umsjá Egils Helgasonar.
**22.35** **Veðurfréttir og íþróttir**

**23.05** Kvöldfréttir **23.45** Síðdegisdagskrá endurtekin

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.05** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Lóðrétt eða lárétt **10.15** Kjarval, menningarsagan og samtíminn **11.00** Guðsþjónusta í Langholtskirkju

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Fjölskylduleikritið: Landið gullna Elidor **13.45** Fiðla Mozarts **14.10** Söngvamál **15.00** Sögumenn: Ég var ofvirk og dansandi **18.26** Seiður og hél **19.00** Afsprengi

**19.40** Grískar þjóðsögur og ævintýri **19.50** Óskastundin **20.35** Sagnaslóð **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.22** Í deiglunni **22.30** Leikhúsmýslan **23.00** Andrarímur

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.45** Veðurfregnir **7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Rokkland

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Að hætti hússins **22.00** Fréttir **22.10** Popp og ról **0.00** Fréttir

### BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying






## HRÓSIÐ

*...fá Birta og Bárður fyrir að hætta í Stundinni okkar á toppnum.*

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Sturla Gunnarsson**, leikstjóri Bjólfskviðu, var í viðtali við kanadísku vefsíðuna www.straight.com. Þar áréttar hann þjóðerni sitt sem sé án nokkurs vafa íslenskt en Sturla fluttist ungur að aldri til Kanada enda lítur hann á Vancouver sem sinn heimabæ. Blaðamaðurinn hleypur á hundavaði yfir feril Sturlu, sem hóf ungur að gera kvikmyndir og er ákaflega víðförull með kvikmyndatökuvélina ef marka má viðtalið. Í tilefni af því er nefnt að Sturla hafi tekið upp Bjólfskviðu meðal eldfjalla en hann sé öllu vanur. „Við gerðum einu sinni mynd í Mið-Ameríku þar sem ég veiktist af lifrabólgu og missti 23 kíló," rifjar Sturla upp. Þá lætur hann þess einnig getið að Hilmar Örn Hilmarsson, sem semur tónlistina í myndinni, hafi blessað allt tökuliðið að heiðnum sið. „Við átum og drukkum mikið sem er stór hluti af norrænni trú."



**Stefán Pálsson**, Gettu betur-sérfræðingur Íslands og gamall nemandi í Menntaskóla Reykjavíkur, er alls kostar ekki ánægður með frétt Morgunblaðsins um fiðluball MR á heimasíðu sinni en blaðið greindi frá því að dansleikurinn ætti uppruna sinn á nítjándu öld. Sagnfræðingurinn kveður þessa söguskýringu Moggans í kútinn og skrifar stuttan fyrirlestur um upphafið að þessum viðburði fyrir lesendur sína. „Jahá, Upphaf ballsins til 19. aldar. Jú það má segja að upphafsmennirnir hafi verið einhvers konar 19. aldarmenn í hugsun - dugar það?" spyr Stefán og heldur áfram. „Fyrsta fiðluballið var haldið á sjöunda áratugnum og átti að vera einhvers konar andóf gegn hippamenningunni eða 68 - kynslóðarkúltúrnum. Sr. Geir Waage var víst einn af upphafsmönnunum. Þetta ball var aðeins haldið einu sinni," skrifar Stefán og kemur að þætti borgarstjóraefnis Samfylkingarinnar í Reykjavík, Dags B. Eggertssonar. „Árið 1992 endurvakti Dagur fiðluballið - sem aldrei skyldi verið hafa," skrifar Stefán og bætir við að sjálf Spaugstofan sé lífseigara fyrirbæri en Fiðluballið. - fgg



## HIN HLIÐIN: ÓLÖF BJÖRG BJÖRNSDÓTTIR MYNDLISTAKONA

# Með birtunni kemur nýr kraftur

**Hvað er að frétta?** Ég er að vinna í málverkunum mínum á opinni vinnustofu minni á Lækjargötu 2.

**Augnlitur:** Grænblágrár með brúnni doppu.

**Starf:** Myndlistarkona.

**Fjölskylduhagir:** Einstæð með fjögurra ára dóttur mína, Snædísi Maríu.

**Hvaðan ertu?** Ég er úr Hafnarfirði.

**Ertu hjátrúarfull?** Það blundar í mér pínulítil hjátrú eins og flestum Íslendingum held ég. En ég lifi ekki eftir henni.

**Uppáhaldssjónvarpsþáttur:** CSI og Desperate Housewives.

**Uppáhaldsútvarpsþáttur:** Ég hlusta stundum á Lindu Blöndal á Rás 2 og stilli stundum á Rás 1 ef mig vantar smá ró.

**Uppáhaldsmatur:** Picanha sem er nautakjöt eldað á brasilíska vísu. Mér finnst líka kolkrabbi og saltfiskréttur með spínati algjört lostæti.

**Fallegasti staður:** Boracay á Filippseyjum. Svo finnst mér Jökulsárlón alltaf rosalega flott.

**iPod eða geislaspilari:** Ég vildi að ég ætti iPod. En ég á bara geislaspilara.

**Hvað er skemmtilegast?** Að geta unnið við myndlist. Svo er líka yndislegt að vera með dóttur minni eða vinum mínum.

**Hvað er leiðinlegast?** Það er ekkert leiðinlegt, bara misskemmtilegt.

**Helsti veikleiki:** Óþolinmæði.

**Helsti kostur:** Jákvæðni.

**Helsta afrek:** Að fæða heilbrigt og yndislegt barn í heiminn. Ég hef líka verið dugleg að ferðast og sýna myndlistina mína, þessir smáu sigrar eru líka góðir.

**Mestu vonbrigði:** Þegar ég fór með stórar væntingar í gallerí í New York og hélt að nú kæmi stóra sýningin mín. Sú var ekki raunin en ég er að vinna í þessu. Stundum geta vonbrigði bara gefið manni meiri kraft.

**Hver er draumurinn?** Að verða betri í því sem ég er að gera. Betri listamaður, betri móðir og betri manneskja. Svo væri ég líka til í að finna púslið, hinn helminginn.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Dóttir mín er rosalega skemmtileg og fyndin.

**Á hvað trúirðu?** Ég trúi á kærleikann.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Óheiðarleiki og mannvonska.

**Uppáhaldskvikmynd:** The Bridges of Madison County.




**Uppáhaldsbók:** Ilmurinn eftir Patrick Süskind og Svarti prinsinn eftir Iris Murdoch.

**Hvað er mikilvægast?** Að læra, skilja og gera betur í dag en í gær.



**RÚNAR OG ÞÓRIR** Stilltu sér upp fyrir ljósmyndara Getty Images fyrir framan Óskarsstyttuna. Því miður töpuðu þeir fyrir Six Shooter en þær tvær voru taldar sigurstranglegastar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

## ÞÓRIR SNÆR: LEIÐ EINS OG ÖSKUBUSKU Á RAUÐA DREGLINUM

# Dansað og drukkið fram á nótt

Óskarinn var afhentur fyrir viku síðan og áttu Íslendingar fulltrúa sína í hinni glæsilegu Kodak-höll. Þórir Snær Sigurjónsson og Rúnar Rúnarsson sátu prúðbúnir meðal Hollywood-stjarnanna og biðu milli vonar og óvonar eftir því hvort Óskar frændi félli þeim í skaut. Því miður hrepptu Martin McDonagh og kvikmynd hans Six Shooter verðlaunin en þessum tveimur myndum hafði verið spáð sigri.

Þórir flaug til Danmerkur eftir dvölina í Los Angeles, sem var eitt stórt ævintýri. „Við hefðum kannski komið heim til Íslands ef við hefðum unnið," sagði Þórir léttur í bragði þegar Fréttablaðið hafði tal af honum í Kaupmannahöfn. Göngutúrinn á rauða dreglinum sem marga dreymir um var eiginlega alveg eins og Þórir hafði gert sér í hugarlund eftir að hafa séð atburðinn margoft í sjónvarpinu. „Mér leið bara eins og Öskubusku sem þurfti að vera komin heim á miðnætti," útskýrir hann og hlær.

Í huga flestra er Óskarinn mjög glæsileg hátíð og margir undrast á því hvernig allt fræga og fína fólkið nennir að sitja í sætunum sínum allan tímann. Leyndarmálið er að þær eru ekki lengi að standa upp þegar auglýsingahléin bresta á. „Þá verður múgæsingur og fólk drífur sig á barinn," útskýrir Þórir en sérstakir sætastaðgenglar setjast í sætin svo höllin líti ekki út fyrir að vera tóm. „Þeir standa síðan bara upp þegar maður kemur aftur," bætir hann við.

Þegar hátíðinni sjálfri var lokið tók við mikið matarboð þar sem fimm hundruð manns snæddu dýrindis málsverð. Þórir og Rúnar sátu til borðs með sigurvegaranum McDonagh en eftir það tók heljarinnar teiti við sem stóð langt fram á morgun. „Við skriðum heim klukkan sex um morguninn en það var eiginlega hálfsúrrealískt að vera staddur þarna með öllum stjörnunum," viðurkennir Þórir og sagðist vera hálffeginn að vera kominn heim.

Þórir fór á nokkra fundi í tengslum við Óskarinn en sagði hátíðina vera hvorki stað né stund til að ná sér í tengiliði líkt og aðrar kvikmyndahátíðir.

„Því verður hins vegar ekki neitað að þessi viðurkenning auðveldar okkur að fá fjármagn fyrir næstu mynd ," segir Þórir en fram undan eru tökur á nýrri stuttmynd í Danmörku auk þess sem Rúnar er að skrifa fyrsta uppkastið að mynd í fullri lengd.

freyrgigja@frettabladid.is




# Þröstur Leó tábrotnaði

Tökur eru í fullum gangi á kvikmyndinni Köld slóð sem Björn Brynjólfur Björnsson leikstýrir. Segir hún frá harðsvíræðum blaðamanni sem heldur upp að virkjun á hálendi Íslands til að rannsaka dularfullt andlát blóðföður síns en þau Þröstur Leó Gunnarsson og Elva Ósk Ólafsdóttir leika aðalhlutverkin. Í næstu viku heldur hópurinn upp á hálendið þar sem ætlunin er að taka vetrartökur og sýndist leikstjóranum að veðurguðirnir yrðu þeim hliðhollir. „Við höfum verið að bíða eftir snjó og hann virðist vera í kortunum," segir Björn Brynjólfur en smá frí var gefið til að safna kröftum fyrir komandi átök. „Danski leikarinn Lars Brygman kemur til landsins á sunnudaginn og þá er Anita Bríem einnig væntanleg en hún hefur verið að leika í spennuþáttaröðinni Without a Trace í Bandaríkjunum," útskýrir hann.



**KÖLD SLÓÐ** Þröstur Leó tábrotnaði við tökur á myndinni en sagðist ekki haltra fyrr en báðir fætur væru undan.

Að sögn Björns hafa tökur gengið vel en byggt hefur verið myndver uppi við Búrfellsvirkjun auk þess sem farið verður að Sultartangavirkjun og Vatnsfellsvirkjun. Þá hefur töluvert verið tekið upp í Reykjavík en einhver hluti leikaranna fer aldrei upp á hálendið. Mikið gengur yfirleitt á þegar kvikmynd er gerð og datt ein leikkonan meðal annars á höfuðið. „Það fór betur en á horfðist og útlit er fyrir að hún hljóti ekki neinn varanlegan skaða," segir Björn en það er ekki eina óhappið sem dunið hefur á leikhópnum. „Þröstur Leó tábrotnaði en hann sagðist ekki haltra fyrr en báðir fætur væru undan," segir Björn. Ekki hefur verið sett nein dagsetning á hvenær tökum lýkur en Björn reiknaði með því að það yrði í byrjun apríl. - fgg

# NÝJAR VÖRUR DAGLEGA!

# LAGERSALA SENU

TÓNLIST · TÖLVULEIKIR · DVD

FRISSI FRÍSKI OG EGILS KRISTALL FRÍTT FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA UM HELGINA!

OPIÐ 11-19 ALLA DAGA!

ÞÚSUNDIR GEISLADISKA, DVD
OG TÖLVULEIKJA Á ÆVINTÝRALEGU VERÐI!

## FRÁ 199,-

EKKI MISSA AF ÞESSU!

LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

...GERÐU BESTU KAUPIN ▶

sena

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



BAKÞANKAR

VERNHARÐS ÞORLEIFSSONAR

# Í denn

Það sést kannski ekki á mér í dag, en þegar ég var stubbur átti ég til að neita að borða matinn minn. Þá var brugðið á það ráð að gefa mér bita fyrir hina og þessa, aðallega þó dýr því það var vitað að dýrunum vildi ég alls ekki bregðast. Ég snæddi því oft heilu hlössin af mat fyrir krumma, voffa, hoho, mumu og síðast en ekki síst Kauku í kjallaranum. Ég sá þá gömlu kerlingu reyndar aldrei sjálfur en ég hef það staðfest frá afa að hún sé til og hafi flutt í kjallarann okkar þegar hún skildi við Hóla, sem bjó í hól uppí fjalli. Heimilisfólkið bar henni söguna misvel og útlitslýsingarnar voru æði misjafnar. Þegar ég átti að vera einn heima var hún víst hin besta kerling en þegar ég var óþægur var mér sagt að hún ætti það til að verða ansi pirruð og að það stæði jafnvel til að ég færi niður í pössun til hennar.

**KEPPNISSKAPIÐ** í mér kom snemma í ljós og var í kjölfarið gróflega misnotað af heimilisfólkinu, aðallega þó af móðurbróðir mínum sem er tíu árum eldri en ég. „Þú getur nú örugglega ekki vaskað allt þetta upp Venni“ eða „þessi ryksuga er allt of þung fyrir þig Venni litli, láttu mig gera þetta, ég er svo sterkur“ eru dæmi um setningar sem spöruðu honum heilu dagsverkin. Það er mér ferskt í minningunni hvernig hann tók því alltaf með bros á vör að þurfa að éta allar þessar fullyrðingar ofan í sig aftur.

**ÉG** var aldrei gefinn fyrir sendiferðir en ef afi svo mikið sem gjóaði augunum í átt að einhverju sem líktist klukku var ég rokinn af stað, vitandi að ég hafði fengið enn eitt gullið tækifærið til að slá „metið“. Ég man líka að oftar en einu sinni reyndi ég að áfrýja tímanum sem ég fékk til hæstaréttar (ömmu) þar sem afi var alltof lengi að finna klukkuna aftur þegar ég kom úr sendiferðinni. Hver sekúnda skipti að sjálfsögðu máli þegar „metið“ var annars vegar.

**AFI** mældi mig reglulega eftir aðferð sem hann kallaði „Slappatappa-mælikvarðann“ sem fólst í því að ég kreppti upphandleggsvöðvann og afi þreifaði á honum og gaf mér stig. Metið þar er víst tíu, sem furðulegt nokk er í eigu afa. Ég skoraði aldrei yfir fimm á mínum yngri árum en náði reyndar upp í sjö ´96, rétt áður en ég fór á Ólympíuleikana. Mig grunar reyndar ennþá að þetta hafi verið framlag afa til mín fyrir keppnina því strax að leikunum loknum hringdi hann í mig og lækkaði mig aftur niður í fimm og hálfan.

www.icelandexpress.is



HVER VINNUR LEIKINN?

Taktu þátt í HM leik Iceland Express

Iceland Express er stolt af því að styrkja HM 2006 á SÝN. Við færum þér HM, hvort sem þú ætlar að njóta leikjanna í sófanum heima eða stúkunni sjálfri, því í vor verða áfangastaðir Iceland Express í Þýskalandi orðnir þrír talsins: **Berlín, Frankfurt Hahn og Friedrichshafen**. Af þessu tilefni efnir Iceland Express til spennandi HM leiks.

Þeir sem bóka og ferðast með Iceland Express á tímabilinu **12. mars til 12. apríl 2006** fara sjálfkrafa í HM pott og geta **unnið ferð fyrir tvo á leik Englands og Trinidad & Tobago** á HM 2006, sem fer fram þann 15. júní í Nürnberg.

Bókaðu núna á **icelandexpress.is**

FIFA WORLD CUP GERMANY 2006
Iceland Express FÆRIR ÞÉR HM Á SÝN

Innifalið er flug og gisting fyrir tvo, bílaleigubíll og tveir miðar á leikinn í boði Iceland Express og Sýnar. Gildir einungis fyrir nýjar bókanir. Ferð verður að vera lokið fyrir 13. apríl.

Iceland Express

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

Fíton/SÍA

AF HVERJU AÐ BORGA MEIRA?



NÝTT!

Soft Lud/KH
VERÐ FRÁ KR.:
199.900,-

Komdu í ORMSSON Smáralind!

Opið í dag frá kl. 13–18!

AEG PAKKINN
– heimilistæki á sérstöku tilboðsverði þegar keypt er HTH-innrétting.

RADIONAUST
FURUVÖLLUM · AKUREYRI
HTH-deild · SÍMI 461-5003

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

ORMSSON
SMÁRALIND · SÍMI 530-2900

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu